STÓRKOSTLEGT

FLORENCE FOSTER JENKINS NÁÐI ÚT ÚR SÉR ÓTRÚLEGUM HLJÓÐUM ÞÓ FÖLSK VÆRU >> 50

LANGAR AÐ VERÐA FIMLEIKAÞJÁLFARI

ELVA BJÖRG

FÓR Á SPECIAL OLYMPICS >> 28

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913 | 291. TBL. 94. ÁRG. FIMMTUDAGUR 26. OKTÓBER 2006 PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS | mbl.is

„Allir á móti þessu“

Formaður Íbúasamtaka Grafarvogs segir hugmyndir um landfyllingu svo úr takti við vilja íbúa á svæðinu að það taki því ekki einu sinni að ræða þær

Eftir Berg Ebba Benediktsson
bergur@mbl.is

HUGMYNDIR um landfyllingu í Gufunesi vegna uppbyggingar Sundahafnar eru svo úr takti við vilja íbúa á svæðinu að það tekur því ekki einu sinni að ræða þær. Þetta segir Elísabet Gísladóttir, formaður Íbúasamtaka Grafarvogs. „Þetta er eins og hugmynd um bankarán. Hugmyndin sem slík á ekki einu sinni rétt á sér,“ segir hún og telur bókunina, sem samþykkt var á stjórnarfundi Faxaflóahafna fyrr í vikunni, vera stungu í bak íbúanna.

„Við fengum fulltrúa allra flokkanna á fund til okkar fyrir síðustu kosningar og þar var okkur lofað að fallið yrði frá uppfyllingu á svæðinu. Fyrri hugmyndir um uppfyllingu miðuðu hins vegar að því gera pláss fyrir íbúðabyggð. Hugmyndin sem nú hefur komið fram gerir hins vegar ráð fyrir athafnasvæði fyrir stórskipahafnir í friðsamlegu hverfi þar sem íbúar hlúa að fjölskyldum sínum. Það er óásættanlegt og það verður aldrei samþykkt,“ segir Elísabet.

Dansar ekki í takt við vilja íbúanna

„Frá því að hugmyndin heyrðist hef ég tekið við fjölmörgum símtölum og ég heyri það á fólki að það eru allir á móti þessu því þetta er þvert á það sem íbúar hafa óskað alla tíð,“ segir Elísabet og telur Björn Inga Hrafnsson, borgarfulltrúa og stjórnarformann Faxaflóahafna, ekki dansa í takt við vilja íbúa Grafarvogs. „Ég held að hann ætti að finna sér eitthvað annað að gera,“ bætir Elísabet við.

„Strandirnar við Gufunesið eru náttúruperla sem fólk nýtur og nærist á. Þar á að vernda dýralíf og byggja upp aðstöðu fyrir kajaka og sjóskíði. Fyrir ekki svo löngu vorum við í viðræðum við Guðlaug Þór [Þórðarson] um að nýta affallsvatn úr tönkunum í Grafarholti til að mynda yl við strendurnar,“ segir Elísabet en tekur þó fram að hugmyndin hafi verið að gera það og leyfa náttúrunni að njóta sín en ekki búa til strandsvæði líkt og í Nauthólsvík.

Um næstu skref í málinu segir Elísabet að hún og Íbúasamtökin séu enn að kynna sér málið en það sé í sjálfu sér óþarfi því að enginn vilji sé fyrir neins konar landfyllingu á Gufunessvæðinu.

■ Skipafélögunum | 6

Reuters

Sigurviss **George W. Bush á blaðamannafundi í Hvíta húsinu í gær.**

Deilir áhyggjum fólks

Bush segir sigur enn mögulegan í Írak

GEORGE W. Bush Bandaríkjaforseti sagðist í gær ekki sáttur við gang mála í Írak og að hann hefði eins og aðrir Bandaríkjamenn „alvarlegar áhyggjur“ vegna vaxandi ofbeldisverka í landinu. Menn mættu hins vegar alls ekki láta hugfallast. Lagði forsetinn mikla áherslu á að herlið Bandaríkjahers yrði ekki dregið heim frá Írak.

Væri rangt að hörfa

„Við erum að vinna og við munum sigra, nema við förum áður en verkefninu er lokið [...] Ég veit að margir Bandaríkjamenn eru ekki ánægðir með ástandið í Írak. Ég er ekki ánægður heldur,“ sagði forsetinn, sem sagði stjórn sína ekki hafa „ótakmarkaða þolinmæði“ þegar kæmi að uppbyggingunni í Írak.

Hins vegar lagaði herinn sig stöðugt að aðstæðum hverju sinni.

Forsetinn setti átökin í Írak í víðara samhengi og varaði við því, að bandarískt herlið yrði dregið frá landinu. Stigi Bandaríkjaher það skref myndu öfgamenn grípa tækifærið og reyna að stofna „heimsveldi frá Spáni til Indónesíu“. | **17**

Óttast óeirðir í París

París. AP, AFP. | Hópur ungmenna í Nanterre, úthverfi Parísar, kveikti í strætisvagni með drykkjarflöskum fullum af eldfimum vökva í gærkvöldi. Litlu þótti muna að slys yrðu á fólki og þurfti einn farþeganna að skríða út um neyðarglugga til að forða sér frá eldhafinu.

Spennan í hverfum innflytjenda í borginni er sögð hafa farið vaxandi að undanförnu og er óttast að óeirðir líkar þeim sem blossuðu upp í fyrra kunni að brjótast út á næstunni. Ráðist var á lögregluþjóna um síðustu helgi og í gær grýttu ungmenni í úthverfinu Grigny lögreglubíl. Talið er, að ungmenni hafi brennt yfir 10.000 bíla og skemmt um 300 byggingar með svokölluðum Molotovkokkteilum í óeirðunum í fyrrahaust.

Morgunblaðið/ÞÖK

Hættuástandi lýst yfir vegna bilunar

„ÞARNA þarf á einhvern hátt að fara yfir fjarskipti flugvélar við flugumsjón. Þar kann allt að hafa verið eins og best verður á kosið en það verður að fara yfir þann þátt,“ segir Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, um neyðarkall Boeing 757 flugvélar bandaríska flugfélagsins Continental í gærdag. Gífurlegur viðbúnaður var á vellinum vegna öryggislendingar vélarinnar sem bar 172 farþega, en að lokum lenti hún á báðum hreyflum og fullu afli. Í ljós kom að smávægileg tölvubilun hafði komið upp og fór vélin í loftið einum og hálfum tíma eftir að hún lenti. Talið er að útkallið hafi náð til á milli 800 og 1.000 manns.

Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar, segir flugmanninn hafa lýst yfir neyðarástandi. „Hann vissi ekki hvað var að, því ekki var hægt að reiða sig á mælana, og lýsti því yfir neyðarástandi.“ | Miðopna

29. október er síðasti dagur fyrir sérpantanir afgreiddar fyrir jól

FRÉTTIR

Morgunblaðið í dag

Yfirlit

Innlent

■ **Mikill** viðbúnaður var í kjölfar neyðarkalls Boeing 757-200 þotu bandaríska flugfélagsins Continental Airlines í gær. Betur fór en á horfðist og lenti vélin heilu og höldnu á Keflavíkurflugvelli upp úr klukkan fjögur síðdegis í gær. Um kvöldmatarleytið hélt hún áleiðis til áfangastaðar síns, Newark í New Jersey í Bandaríkjunum. » 32

■ **Á 41. þingi** BSRB sem sett var í gær var lýst yfir þungum áhyggjum af þróun á íslenskum vinnumarkaði. Þá lýsti Ögmundur Jónasson, formaður bandalagsins, því yfir að búa yrði erlendu vinnuafli mannsæmandi kjör og réttindi. Benti hann á að á þessu ári hefðu sjö þúsund útlendingar komið inn á vinnumarkaðinn. „Er þetta heppileg þróun? Ég segi nei," sagði Ögmundur. » 4

■ **Hljóðið** í grunnskólakennurum er þungt og þeim er misboðið. Þetta segir Ólafur Loftsson, formaður félags grunnskólakennara. Telur hann laun þeirra í mörgum tilfellum lægri en laun leikskólakennara sem nýverið sömdu við sveitarfélögin. Þá finnst honum laun kennara ekki vera í samræmi við verðlagsþróun og að það beri að leiðrétta. » 6

Erlent

■ **George** W. Bush Bandaríkjaforseti sagðist í gær ekki sáttur við gang mála í Írak og að hann hefði „alvarlegar áhyggjur" vegna vaxandi ofbeldisverka í landinu. Lagði forsetinn mikla áherslu á, að herlið Bandaríkjahers yrði ekki kallað heim frá Írak. Annan þriðjudag fara fram þingkosningar vestanhafs. » 1

■ **Hugsast** getur, að farið sé að styttast í lífdögum ísraelsku stjórnarinnar og að þúfan, sem velti hlassinu, verði samstarfssamningur Ehud Olmerts forsætisráðherra við smáflokkinn Yisrael Beitenu. » 16

■ **Sagt er**, að þá sem rannsaka morðið á rússnesku blaðakonunni Önnu Politkovskaju, gruni, að fyrrverandi lögreglumenn, sem áður störfuðu í Tétsníu, hafi borið ábyrgð á því. Kom það fram í rússnesku dagblaði í gær. » 18

***Kynningar** – Morgunblaðinu fylgir Reykjanesblaðið.*

Í dag

Sigmund	8	Umræðan	34/41
Staksteinar	8	Bréf	41
Veður	8	Minningar	42/45
Úr verinu	14	Menning	50/55
Erlent	16/17	Leikhús	54
Menning	18/19	Myndasögur	56
Höfuðborgin	20	Dagbók	56/61
Akureyri	20	Dægradvöl	57
Suðurnes	21	Staður og stund	58
Austurland	21	Víkverji	60
Daglegt líf	22/31	Velvakandi	60
Forystugrein	32	Bíó	58/61
Viðhorf	34	Ljósvakamiðlar	62

* * *

Gengisskráning 25. okt. 2006

Heimild: Seðlabanki Íslands

	Kaup	Sala	Mið
Dollari	67,94	68,26	68,10
Sterlingspund	127,60	128,22	127,91
Kanadadollari	60,19	60,55	60,37
Dönsk króna	11,463	11,531	11,497
Norsk króna	10,238	10,298	10,268
Sænsk króna	9,277	9,331	9,304
Svissn. franki	53,71	54,01	53,86
Japanskt jen	0,5701	0,5735	0,5718
SDR	99,96	100,56	100,26
Evra	85,48	85,96	85,72
Gengisvísitala			118,4238

Tollgengi miðast við kaup og sölugengi 28. hvers mánaðar – www.sedlabanki.is

Þriðji hvalurinn dreginn á land í dag

Mótmælendur leggja áherslu á efnahagsleg rök í máli sínu

Eftir Berg Ebba Benediktsson
bergur@mbl.is

HVALUR 9 skaut þriðju langreyðina í gær og verður henni landað um hálfellefuleytið í dag við Hvalstöðina í Hvalfirði og hún flensuð samstundis. Að sögn Gunnlaugs Fjólars Gunnlaugssonar, starfsmanns Hvals hf., gekk mjög vel að veiða langreyðina og sáust fleiri hvalir í kring.

„Þeir hefðu auðveldlega getað skotið tvo til þrjá. Þetta gekk allt saman eins og í sögu en það verður einhver seinkun á lönduninni vegna brælu á miðunum," segir hann og rifjar upp að þegar hvalveiðar voru stundaðar í atvinnuskyni við Íslandsstrendur fyrir bannið lauk veiðum að jafnaði í september. „Vertíðinni lauk yfirleitt í fyrstu brælu því þetta verður erfitt þegar það fer að kólna," bætir Gunnlaugur við.

Í HNOTSKURN

» **Hvalur 9 getur að sögn starfsmanna dregið þrjá til fjóra hvali í land í einu.**

» **Aðeins er hægt að flensa einn hval í einu við hvalstöðina í Hvalfirði vegna skorts á mannafla.**

» **Um fjórar til fimm klst. tekur að flensa stóra langreyði.**

Tölvupóstskeyti með mótmælum héldu áfram að streyma til ritstjórnar Morgunblaðsins en í bréfunum, sem send eru að undirlagi dýraverndunarsamtakanna IFAW, eru íslensk stjórnvöld hvött til að láta af veiðunum þar sem þær séu ósiðlegar og auk þess fylgi þeim enginn efnahagslegur ávinningur. Fjöldi bréfa var kominn upp í um tólf þúsund seint í gærkvöldi.

Áhersla á efnahagsleg rök

Í Morgunblaðinu í dag er haft eftir talsmanni Grænfriðunga, Frode Pleym, að félagið kjósi að leggja aðaláhersluna í mótmælum sínum á efnahagsleg rök. Taldi hann samt ekki útilokað að félagið myndi einnig beita öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir áframhaldandi veiðar. Þá er haft eftir Herði Sigurbjarnarsyni, einum eigenda hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursiglingar, að þegar hafi fimmtán afpantað hvalaskoðunarferðir hjá honum í sumar og bókanir stöðvast síðan veiðar hófust. | **12**

Morgunblaðið/Atli Vigfússon

Forystusauðirnir sjálfir til byggða

Reykjahverfi | Heimilisfólk á bænum Skarðaborg í Reykjahverfi rak upp stór augu í krapahríðinni í gær þegar tveir stórir forystusauðir voru komnir heim að hliði við bæinn. Þar voru komnir sauðir frá bæjunum Heiðarbót í sömu sveit og Ytra-Fjalli í Aðaldal sem ekki náðust í göngunum og ekki heldur í eftirleitum.

Forystusauðirnir sáust saman á Þeistareykjum oftar en einu sinni en það var erfitt að nálgast þá enda léttstígir í meira lagi. Síðast sást til þeirra þegar þeir voru austur við Mælifell en erfitt var að nálgast þá. Sigurður Þórarinsson, bóndi í Skarðaborg, segist hafa verið að huga að ám sínum þegar hann sá snjóuga sauðina við hliðið. Hann var búinn að frétta af þessum skepnum og áttaði sig fljótt á því hverjir væru á ferð. Kallaði hann til heimilisfólk og fjárhunda sína, þær Týru og Ronju, og tókst þeim að króa forystusauðina af og ná þeim með mikilli lagni. Á myndinni eru Sigurður og synir hans, Helgi Maríus og Bjarki, og tíkurnar tvær.

Hálka á vegum víða um land

MIKIL HÁLKA er á vegum um Vestfirði, Norðurland og Austfirði að sögn Vegagerðarinnar. Vitað er til að nokkrir bílar fóru út af veginum á Háreksstaðaleið, milli Jökuldals- og Mývatnsöræfa, vestan Vopnafjarðarheiðar í gær vegna hálku. Sökum snjókomu á Norður- og Austurlandi hafa fjallvegir víða verið ófærir í einhvern tíma.

Fjallvegir sem þegar eru ófærir eru Þorskafjarðarheiði á Vestfjörðum, Hellisheiði eystri, Öxarfjarðarheiði og líklega Mjóafjarðarheiði. Þá var Lágheiðin, milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, ófær um tíma en hún var mokuð í gærdag. Leiðir um Fagradal og Öxi voru einnig á mörkum ófærðar en óvíst er um ástand þessara vega í dag.

Vegagerðin hvetur fólk til að huga að ástandi á vegum og haga akstri eftir aðstæðum. Á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum er víða hálka og bloti á vegum og því nauðsynlegt að aka um á vetrardekkjum þrátt fyrir að ekki sé kominn 1. nóvember.

Kalt vatn af í Kópavogi

KALDAVATNSLAUST varð í stórum hluta Kópavogs í gærkvöld frá því um 18.30 til 22. Samkvæmt upplýsingum frá Vatnsveitu Kópavogs fór kaldavatnsleiðsla í sundur, líklega vegna byggingarframkvæmda nálægt Lundi og þurfti að loka á veitu kalds vatns fyrir stóran hluta bæjarins á meðan unnið var að viðgerðum.

Svæðið sem um ræðir nær frá Nýbýlavegi í norðri, að Engihjalla í austri, Suðurhlíð í suðri og Laufbrekku í vestri. Kaldavatnsleysið olli því hjá sumum sem eru með gömul blöndunartæki að heitt vatn rann úr kaldavatnskrana.

Morgunblaðið Hádegismóum 2, 110 Reykjavík. Sími 5691100 **Fréttir** frett@mbl.is Fréttastjórar Ágúst Ingi Jónsson, aðstoðarfréttaritstjóri, aij@mbl.is Sigtryggur Sigtryggsson, aðstoðarfréttaritstjóri, sisi@mbl.is **Viðskiptablað** vidsk@mbl.is Umsjón Björn Jóhann Björnsson, bjb@mbl.is **Daglegt líf** Guðbjörg Guðmundsdóttir, gudbjorg@mbl.is **Menning** menning@mbl.is Fríða Björk Ingvarsdóttir, ritstjórnarfulltrúi, fbi@mbl.is **Umræðan | Bréf til blaðsins** Guðlaug Sigurðardóttir, ritstjórnarfulltrúi, gudlaug@mbl.is Sveinn Guðjónsson, svg@mbl.is **Minningar** minning@mbl.is Hilmar P. Þormóðsson, Stefán Ólafsson **Dagbók| Kirkjustarf** Ellý H. Gunnarsdóttir, elly@mbl.is **Íþróttir** sport@mbl.is Sigmundur Ó. Steinarsson, fréttastjóri, sos@mbl.is **Útvarp | Sjónvarp** Hulda Kristinsdóttir, dagskra@mbl.is **mbl.is** netfrett@mbl.is Guðmundur Sv. Hermannsson fréttastjóri gummi@mbl.is

VIÐ STYÐJUM

BIRGI ÁRMANNSSON

ALÞINGISMANN Í 3.-5. SÆTI

Loftur Kristjánsson, framhaldsskólanemi • Marta María Ástbjörnsdóttir, sálfræðingur • Anna Johannessen, húsmóðir • Björn Hansson, lögfræðingur • Már Másson, viðskiptafræðingur • Krakran Yousef • Höskuldur Marselíusarson, verkfræðinemi • Snorri Stefánsson, lögfræðingur • Brynhildur Einarsdóttir, menntaskólakennari • Lúðvík Berg Lúðvíksson, vélamaður • Erna Agnarsdóttir sálfræðingur • Ásta Bjarnadóttir • Davíð Örn Jónsson, verkfræðinemi • María Margrét Jóhannsdóttir, sálfræðinemi • Gunnar Óðinn Einarsson • Þrymur Sveinsson • Bjarney Sonja Ólafsdóttir, tölvunarfræðingur • Þorsteinn Siglaugsson, hagfræðingur • Ísrael Daníel Hanssen, móttökustjóri • Eyjólfur Davíðsson • Elínbjörg Magnúsdóttir, sérhæfður fiskvinnslumaður • Ingimar Ingimarsson, hdl • Pálmi Jóhannesson • Hörður Gunnarsson, markaðsmaður • Sigríður Friðgeirsdóttir • Jóhannes B. Bjarnason, hönnuður • Hanna Sigríður Antoníusdóttir • Haukur Örn Birgisson, hdl • Per Henje viðskiptafræðingur • Sigurlaug Lövdahl • Helga Kristjánsdóttir, hagfræðingur • Helgi Árnason, skólastjóri • Anna Jónsdóttir, viðskiptafræðingur • Skúli Þór Gunnsteinsdóttir, lögfræðingur • Gísli Freyr Valdórsson, stjórnmálafræðinemi • Halldóra J. Rafnar • Snorri Páll Kjaran • Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi • Ólafur Örn Klemenzson, hagfræðingur • Jakob Falur Garðarsson, stjórnmálafræðingur • Jóhann G. Ögmundsson • Úlfar Þór Davíðsson, framkvæmdastjóri • Áslaug G. Harðardóttir • Höskuldur Ólafsson, fyrrverandi bankastjóri • Baldvin Tryggvason fyrrverandi sparisjóðsstjóri • Jón Ingvar Bragason, viðskiptafræðingur • Ragnar Björnsson, viðskiptafræðingur • Skarphéðinn Orri Björnsson, starfsmaður Actavis • Þórður Kristjánsson • Hermann Baldursson, hagfræðingur • Benedikt Sveinsson hrl. • Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri • Óttar Guðjónsson, hagfræðingur • Pétur J. Lockton • Vigfús B. Albertsson • Ársæll Baldvinsson fyrrverandi vagnstjóri • Pétur Kristjánsson • Rúnar Már Jónatansson, deildarstjóri • Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson, nemi • Marta Guðjónsdóttir, varaborgarfulltrúi og formaður Félags sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi • Ólafur Sigurðsson, verkfræðingur • Sigtryggur Hilmarsson, framkvæmdastjóri • Níels Hafsteinsson, framkvæmdastjóri • Hjörleifur Pálsson, verkfræðingur • Katrín Guðjónsdóttir, læknaritari • Jón B. Stefánsson, skólastjóri • Arnar Þór Árnason, viðskiptafræðingur • Hjalti Geir Kristjánsson • Monika Maria Bajda, stuðningsfulltrúi • Ottó S. Michelsen, verkfræðinemi • Bolli Skúlason Thoroddsen, fyrrverandi formaður Heimdallar • Hlynur Jónsson, framhaldsskólanemi • Stefán S. Guðjónsson • Bergþór Andrésson, lagerstjóri • Hjörtur J. Guðmundsson, sagnfræðinemi • Hermann Páll Jónsson • Ingibjörg Jónsdóttir • Ásgeir Þór Jónsson, viðskiptafræðingur • Halldór Karl Högnason, verkfræðingur • Jón Kristinn Snæhólm, aðstoðarmaður borgarstjóra • Rakel Lúðvíksdóttir, þjónustufulltrúi • Soffía Vernharðsdóttir, fjármálastjóri • Sveinn Sveinsson, hrl. • Baldur Berndsen Maríusson • Helgi Snær Sigurðsson myndlistarmaður • Skafti Harðarson • Pétur Hrafnsson, sölustjóri • Holberg Másson, ráðgjafi • Halldóra Þórarinsdóttir, kerfis- og landfræðingur • Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, þroskaþjálfi og laganemi • Kristján Garðarsson, arkitekt • Guðríður V. Hjaltadóttir • Davíð Þorláksson, lögfræðingur • Vífill Harðarson, lögfræðingur • Andrés Magnússon, blaðamaður • Harpa Júlíusdóttir, hagfræðinemi • Halldór Skúlason, kerfisstjóri • Bjarki Már Baxter, laganemi • Pétur Örn Sigurðsson, rekstrarhagfræðingur • Pétur Árni Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri SUS • Björgvin Ásgeirsson, laganemi • Halldór Blöndal, alþingismaður • Ragna Björk Ragnarsdóttir, laganemi • Hilmar Knudsen • Anna Linda Bjarnadóttir • Arnar Pétursson • Ari Gísli Bragason verslunarmaður • Þorsteinn Arnalds, tölfræðingur • Árni J. Magnús, deildarstjóri • Einar Benediktsson fyrrverandi sendiherra • Unnur Knudsen • Stefanía Gunnlaug Karlsdóttir • Guðmundur H. Garðarsson fyrrverandi alþingismaður • Þorsteinn Sigurðsson, rekstrarhagfræðingur • Kristján Erlendsson • Arnaldur Halldórsson • Soffía Kjaran • Þórður Pálsson, forstöðumaður • Friðjón Friðjónsson, fyrrverandi varaformaður SUS • Ásgeir S. Víglundsson, birgðavörður • Helga Kjaran kennari • Atli Rafn Björnsson, viðskiptafræðingur og fyrrverandi formaður Heimdallar • Theodór Bender bakari • Helga R. Ottósdóttir • Gísli Ragnarsson, skólameistari • Hanna Kolbrún Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur • Berta Guðrún Engilbertsdóttir • Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri • Guðrún Hansdóttir • Jón Gunnar Hannesson læknir, • Börkur Hrafnsson, lögmaður • Karl Fr. Hallbjörnsson • Hildur Ragnarsdóttir • Inga Cleaver • Kolbrún Karlsdóttir • Ólafur Gunnarsson sölumaður • Daníel Ingi Þórisson, háskólanemi • Bragi Björnsson, lögmaður • Ingunn Jónsdóttir • Davíð Scheving Thorsteinsson, ræðismaður • Svava Sigurjónsdóttir • Sævar Sveinsson, veitingastjóri • Ingólfur Snorri Kristjánsson, hagfræðingur • Jón Hákon Halldórsson B.A. í sálfræði • Berglind Rós Torfadóttir, húsmóðir • Harpa Hrund Berndsen, stjórnarmaður í SUS • Þorsteinn Davíðsson, lögfræðingur • Orri Hauksson verkfræðingur og MBA • Ólafur Hrólfsson • Kristján Ágúst Ögmundsson • Hafsteinn G. Hauksson, framhaldsskólanemi • Björg Ólafsdóttir • Þorlákur Einarsson sagnfræðingur • Sigurbjörn Magnússon, hrl. • Ólafur Hvanndal Ólafsson, laganemi • Davíð H. Ósvaldsson • Agnar Tómas Möller, verkfræðingur • Þórunn Ósk Rafnsdóttir • Ari Björnsson, háskólanemi • Stefán Einar Stefánsson, guðfræðinemi • Anna Þóra Ragnars, sölufulltrúi • Hrefna Ástmarsdóttir, stjórnmálafræðingur • Trausti Már Valgeirsson, nemi við H.Í. • Jón Kári Jónsson • Auður Hafsteinsdóttir, fiðluleikari • Jón Hjörtur Finnbjarnarson, sölumaður • Ásdís J. Rafnar, lögmaður • Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, lögfræðingur • Þóra Kristín Jónsdóttir • Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri • Bjarni Hauksson, hdl • Ástbjörn Egilsson kirkjuhaldari • Ingibjörg Rós Kjartansdóttir, hjúkrunarfræðinemi • Ágústa Gísladóttir • Björgvin Víglundsson • Elín Þórjónsdóttir sjúkraliði • Sævar Guðmundsson, • Davíð Stefánsson, stjórnmálafræðingur • Birgir Björnsson, tölvukerfisfræðingur • Steinþór Jónsson, bakari • Ólöf Kjaran, framhaldsskólakennari • Árni Már Þrastarson, framhaldsskólanemi • Guðlaug Björnsdóttir, framkvæmdastjóri • Helga Knudsen • Elsa Valsdóttir, læknir • Guðrún Þórðardóttir kennari • Rúnar Sigmarsson, verkfræðingur • Sveinn Guðmundsson, lögmaður • Jónas Ragnarsson, ritstjóri • Guðmundur Björnsson, verkefnastjóri • Alda Maria Magnúsdóttir • Þórður Björn Pálsson, viðskiptafræðingur • Unnur Ingibjörg Jónsdóttir, markaðsstjóri • Sigurbjörn Guðmundsson • Guðrún G. Bergmann • Hörður Helgi Helgason, lögfræðingur • Ernst Hemmingsen • Björn Kristjánsson framkvæmdastjóri • Stefán Jón Friðriksson rekstrarhagfræðingur • Ólöf Ólafsdóttir, líffræðingur • Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi • G. Benedikt Vigfússon, athafnamaður • Andrés Andrésson, skrifstofumaður • Ingvi Steinar Smárason, sölumaður • Halldór Ólafsson, bólstrari • Hafsteinn Þór Hauksson, lögfræðingur og fyrrverandi formaður SUS • Elín Sæmundsdóttir, húsfreyja • Sigurður Atli Jónsson, framkvæmdastjóri • Ólafur Helgi Jónsson, verkfræðingur • Íris Andrésdóttir, kennaranemi • Ragnar Jónasson, lögfræðingur • Hlynur Níels Grímsson, læknir • Hörður Mar verkstjóri • Agnar Tr. Le'macks, framkvæmdastjóri • Þóra Helgadóttir, hagfræðingur • Róbert Trausti Árnason • Haraldur Johannessen, hagfræðingur • Ragnheiður G. Ásgeirsdóttir • Guðný Þórarinsdóttir • Hlín Magnúsdóttir, framhaldsskólakennari • Ingvi Hrafn Óskarsson, lögfræðingur • Hörður Þórhallsson, framkvæmdarstjóri • Svanhildur Erla Levy • Pálína Kristín Helgadóttir • Jón Birgir Valsson, formaður Glímusambands Íslands • Ragnar H. Guðmundsson • Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson laga- og hagfræðinemi, • Haukur Gunnarsson • Eggert Páll Ólason, lögfræðingur • Ragnar Árni Sigurðarson, lögfræðingur • Guðfinna H. Þórsdóttir, hdl. • Matthildur Skúladóttir • Einar Örn Davíðsson, héraðsdómslögmaður • Ágúst Valfells, lektor • Davíð Ólafur Ingimarsson, hagfræðingur • Páll Jóhannesson, héraðsdómslögmaður • Þráinn Sigtryggsson • Valgerður Einarsdóttir • Bjarni Benediktsson, alþingismaður • Friðrik D. Stefánsson, viðskiptafræðingur.

„Hann er öfgalaus málafylgjumaður, vinnusamur og vandaður.“
Elsa Valsdóttir, læknir.

„Birgir hefur sýnt að hann stendur fyrir heiðarleika, samviskusemi og sanngirni.“
Guðrún Steingrímsdóttir, kaupmaður.

„Birgir er traustur og trúverðugur stjórnmálamaður. Hann fær atkvæði mitt til áframhaldandi þingsetu.“
Katrín Guðjónsdóttir, læknaritari.

„Birgir var á móti því að stjórnin setti í bakkgírinn með lækkun tekjuskattsins. Hann klikkaði ekki gagnvart okkur og ég klikka ekkert á honum.“
Sigurður Jónsson, málari.

„Birgir skilur mikilvægi hóflegrar skattheimtu og ráðdeildar í ríkisfjármálunum og er því vel treystandi fyrir peningum almennings.“
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.

„Birgir hefur sitt fram með rökfestu og þrautseigju, hann á auðvelt með að sætta ólík sjónarmið, en gefur engan afslátt af hugsjónum sjálfstæðisstefnunnar.“
Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi.

„Birgir sinnir starfi sínu af ábyrgð og festu, án upphrópana. En það stendur sem hann segir.“
Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri.

„Birgir Ármannsson mun standa vörð um persónufrelsi og aðhald í ríkisrekstri.“
María Margrét Jóhannsdóttir, sálfræði- og listfræðinemi.

„Birgir er toppmaður!“
Jóhannes B. Bjarnason, hönnuður.

Vöndum valið!

BIRGIR ÁRMANNSSON

www.birgir.is

FRÉTTIR

Þrír dæmdir fyrir rán

HÉRAÐSDÓMUR Reykjavíkur hefur dæmt þrjá menn um og yfir þrítugu í fangelsi fyrir vopnað rán í Laugarnesapóteki í september 2005. Þeir voru einnig sakfelldir fyrir fleiri brot en þyngst á metunum var ránsbrotið. Sá sem þyngstan dóm hlaut fékk 15 mánaða fangelsi og félagar hans 8 og 12 mánaða fangelsi.

Að mati dómsins var ránið til þess fallið að vekja verulegan ótta hjá starfsstúlkum apóteksins þegar einn ræningjanna ruddist inn í apótekið vopnaður hnífnum ásamt öðrum meðákærða.

Í dómi héraðsdóms var fjórði maðurinn einnig sakfelldur fyrir hegningarlagabrot og hlaut hann 5 mánaða fangelsi.

Mennirnir hafa allir margoft komið við sögu lögreglu og hefur höfuðpaurinn hlotið ellefu dóma fyrir afbrot og félagar hans nokkru færri dóma. Ræningjarnir voru dæmdir til að greiða apótekinu 116 þúsund krónur í bætur og þurfa að greiða samtals tæpar 2 milljónir króna í kostnað vegna mála sinna. Dómurinn dæmdi upptæk tæp 14 grömm af amfetamíni ásamt 24 skömmtum af LSD og smáræði af maríúana.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari dæmdi málið.

Jakob til Íslenskrar erfðagreiningar

Jakob Sigurðsson

JAKOB Sigurðsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Íslenskrar erfðagreiningar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fyrirtækinu í gær.

Jakob er með B.S. gráðu í efnafræði frá Háskóla Íslands og MBA-gráðu frá Kellogg School of Management við Northwestern University í Illinois í Bandaríkjunum. Hann hefur undanfarin tvö ár starfað sem forstjóri Alfesca, áður SÍF; alþjóðlegs matvælafyrirtækis með starfsemi á Íslandi, Bretlandi, Frakklandi og Spáni og árlega veltu upp á u.þ.b. 550 milljónir evra. Jakob gegndi áður stjórnunarstöðum hjá alþjóðlega efnafyrirtækinu Rohm and Haas í Bandaríkjunum og í Evrópu.

Formaður BSRB segir að búa verði erlendu vinnuafli mannsæmandi kjör og réttindi

Þungar áhyggjur af þróun á íslenskum vinnumarkaði

41. þing Bandalags starfsmanna ríkis og bæja var sett í gær. Þingið er haldið á þriggja ára fresti, þar er stefnan mótuð og kosið í helstu embætti.

Eftir Rúnar Pálmason
runarp@mbl.is

Morgunblaðið/Eyþór

Vel sótt **BSRB heldur þing á þriggja ára fresti. Þingið sem hófst á Grand Hóteli í gær er hið fertugasta og fyrsta.**

ÖGMUNDUR Jónasson, formaður BSRB, lýsti þungum áhyggjum af þróun á íslenskum vinnumarkaði í setningarræðu sinni á 41. þingi bandalagsins sem sett var í gær. Hann benti á að hingað streymdu útlendingar án afláts og á þessu ári hefðu sjö þúsund komið inn á vinnumarkaðinn frá útlöndum, þar af 1.200 í september. „Er þetta heppileg þróun? Ég segi nei," sagði Ögmundur við um 220 þingfulltrúa og gesti þingsins.

Þingið stendur í þrjá daga og lýkur með kosningum á föstudag. Alls sitja 29 manns í stjórninni en formaður, tveir varaformenn, ritari og gjaldkeri mynda framkvæmdanefnd. Samkvæmt upplýsingum frá BSRB mun Ögmundur áfram gefa kost á sér til formanns en báðir varaformennirnir, þau Sjöfn Ingólfsdóttir og Jens Andrésson, hafa látið af embættum í þeim aðildarfélögum sem þau veittu áður formennsku og hyggjast ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í framkvæmdanefndinni. Sjöfn var formaður Stéttarfélags Reykjavíkurborgar og Jens var formaður Stéttarfélags í almannaþjónustu. Þá mun Jónas Magnússon, fyrrverandi formaður Landssambands lögreglumanna, ekki ætla að gefa áfram kost á sér sem gjaldkeri.

Í setningarræðu sinni sagði Ögmundur að staðan á íslenskum vinnumarkaði væri um margt sérkennileg. Markaðurinn væri nú opnari en dæmi væru fyrir. „Þegar saman fer opinn vinnumarkaður og gífurleg þensla sem haldið er uppi með gríðarlegum framkvæmdum af hálfu einkaaðila og einnig á vegum hins opinbera þá er ekki að sökum að spyrja, hingað streymir fólk án afláts," sagði Ögmundur og tiltók fjölda útlendinga sem hingað hefðu komið á árinu. Þetta væri ekki heppileg þróun. „Á þenslutímum ber hinu opinbera að sýna aðhald í framkvæmdum, ekki í rekstri. Það er einfaldlega ekki hægt að spara í rekstrarkostnaði geðdeildar en það er hægt að fresta framkvæmdum sem ekki eru bráðnauðsynlegar. Þenslunni er að hluta haldið uppi með viðskiptahalla og skuldsetningu. Þegar þessu skeiði sleppir og þrengist að, þá skulum við hafa það í huga að hinu aðkomna vinnuafli verður ekki hent á haugana. Þetta er lifandi fólk, iðulega með sínar fjölskyldur og að sjálfsögðu allar sínar mannlegu þarfir. Við verðum að gæta okkar á því að fara ekki of geyst í sakirnar. Við verðum að geta búið fólki mannsæmandi kjör og réttindi eins og þau gerast best hjá íslenskum þegnum. Að öðrum kosti verður hér klofið samfélag," sagði hann.

Ögmundur sagði að aðkomufólk hópaðist í láglaunastörf víða í atvinnulífinu og innan velferðarþjónustunnar en þar væri boðið upp á kjör sem Íslendingar sættu sig ekki við en fólkið tæki oft á tíðum fegins hendi vegna neyðar og skorts í heimahögum. Það væri rangt að halda því fram

Í HNOTSKURN

» **Formaður BSRB lýsti þungum áhyggjum af vinnumarkaðnum og sagði að útlendingar yrðu að fá sömu kjör og Íslendingar, annars væri hætta á að samfélagið klofnaði.**

» **41. þing BSRB mun standa fram á föstudag og ljúka með kosningum.**

» **Aðildarfélög BSRB eru 28 og félagsmenn 19.000.**

að Íslendingar sætti sig ekki við sum störf, hið rétta væri að þeir sættu sig ekki við þau kjör sem í boði væru. „Þetta er nú að gerast á sjúkra- og hjúkrunarstofnunum. Fólk sættir sig ekki við vinnuálag, aðbúnað og launakjör, hugsanlega í þessari forgangsröð; neitar að vinna störfin," sagði Ögmundur.

Lífaldurstenging eða ekki

Ögmundur kom víða við í ræðu sinni og sagði m.a. að BSRB hefði náð árangri á ýmsum sviðum og augljósasta dæmið um það væru lífeyrissjóðirnir. Nú glímdi BSRB við þá spurningu hvort bandalagið ætti að halda áfram á þeirri braut að allir sjóðir þess tengdu ávinnslu réttinda við lífaldur, líkt og fjölmargir lífeyrissjóðir hefðu tekið ákvörðun um, þ.á m. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda. „Sá hængur er á að lífaldurstengingin er að mati okkar margra, óhagstæð fyrir konur sérstaklega, sem þrátt fyrir aukið jafnrétti eru lengur frá launavinnu en karlar á yngri árum, barneignaárunum, þeim árum sem réttindaávinnslan í lífaldurstengdum sjóðum er mest, og hinir lífaldurstengdu sjóðir eru einnig óhagstæðir þeim sem leggja fyrir sig langskólanám af sömu ástæðum og síðast en ekki síst gengur lífaldurstengingin í berhögg við þá hugsun að hvetja fólk til að vera sem lengst á vinnumarkaði. Það er orðið keppikefli allra okkar grannþjóða að halda fólki sem lengst í vinnu," sagði hann. Með lífaldurstengingunni yrði fjárhagshvatinn minni fyrir fullorðinn einstakling að halda áfram launavinnu sinni og uppsöfnun lífeyrisréttinda. Það gæti þó vel verið að BSRB sæi sér ekki annað fært en að fara inn á þessa braut.

Nærist á eplum og brauðmolum

FLÆKINGSFUGLAR eru sumir hverjir komnir til landsins, eins og venja er á haustin og veturna eftir krappar lægðir. Til Siglufjarðar kom á dögunum hettusöngvari sem líkar vistin í snævi þöktum trjánum heldur illa. Erfiðlega gengur að finna æti og er hann því upp á miskunn mannfólksins kominn.

Góðhjartaðir íbúar bæjarins hafa verið duglegir að bera út epli, brauðmola og annað ætilegt og hefur hettusöngvaranum því tekist að halda sér á lífi í kuldanum sem verið hefur nyðra undanfarið. Ef flækingsfuglum er gefið vel lifa þeir oft fram í desember og jafnvel lengur en hettusöngvarar eru að upplagi skordýraætur. Einnig er hægt að fóðra þá á kjötsagi og reynist þá best að sletta því upp í tré eða runna. Þá tína þeir fæðuna af greinunum.

Morgunblaðið/Sigurður Ægisson

Lífgjöf **Hettusöngvarinn var eplinu feginn enda erfitt að finna æti í snjó.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þjóðar-spegillinn 2006

27. október 2006

Rannsóknir í félagsvísindum VII

Háskóli Íslands
Oddi / Lögberg

Lagadeild
Félagsvísindadeild
Viðskipta- og hagfræðideild

Opin ráðstefna
Allir velkomnir

Þjóðar-spegillinn 2006

Lagadeild

kl. 11–13 Lögberg 101

Mannréttindi og lögskýringar
Björg Thorarensen
Róbert R. Spanó

kl. 13–15 Lögberg 102

Kynferðisbrot ofbeldisafbrot og miskabætur
Ása Ólafsdóttir
Beth Grothe Nielsen
Hildigunnur Ólafsdóttir
Ragnheiður Bragadóttir

kl. 13–15 Lögberg 101

Lagasetning og stefnumótun í fjölmiðlamálum.
Elfa Ýr Gylfadóttir
Karl Axelsson
Páll Þórhallsson

Viðskipta- og Hagfræðideild

kl. 9–11 Oddi 101

Stjórnun stefnumótun
Runólfur Smári Steinþórsson
Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Sigfús Ólafsson
Snorri Örn Árnason

kl. 9–11 Oddi 202

Hagfræði
Ágúst Einarsson
Katrín Ólafsdóttir
Margrét Sigríður Sigurðardóttir
Sigríður Hrund Pétursdóttir

kl. 11–13 Oddi 201

Starfsmannamál
Eðvald Möller
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Inga Jóna Jónsdóttir
Sigrún H. Kristjánsdóttir

kl. 11–13 Oddi 202

Fjármál I
Guðmundur Kr. Óskarsson
Gylfi Zoega
Helgi Tómasson
Kári Sigurðsson

kl. 13–15 Oddi 101

Markaðsfræði og ferðamálafræði
Anna Dóra Sæþórsdóttir
Ásta Dís Óladóttir
Friðrik Larsen
Hugi Sævarsson

kl. 13–15 Oddi 206

Fjármál II
Haukur C. Benediktsson
Ragnar Árnason
Helga Kristjánsdóttir
Stefán B. Gunnlaugsson

kl. 15–17 Oddi 201

Rekstur skóla
Anton Örn Karlsson
Gylfi Magnússon
Ingjaldur Hannibalsson
Þórhallur Guðlaugsson

kl. 15–17 Oddi 202

Opinberi geirinn
Bjarni Frímann Karlsson
Finnbogi Rafn Jónsson
Snjólfur Ólafsson

Félagsvísindadeild

kl. 9–11 Oddi 201

Mannfræði
Unnur Dís Skaptadóttir
Kristín Loftsdóttir
Sveinn Eggertsson
Jónína Einarsdóttir

kl. 9–11 Lögberg 102

Heilsufélagsfræði
Rúnar Vilhjálmsson
Hermann Óskarsson
Haukur Freyr Gylfason
Hanna Lára Steinsson

kl. 9–11 Lögberg 103

Alþjóðamálastofnun
Gunnhildur Magnúsdóttir
Eiríkur Bergmann Einarsson
Baldur Þórhallsson
Michael Corgan

kl. 11–13 Oddi 101

Félagsfræði
Pétur Pétursson
Guðrún Á. Stefánsdóttir
Stefán Ólafsson
Harpa Njáls

kl. 11–13 Oddi 206

Álitamál í mælingum
Jón Gunnar Bernburg
Fanney Þórsdóttir
Þorlákur Karlsson
Guðmundur Bjarni Arnkelsson

kl. 11–13 Lögberg 102

Félagsráðgjöf
Freydís Freysteinsdóttir
Sigrún Júlíusdóttir
Steinunn Hrafnsdóttir
Guðný Björk Eydal
Sigurveig H. Sigurðardóttir

kl. 11–13 Lögberg 103

Uppeldisfræði
Sigrún Aðalbjarnardóttir
Berglind Rós Magnúsdóttir
Gyða Jóhannsdóttir
Jóhanna Einarsdóttir
Brynhildur Þórarinsdóttir

kl. 13–15 Oddi 202

Þjóðfræði
Gísli Sigurðsson
Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
Valdimar T. Hafstein
Terry Gunnell
Aðalheiður Guðmundsdóttir

kl. 13–15 Oddi 201

Kennslufræði
Guðrún Geirsdóttir
Hafdís Ingvarsdóttir
Þóroddur Bjarnason
Jakobína Ólafsdóttir
Sigurborg Matthíasdóttir

kl. 13–15 Lögberg 103

Fötlunarfræði
Snæfríður Þóra Egilsson
Hanna Björg Sigurjónsdóttir
Kristín Björnsdóttir
Rannveig Traustadóttir

kl. 13–15 Lögberg 201

Sálfræði
Zuilma Gabríela Sigurðardóttir
Sigurlína Davíðsdóttir
Ólafur Örn Bragason
Elín Díanna Gunnarsdóttir

kl. 15–17 Lögberg 102

Fjölmiðlafræði
Þorbjörn Broddason
Elfa Ýr Gylfadóttir
Guðbjörg Hildur Kolbeins
Helgi Gunnlaugsson

kl. 15–17 Oddi 101

Bókasafnsfræði
Jóhanna Gunnlaugsdóttir
Ágústa Pálsdóttir
Stefanía Júlíusdóttir
Áslaug Agnarsdóttir
Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir

kl.15–17 Lögberg 101

Stjórnmála- og stjórnsýslufræði
Ómar H. Kristmundsson
Indriði Indriðason
Guðmundur Heiðar Frímannsson
Gunnar Helgi Kristinsson
Úlfar Hauksson

kl. 15–17 Lögberg 103

Kynjafræði
Guðný Guðbjörnsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir
Gyða Pétursdóttir
Einar Mar Þórðarson
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

kl. 15–17 Lögberg 201

Af hugtökum og mælingum
Daníel Ólason
Árni Kristjánsson
Friðrik H. Jónsson
Magnús Kristjánsson

www.thjodarspegillinn.hi.is

FRÉTTIR

Kennarar ósáttir við þróun launa sinna

Eftir Elvu Björk Sverrisdóttur
elva@mbl.is

GRUNNSKÓLAKENNARAR hafa í mörgum tilfellum lægri laun en leikskólakennarar, sem nýlega skrifuðu undir kjarasamning við sveitarfélögin, að sögn Ólafs Loftssonar, formanns Félags grunnskólakennara. Ólafur segir að munurinn á launum grunn- og leikskólakennara sé frá því að vera um tuttugu þúsund krónur á mánuði og upp í hærri tölur.

Tilefni til launaleiðréttingar

Í kjarasamningi kennara við sveitarfélögin, sem gerður var í nóvember 2004, er fjallað um gildistíma hans í sérstakri grein. Þar er ákvæði um að samningsaðilar eigi að taka upp viðræður fyrir 1. september 2006 og meta hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjaraþróun gefi tilefni til viðbragða og ákveða þær ráðstafanir sem þeir verða sammála um. Ólafur segir að kennarar séu þeirrar skoðunar að þróun mála gefi tilefni til þess að grípa til launaleiðréttingar vegna greinarinnar í kjarasamningnum. Hafi fulltrúar kennara átt fundi með launanefnd sveitarfélaganna vegna málsins undanfarið.

Í HNOTSKURN

» **Um tvö ár eru liðin frá því að grunnskólakennarar undirrituðu kjarasamning við sveitarfélögin, að loknu sjö vikna löngu verkfalli.**

» **Samningurinn gildir til ársloka 2007.**

» **Fulltrúar kennara hafa undanfarið átt viðræður við sveitarfélögin í samræmi við ákvæði í kjarasamningnum.**

Vísa til verðbólguþróunar og samninga ASÍ og SA

Hann segir að kennarar vísi m.a. til verðbólguþróunar og samninga ASÍ og SA. „Svo eru menn líka, sem hluta af kjaraþróun, að segja að það hefur líka heilmikið gerst í launum, til dæmis hjá leikskólakennurum, þroskaþjálfum og öðrum," segir Ólafur. Hann segir að þegar samningar voru síðast undirritaðir hafi verðbólguspá verið á bilinu 2–4% en á tímabilinu hafi verðbólga verið allt upp undir 10%.

Ólafur Loftsson

„Þegar maður skoðar það sem er að gerast í efnahagslífinu og kjaraþróun þá er kennurum nokkuð misboðið að það skuli ekki vera viðurkennt að það hafi heilmikið gerst í efnahags- og kjaraþróun og það sé ástæða til þess að gera eitthvað," segir Ólafur, en mikið beri á milli kennara og sveitarfélaganna hvað varðar hugmyndir um úrbætur og eins og er sé hann ekki bjartsýnn á að menn nái saman. Hljóðið í kennurum sé þungt og þeim sé misboðið.

Markmiðið var sambærileg laun

Telur samningana hafa jafnað kjörin

„ÉG VEIT ekki betur en það hafi verið yfirlýst markmið Kennarasambandsins að jafna laun kennara miðað við sambærilegt nám," segir Karl Björnsson formaður samninganefndar launanefndar við leikskólakennara og tekur fram að að meginstefnu eigi kennarar, sem lokið hafa 90 eininga háskólanámi, að hafa sömu kjör, hvort sem þeir eru grunnskólakennarar eða leikskólakennarar.

Samningarnir sambærilegir

„Þetta merkir ekki að launasamsetningin sé alltaf eins. Samningarnir bjóða kennurum mismunandi laun eftir starfsaldri o.þ.h. en að meðaltali teljum við að núverandi samningur launanefndar við leikskólakennara hafi jafnað þessi kjör," segir Karl.

Aðspurður um óánægju grunnskólakennara segir Karl að í samningum nefndarinnar við þá séu forsenduákvæði sem gefa tilefni til viðræðna. „Slíkar viðræður eru í gangi við kennara núna og ég sé ekki fram á annað en að þær haldi áfram," segir Karl og telur mikilvægustu forsenduna þá að samningurinn skili auknum kaupmætti. „Ég tel að allir samningar sem launanefnd hefur gert undanfarin ár hafi skilað kaupmáttarauka," bætir hann við.

Karl Björnsson

Margsannað að miklar hækkanir leiða til verðbólgu

„Þegar menn gera samninga til nokkurra ára veit enginn hvað framtíðin ber í skauti sér varðandi verðlagsþróun og annað, en því hærri prósentu sem samið er um því líklegra er það að samningarnir hafi áhrif á verðbólgu. Það er margsannað," segir Karl spurður um stöðu samnings kennara í dag í ljósi meiri verðbólgu og hærra verðlags.

Úr grunnum og af sjávarbotni

EFNIÐ í fyrirhugaðar landfyllingar í Sundahöfn, Kleppsvík og Geldinganes verður aðallega fengið með tvennum hætti; annars vegar með því að dæla því af hafsbotni og hins vegar verður notast við jarðveg sem fellur til þegar grafið er fyrir húsgrunnum og fleiru á höfuðborgarsvæðinu, að sögn Gísla Gíslasonar, hafnarstjóra Faxaflóahafna. Ekki þurfi að opna grjótnámu vegna landfyllinganna.

Með landfyllingum við Sundahöfn og Kleppsvík stækka m.a. athafnasvæði Eimskipa og Samskipa og þar verða áfram viðlegukantar og aðstaða til uppskipunar. Aðspurður hvaða starfsemi verði á landfyllingum við Gufunes sagði Gísli að mikil ásókn væri í að reisa þar lager- og vöruhúsnæði sem yrði í góðum tengslum við stofnbrautakerfi höfuðborgarinnar en tengingin við svæðið yrði afar góð eftir að Sundabraut rísi. Gísli sagði ekki hægt að segja til um hvenær framkvæmdir muni hefjast. Þá yrðu allar nýjar landfyllingar yrðu að fara í umhverfismat.

Morgunblaðið/Jim Smart

Vill blandaða byggð

DEGI B. Eggertssyni, oddvita Samfylkingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkur, líst illa á hugmyndir Faxaflóahafna um landfyllingar við Gufunes og telur þær bera vott um gamaldags hugsun í skipulagsmálum. Ekkert samráð hafi heldur verið haft við íbúa í nágrenninu og það kunni aldrei góðri lukku að stýra.

Í samtali við Morgunblaðið tók Dagur skýrt fram að landfyllingar við Sundahöfn og Kleppsvík væru hið besta mál. Öðru máli gegndi á hinn bóginn um Gufunesið, sér litist illa á landfyllingar þar og hann væri ekki einn um þá skoðun.

Dagur sagði að Gufunesið væri gríðarlega spennandi fyrir blandaða íbúðarbyggð en slík byggð kallaði á öðruvísi vinnubrögð en „reglustrikuskipulagið" sem fælist í hugmyndum um landfyllingar við nesið til að búa til aðstöðu fyrir plássfreka atvinnustarfsemi. „Mér finnst ekki koma til greina að fara í gamaldags skipulag þar sem menn ákveða fyrst hvar stóriðnaður á að vera og láta íbúðarsvæði mæta afgangi," sagði hann.

Skipafélögunum líst vel á landfyllingarnar

Í samræmi við væntingar og þarfir til framtíðar

Eftir Rúnar Pálmason
runarp@mbl.is

FORSVARSMÖNNUM Eimskipa og Samskipa lýst afar vel á þær hugmyndir um landfyllingar í Sundahöfn og Kleppsvík sem sagt var frá í Morgunblaðinu í gær og segja að félögunum veiti ekki af auknu plássi fyrir sína starfsemi.

Guðmundur Nikulásson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Eimskips, sagði að landfyllingarnar yrðu til þess að nægt pláss yrði fyrir starfsemi Eimskips á svæðinu til næstu 20–25 ára. Hann bætti við að undanfarna áratugi hefði verið afar gott samstarf milli hafnaryfirvalda og fyrirtækja sem starfa við höfnina og reglulega hefði verið unnin þróunaráætlun þar sem fjallað væri um líklega þróun í skipastærð, landþörf o.fl. „Þar sem við höfum unnið svona vel saman svo lengi, þá hefur höfnin getað mætt þeim þörfum sem við höfum haft á hverjum tíma og nú lítur út fyrir að höfnin muni geta það nokkuð lengi enn," sagði hann. Eimskip hefðu verið á svæðinu 1973 og lagt í gríðarlegar fjárfestingar. Mikilvægt væri að geta nýtt þær eins lengi og mögulegt væri.

Veitir ekki af

Athafnasvæði Eimskips við Sundahöfn er nú tæplega 30 hektarar og segir Guðmundur að á næstu 20 árum þurfi svæðið að stækka um 15–20 hektara, og sér hann fyrir sér að nýr gámavöllur verði á landfyllingu austan við Kleppsskaft og vöruhúsastarfsemi verði byggð upp á landfyllingum við Sundabakka og í nágrenni við núverandi vöruhótel Eimskips.

Pálmar Magnússon, framkvæmdastjóri millilandasviðs Samskipa tók í sama streng og sagðist ánægður með fyrirhugaðar landfyllingar. Raunar væru hugmyndirnar ekki nýjar af nálinni og hafnaryfirvöld hefðu margoft kynnt slík áform. Landfyllingarnar væru í samræmi við væntingar og þarfir félagsins á svæðinu. Athafnasvæði Samskipa er nú við Vogabakka og árið 2008 verður lokið við stækkun hans. Pálmar sagði að beðið væri eftir því svæði þar sem núverandi athafnasvæði væri þegar orðið of lítið.

BAKKAVÖR

Bakkavör Group var stofnað árið 1986 og fagnar 20 ára starfsafmæli á þessu ári. Starfsemi félagsins hefur vaxið verulega á síðastliðnum 20 árum og er félagið stærsti framleiðandi ferskrar tilbúinnar matvöru í Bretlandi. Í tilefni af þessum tímamótum var ákveðið að sameina alla starfsemi félagsins undir nafni og merki Bakkavör Group. Verksmiðjur félagsins halda heitum sínum undir sameiginlegu tákni félagsins, leitt af nafni móðurfélagsins.

Bakkavör Group rekur á fimmta tug verksmiðja í sjö löndum og starfa um 16 þúsund manns hjá félaginu. Meginhluti starfseminnar fer fram í Bretlandi en einnig í Frakklandi, Belgíu, Spáni, Suður Afríku og Kína. Félagið framleiðir yfir 4.700 vörutegundir á sviði ferskrar tilbúinnar matvöru í 17 vöruflokkum.

- ALRESFORD SALADS
- ANGLIA CROWN LTD.
- BAKKAVÖR ASIA
- BAKKAVÖR BIRMINGHAM
- BAKKAVÖR FRESH FOODS
- BAKKAVÖR FRESH PRODUCE
- BAKKAVÖR IBERIA
- BAKKAVÖR LIMITED
- BAKKAVÖR MARINER FOODS
- BAKKAVÖR PREPARED FOODS
- BAKKAVÖR RFG FRESHCOOK LTD
- BAKKAVÖR SELECT PRODUCE
- BOURNE SALADS
- BOURNE STIR FRY
- CALEDONIAN PRODUCE
- CINQUIÈME SAISON
- CRUDI & SOGESOL
- ENGLISH VILLAGE SALADS
- FRESH CUT PRODUCE
- HITCHEN FOODS LIMITED
- INTERNATIONAL PRODUCE
- ISLEPORT FOODS LTD
- KATIES
- KATSOURIS FRESH FOODS
- LAURENS PATISSERIES
- LINCS. CUISINE
- MARINER FOODS
- MELROW SALADS
- NEW PRIMEBAKE
- PASTA COMPANY
- SAXON VALLEY FOODS
- SOGESOL
- SPRING VALLEY FOODS
- THE BAKERY
- THE DELICATESSEN
- THE PIZZERIA
- TILMANSTONE SALADS
- VACO
- WELLAND FRESH FOODS
- WINGLAND FOODS
- YORKSHIRE FRESH SALADS

TUNCLIO

FRÉTTIR

Stefnir á efstu sætin hjá VG

Árni Þór Sigurðsson

ÁRNI Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, hefur ákveðið að taka þátt í forvali sem Vinstrihreyfingin – grænt framboð í Reykjavík og í Suðvesturkjördæmi efnir til 2. desember. Hann stefnir á eitt af efstu sætunum.

„Undanfarin 12 ár hef ég helgað sveitarstjórnarmálum í Reykjavík starfskrafta mína. Á þeim tíma hef ég aflað mér reynslu og þekkingar á sveitarstjórnarmálum almennt og í þeim málaflokkum sem ég hef sérstaklega sinnt, svo sem umhverfismálum, skólamálum, samgöngumálum og skipulagsmálum," segir í fréttatilkynningu.

„Málefnastaða flokksins er sterk og málflutningur talsmanna hans er trúverðugur. Við munum áfram berjast kröftuglega fyrir samfélagi jafnaðar, réttlætis, kvenfrelsis og umhverfisverndar og gegn misskiptingu, atlögu að samfélagsþjónustunni og gegndarlausri stóriðjustefnu."

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.arnithor.is.

SIGMUND

Við verðum að blæða í aðra prófkjörs-tösku handa Bjössa litla, Davíð minn, hann verður fyrir svo miklu aðkasti fyrir að þurfa að bera þessa ævagömlu druslu á bakinu.

Háskólanemar aldrei verið fleiri

ÍSLAND hefur á örfáum árum farið fram úr Danmörku og Noregi og náð Svíþjóð hvað varðar fjölda ungs fólks í háskólanámi sem hlutfall af íbúafjölda. Árið 2000 voru um 10,5 prósent Íslendinga á aldrinum 20 til 40 ára í háskólanámi. Árið 2004 var hlutfallið orðið 15 prósent. Finnland er þó enn í fararbroddi meðal norrænna ríkja hvað þetta varðar. Um 19–20% Finna stunda háskólanám hverju sinni. Danmörk er hins vegar í neðsta sæti.

Þessar upplýsingar koma fram í Norrænu tölfræðiárbókinni 2006. Í fréttatilkynningu frá Norrænu ráðherranefndinni vegna útkomu bókarinnar segir að miðað við önnur norræn ríki hafa tiltölulega margir Íslendingar valið að stunda nám innan félagsvísinda, hagvísinda og lögfræði. Tiltölulega margir Íslendingar stundi einnig nám erlendis. Nær helmingur þeirra stundar nám í öðru ríki Norðurlanda, flestir í Danmörku. Segir í frétttinni að út frá þessum sjónarhóli megi líta svo á að Ísland sé norrænast norrænu ríkjanna.

Íslensku námslánin eru hærri

Íslensku námslánin eru hærri en sú námsaðstoð sem veitt er annars staðar á Norðurlöndum. Á hinn bóginn veita hin ríkin hluta námsaðstoðarinnar í formi styrkja sem ekki þarf að endurgreiða. Hagtöluhluti Norrænu tölfræðiárbókarinnar 2006 sýnir m.a. þróun íslensks efnahagslífs, vaxta, gengis verðbréfa og viðskiptahalla. Vöxtur vergrar þjóðarframleiðslu á Íslandi hefur verið hærri en í öðrum norrænum ríkjum og rúmlega tvisvar sinnum meiri en meðaltalsvöxturinn annars staðar í Vestur-Evrópu. Einungis í Noregi eru meðaltekjur á íbúa miðað við verga þjóðarframleiðslu hærri en á Íslandi.

Bókin, sem er 344 blaðsíður, er seld í bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18, 101 Reykjavík, netfang: books@penninn.is. Einnig er hægt að panta bókina á www.norden.org/order.

STAKSTEINAR

Íslendingar eru ekki Norðmenn

Í umræðunni um það hvort Íslendingar ættu að hefja hvalveiðar í ábataskyni að nýju hafa hvalveiðisinnar iðulega vísað til þess að viðbrögðin við því þegar Norðmenn stigu þetta skref voru hverfandi. Hvað sem leið öllum hrakspám.

●●●●

Hvað gerist þegar Íslendingar hefja hvalveiðar á ný eftir tæplega tveggja áratuga hlé?

●●●●

„Ég er farinn til Björgvinjar."

Ákvörðuninni hefur verið mótmælt um allan heim og tölvubréfum rignir yfir ráðamenn og fjölmiðla. Fyrsta áþreifanlega afleiðingin er hins vegar ákvörðun um að halda ráðstefnu fyrirtækja í sölu og framleiðslu sjávarafurða í heiminum á næsta ári ekki á Íslandi, en það hafði komið til greina þar til Íslendingar ákváðu að hefja hvalveiðar.

●●●●

Og hvar verður ráðstefnan haldin?

●●●●

Í Björgvin í Noregi.

●●●●

Þetta er svipað því að hætta við að halda ráðstefnu friðarsamtaka í Íran vegna þess að Íranar neita að láta undan þrýstingi um að hætta að auðga úran og flytja hana þess í stað til Norður-Kóreu.

●●●●

Stundum hefur verið talað um að stjórnmálamenn, sem ekkert loðir við séu með teflonhúð. Þetta var sagt um Ronald Reagan Bandaríkjaforseta á sínum tíma og sömuleiðis Bill Clinton. Um aðra gildir nánast einu hvað þeir gera, allt snýst í höndunum á þeim. Þar mætti nefna John Major, fyrrverandi forsætisráðherra Breta.

●●●●

Í hvalamálinu virðast Norðmenn vera með teflonhúðina, en Íslendingar ekki. Samanburðurinn við Noreg freistaði á sínum tíma, en það vill hins vegar svo til að Íslendingar eru ekki Norðmenn.

VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!
SHARP
Í FREMSTU RÖÐ ENDA HÖFUNDAR LCD-SKJÁTÆKNINNAR
SAMSUNG
EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG
Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORUSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM
LOEWE.
MARG VERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN
SÍÐUMÚLA 9 · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · www.ormsson.is
ORMSSON

VEÐUR



Spá kl. 12.00 í dag *Suðaustan 8-15 m/s, hvassast við suðvesturströndina. Rigning með köflum sunnan- og vestanlands, en dálítil slydda norðan til. Hiti 0 til 6 stig, mildast við suðurströndina.*



Föstudagur
SA 10-15 m/s og rigning S- og V-lands, en slydda NV til. Hægari vindur um landið NA-vert og dálítil él. Hiti 1 til 6 stig, en nálægt frostamarki norðan og austan til.



Laugardagur
Austlæg átt, víða 8-13 m/s en hægari SV-lands. Rigning eða slydda um landið A-vert, en annars skýjað með köflum og úrkomulítið. Hiti 1 til 7 stig, en um frostmark norðan til.



Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur
Suðaustlæg eða breytileg átt og víða vætusamt, en úrkomulítið á Austurlandi. Hiti breytist lítið.

Byggt á upplýsingum frá Veðurstofu Íslands

Veður víða um heim kl. 18.00 í gær að ísl. tíma

	°C	Veður		°C	Veður		°C	Veður
Reykjavík	3	léttskýjað	Stokkhólmur	4		Algarve	19	rigning á síð. klst.
Bolungarvík	1	úrkoma í grennd	Helsinki	3	alskýjað	Madrid	16	skýjað
Akureyri	1	úrkoma í grennd	Dublin	12	rigning	Barcelona	22	skýjað
Egilsstaðir	0	rigning	Glasgow	10		Mallorca	22	heiðskírt
Kirkjubæjarkl.	3	alskýjað	London	14		Róm	20	heiðskírt
Svalbarði	-14	léttskýjað	París	17	skýjað	Aþena	19	skýjað
Jan Mayen	-3	skýjað	Amsterdam	14	alskýjað	Winnipeg	6	heiðskírt
Nuuk	-3	skýjað	Hamborg	12	léttskýjað	Montreal	8	alskýjað
Þórshöfn			Berlín	12	léttskýjað	New York	13	hálfskýjað
Ósló	4	léttskýjað	Vín	14	heiðskírt	Chicago	9	heiðskírt
Kaupmannah.	10	hálfskýjað	Moskva	12	skúrir	Orlando	23	heiðskírt

26. október	Fjara	m	Flóð	m	Fjara	m	Flóð	m	Fjara	m	Sólarupprás	Sólsetur
REYKJAVÍK	2.04	0,8	8.15	3,8	14.37	0,9	20.33	3,4			8.51	17.31
ÍSAFJÖRÐUR	4.10	0,4	10.17	2,0	16.54	0,5	22.36	1,7			9.06	17.25
SIGLUFJÖRÐUR			0.43	1,2	6.25	0,4	12.48	1,3	19.01	0,3	8.50	17.08
DJÚPIVOGUR			5.32	2,0	11.56	0,6	17.38	1,7	23.49	0,5	8.23	16.58

Sjávarhæð miðast við meðalstórstraumsfjöru — Sjómælingar Íslands/ Morgunblaðið

FRÉTTIR

Lést í Norrænu

ÍSLENSKUR karlmaður á fimmtugsaldri, sem búsettur var í Danmörku, fannst látinn um borð í ferjunni Norrænu hinn 19. október er hún var á leið til Þórshafnar í Færeyjum. Að sögn Smára Sigurðssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns og yfirmanns alþjóðasviðs ríkislögreglustjóraembættisins, hafði maðurinn lent í alvarlegu bílslysi á leið sinni til Seyðisfjarðar hinn 17. október og bendir allt til þess að áverkar sem hann hlaut í slysinu hafi valdið dauða hans. Mun hann hafa lent í umræddu slysi í Berufirði.

Lögreglan í Þórshöfn í Færeyjum staðfestir að maðurinn hafi verið látinn við komuna til Færeyja. Lík mannsins verður flutt til Danmerkur í dag, fimmtudag. Rannsókn af hálfu færeysku lögreglunnar er lokið.

Gallerý fiskur
Nethyl 2b
Opið í veitingahúsi
mánudaga til föstudaga milli kl. 11:30-15:00 og á fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöldum kl. 18:00-22:00
Á matseðli er meðal annars
Ristaður hlýri á grænmetisbeði með blaðlauks- og kaperssmjöri, bakaðri kartöflu og fersku salati
Steikt lúða á kartöflumauki með smjörsteiktu blómkáli, steinseljurótar rjóma og fersku salati
Verslun er opin mánudag-fimmtudag 10:00 - 18:30, föstudaga 10:00 - 18:00
www.galleryfiskur.is

TÍSKUVAL
Nýjar vörur frá gelco
15% afsláttur
Laugavegi 53, s. 552 1555
Opið virka daga kl. 10-18, lau. kl. 11-16

FLottar úlpur

Rita
Eddufelli sími 557 1730
Bæjarlind 6 sími 554 7030

Silbor samkvæmisfatnaðurinn kominn aftur
Stærðir 36-56
Feminin Fashion
Tískuvöruverslun fyrir flottustu fljóðin
www.feminin.is
Bæjarlind 12, Kópavogi • Sími 544 2222
Opið mán.-fös. kl. 11-18 - lau. 10-16

GERRY WEBER

Vetrarfatnaður
Skoðið sýnishorn á laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S. 551 4422

Chantelle
Það nýjasta í undirfötum frá París
Póstsendum
Lífstykkjabúðin
Laugavegi 82, sími 551 4473
www.lifstykkjabudin.is



GLÆSILEGT ÚRVAL AF SAMKVÆMISFATNAÐI
iðunn tískuverslun
Laugavegi 40, s. 561 1690
Kringlunni, s. 588 1680

Jólatilboð
Handklæði með merkingu
VERIÐ
Sængurfataverslun, Glæsibæ • Sími 552 0978 • www.damask.is • Opið mán.-fös. kl. 10-18, lau. kl. 10-16.

-20%
TILBOÐSDAGUR
Aðeins í dag fimmtudag
SWAROVSKI
SKARTGRIPIR
Tékk KRISTALL
Líttu á www.tk.is
KRINGLUNNI S: 568 9955
OPIÐ TIL 9

Fáðu úrslitin send í símann þinn
mbl.is

FRÉTTIR

Bílbeltanotkun eykst þótt sumir ökumenn telji sig geta réttlætt það að sleppa því að spenna bílbeltin

Í góðu lagi að rúnta innanbæjar án þess að spenna bílbeltin strax?

Fréttaskýring Notkun bílbelta hefur aukist en engu að síður spenna sumir ekki beltin, þrátt fyrir staðreyndir um gífurlega nauðsyn þessara öryggistækja. Hvernig stendur á því að fólk spennir ekki beltin?

Eftir Örlyg Stein Sigurjónsson
orsi@mbl.is

TVEIR ökumenn mættust á 40–50 km hraða í ósköp venjulegri borgarumferð í fyrra og lentu hvor framan á öðrum. Annar ökumannanna var í bílbelti en hinn ekki. Sá beltalausi var að skreppa á bílnum út í sjoppu. Hann skall á stýrið og braut það áður en hann hafnaði á framrúðunni og braut hana sömuleiðis. Var hann fluttur lífshættulega slasaður á sjúkrahús. Ökumaður hins bílsins sem var í belti hlaut ekki sömu áverka.

Rannsóknir hafa sýnt að flest umferðarslys eiga sér stað á fyrstu mínútunum eftir að lagt er af stað á bílnum en þrátt fyrir það virðist sú hugsun lífseig að varla taki því að spenna beltin fyrir smásnatt innanbæjar. Beltanotkunin er 70% innanbæjar og 90% utanbæjar samkvæmt könnun Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Banaslysin eru orðin 21 í umferðinni á þessu ári og 23 hafa látist. Nú er talið að notkun bílbelta hefði getað bjargað sjö mannslífum á þessu ári. Að sögn Einars Magnúsar Magnússonar, upplýsingafulltrúa Umferðarstofu, benda þessar upplýsingar ekki til þess að bílbeltanotkun sé að minnka heldur þvert á móti fer beltanotkun vaxandi samkvæmt könnunum liðinna ára. „En því miður eru þeir fáu sem ekki nota beltin í svo margfalt meiri hættu en aðrir," bendir hann á. „Algengur misskilningur er að til séu aðstæður sem réttlæti það að nota ekki belti. Sumir segjast t.d. aldrei nota beltin þegar ekið er um bratta fjallvegi. Ég hef heyrt þann rökstuðning að menn vilji ekki vera „fastir" í beltum ef þeir aka fram af vegbrún og velti niður bratta brekku. Þeir vilja hafa „tækifæri" til að kasta sér út úr bílnum áður en hann húrrar niður. Rannsóknir á svona slysum sýna hinsvegar að við svona aðstæður er mun algengara að menn lenda undir bílnum þegar þeir kastast út úr honum. Og bæta má við að það er ekki á færi venjulegs fólks að taka ákvarðanir um aðra eins glæfrahegðun í miðju slysi. Í nánast öllum tilfellum svona slysa bjarga beltin. Einnig hefur maður heyrt fólk tala um að það ætlaði aldrei að spenna beltin af ótta við að drukkna í bíl – jafnvel þótt viðkomandi aki sjaldnast nálægt vötnum eða sjó. Þetta eru allt dæmi um fólk sem dregur ályktanir af ákaflega langsóttum hugmyndum svo ekki sé meira sagt. Gagnvart þeim sem telja ekki nauðsynlegt að spenna beltin þegar skroppið er út í sjoppu er rétt að benda á þá staðreynd að rannsóknir sýna að flest slys verða á fyrstu 3 kílómetrum ökuferðarinnar."

Ljósmynd/Ellert Grétarsson

Hætta **Bílbeltanotkun í þéttbýli er 70%. Afleiðingarnar geta orðið geigvænlegar þegar árekstur verður en mörg dæmi eru um að fólk hafi sloppið með skrekkinn úr hörðum árekstrum eftir að hafa notað beltin.**

Eru upplýstir þrátt fyrir allt

Um þá spurningu hvernig standi á því að fólk spennir ekki beltin, segir Ágúst Mogensen, formaður rannsóknanefndar umferðaslysa, að þar komi til einfaldar skýringar eins og leti en einnig virðast ófáir samt vera sér þess meðvitandi að slys verða án belta – en spenna þau samt ekki heldur telja sig geta dregið einhvern veginn úr höggáhrifunum á annan hátt.

„Margir telja sig geta ekið í þéttbýli vegna þess að hraðinn sé svo lítill að meiðsli verði ekki mikil ef slys verður," segir hann. „Þetta hefur maður heyrt margoft en er hin mesti misskilningur. Ef maður lendir í árekstri á 50 km hraða, án þess að vera í belti kastast viðkomandi fram á mælaborð eða stýri og líklegt er að beinbrot hljótist af. En ef bílbeltin eru notuð eru góðar líkur á að ganga heill út úr bílnum. Þegar harðir árekstrar eru skoðaðir snýst málið um hve mikið bíll beyglast í árekstri og þar með hversu mikið hann rekst í fólkið innanborðs."

Benda má á að samkvæmt upplýsingum RNU hefðu 40 manns lifað af banaslys frá árinu 1998 hefðu þeir verið með beltin spennt. Ef nefna mætti eina einstaka forvarnaraðgerð sem fæli í sér mesta þjóðfélagslega arðsemi þá væri hún sú að allir spenntu beltin, segir Ágúst.

Betur settur bílbeltalaus og rotaður í bíl úti í sjónum?

Ágúst Mogensen

FÓLK hefur gefið næsta furðulegar skýringar á því hvers vegna það noti ekki beltin. Sumir segjast geta skorðað sig af í bílnum ef hann lendir í árekstri. „Þannig telur fólk að ekkert muni koma fyrir það ef það lendir í árekstri," bendir Ágúst Mogensen á. „En þar misreiknar fólk sig alvarlega því það gerir sér ekki grein fyrir því að það heldur áfram á sömu ferð og bíllinn var á. Þótt fólk upplifi sig kyrrstætt í bílnum á ferð, breytist það þó snarlega við árekstur eða útafakstur. Allskyns ranghugmyndir í þessum efnum eru til staðar s.s. að betra sé að vera án beltis ef bílllinn fer fram af hömrum niður í sjó. En líklegast er að maður rotist í loftköstunum og ljóst er að enginn er betur settur bílbeltalaus og rotaður í bílnum út í sjó. Það er því aldrei hægt að mæla því bót að nota ekki bílbeltin.

Hjúkrunarfræðinemum fjölgar

Fjárframlög til HÍ aukast um 9 milljónir

HJÚKRUNARNEMUM við Háskóla Íslands fjölgar um 25 á ári næstu ár. Þetta kemur fram í frumvarpi til fjáraukalaga. Samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga 2006 er lagt til að fjárframlög til Háskóla Íslands aukist um rúmlega níu milljónir króna til að standa straum af kostnaði vegna fleiri hjúkrunarfræðinema. Ákvörðunina um aukið fé til að mennta hjúkrunarfræðinga má rekja til samkomulags sem heilbrigðis- og menntamálaráðherra gerðu um ráðstafanir til að fjölga starfandi hjúkrunarfræðingum. Starfsmannaskortur hefur sett svip sinn á starfsemi heilbrigðisstofnana eins og Landspítala – háskólasjúkrahús (LSH) undanfarið.

Strax eftir áramót fjölgar hjúkrunarnemum og verða þeir 105 á vorönn 2007 að loknum samkeppnisprófum í desember nk.

Ákvörðun fagnað

Rektor Háskóla Íslands og forstjóri LSH fagna þeirri ákvörðun heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að stuðla að fjölgun nema við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Segir í tilkynningu frá þeim að framkvæmdastjórn LSH hafi nýverið fjallað um möguleika spítalans á því að taka við fleiri nemum í hjúkrunarfræði og samþykkti að hann væri reiðubúinn til þess. „Það er fagnaðarefni að fleiri nemendur fái tækifæri til þess að nema hjúkrunarfræði. Þannig er hægt að mæta sívaxandi þörf fyrir hjúkrunarfræðinga sem hefur skapast meðal annars vegna fjölgunar sjúklinga og væntinga um aukinn árangur, öryggi og fjölbreytni í heilbrigðisþjónustu," segir í tilkynningunni.

Þá lýsir aðalfundur hjúkrunarráðs LSH, sem haldinn var fyrir helgi, yfir ánægju með ákvörðunina. Fundurinn lítur á þetta sem mikilvægt skref til að mæta þeim mikla vanda sem núverandi skortur á hjúkrunarfræðingum er. „Vaxandi vandi vegna skorts á hjúkrunarfræðingum snýr ekki einungis að hjúkrunarfræðingum sjálfum heldur varðar alla landsmenn og heilbrigði þjóðarinnar," segir í ályktun fundarins. „Ljóst er að fjölgun nemenda verður krefjandi fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús og þá sem þar starfa, en fundarmenn lýsa sig reiðubúna til að styðja við framgang þessa þýðingarmikla og bráðaðkallandi verkefnis."

Pétri H. Blöndal falið eftirlit með fjárreiðum ÖSE

PÉTUR H. Blöndal, alþingismaður, hefur tekið að sér að hafa eftirlit með fjármálum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) sem sérstakur fulltrúi ÖSE-þingsins að ósk Göran Lennmarker, forseta þingsins. Um nýtt starf er að ræða og er því ætlað að tryggja að þingið fái aukið vægi í umfjöllun um fjárreiður ÖSE, í samræmi við eftirlitshlutverk þjóðþinga með fjárveitingum.

Þessi ósk kemur í kjölfar umræðu sem Pétur hefur leitt innan ÖSE um gagnsærri stjórnsýslu og aðhald í rekstri. Fyrsta verk hans verður að móta starfið og fara yfir fjárhagsáætlun ÖSE fyrir árið 2007, sem nemur um 15 milljörðum króna.

Alls eiga 56 þjóðþing ríkja í Evrópu og Norður-Ameríku aðild að ÖSE-þinginu, en hlutverk þess er m.a. að meta árangur af starfi ÖSE og móta starfsstefnu stofnunarinnar. Þá hefur kosningaeftirlit verið eitt helsta verkefni þingsins frá upphafi og hefur sú starfsemi aukist mjög að umfangi síðustu ár. Samhliða auknum umsvifum ÖSE hefur farið fram umræða um nauðsyn þess að ÖSE-þingið hafi lýðræðislegt eftirlit með nýtingu fjármuna sem lagðir eru til stofnunarinnar á fjárlögum aðildarríkja, segir í fréttatilkynningu.

Lögðu hald á áfengi

LÖGREGLAN í Þingeyjarsýslu lagði á þriðjudag hald á 43 lítra af vodka og 1.400 lengjur af sígarettum sem smyglað var með skipi til Raufarhafnar. Varningurinn var kominn frá borði þegar lögreglan komst á snoðir um smyglið. Lögreglan í Þingeyjarsýslu sagði málið til rannsóknar og varðist allra frekari fregna að svo stöddu.

Flottar yfirhafnir
Ný sending

BISÓN
Kringlunni – sími 581 2300

Jóhann Páll Símonarson
6
Kjósum sjómann á þing
í prófkjöri sjálfstæðismanna
í Reykjavík
Netfang: stakkhamrarv@simnet.is - sími 863 2094
Kjósið Jóhann Pál í 6. sæti

HLÝJIR FÆTUR

Monboots í miklu úrvali

Loðfóðruð kuldastígvél

Með hverju keyptu pari fylgja inniskór að eigin vali á barnið!

Gönguskór í miklu úrvali
www.xena.is
xena
SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

Þorbergur Aðalsteinsson
-góðan liðsmann á þing!
9. sætið

www.tobbi.is
Prófkjör Sjálfstæðismanna í Reykjavík

Nýjar vörur
Vorum að taka upp mikið úrval af spariskóm og stígvélum
Ath. margar gerðir í yfirvídd
Valmiki
Kringlunni, sími 553 2888
Opið til kl. 9 í kvöld

Mér finnst...
...að halda eigi áfram að lækka skatta á vinnandi fjölskyldum og ungu fólki. Ég vil að fólk geti ráðstafað sjálft enn stærri hluta af eigin tekjum.
www.astamoller.is
Ásta Möller 3. sæti
– í ljósi reynslunnar!
Skrifstofa Ármúla 23. Opið 16–20 og 14–18 um helgar
PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í REYKJAVÍK

-20%
SWAROVSKI
SKARTGRIPIR
TILBOÐSDAGUR
Aðeins í dag fimmtudag

Hálsmen
Eyrnalokkar
Hringar
Hálsmen
Armbönd
Hálsmen
veitum við 20% afslátt af hinum vinsælu og heimsþekktu SWAROVSKI skartgripum
SWAROVSKI
-20%
Einstakt tækifæri
OPIÐ TIL 9 Í KVÖLD
Tékk KRISTALL
Líttu á www.tk.is
KRINGLUNNI S: 568 9955

AUGLÝSINGADEILD
netfang: augl@mbl.is eða sími 569 1111

FRÉTTIR

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Frode Pleym, talsmaður Greenpeace, telur engin efnahagsleg rök fyrir hvalveiðum heldur þvert á móti.

Telja meiri hagsmunum fórnað fyrir minni

Talsmaður Greenpeace segir engan markað fyrir hvalkjöt

Eftir Silju Björk Huldudóttur
silja@mbl.is

„Íslensk stjórnvöld, með sjávarútvegsráðherra í broddi fylkingar, eru að fórna meiri hagsmunum þjóðarinnar fyrir minni.“ Þetta segir Frode Pleym, talsmaður Greenpeace sem starfar á skrifstofu samtakanna í Stokkhólmi, en samtökin boðuðu í gær til blaðamannafundar í Reykjavík þar sem rætt var um fjárhagslegar afleiðingar þess fyrir Íslendinga að hefja á ný hvalveiðar í atvinnuskyni. Í máli Pleym kom fram að frá því að Íslendingar tóku upp hvalveiðar í vísindaskyni haustið 2003 hefðu 65 þúsund manns skrifað undir yfirlýsingu á vef samtakanna þar sem þeir heita því að íhuga alvarlega að sækja Ísland heim láti Íslendingar af hvalveiðum. Benti Pleym á að á þeirri viku sem liðin væri frá því að hvalveiðar í atvinnuskyni hófust hérlendis hefðu rúmlega 20 þúsund manns til viðbótar skrifað undir fyrrnefnda yfirlýsingu.

Sagði Pleym að gera mætti ráð fyrir að skiluðu allir þeir 87 þúsund manns, sem skráð hefðu sig á listann, sér til landsins myndi það skila sér í tekjum fyrir þjóðarbúið sem næmu 100 milljónum Bandaríkjadala eða um 6,8 milljörðum íslenskra króna. Tók hann fram að varlega áætlað mætti ganga út frá því sem vísu að a.m.k. 10% þeirra sem skrái sig á slíkan lista stæðu við fyrirheit sín, en það myndi þýða þjóðartekjur upp á 680 milljónir íslenskra króna á ársgrundvelli sem væru umtalsvert meiri tekjur en reikna mætti með að hvalveiðar skiluðu þjóðarbúinu, en þegar hvalveiðar stóðu í blóma á sínum tíma hérlendis þá skiluðu þeir á ársgrundvelli rétt rúmum 270 milljónum íslenskra króna.

Í HNOTSKURN

» **Frá því um miðjan október hafa hvalveiðar í atvinnuskyni verið leyfðar á ný hérlendis eftir 20 ára bann.**

» **Leyft verður að veiða 9 langreyðar og 30 hrefnur á þessu fiskveiðiári. Auk þess mun Hafrannsóknastofnun veiða 39 hrefnur í vísindaskyni.**

» **Skipverjar á hvalveiðibátnum Hval 9 veiddu í gær þriðju langreyðina sína.**

Á fundinum gerði Pleym skort á erlendum mörkuðum fyrir hvalkjöt að umtalsefni og benti á að þó að Íslendingum væri í sjálfu sér heimilt að flytja kjötið út þá hefði yfirgnæfandi fjöldi landa sett bann við innflutningi hvalkjöts. Benti hann jafnframt á að Norðmenn hefðu síðustu fimm ár reynt að selja hvalkjöt til Japans en án árangurs. Sagðist Pleym eiga afar erfitt með að ímynda sér að Íslendingum myndi takast að komast inn á Japansmarkað með hvalkjöt sitt fyrst Norðmönnum hefði ekki tekist það enn sem komið væri.

Útilokar ekki róttækari aðgerðir í framtíðinni

Í samtali við Morgunblaðið sagði Pleym að Greenpeace veldi að leggja aðaláhersluna á efnahagslegu rökin í umræðunni um hvalveiðar, ekki síst í ljósi þess að ekki væri samstaða hvorki meðal íslensku þjóðarinnar né á þingi um hvalveiðar í atvinnuskyni. Spurður hvort til greina komi að Greenpeace beiti róttækari aðgerðum og reyni t.d. að stöðva veiðar líkt og reynt hafi verið fyrir tuttugu árum segir Pleym engin slík áform vera uppi, en tók fram að vissulega gæti hann ekki útilokað slíkar aðgerðir í framtíðinni.

Veiðar gera út af við hvalaskoðun

Ferðamenn farnir að afboða hvalaskoðunarferðir fyrir næsta sumar

Hörður Sigurbjarnarson

HVALVEIÐAR gera út af við hvalaskoðun. Þetta er mat Harðar Sigurbjarnarsonar, eins eigenda og framkvæmdastjóra Norðursiglingar. „Frá því veiðar í atvinnuskyni hófust hafa fimmtán einstaklingar afbókað fyrirhugaðar hvalaskoðunarferðir næsta sumar. Raunar hafa bókanir algjörlega stöðvast síðan veiðar hófust, sem er auðvitað afar bagalegt,“ segir Hörður og bendir á að bókanir hafi fram að því verið góðar miðað við árstíma. Segist hann hafa áhyggjur af því hvernig bókanir verði eftir áramót þegar aðalbókunartíminn hefst. Bendir hann á að sumarið hafi verið metsumar í hvalaskoðunum á Íslandi.

Í samtali við Morgunblaðið gagnrýndi Hörður harðlega sjávarútvegsráðherra fyrir ákvörðun sína um að leyfa hvalveiðar að nýju og efaðist um að ákvörðunin byggðist á réttum upplýsingum. Máli sínu til stuðnings benti hann á að samkvæmt flugtalningum Hafrannsóknastofnunar væri áætlað að hrefnustofninn við Íslandsstrendur næmi um 44 þúsundum dýra, með skekkjumörk upp á 20 þúsund dýr. Þetta segir Hörður stórlega ýktar tölur. Bendir hann á að Norðursigling hafi síðan 1995 staðið fyrir árlegri hrefnutalningu úti á sjó, en önnur hvalaskoðunarfyrirtæki í skemmri tíma. „Við teljum að okkar talning segi miklu meira um stofnstærðina heldur en flugtalningar Hafró sem eru gerðar með margra ára millibili,“ segir Hörður og segir rannsókn hvalaskoðunarfyrirtækja bendi til þess að hrefnustofninn sé aðeins 4 til 10 þúsund dýr.

„Sökum þessa teljum við ákvörðun ráðherra byggða á alröngum forsendum. Þar af leiðandi er málið miklu alvarlegra en ella,“ segir Hörður og tekur fram að allt þar til núverandi sjávarútvegsráðherra tók við embætti hafi hvalaskoðunarmenn ekki getað skilið stjórnvöld öðruvísi en sem svo að ekki stæði til að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni að nýju. „En því miður virðast hafa orðið algjör straumhvörf með nýjum sjávarútvegsráðherra sem er afar herskár þegar kemur hvalveiðum.“

Í HNOTSKURN

» **Á síðustu átta mánuðum hafa tæplega 90 þúsund ferðamenn farið í hvalaskoðunarferð við Íslandsstrendur. Gera má ráð fyrir að um 90% þeirra séu erlendir ferðamenn.**

» **Útreikningar fyrir árið 2003 sýna að beinar, óbeinar og afleiddar tekjur þjóðarbúsins vegna hvalaskoðunarferða námu 2,6 milljörðum íslenskra króna. Það ár fóru um 60 þúsund ferðamenn í hvalaskoðunarferðir hér við land.**

Mótmæla ráðningu fagstjóra hjá UST

TALSVERÐ óánægja er meðal nokkurra tuga starfsmanna Umhverfisstofnunar með það hvernig staðið var að ráðningu í starf fagstjóra á framkvæmda- og eftirlitssviði stofnunarinnar. Karlmaður með þriggja vikna starfsreynslu innan stofnunarinnar var tekinn fram yfir konu með sjö ára starfsreynslu hjá stofnuninni.

Vegna málsins voru Davíð Egilson, forstjóra Umhverfisstofnunar, sendir undirskriftalistar starfsfólksins þar sem því er mótmælt hvernig staðið var að ráðningunni og munu rúmlega 30 manns hafa skrifað undir. Davíð Egilson, forstjóri UST, segist ekki tjá sig um málið efnislega í fjölmiðlum. „Ég tel að þetta séu mál sem eru best afgreidd innandyra hjá UST,“ sagði hann við Morgunblaðið.

Framkvæmda- og eftirlitssvið kemur að framkvæmd þeirra verkefna sem UST eru falin á sviði mengunarvarna, neytendamála og umhverfisverndar.

ERT ÞÚ AÐ BÍÐA EFTIR INNBROTI

Öryggiskerfi fyrir heimili & fyrirtæki
· 6 eða 10 öryggissvæði
· Þráðlausir jaðarhlutir
· Símaúthringjari með talvél
· Skjáljós eða stafrænn skjár
· Íslenskar leiðbeiningar

Verð frá kr.: 27.700,-

www.ef.is
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • www.ef.is

TR ofgreiddi um 1.700 milljónir árið 2005

Eftir Berg Ebba Benediktsson
bergur@mbl.is

TEKJUTENGDAR bætur lífeyristrygginga vegna ársins 2005 hafa verið endurreiknaðar hjá Tryggingastofnun ríkisins og munu niðurstöður berast lífeyrisþegum frá og með 30. október næstkomandi. Hefur stofnunin ofgreitt um 1.700 milljónir króna til lífeyrisþega og vangreitt um 700 milljónir.

Þar sem búast má við miklu álagi vegna endurreikningsins verður afgreiðslu- og símatími þjónustumiðstöðvar stofnunarinnar lengdur. Dagana 30. október til 2. nóvember, að báðum dögum meðtöldum, verður opið frá 8.05 á morgnanna til 18 á daginn.

Að sögn Karls Steinars Guðnasonar, forstjóra Tryggingastofnunar, fer endurreikningur bóta nú fram í

Karl Steinar Guðnason

þriðja skiptið og er um árlegan viðburð að ræða.

„Við munum senda út niðurstöður núna um helgina og þá kemur í ljós að það eru gríðarlega margir sem hafa fengið ofgreitt og líka margir sem hafa fengið vangreitt,“ segir Karl. Þegar einstaklingarnir sjá niðurstöðurnar er mikið um að þeir hringi og hafi samband eða skrifi bréf eða andmæli á annan hátt,“ segir Karl Steinar og tekur fram að Tryggingastofnun reyni að búa sig undir ástandið á sem allra bestan hátt.

„Við vitum að það verður gríðarlegt álag í framhaldi af þessum niðurstöðum og ómögulegt að vita hversu mikið það verður,“ segir Karl Steinar, er hann er spurður um fjölda þeirra sem reiknað er með að hafi samband.

Andmælaréttur í nokkrar vikur

Spurður að því hvernig gangi að innheimta það sem stofnunin hefur ofgreitt lífeyrisþegum segir Karl Steinar að það hafi ávallt gengið mjög vel.

Lífeyrisþegar sem telja niðurstöðu uppgjörs bóta þeirra ekki rétta geta komið andmælum á framfæri fyrir 27. nóvember næstkomandi.

Endurreikningurinn er byggður á lögum frá árinu 2002 sem kveður á um endurreiknun og uppgjör tekjutengdra bóta þegar álagning skattsins liggur fyrir. Árið 2004 voru um 1.800 milljónir króna ofgreiddar af stofnuninni.

Við bjóðum nýja hluthafa velkomna

Í dag bætast um 30 þúsund hluthafar í eigendahóp Exista, þegar Kaupþing banki greiðir hluthöfum sínum arð með hlutum í félaginu.

Við bjóðum nýja hluthafa velkomna í hópinn.

www.exista.is

FRÉTTIR

Hafnar alfarið ásökunum í bréfi Jóns Ásgeirs

Eftir Brján Jónasson
brjann@mbl.is

JÓN H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, hafnar því alfarið að villt hafi verið um fyrir yfirvöldum í Lúxemborg til að fá heimild til húsrannsóknar hjá Kaupþingi þar í landi árið 2004, eins og Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, hélt fram í bréfi til ríkislögreglustjóra, sem birt var í Morgunblaðinu í gær.

Jón H. Snorrason

Í bréfinu segir Jón Ásgeir m.a.: „Í réttarbeiðni RLS og erindum til lögregluyfirvalda í Lúxemborg í janúar, mars og apríl 2004 um aðstoð við rannsókn, var tekið fram að ég og Tryggvi Jónsson værum m.a. grunaðir um fjárdrátt, fjársvik, innherjasvik og peningaþvætti í tengslum við viðskipti við Kaupthing Luxembourg.“

Allt úr lagi fært

Jón H. segir að þetta séu sakarefni í ákæru sem nú sé fyrir dómi, sem Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, hafi gefið út á hendur Jóni Ásgeiri og Tryggva. Fullyrðingar Jóns Ásgeirs séu því rangar.

Í þeirri ákæru sem um ræðir eru 19 liðir, en þeim fyrsta hefur nú verið vísað frá. Í honum var ákært vegna fjársvika í tengslum við kaup á 10-11 verslunarkeðjunni. Í liðum 2–9 er ákært fyrir brot gegn hlutafélagalögum, í liðum 10–17 er ákært vegna meiriháttar bókhaldsbrota, í lið 18 er ákært vegna fjárdráttar í tengslum við skemmtibát á Flórída, og í síðasta liðnum er ákært vegna fjárdráttar vegna viðskipta á Flórída.

„Í réttarbeiðninni var ýtarleg lýsing á þeim fjölmörgu sakarefnum sem væru til rannsóknar. […] Í sumum þeirra var ákæruefni en öðrum ekki. Það er eingöngu heimilt að nota þau gögn sem aflað er í því máli sem þeirra var aflað vegna,“ segir Jón H.

Hann segir að allt sé úr lagi fært í bréfi Jóns Ásgeirs. „Vegna sumra atvikanna hefur verið reist sakamál sem nú er til meðferðar. Þessi gögn eru sönnunargögnin sem eru á bak við þá ákæru. […] Þetta er, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, ruglingsleg framsetning á þessu, til þess fallin að villa um fyrir lesandanum.“

Hann bendir á að ákært sé vegna fjárdráttar, þó þeirri ákæru hafi raunar verið vísað frá, og vegna fjársvika. Þar sé einnig ákært vegna ætlaðra brota á lögum um verðbréfaviðskipti með því að gefa rangar upplýsingar um stöðu fyrirtækja til að hafa áhrif á gengi hlutabréfa.

Hvað varðar bréf frá saksóknara í Lúxemborg, sem Jón Ásgeir vitnar til, segir Jón H. að í því séu einfaldlega rakin ákvæði í samningum milli landa vegna gagnkvæmrar réttaraðstoðar. Þar sé skilyrt að einungis megi nota þau gögn sem aflað er vegna þeirra sakarefna, og þess máls sem getið er í réttarbeiðninni.

Ólíkar aðstæður

Í bréfi sínu gerði Jón Ásgeir einnig athugasemd við að starfsmenn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra rannsaki á ný mál sér tengd, eftir að hafa sagt sig frá fyrra máli í kjölfar frávísunardóms Hæstaréttar. „Ríkislögreglustjórinn sjálfur […] sagði opinberlega eftir dóm Hæstaréttar, að eftir aðfinnslur réttarins ættu sakborningar í málinu heimtingu á því að annað embætti kæmi að málinu svo ekki yrði efast um málatilbúnaðinn,“ segir í bréfinu.

„Hér er verið að slá saman gjörólíkum aðstæðum. Þar var um að ræða að Hæstiréttur hafði vísað ákærum frá, og við töldum eðlilegt og réttmætt að ríkissaksóknari, sem er æðsti handhafi ákæruvalds, tæki málið á þessari stundu til athugunar, og mæti hvort tilefni væri til þess að gefa ákæruna út aftur,“ segir Jón H.

Hann hafnar því að með þessu hafi embætti ríkislögreglustjóra sagt sig frá öllum málum er varða þá einstaklinga sem komu að málinu sem vísað var frá. „Það er jú svo að ef einhver kemst í kast við lögin þá er það lögreglan sem rannsakar. Engu breytir þó lögreglan hafi rannsakað sama einstakling áður, það er ekkert val. […] Þetta er annað mál og óskylt, þetta eru ætluð skattalagabrot [sem nú eru til rannsóknar] þannig að það er eðlilegt að þetta mál sé hjá okkur.“

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Fæst með berjapressu

Safapressa
fyrir heilsuna og línurnar

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

Magimix safapressan er afar handhæg og einföld í notkun. Á örskotsstund má töfra fram með henni vítamínríka og kaloríusnauða ávaxta- og grænmetisdrykki sem hressa bæta og kæta. Magimix safapressuna er auðvelt að þrífa, hún er stílhrein, krafmikil og endingargott töfratæki.

Verð frá kr.: 23.500

magimix

Aðrir söluaðilar:
Kokka, Laugavegi
Villeroy & Boch, Kringlunni
Egg, Smáratorgi

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

ÚR VERINU

Morgunblaðið/Kristinn Benediktsson

Fiskveiðar **Þórður Magnússon, skipstjóri á Engey, er ekki ánægður með hve víða er lokað fyrir trollið á síldinni. Hann er nú á leiðinni austur.**

Okkur er úthýst af beztu svæðunum

Frystitogarinn Engey leitar stórrar síldar fyrir austan land

Eftir Hjört Gíslason
hjgi@mbl.is

FRYSTITOGARINN Engey er kominn með um 700 tonn af síldarflökum eftir viku veiðiferð. Skipið hóf veiðar fyrir vestan land en er nú á leið austur til að leita stærri síldar.

„Við erum á leiðinni austur til að reyna að komast í betri síld. Við byrjuðum fyrir viku út af Snæfellsnesinu og erum komnir með um 700 tonn af afurðum. Það veldur okkur hins vegar vandræðum að það er lokað svo víða á okkur með trollið. Við komumst lítið í stærstu og beztu síldina. Þetta er svo skrítið að við fáum ekki að vera þar sem botntrollsskipin eru með skilju, jafnvel þótt við séum með skilju líka. Mér finnst þetta alveg furðulegt. Okkur er bara úthýst af öllum svæðum þar sem góð síld er. Það er að leika okkur grátt. Okkur vantar betri síld, stóru síldina sem Norðmenn fá ekki núna. Þeir liggja bara í smárri síld og moka henni upp. Þá lækkar verðið svo mikið á smásíldinni,“ sagði Þórður Magnússon, skipstjóri á Engey, er Morgunblaðið náði tali af honum í gær.

Skipið var á kolmunna í vor og síðan norsk-íslenzku síldinni þar til í haust. Aflinn hefur verið góður, 8.000 tonn af kolmunna og 15.000 tonn af síld.

Kolmunninn frystur

„Við fórum þrjá túra á kolmunna í vor og fengum um átta þúsund tonn. Það var mest heilfryst og einnig hausað og fryst um borð. Heilfrysti kolmunninn fór til Kína til endurvinnslu, en sá hausaði til Austur-Evrópu. Þetta er verðlítill fiskur og afkoman byggist á magni. Það var gott tíðarfar og gekk ágætlega og þá var þetta allt í lagi. Ef væri verið að stunda þetta í brælum á veturna gæti útkoman orðið erfið meðan verðið á kolmunnanum er ekki hærra en það er. Þetta er hægt á svona skipi sem er burðarmikið og þarf ekki að koma eins oft til hafnar og minni skipin,“ sagði Þórður.

„Við vorum svo í norsk-íslenzku síldinni frá því um miðjan júní og þangað til um miðjan október og vorum með um 15.000 tonn af síld. Það var mest flakað en stærsta síldin var heilfryst fyrir markaði Úkraínu, þar sem mjög gott verð fékkst fyrir hana og gott var að selja hana. Það skiptir miklu að þetta fer allt til manneldis. Það hefur líka gengið mjög vel að selja frá því seinnipart sumars. Það hefur verið dúndursala á þessu í haust og öll norsk-íslenzka síldin frá því í sumar er farin eða seld. Það ræðst því vel úr þeim málum, því í vor voru nokkrar blikur á lofti í sölumálunum vegna mikilla birgða. Við erum bara ánægðir með þetta.

Svo bræðum við allan afskurð og svoleiðis um borð, enda komnir með vigtunarbúnað til þess. Við gerum feiknapening úr því á þessu ári, enda er afurðaverð í sögulegu hámarki.

Í HNOTSKURN

» **Það var mest flakað en stærsta síldin var heilfryst fyrir markaði Úkraínu.**

» **Við gerum feiknapening úr mjölinu á þessu ári enda er afurðaverð í sögulegu hámarki.**

» **Ef við náum ekki að komast í almennilega síld og engin loðnuvertíð verður er glansinn farinn af þessu.**

Upp í 100 krónur kílóið af mjölinu á tímabili.“

Norðmenn moka upp smárri síld

En hvernig eru horfurnar núna?

„Það eru betri söluhorfur á stórri síld. Norðmenn sjá hana ekki og moka því smærri síldinni upp. Sú stóra er ábyggilega ennþá úti í hafi þar sem við vorum að veiða hana í haust. Þetta er svo ofboðslegt magn sem Norðmennirnir eru að veiða. Þeir voru með 16.000 upp úr sjó í gær. Þetta kaffærir svo alla markaði. Því þurfum við að ná betri síld. Hún er ekki bara verðmætari heldur er auðveldara að selja hana. Það er svo mikið magn, sem alltaf er verið að tala um í síldinni. Fullfermi hjá okkur er 2.000 tonn af flökum og það kostar mikinn pening að geyma það í mánuð. Þetta er ekki dýr vara og ef við fáum ekki stóru síldina, fer þetta bara í bræðslu. Það er slæmt að reglurnar skuli vera þannig að okkur sé haldið frá stóru síldinni og beint í þá smáu. Það eru ekki mikil verndunarsjónarmið í því.

Það er töluvert af síld við landið og íslenzka sumargotssíldin virðist vera í mjög góðu ástandi. Það er hálfgrátlegt að þurfa að bræða mikið af þessu. Það er fullt af fólki í heiminum við hungurmörk og þarf ódýran og góðan mat. Svo bræðum við síldina til að ala upp eldisfisk sem við ríka fólkið kaupum og fitnum af.“

Smeykur um loðnuna

En hvernig er útlitið með loðnuna?

„Maður er svolítið smeykur við ástandið á loðnunni. Það fer illa með útgerð uppsjávarskipanna ef engar loðnuveiðar verða leyfðar. Maður óttast að þeir nái ekki að mæla neitt. Það munaði ekki miklu í fyrra að engar veiðar yrðu leyfðar vegna þess að þeir þurfa að mæla visst mikið og það skeði nú bara á einum degi að sú mæling náðist. Ef bræla hefði verið þá hefði líklega engin loðnuvertíð orðið í fyrra. Það yrði hrikalegt fyrir okkur ef engin loðnuvertíð yrði.

Ef við náum ekki að komast í almennilega síld og engin loðnuvertíð verður er glansinn farinn af þessu. Maður verður bara að treysta á guð og lukkuna,“ segir Þórður Magnússon.

ERLENT

Reknir úr hernum

Berlín. AFP. | **Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hét því í gær að taka hart á máli þýskra hermanna sem sáust leika sér að höfuðkúpu úr manni á myndum sem teknar voru í Afganistan.**

Þýska dagblaðið *Bild* birti í gær myndir af fjórum þýskum hermönnum í friðargæsluliði NATO sem voru að leika sér að höfuðkúpunni. Þýska varnarmálaráðuneytið hóf rannsókn á málinu og Franz Josef Jung varnarmálaráðherra sagði að hermönnunum yrði vikið úr hernum.

AP

Hneyksli **Þjóðverji les *Bild*, mest selda dagblað Þýskalands, sem birti ljósmyndir af þýskum hermönnum að leika sér að hauskúpu í Afganistan.**

Rúmur helmingur kóralrifanna í hættu

Charlotte Amalie. AP. | Vísindamenn hafa varað við því að rúmur helmingur kóralrifa heimsins gæti glatast innan 25 ára vegna hækkandi sjávarhita, leðju frá byggingarsvæðum, þörunga og eiturefna.

Þetta kom fram á ráðstefnu um 200 vísindamanna á Bandarísku Jómfrúreyjum í fyrradag.

30% rifanna hafa glatast

Tyler Smith, vísindamaður við háskóla Bandarísku Jómfrúreyja, sagði að ýmislegt benti til þess að um 60% kóralrifa heims gætu glatast innan aldarfjórðungs ef hnignun rifanna yrði jafn ör og á síðustu árum.

Annar vísindamaður á ráðstefnunni, Jeff Miller, sagði að rannsókn á 12,5 hektara svæðum í grennd við Bandarísku Jómfrúreyjar benti til þess að 47% kóralrifanna hefðu glatast eftir óvenju mikinn sjávarhita árið 2005.

Smith sagði að 30% kóralrifa heimsins hefðu glatast á síðustu 50 árum og 30% til viðbótar hefðu orðið fyrir alvarlegu tjóni.

Gvatemala með forskot

Sameinuðu þjóðunum. AFP. | Gvatemala hafði forskot á Venesúela í síðustu umferðunum í kosningu um sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í gær, en vantaði nokkuð upp á að tryggja sér tvo þriðju hluta atkvæða ráðsins í síðustu umferðinni.

Hugo Chavez

Þannig hlaut Gvatemala 105 atkvæði á móti 77 atkvæðum Venesúela, sem var allnokkuð frá þeim 122 atkvæðum sem landið hefði þurft til að tryggja sér setu í ráðinu til tveggja ára, en alls hafa farið fram 38 umferðir í kosningunni.

Stjórn Hugo Chavez, forseta Venesúela, hefur neitað að leggja árar í bát þrátt fyrir að hafa hlotið færri atkvæði en Gvatemala í öllum umferðunum nema einni.

Orðrómi vísað á bug

Fyrr í gær höfðu verið uppi vangaveltur um að Venesúela og Gvatemala myndu draga framboð sín til baka. Þannig var það haft eftir Francisco Arias Cardenas, sendiherra Venesúela hjá SÞ, í gær að ríkin tvö myndu þess í stað styðja við framboð Bólivíu og Kosta Ríka.

Kjörið um sæti Suður-Ameríku í öryggisráðinu hefur vakið mikla athygli, en Chavez forseti líkti George W. Bush Bandaríkjaforseta nýlega við djöfulinn á allsherjarþinginu.

Hveitiverð rýkur upp

Sydney. AFP. | Líklegt er, að vegna mestu þurrka í Ástralíu í meira en öld, verði hveitiuppskeran þar 40% minni en í meðalári. Hefur Ástralía til þessa verið þriðja mesta hveitiútflutningsríkið.

Því er nú spáð, að uppskeran á þessu ári verði ekki nema á bilinu níu til 11 milljónir tonna og hafa horfurnar versnað með hverjum mánuði, sem líður. Fyrir aðeins mánuði gerðu menn sér vonir um allt að 15 milljón tonna uppskeru, sem hefði þó verið miklu minna en í venjulegu árferði.

Úrkoma í Ástralíu, sem er raunar eitt þurrasta meginlandið, hefur verið verulega minni en venjulegt er í meira en fimm ár samfleytt. Hefur þurrkurinn bitnað mjög á hveitibeltinu svokallaða og veðurfræðingar sjá þess engin merki, að úr muni rætast á næstu vikum eða mánuðum.

Áströlsk stjórnvöld óttast, að þurrkarnir muni draga úr hagvexti en erfiðleikar af þeirra völdum í landbúnaði birtast meðal annars í því, að sagt er, að einhver bóndi gefist upp og stytti sér aldur fjórða hvern dag. Vegna þessa hefur hveitiverð rokið upp og var það hæsta í 10 ár fyrr í mánuðinum.

SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.

ERLENT



Sólgos rannsökuð í þrívídd

Washington. AFP. | Geimrannsóknastofnun Bandaríkjanna, NASA, hugðist í nótt skjóta á loft tveimur geimförum sem eiga að fara á braut um sólina í því skyni að taka þrívíddarmyndir af henni og rannsaka sólgos, sólvinda og áhrif þeirra á jörðina.

Er þetta í fyrsta skipti sem sólin er rannsökuð frá tveimur stöðum í einu í geimnum. Við rannsóknina verða einnig notuð gögn frá athugunarstöðvum á jörðinni.

„Þetta er upphafið að nýju tímabili rannsókna á sólinni," sagði geimvísindamaðurinn Russ Howard á blaðamannafundi á vegum NASA. „Leiðangurinn gerir okkur kleift að skoða hlutina í nýrri vídd."

Meginmarkmiðið er að rannsaka sólvinda og sólgos sem geta haft mikil áhrif á jörðina, t.a.m. valdið rafmagnsleysi, fjarskiptatruflunum og norðurljósum.

Reuters

Minni hagvöxtur í Kína

SORPHREINSUNARMAÐUR flytur poka fulla af svampi í Jiangxi-héraði í miðhluta Kína. Þarlend stjórnvöld skýrðu frá því í gær að hagvöxturinn í landinu á næsta ári yrði að öllum líkindum undir 10%. Yrði það í fyrsta skipti frá 2002 sem hagvöxturinn í Kína væri ekki tveggja stafa tala. Gert er ráð fyrir því að hagvöxturinn í ár verði um 10,6% en minnki á næsta ári vegna samdráttar í Bandaríkjunum.

Lögreglumenn liggja undir grun

Moskvu. AFP. | Sagt er, að þá sem rannsaka morðið á rússnesku blaðakonunni Önnu Politkovskaju, gruni, að fyrrverandi lögreglumenn, sem áður störfuðu í Tétsníu, hafi borið ábyrgð á því. Kom það fram í rússnesku dagblaðið í gær.

Dagblaðið *Kommersant* sagði, að hópur manna frá innanríkisráðuneytinu og skrifstofu ríkissaksóknara hefði farið í síðustu viku til borgarinnar Nízhnevartovsk í Vestur-Síberíu til að yfirheyra þar lögreglumenn, sem hefðu gegnt þjónustu í Tétsníu. Grunur léki á, að þeir hefðu viljað hefna þess að Politkovskaja sagði í einni greina sinna, að þeir hefðu tekið þátt í að drepa að minnsta kosti einn óbreyttan borgara í Tétsníu.

Blaðið sagði að rannsóknarlögreglumennirnir hefðu sérstaklega viljað hafa uppi á tveimur foringjum í lögreglunni í Nízhnevartovks sem væru raunar eftirlýstir vegna glæpa í Tétsníu en þeir hefðu þó ekki fundist. Nefndi Politkovskaja þá í grein sinni og þriðja manninn að auki og sakaði þá um morð og mannrán.

Kommersant sagði að þessi þrír menn hefðu litið svo á að Politkovskaja væri undirrótin að ásökunum á hendur þeim og hugsanlega hættulegt vitni.

Óvissa í ísraelskum stjórnmálum

Mikil óánægja innan Verkamannaflokksins með samninga Olmerts við harðlínumenn

Eftir Svein Sigurðsson
svs@mbl.is

HUGSAST getur, að farið sé að styttast í lífdögum ísraelsku stjórnarinnar og að þúfan, sem velti hlassinu, verði samstarfssamningur Ehud Olmerts forsætisráðherra við smáflokkinn Yisrael Beitenu. Er hann yst til hægri í stjórnmálunum. Amir Peretz, leiðtogi Verkamannaflokksins, hefur að vísu fallist á að halda stjórnarsamstarfinu áfram en ekki er talið víst, að almennir flokksmenn líði það til lengdar.

Olmert samdi um það síðastliðinn mánudag, að Yisrael Beitenu og leiðtogi hans, Avigdor Lieberman, kæmu til liðs við stjórnina en innan Verkamannaflokksins var tíðindunum tekið með háværum kröfum um, að flokkurinn segði sig úr stjórn. Lieberman er flest það, sem Verkamannaflokkurinn berst gegn: Harðlínumaður, sem vill taka enn meira land af Palestínumönnum, og ákaflega íhaldssamur í efnahagsmálum. Þrátt fyrir það féllst Peretz á það í gær að halda stjórnarsamstarfinu áfram.

Í HNOTSKURN

» **Kadima, flokkur Olmerts og Ariels Sharons, fyrrverandi forsætisráðherra, vann mikinn sigur í þingkosningunum í Ísrael í marslok á þessu ári. Tók Olmert við forystunni í flokknum eftir að Sharon fékk alvarlegt heilablóðfall.**

» **Olmert og fremur hófsöm stefna hans í málefnum Palestínumanna nutu mikils stuðnings framan af en „Líbanonsklúðrið", sem sumir kalla svo, varð til að snúa því við og auka stuðning við hina ýmsu flokka harðlínumanna.**

Ísraelskir fréttaskýrendur furða sig margir á þessu tiltæki Olmerts og segja, að það sýni fyrst og fremst örvæntingu hans eftir „gengisleysið" í árásunum á Líbanon. Þá sé samninguirnn við Lieberman líka í hrópandi mótsögn við stefnu Olmerts fyrir síðustu kosningar en hún var öll á hófsömu nótunum.

AP

Leiðtogadraumar **Avigdor Lieberman, leiðtogi Yisrael Beitenu og nýr ráðherra í Ísrael.**

Innan Verkamannaflokksins var vaxandi óánægja með stjórnarsamstarfið áður en þetta kom til og einkum með þá stefnu Olmerts að draga úr fjárveitingum til velferðarmála en auka þær til öryggismála. Átti þessi kurr sinn þátt í, að Olmert ákvað að treysta stöðu sína með samningum við Lieberman en fréttaskýrendur, til dæmis Amotz Asa-El hjá *Jerusalem Post*, telja, að þeir muni á endanum tryggja, að Verkamannaflokkurinn með sína 19 þingmenn muni draga sig út úr stjórn. Þá muni stjórnina vanta tvo þingmenn upp á meirihluta á þingi.

Fréttaskýrendur segja, að Lieberman, sem hvatti til þess í vor, þeir þingmenn araba í Ísrael, sem hefðu samband við Hamas-hreyfinguna, yrðu teknir af lífi, vonist til að geta gefið af sér dálítið þekkilegri mynd með því að setjast í stjórn með Olmert og Verkamannaflokknum. Markmið hans sé hins vegar það að verða nýr leiðtogi harðlínumanna í ísraelskum stjórnmálum, að taka við því hlutverki af Benjamin Netanyahu, formanni Likudflokksins.

Stríð jafn dýrt og öll aðstoðin?

KOSTNAÐURINN sem hlýst af stríði í einu þróunarlandi getur næstum því orðið jafn mikill og heildarfjárhæðin sem varið er til þróunaraðstoðar í öllum heiminum á einu ári, að því er fréttavefur breska ríkisútvarpsins, *BBC*, hafði eftir breskri þingnefnd í gær.

Nefndin sagði að borgarastríð í fátæku landi gæti kostað 54 milljarða dollara, sem svarar 3.600 milljörðum króna. Þróunaraðstoðin í öllum heiminum árið 2004 nam 78,6 milljörðum dollara, eða 5.300 milljörðum króna.

Þingnefndin hvatti bresku stjórnina til að leggja meiri áherslu á aðgerðir til að koma í veg fyrir átök í þróunarlöndum. Hún gagnrýndi einnig ráðherra fyrir að gera ekki ráðstafanir til að hindra að bresk fyrirtæki högnuðust á viðskiptum við stríðsherra á átakasvæðum.

Nefndin heimsótti Afríkulöndin Síerra Leóne, Úganda og Kongó til að vinna skýrslu um átök og þróunaraðstoð. Hún sagði að kostnaðurinn af auknum átökum í þróunarlöndunum gæti orðið meiri en þróunaraðstoðin í heiminum á einu ári.

Auðlindaböl

Formaður nefndarinnar, Malcolm Bruce, sagði að átök blossuðu oft upp í löndum sem væru með miklar náttúruauðlindir sem stríðsherrar gætu fært sér í nyt til að fjármagna stríðsreksturinn með aðstoð erlendra braskara. Náttúruauðlindirnar gætu þannig leitt til aukinnar fátæktar meðal almennings en ofsagróða fárra manna.

Reuters

Loftbelgjaflug á Mallorca

LOFTBELGJAMAÐUR að störfum inni í gasbelg í þorpinu Cala Millor á spænsku eyjunni Mallorca. Loftbelgjamót hófst í þorpinu í fyrradag.

Mótið nefnist Regatta Cala Millor og er haldið árlega. Hópar áhugamanna frá mörgum Evrópulöndum taka þátt í hópflugi og sýningum á mótinu.

Túrkmenistan eykur olíuvinnslu

Ashgabat. AFP. | Þjóðþing Túrkmenistans kynnti í gær metnaðarfullar áætlanir á sviði gas- og orkuframleiðslu. Um tímamót í iðnaðarsögu landsins er að ræða en áætlanirnar fela m.a. í sér tvöföldun á gasframleiðslu og fimmfalda aukningu í olíuvinnslu á árunum 2010 til 2030.

Niyazov

Stjórnvöld sjá þegnum sínum fyrir ókeypis gasi, raforku og vatni og hefur forseti landsins, Saparmurat Niyazov, sem er betur þekktur sem Túrkmenbasi, eða „faðir allra Túrkmena“, lofað að þessu verði fram haldið til ársins 2030, í því skyni að tryggja „algjörlega áhyggjulausa tilvist fólksins“.

Túrkmenbasi „eilífur“

Þá fagnaði þingheimur umbótum á kosningakerfi landsins með dynjandi lófataki til heiðurs Túrkmenbasa en stjórnarandstöðuflokkar eru með öllu bannaðir.

Þingið kaus Túrkmenbasa forseta til lífstíðar árið 1999 og brást Murad Karryev, formaður kosninganefndarinnar, hart við hugmyndum leiðtogans um að hugsanlega yrði efnt til mótframboðs gegn honum.

„Ekki til að ræða það,“ sagði Karryev, um leið og 3.000 manns í þinghúsinu stóðu á fætur og hrópuðu í sífellu „Hinn mikli leiðtogi er eilífur“.

Verið að stela eða eyðileggja merkustu fornminjar sögunnar

Skorað á stjórnvöld í Írak að skerast í leikinn

VERIÐ er að eyðileggja eða vinna óbætanlegt tjón á fornminjum í Írak, sjálfri vöggu siðmenningarinnar, en margt bendir til, að þar hafi skriftletrið, lög, læknisfræði, stærðfræði og stjörnufræði fyrst komið fram. Kemur þetta fram í bréfi 14 heimskunnra fornleifafræðinga en í því skora þeir á stjórnvöld í Írak að standa vörð um menningararfinn þrátt fyrir óöldina í landinu.

Í bréfinu segjast fornleifafræðingarnir hafa séð myndir af merkilegum og fornum minjum, sem búið sé að brjóta, sprengja upp eða eyðileggja á annan hátt auk þess sem gífurlega miklu hafi verið stolið í ágóðaskyni. Var skýrt frá þessu á fréttavef breska blaðsins *Times* í gær.

Sem dæmi um eyðileggingunа nefna þeir babýlóníska styttu af ljóni frá því um 1700 f.Kr. en höfuð hennar molnaði í sundur er ræningjar reyndu að fjarlægja það.

Annað dæmi er eyðilegging Anabænaturnsins á bökkum Efrats, um 310 km vestur af Bagdad. Hefur hann verið mikið aðdáunarefni í meira en 1.000 ár en íslamskir öfgamenn sprengdu hann upp vegna þess, að þeir óttuðust, að Bandaríkjamenn myndu nota hann sem útsýnis- og varðturn.

Nota sprengiefni

Fornleifafræðingarnir segja, að bjarga verði fornminjunum í Írak, sérstaklega þeim, sem eru frá tímum hinnar fornu Mesópótamíu. Þar stóðu borgirnar Úr, Babýlon og Níneve og þar er að finna elstu minjar um siðmenningu meðal manna. Á

Horfinn **Ana-bænaturninn, sem var frá 6. öld, var sprengdur í sundur.**

þessum stöðum og víðar láta nú þjófar greipar sópa og nota jafnvel sprengiefni til að auðvelda sér leitina. Höfundar bréfsins minna á, að á sínum tíma hafi verið sett á fót sérstök sveit manna til að gæta gamalla minja en nú séu fréttir um, að hún hafi hætt störfum vegna þess, að mönnunum hafi ekki verið greidd laun.

McGuire Gibson, prófessor og sérfræðingur í mesópótamískum fornleifum við Chicago-háskóla, segir, að leifar sumra ævafornra borga, til dæmis Larsa, sem var höfuðborg Babýlóníu um 1900 til 1800 f.Kr., og Isin, sem er nokkru eldri, séu svo illa farnar, að líklega muni fornleifafræðingar aldrei vilja snúa þangað aftur.

Lágir skattar og ráðdeild

Góð afkoma ríkissjóðs undanfarin ár sýnir að það var rétt að lækka skatta á fyrirtæki og einstaklinga. Jákvæð afkoma ríkissjóðs má þó ekki verða til þess að ráðdeildin gleymist. Áframhaldandi skattalækkanir eru besta aðhaldið í ríkisrekstrinum. Mikilvægast er að lækka tekjuskatt einstaklinga til að koma í veg fyrir að skattbyrði aukist um leið og menn bæta hag sinn.

Kosningaskrifstofa stuðningsmanna Sigríðar Andersen er í Landssímahúsinu við Austurvöll.
Síminn er 561 4567. Alltaf heitt á könnunni.

5.-7. SÆTI

Sigríður Andersen

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október.

www.sigridurandersen.is

MENNING

Morgunblaðið/ÞÖK

Auður Jónsdóttir rithöfundur.

Danir hrifnir af Auði Jónsdóttur

Fólkið í kjallaranum fær jákvæða gagnrýni

AUÐUR Jónsdóttir hefur að undanförnu fengið afbragsgóða dóma í dönskum fjölmiðlum fyrir bók sína *Fólkið í kjallaranum* eða *Dem i kælderen* eins og hún nefnist í danskri þýðingu Susanne Grubb.

Í *Information* segir Erik Skyum-Nielsen að á Íslandi heyri það til tíðinda þegar Auður gefur frá sér nýja bók, öðrum þræði vegna þess að hún er barnabarn Halldórs Laxness en einnig verði ekki framhjá því litið að hún sé fær rithöfundur; áhrifamikill texti hennar sé hraður og þéttur, gæddur kímni og háðskum broddi. Þá segir Skyum-Nielsen að Auður ljái efasemdum aðalpersónunnar sannfærandi rödd.

Framúrskarandi skáldsaga

Fjórar stjörnur af sex er svo niðurstaða gagnrýnanda *Berlingske Tidende*, sem gerir sér sömuleiðis mat úr ætterni Auðar og segir það ekki leyna sér hverra manna hún sé. Kristina Lund Jørgensen hjá *Fyens Stiftstidende* bætir um betur og gefur bókinni fimm stjörnur af sex í ritdómi sem ber fyrirsögnina „Framúrskarandi skáldsaga“.

Gagnrýnandi *Jótlandspóstsins* segir *Fólkið í kjallaranum* vera mikið sómaverk. Efnistök skáldsögunnar séu metnaðarfull og framsetningin hnitmiðuð. Tekið er í sama streng í *Jydske Vestkysten*, þar sem bókin fær fjórar stjörnur, en þar segir m.a. að stíll Auðar sé lifandi og laus við alla útúrdúra.

***Fólkið í kjallaranum* kom út hjá Máli og menningu haustið 2004 og hlaut hún Íslensku bókmenntaverðlaunin á sínum tíma.**

Styrktartónleikar

Til minningar um Jóhönnu Arndísi

Halli Reynis.

HAUSTTÓNLEIKAR Krabbameinsfélags Íslands eru að þessu sinni haldnir til styrktar rannsóknum á krabbameini í ungum konum.

Tónleikarnir eru haldnir til minningar um Jóhönnu Arndísi Stefánsdóttur sem lést úr krabbameini fyrir fjórum árum. Meðal þeirra sem fram koma eru KK, Ellen Kristjáns, Magnús Eiríksson, Regína Ósk og Halli Reynis, en hann er jafnframt skipuleggjandi tónleikanna. Kynnir verður Björk Jakobsdóttir leikkona. Miðaverð er 2.500 krónur og hægt er að nálgast miða á midi.is.

Námskeið

Varpar ljósi á velgengni Dana

Úr Erninum.

SVEN Clausen, einn afkastamesti framleiðandi leikinna framhaldsþátta á Norðurlöndum, heldur námskeið hér á landi laugardaginn 28. október. Á námskeiðinu mun Clausen varpa ljósi á hinn góða árangur sem Danir hafa náð í framleiðslu, áhorfi og dreifingu á leiknu sjónvarpsefni á undanförnum 15 árum. Einnig mun hann sýna úr lokaþáttum Arnarins, sem hann framleiðir.

Námskeiðið verður haldið á Hótel Nordica og kostar 7.000 krónur. Tekið er við skráningum á netfanginu karolina@kvikmyndamidstod.is.

Tónleikar

Fabúla á Rosenberg

Fabúla

TÓNLISTARKONAN Fabúla er þessa dagana að kynna nýútkomna plötu sína Dusk sem kom út á dögunum.

Í kvöld heldur hún tónleika á Rosenberg í Reykjavík ásamt Jökli Jörgenssen, Birkir Rafni Gíslasyni og Sigtryggi Baldurssyni.

Í næstu viku halda þau svo norður í land og munu leika á Græna hattinum fimmtudaginn 2. nóvember. Útgáfutónleikar verða í Tjarnarbíói hinn 24. nóvember.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22 og er aðgangseyrir 500 krónur.

Tónlist | Hljómsveitin Ham treður upp í Kaupmannahöfn í fyrsta sinn

„Förum í útrás eins og aðrir“

Eftir Höskuld Ólafsson
hoskuldur@mbl.is

HLJÓMSVEITIN Ham mun ásamt fjórum öðrum vestnorrænum sveitum koma fram í menningarhúsinu Bryggjunni (Norður-Atlantshafshúsinu) í Kaupmannahöfn næstkomandi laugardag. Ham hefur á undanförnum misserum minnt hressilega á sig með óreglulegu millibili en síðan hún lék í sumar á NASA við Austurvöll hefur sveitin legið í dvala.

Sigurjón Kjartansson, söngvari og gítarleikari Ham, var ekki alveg með það á hreinu um hvað málið snerist þegar Morgunblaðið hafði samband við hann á þriðjudag, grunaði þó að tónleikarnir væru hluti af einhvers konar samnorrænu átaki og að þeir yrðu vísast haldnir í vöruskemmu. Hann vísaði að lokum á Björn Blöndal bassaleikara og sérlegan tengilið sveitarinnar við Danaveldi, eins og hann orðaði það sjálfur.

Bókaðir út árið 2007

„Ég veit nú álíka mikið um þetta og Sigurjón,“ var svarið sem undirritaður fékk svo frá Birni. „En … já, mér skilst að þessir tónleikar séu á vegum Bryggen sem er vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn og það var bara bæjarstjórinn í Bolungarvík [Grímur Atlason] sem vildi að við spiluðum í útlöndum. Við höfum aldrei spilað í Kaupmannahöfn en við héldum eina tónleika hér heima í sumar og það var fínt, það mætti eitthvað af fólki sem virtist bara hafa gaman af.“

Aðspurður hvers vegna þeir hafi ekki haldið meiri dampi og spilað oftar segir Björn að það þurfi yfirleitt eitthvað eða einhvern til að kveikja í þeim.

„Við erum í einhverju limbói. En ég get sagt þér núna að við erum ekki að fara að setja neinn kraft í spilamennskuna hér heima. Ætli við förum ekki bara í útrás eins og aðrir, mér skilst að við séum bókaðir út árið 2007 í útlöndum.“

Hvar?

„Ég veit það ekki.“

Rokk og rólegheit

Hvaða efni ætlið þið að taka í Kaupmannahöfn, eitthvað nýtt?

„Já, við tökum örugglega eitthvað töff … og spilum það hátt!“

Hvernig líst ykkur á að koma fram fyrir hönd Íslands þarna úti?

„Gríðarlega vel, þú getur vitnað í Flosa Þorgeirsson í því sambandi: „Other Bands Have Fearful Respect for [Ham].““

En hvað með tónleika hér heima, er eitthvað á döfinni?

„Ekkert planað, bara rokk og rólegheit. Það getur samt vel verið að við spilum einhvern tímann.“

Á þessu ári?

„Nei, kannski á næsta ári. En það fer nú að vísu allt eftir því hvort allt fer í hund og kött á þessu tónleikaferðalagi, það hefur nú gerst áður.“

Morgunblaðið/Jim Smart

Töffarar af Guðs náð

Hljómsveitin Ham hélt sögufræga kveðjutónleika í Tunglinu sáluga árið 1994 (sem síðar voru gefnir út á plötu) og svo sást hvorki né heyrðist til sveitarinnar fyrr en hún hitaði upp fyrir Rammstein í Höllinni árið 2001. Ham hefur löngum verið talin ein svalasta hljómsveit íslenskrar rokksögu.

Matador verður söngleikur

Einn þekktasti sjónvarpsþáttur Dana yfirfærður á fjalirnar næsta sumar

MARGIR muna líklega eftir dönsku sjónvarpsþáttunum *Matador*, en þeir eru einhverjir ástsælustu sjónvarpsþættir Danmerkur og hafa meðal annars verið sýndir hér á landi.

Nú stendur til að yfirfæra söguna á fjalir Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn, í formi söngleiks.

Lise Nørregaard, höfundur Matador, hefur lagt blessun sína yfir útkomuna en hún var ekki með í að skrifa handritið að söngleiknum.

Það verk var í höndum Peters Langdal sem jafnframt mun leikstýra verkinu. Um tónlistina sér Bent Fabricius-Bjerres sem hefur fengið sér til fulltingis rapparann Clemens Telling. Meginþema í tónlistinni verður að sögn djasstónlist frá fjórða áratug síðustu aldar.

Sagan verður að þessu sinni sögð frá sjónarhóli Agnesar, sem leikin verður af Sonju Richter.

Frumsýning er áætluð hinn 10. júní á næsta ári.

Yfir milljón mynddiskar

***Matador* eru sem áður sagði einhverjir ástsælustu stjónvarpsþættir í sögu dansks sjónvarps.**

Þættirnir eru 24 talsins og voru gerðir á árunum 1978 til 1981.

Þar segir frá ævi og örlögum nokkurra íbúa dansks smábæjar á árunum 1929-1947.

Þættirnir komu út á mynddiskum í nóvember árið 2001 en diskarnir hafa síðan þá selst í yfir milljón eintökum, meira en nokkur annar mynddiskur í Danmörku.

Kvikmyndir | Grímur Hákonarson verðlaunaður í Chicago

Stuttmyndin um Slavek the Shit sigursæl

Grímur Hákonarson

Kvikmyndagerðarmaðurinn Grímur Hákonarson vann til verðlauna á nýafstaðinni kvikmyndahátíð í Chicago, sem lauk síðastliðinn föstudag.

Grímur hlaut svokallaðan Silver Hugo fyrir stuttmynd sína *Slavek the Shit* en Golden Hugo féll í skaut Bandaríkjamönnunum James Anderson og Robert Postrozny fyrir stuttmyndina *Forgetting Betty*.

Kvikmyndahátíðin í Chicago hefur verið haldið frá árinu 1965 og er ein sú elsta og virtasta vestanhafs. Frá þessu greinir á vefnum Landi og sonum, málgagni íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar.

„Það var ágætur heiður að fá þessi verðlaun. Sérstaklega þar sem myndin hefur ekki gengið sérstaklega vel í Kanann. Hún hefur gengið betur í Evrópu en ætli ég hafi ekki bara verið heppinn með dómnefnd,“ sagði hinn hógværi Grímur í samtali við Morgunblaðið í gær.

Grímur er nú staddur á Austfjörðum við upptökur á nýjustu mynd sinni sem ber vinnuheitið *Bræðrabylta* og er að sögn Gríms ástarsaga tveggja glímumanna.

„Þetta er svona sveitarómantík og ég nota glímuna til að sýna samband þeirra,“ segir Grímur en þeir Halldór Gylfason og Björn Ingi Hilmarsson fara með hlutverk glímukappanna.

„Þeir eru búnir að æfa glímu í nokkrar vikur og eru orðnir það góðir að þeir halda örugglega áfram að æfa.“

Bræðrabylta er löng stuttmynd, um hálftíma löng. Aðeins tveir tökudagar eru eftir en Grímur segir að til standi að klára myndina í febrúar og senda hana svo í forval Cannes-kvikmyndahátíðarinnar, en þar var *Slavek* einmitt fyrst sýnd.

Fóstbræður **Brennið þið vitar og Björk verða á efnisskrá afmælistónleikanna.**

„Ja, nú er kominn tími til að fara í karlakór!“

Karlakórinn Fóstbræður fagnar níutíu ára afmæli sínu

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

HVERN dreymir ekki einhvern tíma um að vera agnarögn yngri en árin segja til um? Karlakórinn Fóstbræður er ungur og frískur þrátt fyrir að um þessar mundir fagni hann 90 ára afmæli sínu. Það er svosem ekkert leyndarmál að raunverulega er kórinn fimm árum eldri, því 95 ár eru frá því að forveri Fóstbræðra, Karlakór KFUM, var stofnaður. Aldurinn miðar kórinn hins vegar við árið sem starfsemin komst í fastar skorður, árið 1916, þegar Jón Halldórsson tók við stjórn kórsins. Fyrstu upptökur með kórnum, undir stjórn Halldórs, eru vitnisburður um að þá strax, á ungdómsárum, var kórinn firna góður og Jón afburða stjórnandi. Hefur nokkur kór toppað *Skarphéðin í Brennunni* í flutningi Fóstbræðranna ungu, þar sem söngurinn er svo kraftmikill að maður bókstaflega heyrir blóðroðna birtuna blakta um garpinn?

Afmæli fagnað með tónleikum

Fóstbræður eru enn að, og í tilefni af afmælinu efna þeir til veglegra afmælistónleika í Háskólabíói á laugardag kl. 17, með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Árni Harðarson er kórstjóri Karlakórsins Fóstbræðra í dag, og hefur stjórnað kórnum í 16 ár. Hann segir undirbúning fyrir tónleikana ganga vel, en alltaf sé verið að snurfusa fram á síðustu stundu. „Okkur langar að endurspegla ólíka þætti í söng kórsins. Við verðum því bæði með gömlu lögin sem byggjast á hefðinni, óperukóra úr uppfærslum sem kórinn hefur tekið þátt í en nýrri músík á seinni hluta tónleikanna.“

Eftir hlé síga Fóstbræður í Drangeyjarbjarg með Guðmundi góða í glænýju verki eftir Áskel Másson við kvæði eftir Hannes Pétursson. „Verkið er samið við fyrsta ljóðið úr Röddum á daghvörfum, en Hannes kallaði það tilbrigði við tíu þjóðsögur. Þar segir af vígslu Drangeyjar og Áskell málar það dramatískum og leikrænum litum, til dæmis með alls konar tilheyrandi náttúruhljóðum, og þetta er ekki einfalt að glíma við.“ Annað forvitnilegt á síðari hluta tónleikanna eru útsetningar, bæði á Stuðmannalögum, en líka á lagi Bjarkar Guðmundsdóttur, Army of Me. „Hugmyndin kviknaði hjá mér þegar Björk gaf sjálf kost á því að fólk gerði sínar eigin útsetningar og sendi til hennar. Þær bestu þeirra voru svo gefnar út á diski. Mér datt í hug að það gæti orðið gaman að heyra hvernig þetta kæmi út fyrir karlakór.“ Útsetjari á lögum Bjarkar og Stuðmanna er Haraldur V. Sveinbjörnsson, en Stuðmenn stíga á svið með kórnum í lögunum þeirra, og því má ekki gleyma, að fyrir hlé syngur Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvarinn flotti með kórnum.

Árni kveðst hafa gaman af því að máta kórinn inn í nútímann á ýmsan hátt, eins og sjá má á þessu. En hvað þá með spána sem eitt sinn lifði, að karlakórssöngur væri staðnaður og myndi deyja út, því hann væri svo gamaldags? Árni hefur engar áhyggjur. „Það varð mikil söngvaaukning fyrir 20 árum eða svo, og það hefur skilað sér í allt söngstarf. Karlakórarnir fóru svolítið úr tísku þegar blönduðu kórarnir voru að byggjast upp, en þegar jafnvægi var náð fór þetta allt að skila sér aftur. Annars loðir enn svolítið við að menn verði að vera komnir á virðulegan aldur til að syngja í karlakór, og þá segi þeir: Ja, nú er kominn tími til að fara í karlakór!“ En Fóstbræður eru að sjálfsögðu á öllum aldri, þeir yngstu um tvítugt og þeir elstu á áttræðisaldri. Í kór er ekkert kynslóðabil, og í karlakór eru menn jú fóstbræður, hvernig sem á það er litið.

Sannarlega „brilljant“

EINLEIKUR Eddu Björgvinsdóttur, sem frumsýndur var í mars árið 2005, hefur verið sýndur 130 sinnum fyrir fullu húsi og við fádæma undirtektir áhorfenda um allt land, en rúmlega 20 þúsund manns hafa nú þegar séð sýninguna. Það er því óhætt að segja að sýningin *Alveg brilljant skilnaður* sé einhver sú vinsælasta sem sýnd hefur verið undanfarin ár í íslensku leikhúsi.

Borgarleikhúsið hefur ákveðið, vegna fjölda áskorana, að bjóða upp á fjórar sýningar á þessum drepfyndna einleik nú í haust og eru það því allra síðustu forvöð að berja þennan brilljant einleik augum.

Leikritið fjallar um miðaldra konu, Ástríði Jónu Kjartansdóttur sem lendir í því að maðurinn hennar finnur sér nýja konu „nýfermda spænska stelpudruslu“ eins og Ástríður segir sjálf. Upp frá því hefst afar erfið en drepfyndin þroskasaga vesalings Ástríðar, sem sveiflast á milli sorgar og reiði, hefnigirni og harmagráts.

Einleikið **Edda Björgvinsdóttir í Alveg brilljant skilnaði.**

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í REYKJAVÍK

Ásta Möller
– í ljósi reynslunnar!

Í ljósi þeirrar reynslu...

...sem ég hef fengið af stjórnmálastarfi fyrir Sjálfstæðisflokkinn um margra ára skeið hef ég mótað mér skýra sýn í þeim viðfangsefnum sem ég tel brýnust á komandi árum. Fyrir störfum mínum og áhersluatriðum geri ég grein á vefsetri mínu og í bæklingi sem nú hefur verið dreift til sjálfstæðismanna í Reykjavík.

Ég hef beitt mér á ýmsum sviðum í störfum mínum á Alþingi á undanförnum árum. Þar hef ég lagt sérstaka áherslu á heilbrigðismál sem ég er sannfærð um að eru undirstaða velferðarsamfélags okkar og samkeppnishæfni á komandi árum.

Mér þætti vænt um stuðning þinn til áframhaldandi verka.

Ásta Möller

www.astamoller.is

sæti

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Uppgræðsla **Frá Hvaleyrarvatni, skammt frá skógræktarstöð Skógræktarfélags Hafnarfjarðar í Höfðaskógi við Kaldárselsveg.**

Skógræktarstarf í Hafnarfirði 60 ára

Hafnarfjörður | Þess verður minnst með samkomu í Hafnarborg í kvöld, fimmtudagskvöld, að Skógræktarfélag Hafnarfjarðar er 60 ára. Verður þar fitjað upp á ýmsu í tilefni af tímamótunum og meðal annars sýnd kvikmynd, sem Ásgeir Long tók af fyrstu skógræktarferðinni í Gráhelluhraun. Þar má meðal annars sjá Ingvar heitinn Gunnarsson, fyrsta formann félagsins, setja út fyrstu birkiplöntuna.

Í sambandi við Alþingishátíðina 1930 var ákveðið að gera átak í skógrækt og uppgræðslu lands og stofna í því skyni skógræktarfélög víða um land. Framan af voru þó Hafnfirðingar og Reykvíkingar félagar í Skógræktarfélagi Íslands en það þótti heldur þunglamalegt og standa eðlilegu félagsstarfi fyrir þrifum. 24. október 1946 var samþykkt að stofna félag í Hafnarfirði og af því varð daginn eftir. Ekki var stofnfundurinn mjög fjölsóttur, 21 mætti á hann, en félaginu óx brátt fiskur um hrygg og hefur alla tíð starfað af miklum krafti. Er það nú annað stærsta skógræktarfélag í landinu með tæplega 700 félagsmenn. Núverandi formaður þess er Níels Árni Lund.

Hefur notið velvildar

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur verið borið uppi af þeirri hugsjón, sem skógræktarstarfið er, og alla tíð notið velvildar og stuðnings bæjaryfirvalda og Hafnfirðinga allra. Til forystu í félaginu hafa enda ávallt valist eldheitir áhugamenn. Margt hefur verið gert á þessu ári til að minnast afmælisins og nú er komið að fundinum í Hafnarborg í kvöld.

Gagnrýna kostnað við sundlaug og gervigras

Seltjarnarnes | Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, vísar á bug gagnrýni fulltrúa Neslistans, um að framkvæmdir við gervigrasvöll og sundlaug bæjarins hafi farið meira en 200 milljónir króna fram úr áætlunum. Endurskoðuð fjárhagsáætlun bæjarins var rædd á bæjarstjórnarfundi fyrr í mánuðinum og þar lögðu fulltrúar Neslistans fram bókun vegna hækkunar á kostnaði við verkefnin sem fram kemur í hinni endurskoðuðu áætlun. Að sögn Sunnevu Hafsteinsdóttur, bæjarfulltrúa í Neslistanum, var áætlaður kostnaður við gervigrasvöllinn 110 milljónir króna, en er nú kominn í 198 milljónir. Þá hafi verið áætlað að fyrsti hluti framkvæmda við sundlaugina í bænum kostaði 190 milljónir en upphæðin sé nú komin í 328 milljónir. Framúrkeyrslan kosti bæjarsjóð 226 milljónir króna og hafi Neslistinn farið fram á að úttekt verði gerð á því hvar hafi verið farið fram úr. „Sundlaugin var opnuð á kosningadaginn og það var unnið nótt og nýtan dag síðustu daga fyrir kosningar til þess að klára það mál," segir Sunneva, en alls séu endurbæturnar í þremur áföngum.

Nýir verkþættir til skjalanna

Jónmundur Guðmarsson segir að hann hafi ekki setið umræddan bæjarstjórnarfund og hafi því ekki getað svarað gagnrýninni þar, en hún sé ekki fyllilega á rökum reist. „Þarna er ekki á ferðinni framúrkeyrsla á áætluðum hlutum samkvæmt fjárhagsáætlun, heldur er um að ræða nýja og aðra verkþætti sem komu til skjalanna þegar ákveðið var að fullklára völlinn og umgjörð hans," segir Jómundur um framkvæmdirnar við gervigrasvöllinn. Fyrir hafi legið áætlun sem byggt hafi á því að gervigrasið yrði lagt og lýsingu komið upp og það hafi átt að kosta 110 milljónir. „En kostnaðarmatið á vellinum frá upphafi var um það bil 180 milljónir vegna þess að þar voru inni fleiri þættir eins og frágangur umhverfis, girðing, stoðveggur, hitakerfi og fleira sem var partur af heildarkostnaðinum en ekki inni í áætluninni sjálfri." Tekin hafi verið ákvörðun um það í sumar að halda áfram með verkið og ljúka því að öllu leyti. Einn þáttur hafi þó orðið til þess að hækka kostnað við verkið en hann hafi verið sá að ákveðið hafi verið að lækka völlinn. Jónmundur segir að vinnan við gervigrasvöllinn sé á lokastigi.

Um sundlaugina segir Jónmundur að kostnaður við hana hafi ekki farið mikið fram úr áætlunum. Útboðið í sundlaugina hafi numið 350 milljónum króna. „Það sem er umfram það skýrist fyrst og fremst af því þegar menn eru að vinna stórt og umfangsmikið verkefni í byggingu sem þegar er fyrir, þá koma óumflýjanlega upp ýmis aukaverk þannig að sundlaugin er alveg innan eðlilegra marka."

Morgunblaðið/Golli

Endurbætur **Neslistinn segir að kostnaður vegna endurbóta við sundlaug bæjarins hafi farið langt fram úr áætlunum, en þeim er enn ekki lokið.**

Í HNOTSKURN

» **Sundlaug Seltjarnarness var opnuð í maí síðastliðnum eftir að endurbætur höfðu verið gerðar á lauginni.**

» **Fyrsti leikurinn á nýja gervigrasvellinum var leikinn í sumar.**

» **Fulltrúar Neslistans segia kostnað vegna framkvæmdanna hafa farið langt fram úr áætlunum en bæjarstjóri vísar gagnrýninni á bug.**

AKUREYRI

Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Settu markið hátt **Hópurinn á skólalóð Giljaskóla var samhentur í gærmorgun og stefndi ótrauður að því að slá Akureyrarmetið í snjóboltagerð.**

Akureyrarmet?

BÖRN í bænum hafa væntanlega brosað út að eyrum þegar þau komu út í bítið í gær; þá blasti við þeim langþráður snjór. Nokkuð snjóaði fyrr í vikunni en mikið bætti í aðfaranótt miðvikudagsins; laust fyrir hádegi í gær var jafnfallinn snjór orðinn um það bil 16 sentimetrar. Frostlaust var í gær, fallegt veður og víða börn að leik. Fullorðnir þurftu reyndar líka að bregða á leik, margir hverjir, því mikið var að gera á dekkjaverkstæðum bæjarins í gær eins og síðustu daga.

„Við erum að reyna að slá Akureyrarmetið," sagði nemandi í Giljaskóla í gærmorgun þegar blaðamaður kíkti við á skólalóðinni. Ekki er ljóst hvort met var slegið en snjóboltinn sem krakkarnir voru að búa til var altjent orðinn óvenju stór – og átti líklega enn eftir að stækka, því með samhentu átaki náðu nemendurnir, stórir sem smáir, að mjaka ferlíkinu þrátt fyrir að það væri orðið býsna þungt.

Engin smásmíði **Krakkarnir mjökuðu þessum stóra snjóbolta áfram.**

Fræðast um mannréttindi

HÓPUR stjórnenda hjá Akureyrarbæ fræðist í dag um mannréttindi, á sérstökum fræðsludegi á vegum bæjarins. Alls eru 90 manns boðaðir, stjórnendur af öllum stærðum og gerðum; bæjarstjóri, skólastjórar, leikskólastjórar og forstöðumenn héðan og þaðan úr kerfinu, svo einhverjir séu nefndir.

Fyrirmynd er engin að fræðsludegi sem þessum. „Ég held að hugmyndin hafi kviknað í spjalli hér innanhúss þar sem við vorum að ræða um útlendinga. Málefni þeirra eru líklega þau mannréttindamál sem eru sýnilegust," sagði Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri starfsþróunar hjá Akureyrarbæ, í samtali við Morgunblaðið.

Ingunn Helga segir hugmyndina þá að útvíkka jafnréttishugtakið; að ekki sé einungis fjallað um jafnrétti kynjanna heldur jafnrétti og mannréttindi í víðara samhengi.

„Við ætlum að reyna að fræðast um mannréttindi sem hópur og fara í svolitla naflaskoðun; hvernig komum við fram við starfsfólkið okkar og þjónustuþegana, sem tilheyra ólíkum hópum?"

Fjallað verður um jafnrétti kynjanna, um samkynhneigð, fatlaða, trúmál, eldri borgara og þar fram eftir götunum. En skyldi víða vera pottur brotinn?

„Ég veit það ekki en allir hafa að minnsta kosti gott af því að kynna sér þessi mál og það er gott ef stjórnendur hafa sameiginlegan skilning á því hvernig á að taka á málum," sagði Ingunn Helga.

Fyrirlesarar eru flestir sérfræðingar við Háskólann á Akureyri.

AUSTURLAND

Kælivatn af túrbínum til hitaveitu

Fljótsdalshreppur | Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps kannar nú hvort mögulegt sé að nýta kælivatn af vélum Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdalsstöð til hitaveitu á nærsvæði stöðvarinnar og einnig til iðnaðar.

Sveitarfélagið er í samstarfi við Þróunarfélag Austurlands um að skoða möguleika til nýtingar vatnsins og sömuleiðis hefur Landsvirkjun komið að þessum vangaveltum.

Á fundi hreppsnefndar um miðjan mánuð kom m.a. fram að endurskoða þurfi greinargerð um hitaveitu, þar sem breytingar hafi orðið á uppsetningu véla stöðvarinnar og ekki verið gert ráð fyrir að kælivatnið yrði nýtt. Sögðu fulltrúar Landsvirkjunar á fundinum að engum möguleikum hefði verið lokað þrátt fyrir það.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir, oddviti Fljótsdalshrepps, segir að á allra næstu dögum verði fundað um hugsanlega nýtingu og orkuþörf, en einkum hefur verið hugsað um hitaveitu til iðnaðar, t.d. timburvinnslu. Þá muni liggja fyrir endurskoðaðar forsendur af hálfu Landsvirkjunar. „Ég tel að þetta sé gerlegt, en ýmsar spurningar sem þarf að svara. Tilhögunin sem gengið var út frá í upphafi miðaðist við uppsetningu véla í Blöndu, en þetta er aðeins öðruvísi í Fljótsdalsstöð, vatnið er kaldara og það eykur óhagræðið. Því er verið að fara yfir forsendurnar upp á nýtt.“ Reiknað er með niðurstöðu fljótlega.

Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Væntingar **Kælivatn af vélum Fljótsdalsstöðvar Kárahnjúkavirkjunar má e.t.v. nota til hitaveitu fyrir Fljótsdalshrepp, til húshitunar og fyrir iðnað.**

Súrálsband sett saman Um þessar mundir er verið að setja saman færiband fyrir súrál á svæðinu. Á bryggjunni er affermibúnaður fyrir súrál sem kom til landsins snemma í sumar. Hann mun soga súrál upp úr lestum skipanna þegar þau liggja við bryggju, en færibandið, sem nú er verið að setja upp, flytur súrálið síðan í súrálsgeymi. Nú er unnið að samsetningu 30 metra langra búta sem tengdir verða saman í rúmlega 300 metra langt færiband. Súrálið verður flutt með bandinu, í 12 gráða halla, upp sílóið sem er um 40 metra hátt. Færibandið mun geta flutt tæplega 700 tonn á klukkustund á u.þ.b. 10 kílómetra hraða á klukkustund.

Súrálskrani Fjarðaáls.

• • •

Pólsk myndlist Á morgun kl. 19 verður opnuð í Kompunni á Egilsstöðum sýning á þjóðlegum klippimyndum frá Póllandi. Myndirnar, sem sýndar hafa verið í Reykjavík og Ísafirði, Akureyri, eru verk í eigu Antoni Sledziewski, eins ástríðufyllsta safnara alþýðulistar í Póllandi.

• • •

Góður árangur HEF Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs fagnar þeim mikla og góða árangri sem Hitaveita Egilsstaða og Fella hefur náð með borun og virkjun holu 10 við Urriðavatn. Segir í samþykkt bæjarstjórnar að Hitaveita Egilsstaða og Fella sé nú stærsta starfandi orkuver Austurlands og muni renna enn styrkari stoðum undir atvinnulífið og byggðina á Héraði í framtíðinni. Skúli Björnsson, stjórnarformaður HEF, segir hina nýju holu muni nýtast hitaveitunni til framtíðar. „Við þurfum ekki að bora meira á næstunni, nema íbúum fjölgi þeim mun meira,“ segir Skúli. Komið hafa beiðnir um að færa svæði hitaveitunnar út í sveitir og nefnir Skúli dæmi um Eiða og sumarhúsasvæði á Völlum. „Það er erfitt að eiga við slíkt með ekki heitara vatn en við höfum en þetta er þó í skoðun.“ Vatnið úr holu 10 er 78 gráða heitt, sem er um 3–4 gráðum heitara en verið hefur í borholum Hitaveitu Egilsstaða og Fella til þessa.

• • •

Strípur um Arthúr Tveir ungir menn úr Fellabæ, þeir Finnur Torfi Gunnarsson og Jónas Reynir Gunnarsson, hafa gert útgáfusamning um bók með teiknimyndasögunni Arthúr, sem þeir hafa unnið í sameiningu og birt á netinu. Í rúmt ár hafa reglulega birst nýjar sögur á vefnum fjandinn.com/arthur og hafa þær notið mikilla vinsælda og eru orðnar um 180 talsins. Í nýju bókinni, sem væntanleg er innan fárra vikna verða 50 fyrstu sögur þeirra félaga um Arthúr birtar.

• • •

Eyvindará til sölu Jörðin Eyvindará, sem liggur austan við þéttbýlið á Egilsstöðum, hefur verið auglýst til sölu hjá fasteignasölunni Húsinu. Hún er auglýst án húsakosts og segir að skógræktarsamningur fylgi jörðinni, virkja megi Miðhúsaá, veiðiréttindi og malarnám við Eyvindará fylgi með í kaupum og að auðvelt ætti að vera að hefja hverskyns framkvæmdir í landinu. Ásett verð jarðarinnar er 195 milljónir króna, sem að hluta helgast væntanlega af legu hennar og hugsanlegri framvindu þéttbýlis á Egilsstöðum.

Verðmætt land við Egilsstaði.

• • •

Styrkjum úthlutað Íþróttasjóður ÚÍA og Alcoa úthlutaði á dögunum styrkjum til íþróttafélaga á Austurlandi. 24 umsóknir bárust og er þetta þriðja úthlutun á árinu, en alls hefur verið veitt þremur milljónum króna til eflingar íþrótta- og æskulýðsstarfi.

LANDIÐ

Morgunblaðið/Jón Sigurðsson

Óboðinn gestur **Fálkinn flýgur um í gamla bænum en Sigurbjörg og hvíta kisan fylgjast grannt með ferðum hans.**

Fálkinn ágirnist hvíta kisu

Eftir Jón Sigurðsson

Blönduós | **Myndarlegur fálki hefur verið á flögri um gamla bæinn á Blönduósi undanfarna daga. Sérstakan áhuga hafði hann á húsi Erlendar Magnússonar við Brimslóðina en þar býr núna Sigurbjörg systir hans.**

Í húsinu er kötturinn hvítur og hafði verið úti við að leika sér í fyrsta snjó vetrarins. Sigurbjörg Magnúsdóttir sagði að fálkinn hefði eflaust séð köttinn smávaxna og álitið hann ágæta bráð. Kisi kom sér í hús og hann og Sigurbjörg Magnúsdóttir fylgdust spennt með hinum tígulega fálka sem sveif á milli bíla, staura og reykháfa nágrennisins í von um að hin hvíta bráð kæmi sem fyrst fyrir augu.

Sigurbjörg hefur síður en svo illan bifur á fálkanum því hún hefur reynt að fóðra hann, m.a. með brauði, en einhverra hluta vegna er fálkinn ekkert sérstaklega sólginn í brauð. Það eru hins vegar hinir smærri fuglar himinsins og sagði Sigurbjörg að fálkinn hefði veitt eina brauðætuna og hámað í sig á hliðstaurnum framan við húsið.

Fyrst sást til fálkans í fyrradag og hefur hann verið þaulsætinn á frekar afmörkuðu svæði en á þessu svæði er auðugt fuglalíf og því lífvænlegt fyrir Brimslóðarfálkann.

ferðalög

Nokkrar húsvískar saumaklúbbssystur tóku sig til og buðu eiginmönnum sínum til Búlgaríu í afslöppun. Þær stefna að slíku ferðalagi á þriggja ára fresti. » 25

áhugamál

Elva Björg Gunnarsdóttir hefur æft fimleika frá tíu ára aldri. Hún keppti nýlega á Evrópuleikum Special Olympics 2006 í Róm. Leikarnir eru fyrir ungt fólk á aldrinum 12-21 árs. » 28

daglegt líf

Þrír framsæknir ungir menn í Hafnarfirði hafa verið að hanna og smíða „áhugamannaeldflaug" í tómstundum sínum. Þeir hafa lokið við smíði á fyrstu eldflauginni. » 26

neytendur

Björn Barkarson býr í Cardiff í Wales ásamt fjölskyldu sinni. Þar sem þau eru bíllaus byrjuðu þau að nota barnavagninn í innkaupaleiðangra. Nú kaupa þau í matinn á netinu. » 30



afríka

Kristrún Lind Birgisdóttir fór í ferðalag til Úganda í Afríku og segir ferðalagið hafa verið mikla upplifun alveg frá því hún steig út úr vélinni í höfuðborgini sem heitir Kampala. » 24

Pólsku pylsurnar vinsælar

Það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni hérlendis að útlendingum hefur fjölgað gífurlega á landinu undanfarin misseri. Með nýju fólki koma nýir siðir og María Valgeirsson, sem er pólsk, hefur af eljusemi opnað verslun og veitingastað. Stokrotka heitir verslun hennar og var í upphafi opnuð á Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði, en nú hefur verslunin verið flutt. „Ég flutti verslunina út á Reykjavíkurveg af því að ég opnaði veitingastað," segir María um ástæður flutningsins. „Veitingastaðurinn er núna á Hvaleyrarbrautinni þar sem verslunin var áður," heldur hún áfram og bætir við að Íslendingar streymi á veitingastaðinn. „Þeir vilja borða pólskan mat og ég á orðið marga fastakúnna. Þeir koma aðallega í hádeginu eða kaffinu, stundum líka um helgar, þá er nefnilega opið til átta," segir María. Talsvert er um að á veitingastaðnum sé eldað fyrir nálæg fyrirtæki og maturinn er þá sendur á staðinn. „Já, það er mikið að gera hjá okkur þessa dagana," segir María og hlær. Hún einskorðar þó ekki matseldina við pólska matargerð og segir að hún hafi lært að búa til íslenskan mat. „Þá kjötsúpu sérstaklega, hún sést oft hjá mér, stundum líka hangikjöt. Það er til að gleðja Íslendinga sem borða hjá mér. Það tilheyrir að hafa annað slagið íslenskan mat."

Rekstur Pólsku búðarinnar hefur verið vaxandi frá upphafi. „Við bætum einhverju við með hverri sendingu," segir María. „Til stendur líka að bæta við gjafavöru í framtíðinni."

María er spurð hverjir það séu helst sem koma til hennar í verslunina og kaupa matvöru. „Það hefur aukist mjög að Íslendingar komi í búðina," svarar hún. Það gefur þó augaleið að Íslendingar fara ekki í pólska verslun til að kaupa íslenskan mat. En hvað kaupa þeir helst? „Nú, pólskar pylsur," segir María. „Það eru til margar tegundir, en helst má nefna þær sem framleiddar eru í Kópavogi, hjá Kjötpól. Pylsurnar eru framleiddar hérlendis af því að það er kvóti á innflutningnum. Kjötpól er með pólska uppskrift og fer nákvæmlega eftir henni," segir María og upplýsir að í pylsugerðina sé eingöngu notað íslenskt hráefni. „Þær eru samt mjög svipaðar á bragðið, útlitið er ekki alveg eins samt." María segir líka að eftir því sem Pólverjum fjölgi í landinu aukist traffíkin í versluninni. „Maður sér ný andlit á hverjum degi jafnvel."

Morgunblaðið/Ásdís

Flutningur **María Valgeirsson rekur Pólsku búðina við Reykjavíkurveg og veitingastað við Hvaleyrarbraut.**

Appelsínugult **Ferhyrnd og flott. Debenhams.**

Brúnt **Mynstruð kerti eru áberandi. Húsgagnahöllin.**

Fjólublátt **Skemmtilegt kertaform. Húsgagnahöllin.**

Heimilisskrautverk húsráðenda

KUBBAKERTI af öllum stærðum og gerðum sem og sívalningar njóta nú vinsælda hjá þeim sem vilja bæði fegra heimili sitt og hvíla sig öðru hverju á annars bráðsnjallri uppfinningu Edisons, raflýsingunni. Það er örugglega ekki aðeins mjúk birtan sem rafbúinn sækist eftir heldur einnig notalegur varminn og kertalyktin, sem hvort tveggja kallar á andrúmsloft værðar og rólegra samskipta, samræðna, lesturs eða hlustunar á efni sem veitir andlega næringu.

Kertin eru mörg listaverk, skemmtileg lögun þeirra, litir og mynstur kallast á við nytjahlutverk þeirra. Það er svo um að gera fyrir handlagnar húsfreyjur og húsbændur að nota þau í heimilisskrautverk, eins og á stofu- og eldhúsborðið, á forstofuborðið, náttborðin í svefnherberginu eða sem SPA-skreytingu á baðinu. Síðan gæti verið tilvalið að ræða önnur heimilisverk yfir heimilisskrautverkinu …

daglegt líf

Tóbaksreykur í bílum hættulegur börnum

Morgunblaðið/Golli

Skaðlegt Ný rannsókn bendir til að börnum geti stafað hætta af tóbaksreyk, jafnvel þótt glugginn við sæti ökumannsins sé örlítið opinn.

ÓBEINAR reykingar geta haft skaðleg áhrif á börn, meðal annars aukið líkurnar á eyrnasýkingum, sjúkdómum í öndunarfærum, skyndidauða ungbarna og alvarlegum asmaeinkennum.

Áætlað er að 35–45% barna í Bandaríkjunum þurfi oft að anda að sér lofti sem mengað er tóbaksreyk vegna reykinga fullorðins fólks á heimilum eða í bílum. Hingað til hefur þó lítið verið rannsakað hvaða áhrif óbeinar reykingar í bílum geta haft á börn.

Vísindamenn við Harvardháskóla hafa bætt úr þessu með fyrstu rannsókninni sem byggist á mælingum á tóbaksreyk í bílum við venjulegar aðstæður, að því er fram kom í fréttatilkynningu frá háskólanum. Rannsóknin bendir til þess að börnum geti stafað mikil hætta af tóbaksreyknum, jafnvel þótt glugginn við sæti ökumannsins sé örlítið opinn. Reykur frá einni sígarettu í fimm mínútur er talinn geta verið hættulegur börnum.

Skýrt verður frá rannsókninni í nóvemberhefti tímaritsins *American Journal of Preventive Medicine*. Vísindamennirnir vona að rannsóknin verði til þess að gerð verði gangskör að því að stemma stigu við reykingum í bílum þar sem börn eru farþegar.

„Færa má rök fyrir því að jafnvel reykur í mjög skamman tíma, t.a.m. aðeins í tíu sekúndur, geti valdið asmaköstum hjá börnum," sagði einn vísindamannanna, Vaughan Rees.

Í tveimur ríkjum Bandaríkjanna, Arkansas og Louisiana, hefur verið bannað að reykja í bílum þar sem ung börn eru farþegar. Tillögur um slíkt bann hafa verið lagðar fram á þingum sjö ríkja til viðbótar.

Skilagjaldið er
10 krónur
ENDURVINNSLAN HF
Knarrarvogi 4, Reykjavík

Fáðu fréttirnar sendar í símann þinn mbl.is

Fréttir á SMS
mbl.is

Acidophilus FRÁ NOW
www.nowfoods.com
GÓÐ HEILSA
GULLI BETRI
Magi og melting
Alltaf ódýrir
Hágæða framleiðsla
NNFA QUALITY
APÓTEK OG HEILSUBÚÐIR

Þetta er aðeins toppurinn á ísjakanum eins og úrvalið hjá okkur!
Má bjóða þér einfaldan með klaka?
Komdu núna og gerðu betri kaup!
LG GR469BTJA Stál-kæliskápur með frysti
Kámfrítt stál, sjálfvirk afhríming á kæli og frysti o.fl.
Kælir: 157L - Frystir:59L
Stærð: 141x60x60 cm
Verð aðeins stgr.kr. 119.900.-
„Rollsinn" í kæliskápum!
Verð aðeins stgr.kr. 79.900.- IAR KB-9402 Grár/stál kæliskápur með frysti
Kælir: 237L - Frystir:95L
Stærð: 197x60x60 cm
Verð aðeins stgr.kr. 59.900.- IAR KB-934 Hvítur kæliskápur með frysti
Kælir: 190L - Frystir:89L 3 frystiskúffur
Stærð: 180x60x60 cm
Verð aðeins stgr.kr. 69.900.- IAR KB-936W Hvítur kæliskápur með frysti
Kælir: 237L - Frystir:67L, 2 frystiskúffur
Stærð: 180x60x60 cm
Verð aðeins stgr.kr. 47.900.- IAR KB-927W Hvítur kæliskápur með frysti
Kælir: 157L - Frystir:59L
Stærð: 141x60x60 cm
Verð aðeins stgr.kr. 39.900.- IAR NF-923W Hvítur kæliskápur
Kælir: 210L
Stærð: 123x54x60 cm
Verð aðeins stgr.kr. 74.900.- edesa 2CE340XD Stál kæliskápur með frysti
Kámfrítt stál
Kælir: 241L - Frystir: 79L
Stærð: 185x60x60
2 tæki saman
Verð báðir saman aðeins stgr.kr. 135.840.-
Tvennan frá edesa kæliskápur og frystir
2CE208X - 2CVE208X
Kámfrítt stál, glæsileg tvenna í eldhúsið þitt!
Kælir: 347 lítrar -Frystir: 243 lítrar
Stærð á hverjum skáp: 170x60x60 cm
LG Life's Good
IAR Frystikistur
Margar stærðir
98 lítra verð kr. 29.900.-
280 lítra verð kr. 39.900.-
207 lítra verð kr. 36.900.-
370 lítra verð kr. 46.900.-
Frábært verð!
Verð frá aðeins stgr.kr. 29.900.-
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16
KORTER.IS

ferðalög

Aparnir hoppuðu á þakinu

„Ég stóð ein í þvögu af glaðværum heimamönnum sem allir vildu koma með mér til Íslands. Þeir vildu eignast hvíta konu og voru hundleiðir á þeim svörtu. Ég er ekki viss um að þeir hafi vitað hvar Ísland var en þangað vildu þeir fara. **Katrín Brynja Hermannsdóttir** hitti Afríkufarann Kristrúnu Lind Birgisdóttur á dögunum og fékk stórskemmtileg brot úr ferðasögu til framandi lands.

Rólegt **Innfæddir eru yfirvegaðir þar sem þeir bíða eftir ferjunni við höfnina í borginni Entebbe í Afríku.**

Á Viktoríuvatni **Kristrún Lind Birgisdóttir og Bjarni Harðarson en hann er einn af örfáum Íslendingum sem búsettir eru í Úganda.**

Kampala **Þar rísa háar byggingar innan um kofaþyrpingar.**

Í HNOTSKURN

- **Landið er 241.139 km² að stærð, í miðri Austur-Afríku.**
- **Íbúar eru um 24 milljónir.**
- **Í höfuðborginni Kampala búa 1,2 milljónir.**
- **Úganda er eitt fátækasta land í heimi.**
- **Lífslíkur eru um 44 ár.**
- **Hver kona fæðir að meðaltali 7,1 barn.**
- **Af hverjum 1.000 börnum sem fæðast deyr 81 ungbarnadauða.**

Það er auðveldara að koma sér til Úganda en margir kunna að halda, segir Kristrún Lind sem flaug til London og þaðan í beinu flugi til Kampala, höfuðborgar Úganda. Hún heldur áfram „Þetta var allt ákaflega sérstök upplifun og hófst um leið og ég gekk út úr vélinni. Flugstöðin var gömul, lúin og illa lyktandi. Á meðan við biðum eftir farangrinum fór rafmagnið tvisvar og ég lærði strax þá að rafmagn er langt frá því sjálfsagt mál í þessu landi. Áfram hélt íslenska konan á leið sinni inn í landið, stóreyg og tilbúin að upplifa allt aðra menningu.

Reglurnar hunsaðar

Kristrún segir það hreint óskiljanlegt hvernig umferðin gat mjakast áfram í miðborginni með sína ríflega milljón íbúa en aðeins tvenn umferðarljós. Lögregluþjónar reyndu í örvæntingu sinni að stjórna en íbúarnir virtust sáttari við að troðast. Umferðarreglur voru virtar að vettugi og menn spunnu upp nýjar eftir hentugleik, tróðust áfram á bíldruslum, litlum reiðhjólum eða hlupu á tveimur jafnfljótum. Á milli farartækja vöfruðu menn og buðu alls kyns varning til sölu, allt frá hjólkoppum og skartgripum til dýrindis ávaxta.

Önnur tækni við eldhúsverkin

Þegar á heimilið sem dvalið var á var komið tók á móti þeim þjónustustúlka. Á heimilum margra íbúa frá Vesturlöndum tíðkast að þjónustufólk búi þar lungann úr vikunni. Stúlkan var fengin til að skera ananas handa ferðamanninum. Kristrún segir það hafa verið ævintýralegt að fylgjast með henni við verkið. „Hún sótti skurðarbretti og hníf. Hélt á ananasinum í vinstri hendi, hnífnum í þeirri hægri og hægt en örugglega skar hún ávöxtinn, sem aldrei snerti skurðarbrettið! Ég gat hreinlega ekki tekið augun af henni, mjúkar en um leið ákveðnar hreyfingarnar voru svo ofboðslega ólíkar flumbruganginum í kalda loftinu heima. Auðvitað verður fólk sem elst upp í moldarkofa að læra listina að skera í lausu lofti.

Apar með læti

Kristrún ferðaðist mikið. Einn af viðkomustöðunum voru Sseseeyjar á Viktoríuvatni sem er ógnarstórt og inni í miðju landi. „Þar var afskaplega fallegt um að litast og ógleymanleg sjón að sjá sólina setjast beint í hafið, akkúrat á miðbaug. Hún segir matinn þar hafa verið ljómandi góðan og matoke, sem eru litlir grænir bananar, hafa verið góða í magann sem verður fljótt viðkvæmur í Afríku. „Mér er minnisstæð fyrsta nóttin á eyjunni. Aparnir hoppuðu á þakinu hjá mér og skemmtu sér greinilega konunglega. Ég vogaði mér ekki út til að fæla þá í burtu af ótta við slöngurnar. Þeir innfæddu skildu ekkert í mér að láta apana trufla svefninn. Þegar ég sagði þeim að ég hefði aldrei séð slöngu, hvað þá drepið eina slíka, var þeim öllum lokið," segir Kristrún og skellihlær. Út um allt eltu hana glaðir heimamenn sem vildu hvíta konu og litlir krakkar hrópuðu mzungu (hvítur maður) þegar þeir sáu hana. Síðar komst hún að því að það þykir boða gæfu að ávarpa og snerta hvítan mann.

Á síðasta degi var haldið aftur út á flugvöll. Á leiðinni blöstu við kofar hvarvetna og mikið af iðjulausu fólki, flestu ungu. Þarna þekkist ekki margt af því sjálfsagða sem Vesturlandabúar eiga að venjast eins og til dæmis að ruslabíll komi og tæmi tunnur vikulega. Þarna brenna menn ruslið við kofana sína eða grafa í næstu holu. Heim heldur Íslendingurinn Kristrún Lind reynslunni ríkari. Snortin af fegurð landsins og þakklát fyrir að hafa kynnst tærri gleði heimamanna, þrátt fyrir lítil sem engin efnisgæði.

ferðablogg

Jarðskjálftaafmæli í Indónesíu

28. maí 2006 „Vildi bara láta ykkur vita að ég er enn á lífi. Fann skjálftann. Ég var sem sagt búin að bjóða tveim bekkjum í afmælið mitt og þau komu um 12 leytið a fimmtudaginn að éta pitsur og pasta í boði mömmu og ömmu. Vissi annars ekkert hvernig ég átti að skemmta þeim … svo ég lét þau bara borða. Og það var ótrúlega mikill matur! Í afmælisgjöf fékk ég tvo bleika grísabangsa (WHY???), batiktösku og kjól, tvo myndaramma, pils og bol, skartgripabox, símatösku og … risa mynd af SJÁLFRI MÉR!!! Það komu sumsé 4 strákar til mín eftir afmælisveisluna og ég sver ég hef aldrei séð þá áður og einn þeirra gaf mér pakka og í honum var stór teiknuð mynd af MÉR! og tveggja blaðsíðna ástarljóð frá stráknum. Sætt??? eh … gisti hjá Heldy um nóttina (og slapp þar með við uppvaskið) og svo fórum við aðeins að versla daginn eftir og ég keypti mér gallabuxur. Kom heim og ætlaði að fara að sofa klukkan 9 enda skóli daginn eftir klukkan 7 en þá fékk ég sms frá Marion frönsku sem bauð mér eitthvað út á djammið í tilefni af afmælinu mínu svo ég barasta dreif mig aftur í föt og fékk far með bílstjóranum heim til hennar og franska kærastans, Jonathans, sem lítur út eins og geggjað sætur Glanni glæpur. Og hann er sko með sundlaug í garðinum!

Sara Kristín Finnbogadóttir er 18 ára nemi við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Hún kom heim í sumar eftir árs skiptinemadvöl í Semarang á Indónesíu.

Slóðin á bloggið er: http://indosara.blogdrive.com/

▲ Fjölskyldan **Mamma, pabbi og systkini Söru á meðan hún dvelur í Indónesíu.**

▶ Vinátta **Sara með indónesískri vinkonu.**

Flutningsmátinn **Íslenski hópurinn fékk far á hestakerru inn í bæinn.**

Ljósmynd/Hafþór Hreiðarsson

Borgarhliðið **Inngangurinn í gamla hluta Nesseber.**

Saumaklúbssystur í sól við Svartahafið

Fimm húsvískar saumaklúbbssystur buðu körlunum sínum nýlega í vikulanga afslöppun til Búlgaríu. **Jóhanna Ingvarsdóttir** forvitnaðist um andrúmsloftið á Sunny Beach.

Ljósmynd/Hafþór Hreiðarsson

Saumaklúbburinn **Ferðafélagarnir og saumaklúbbssysturnar Elín Guðmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Elín Sigurðardóttir, Jakobína Gunnarsdóttir, Björk Sigurðladóttir og Rósa Borg Halldórsdóttir.**

„VIÐ klúbbsystur fórum með makana í okkar fyrstu utanlandsferð árið 1997 og stefnum að því að fara saman til útlanda á þriggja ára fresti. Við borgum alltaf ákveðna fjárhæð í hverjum klúbbi og náum þannig að safna fyrir ferðunum," segir Húsvíkingurinn Elín Sigurðardóttir, sem fór með saumaklúbbssystrum og mökum til Búlgaríu í september síðastliðnum.

Þrisvar sinnum áður hefur hópurinn ferðast saman til útlanda, tvisvar til Mallorca og einu sinni til Rimini á Ítalíu. Í þetta sinn langaði menn að finna nýjan stað, sem þó væri einfalt að koma sér til, og varð Búlgaría í beinu leiguflugi fyrir valinu, en ferðin var keypt hjá ferðaskrifstofunni Appollo.

„Við flugum til borgarinnar Burgas við Svartahafið. Þaðan var 40 mínútna akstur til Sunny Beach, sem á búlgörsku er Slantchev Briag, en hún telst vera á Burgasströndinni. Við héldum til á Victoria Palace, mjög flottu og íburðarmiklu fjögurra stjörnu hóteli með morgunverði og kvöldverði. Við fórum þó bara einu sinni í kvöldmatinn enda fannst okkur meira spennandi að fara út að borða því nóg var af veitingastöðunum," segir Elín.

Ferðin átti fyrst og fremst að vera afslöppunarferð og það gekk svo sannarlega eftir því sól og 25–30 gráða hiti vermdi hópinn alla dagana að undanskildum þeim síðasta. „Við lágum í sólbaði á daginn og fengum okkur gott að borða á kvöldin með tilheyrandi pöbbarölti í kjölfarið. Sumir reyndu fyrir sér í strandblaki en aðrir fóru í nudd, sem var í boði á ströndinni."

Þorp eins og lifandi safn

„Við fórum í skoðunarferð til lítils þorps sem heitir Erkech og er í 30 km fjarlægð frá Sunny Beach. Þar hefur tíminn staðið í stað í hundrað ár enda má segja að þorpið sé einskonar lifandi safn. Við heimsóttum meðal annars hús frá 19. öld sem enn er búið í. Íbúarnir stunda þarna sjálfsþurftarbúskap og búa með kindur, geitur, hænsni og endur á smátúnblettum í kringum húsin sín. Þeir rækta líka grænmetið sitt í þar til gerðum matjurtagörðum. Skólahúsið reyndist í algjörri niðurníðslu. Þar hafði ekki farið fram kennsla í fimm ár þar sem engin börn eru lengur heimilisföst í þorpinu. Smávísi að ferðamannavæðingu var þó að finna í þorpinu því tekið var á móti okkur fyrir utan þorpið og okkur ekið inn í það á asnakerrum. Gamlar konur stóðu svo við veginn og seldu heimaprjónaða sokka og vettlinga, sultutau og fleira góðgæti. Þegar dagur var að kveldi kominn enduðum við á eina veitingastað þorpsins og þáðum heimilislegan búlgarskan mat og nutum þess að horfa á búlgarska þjóðdansa á eftir."

Síðasta daginn tók Elín strætó með manninum sínum Hafþóri Hreiðarssyni til bæjarins Nessebar, sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Bærinn, sem stendur á litlu nesi, er aðeins fjóra km frá Sunny Beach. Þar eru m.a. leifar af bæjarmúrum og þar er gaman að rölta um þröngar hellulagðar göngugötur og skoða eldgömul timburhús. Þar eru líka fjölmargar kirkjur og fyllist bærinn af ferðafólki á daginn.

Elín segist óhikað geta mælt með Sunny Beach sem áhugaverðum ferðamannastað og eins hafi hótelið staðið vel undir væntingum. „Ströndin er mjög góð, sex kílómetra löng með fínum sandi. Aðgrunnt er og umhverfið allt er mjög barnvænt. Minna áreiti er þarna en á Spáni og verðlagið er okkur mjög hagstætt."

TENGLAR

www.apollo.is

Ódýr og góð gisting
í hjarta Kaupmannahafnar
www.gisting.dk
sími: 0045 3694 6700

Bíll úr flokki A
Vika í Bretlandi
frá 17.900* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð miðað við gengi 1. maí 2006.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS HER 31583 07/2006
Hertz
50 50 600 • www.hertz.is

Lúxus - Jólaferð
Vínarborg
30. nóvember - 3. desember
Vínarborg er mikil tónlistarborg og skartar sínu fegursta á aðventunni, enda eru jólamarkaðir á mörgum stöðum í borginni sem er nokkuð óvenjulegt. Í þessari ferð ætlum við að fara í skoðunarferð um borgina, þar sem sagan og tónlistin eru í fyrirrúmi. Skoðum Stefánsdómkirkjuna og förum í hina stórkostlegu höll Schönbrunn þar sem m.a. keisaraynjan Sisi bjó á sínum tíma. Hægt er að komast á Vínartónleika þar sem tónlist eftir Mozart og Strauss er spiluð. Gist á hinu glæsilega Radisson SAS Palais Hótel. Lúxusferð til fallegrar borgar sem hefur upp á margt að bjóða!
Fararstjóri: Hin eina sanna Diddú
Verð: 98.860 kr. á mann í tvíbýli.
Sjór - Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir
ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR
www.baendaferdir.is s: 570 2790 ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

daglegt líf

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Stoltir **Magnús Már Guðnason, Steinn Hlíðar Jónsson og Smári Freyr Smárason hampa hér fyrstu flauginni** AIR 203 **sem er undanfari annarra og stærri flauga.**

Skjótum flauginni á loft sem fyrst

Þeim finnst gaman að búa til eitthvað sem fer hratt og því skal engan undra að allur þeirra frítími fari í hönnun og smíði eldflauga. **Kristín Heiða Kristinsdóttir** forvitnaðist um fyrstu íslensku eldflaugina hjá þremur framsæknum mönnum í Hafnarfirði.

„Langtímamarkmiðið er að búa til og skjóta á loft eldflaug sem nær hljóðhraða, sem er um 1.200 kílómetra hraði á klukkustund og við stefnum að því að klára eina slíka næsta sumar," segir Smári Freyr Smárason sem er einn af þremur ungum mönnum sem tilheyra áhugamannafélaginu AIR (Amateur Icelandic Rocketry) en þeir eru að hanna og smíða áhugamannaeldflaugar.

Smári er nemi í pípulögnum en hann hefur ásamt Steini Hlíðari Jónssyni vélsmiði unnið að eldflaugasmíðinni frá því um áramótin 2004–2005. Snemma á þessu ári bættist svo Magnús Már Guðnason í hópinn en hann er nemi í efnafræði við Háskóla Íslands.

„Þetta hefur þróast heilmikið á þessum tíma og við lært mikið af þeim tilraunum sem við höfum framkvæmt, einnig notumst við við nokkur forrit sem hjálpa okkur við hönnun og smíði á eldflaugum. Við höfum verið í góðu samstarfi við James Yawn í Flórída og Richard Nakka, verkfræðing í Kanada, en þeir hafa báðir reynslu af eldflaugasmíði."

Eldsneytið inniheldur sykrur

Smári segir það mjög spennandi að vinna að svona frumkvöðlaverkefni. „Við stefnum að því að verða fyrstu Íslendingarnir til að smíða hlut sem kemur til með að ná hljóðhraða og fyrstir Íslendinga til að skjóta íslenskri eldflaug upp í loftið, en það hefur ekki verið reynt hér síðan 1972, en þá var slíkt verkefni unnið í MH og miklar tilraunir gerðar en engu var skotið upp."

Þeir félagarnir hafa lokið við smíði á fyrstu eldflauginni sem heitir AIR 203. „Hún er rétt rúmir tveir metrar á hæð, fjögur og hálft kíló og knúin áfram af eldsneyti sem inniheldur saltpétur, sykur, ávaxtasykur, þrúgusykur og vatn. Flaugin mun ná allt

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Innviðir flaugarinnar **Mótor og tölvustýring.**

að 600 kílómetra hraða á klukkustund og fara upp í um það bil 1.200 metra hæð frá jörðu á um það bil 15 sekúndum. Til samanburðar má geta þess að Esjan er um 900 metrar á hæð. Til stóð að skjóta henni á loft núna í október, en við höfum átt í vandræðum með mótorinn sem er um það bil 200 hestöfl og 800 Newton-sekúndur, en við erum að vinna í því að fá hann til að virka rétt og vonandi fer hún í loftið sem fyrst og kemur heil niður, þá er fyrsta markmiðinu náð. Eftir það förum við í það að gera næstu flaug og hafa hana öflugri en þessa fyrstu."

Njóta þess að búa til eitthvað sem fer hratt

Það verður stór stund fyrir þá þremenningana þegar fyrstu flauginni verður skotið upp frá Vigdísarvöllum í nágrenni Grindavíkur, en stefnt er að því að svo megi verða innan fárra vikna.

„Okkur finnst mjög gaman að búa til eitthvað sem fer hratt og við Steinn höfum brallað heilmikið í gegnum tíðina í tengslum við mótorsport. Við erum báðir að vinna við félagsmiðstöðina Mótorhúsið í Hafnarfirði og þar höfum við fengið frábæran stuðning við eldflaugaverkefnið. Við höfum stundum sagt að það sé leitun að svo frábærri stofnun sem vill styðja af krafti svona vitleysu."

Eldflaugasmíðin er nýsköpunarverkefni og þeir félagarnir hafa verið að vinna þetta á styrkjum en til að geta klárað þurfa þeir aukið fjármagn og þeir vonast til að áhugasöm fyrirtæki eða einstaklingar taki við sér og leggi þeim lið.

www.eldflaug.com

Vara við vatnskúrum

OF mikið vatn getur verið lífshættulegt, að mati danska matvælaeftirlitsins. Það varar neytendur við því að fylgja í blindni megrunarkúrum þar sem fólki er ráðlagt að drekka 4–5 lítra af vatni daglega.

***Berlingske tidende* segir rannsóknir sýna að líkaminn hafi þörf fyrir 2½ lítra af vatni daglega. Dagleg fæða inniheldur um einn lítra svo einn og hálfur lítri þar fyrir utan nægir fyllilega til að halda við vökvajafnvægi líkamans. Drekki maður meira en það er hætt við að saltjafnvægi líkamans fari út um þúfur. Og það er beinlínis hættulegt.**

„Einkenni vatnseitrunar geta verið svimi og almenn vanlíðan til að byrja með en ástandið getur þróast út í dásvefn og jafnvel dauða," segir Bjørn Richelsen, formaður danska hreyfingar- og næringarráðsins. „Ástæðan er að viðkomandi drekkur meira saltlaust vatn en líkaminn nær að losa sig við."

Hann bendir á að vissulega sé vatnsþörfin einstaklingsbundin að vissu marki. „Allir sem drekka 4–5 lítra eða meira af vatni lenda þó í vandræðum fyrr eða síðar."

Morgunblaðið/Kristinn

Ofneysla **Gæta verður hófs í vatnsdrykkju eins og öðru.**

Kvíði í stað matarópols

MEIRA en helmingur sjúklinga sem telja sig með matarópol glímir í raun við kvíða eða þunglyndi. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannóknar sem gerð var á vegum háskólans í Björgvin í Noregi.

Norska vefritið *forskning.no* greinir frá því að sálrænir þættir hafi meiri þýðingu fyrir líðan okkar en áður var talið. „Það er hreinlega daglegt líf sem tekur sér bólfestu í maga sjúklinganna," segir Tone Tangen, prófessor við sálfræðideild háskólans í Bergen. Algengast er að magasjúklingar glími við kvíða og í mörgum tilfellum tengjast magaverkirnir daglegum aðstæðum sjúklinganna.

„Smitast" yfir í stoðkerfið

Talið er að 10 til 15% fólks eigi við alvarleg magaóþægindi að stríða en aðeins lítill hluti þeirra leitar til læknis. Að stórum hluta á þarmakerfið enga sök í verkjunum. „Margir sjúklinganna eru mjög þunglyndir og magaverkir verða smám saman hluti sjúkdómseinkennanna," heldur Tone Tangen áfram. „Þetta leiðir til langvarandi veikindaleyfa og hluti þessa hóps verður hreinlega öryrkjar að lokum. Sumir greinast með stoðkerfisvanda því það er algengt að verkir í maga „smiti yfir" í vöðva og bein."

Sjúklingar sem tóku þátt í rannsókninni brugðust misvel við niðurstöðunum og sumum fannst beinlínis að

Morgunblaðið/Ásdís

þeir hefðu verið misnotaðir. Tangen heldur að þetta sé vegna þeirrar tilhneigingar að líta á sálræn vandamál sem óraunveruleg. „Reyndin er hins vegar að verkir sem eru til komnir vegna andlegra þátta eru oft miklu sárari og alvarlegri en verkir sem eiga sér líffræðilegar orsakir," segir Tangen. Þá bendir hún á að oft finnist læknum auðveldara að segja fólki að sleppa ákveðnum fæðutegundum úr mataræðinu en að taka á sálrænum vandamálum.

daglegt líf

AKUREYRI

Skapti Hallgrímsson

Akureyringar sem komnir eru til vits og ára muna eftir rúllustiganum í verslun KEA við Hafnarstræti. Þar er Penninn-Bókval nú til húsa og áhugamenn um rúllustiga ættu að gleðjast því til stendur að setja upp slíkt farartæki á sama stað og sá gamli var, og hluti verslunarinnar verður fluttur á efri hæðina.

• • •

Sex tonnum af vínberjum er stolið úr Hagkaupum hér í höfuðstað Norðurlands árlega! Ég heyrði a.m.k. ekki betur í útvarpsfréttum. Oft hef ég séð fólk smakka eitt og eitt ber og haldið að það væri til þess að athuga hvort berin væru góð eða hvort í þeim væru steinar. Hvarflaði ekki að mér að fólk væri að stela!

Ég er lélegur í stærðfræði en getur ekki einhver reiknað út hve miklu er stolið af vínberjum í heiminum ef allir eru jafn fingralangir og Akureyringar?

• • •

Heyrt eftir fótboltaæfingu sex ára stelpna í Boganum í vikunni:

Stelpa 1: „Ég fæddist í Reykjavík."

Stelpa 2: „Nú, hvaða mál talarðu?"

• • •

Embætti bæjarritara verður endurvakið skv. nýlegri samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar og samhliða því að stöður sviðsstjóra hjá bænum verða lagðar niður verður bæjarritari, ásamt fjármálastjóra og starfsmannastjóra, skipaður í framkvæmdastjórn bæjarins.

Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Menning **Hvað á húsið að heita?**

• • •

Karl Guðmundsson, sviðsstjóri félagsmálasviðs, verður ráðinn í stöðu bæjarritara skv. fréttum í svæðisútvarpi RÚV í vikunni.

• • •

Bæjarritari verði í fullu starfi í framkvæmdastjórn en fjármálastjóra og starfsmannastjóra verður gert kleift að verja meiri tíma til framkvæmdastjórnar með því að ráða sér aðstoðarfólk.

• • •

Á hurðinni að A-sal í Borgarbíói eru vinsamleg skilaboð, sem hafa eflaust tilætluð áhrif. Þar segir að ef einhver fer inn áður en dyravörður heimilar verði sá hinn sami neyddur til þess að hlusta á sýningarstjórann syngja!

• • •

Menningarmálanefnd samþykkti nýverið að efna til samkeppni um nafn á menningarhúsið sem er í byggingu við Strandgötuna. Á vef Samfylkingarinnar eru lesendur hvattir til að senda inn hugmyndir og nú þegar hafi borist nöfnin Kristjánsborg og Kristjanía.

VÍSNAHORNIÐ

Af hlerunum

Rúnar Kristjánsson á Skagaströnd hefur heyrt af hlerunarmálum og yrkir:

Þó menn sitthvað gróft hér geri
og geti oft á þessu skeri
á mörgu alið
er þó talið,
að það sé ljótt að liggja á hleri!

Og hann bætir við:

Jón Baldvin er brattur að vanda
og ber með sér frísklegan anda.
Og ei þarf að letjann
því Eystrasaltshetjan
fær sigur á sérhverjum fjanda.

Loks segir hann að um tiltekinn mann mætti svo sem yrkja eftirfarandi:

Á karli er asi - hann kunnur að masi,
vill kröftuga frasana tjá.
Á tíunda glasi hann talar um Stasi
og trúlega hrasar hann þá.

pebl@mbl.is

10% vaxtaauki!

spron
www.spron.is

ENNEMM / SÍA / NM23924

Það hefur aldrei verið hagstæðara að kaupa sér alvöru jeppa. Nú geturðu fengið sjálfskiptan **Nissan Pathfinder Se** með **35" breytingu frá Artic Trucks*** á frábæru verði og fylgir **Garmin Nuvi 310 leiðsögutæki frítt með**.

Nissan Pathfinder hefur slegið eftirminnilega í gegn og blandar hann skemmtilega saman krafti fjallajeppa eins og þeir gerast albestir og lipurð flottustu götubíla. Með 35" sérhönnuðum breytingum eru gæði þessa afburða jeppa einfaldlega orðin enn meiri: **Hann er áfram jafn þægilegur í akstri, bara skemmtilegri!**

Nissan Pathfinder SE
Verð nú 5.350.000 kr.
Verð áður 5.660.000 kr. VERÐLÆKKUN!

Pathfinder, alvöru jeppi á almennilegu verði!

NISSAN PATHFINDER
NISSAN

*Krómgrind að framan ekki innifalin í verði.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Akranesi 431 1376	Akureyri 464 7940	Höfn í Hornafirði 478 1990	Njarðvík 421 8808	Reyðarfirði 474 1453

áhugamálið

Vill verða fimleikaþjálfari

Eftir Jóhönnu Ingvarsdóttur
join@mbl.is

„Ég hef verið að æfa fimleika í tíu ár, fyrstu átta árin hjá Ármanni og síðustu tvö árin hjá Gerplu. Ég stefni auðvitað að því að halda ótrauð áfram á þessari braut enda langar mig mikið til að verða fimleikaþjálfari. Til þess þarf ég auðvitað að vera rosalega dugleg að æfa mig,“ segir Elva Björg Gunnarsdóttir, sem var meðal keppenda á Evrópuleikum Special Olympics 2006 sem haldnir voru í Róm í októberbyrjun. Elva Björg, sem nú er orðin 22 ára, átti mikilli velgengni að fagna á leikunum. Hún keppti í þremur greinum og fékk gull fyrir gólfæfingar og tvö silfur fyrir stökk- og sláaræfingar.

Leikarnir eru fyrir ungt fólk á aldrinum 12 til 21 árs.

Íþróttasamband fatlaðra sendi 25 keppendur til Rómar sem voru úr íþróttafélögum fatlaðra í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Selfossi, Akureyri, Húsavík og Egilsstöðum. Að auki fylgdi 50 manna hópur aðstandenda sem var ötull við að hvetja okkar menn áfram. Íslensku keppendurnir kepptu í boccia, fimleikum, frjálsum íþróttum, keilu og sundi.

Leikarnir hafa það að markmiði að hvetja ungt fólk, fatlað jafnt sem ófatlað, til að sigrast á hindrunum, mynda ný tengsl, eignast nýja vini og stuðla að því að efla samfélagsleg tengsl og skapa þannig betri og skilningsríkari samfélög um alla Evrópu, að sögn Önnu Karólínu Vilhjálmsdóttur, framkvæmdastjóra fræðslu- og útbreiðslusviðs Íþróttafélags fatlaðra.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Rómarfarar **Íslensku keppendurnir ásamt fararstjórum og þjálfurum.**

Markmiðin **Elva Björg stefnir ótrauð áfram að háleitum markmiðum.**

Gólfæfingar **Fékk gull fyrir gólfæfingarnar.**

Allir eru sigurvegarar

Alls tóku þátt í leikunum 1.400 þátttakendur frá 57 Evrópulöndum. Keppnishópurinn var tvískiptur, annars vegar 12–16 ára og hins vegar 16–21 árs.

Evrópskir lögreglumenn hlupu með kyndil um Ítalíu í þrjá daga fyrir leikana sem endaði með því að „ólympíu“-eldurinn var tendraður á opnunarhátíðinni í fylgd lögregluhjóla með blikkandi ljós. Samstarf Special Olympics og lögreglumanna hefur vakið athygli víða og er stefnt að því að íslenskir lögreglumenn tengist verkefninu.

Í tvo daga fyrir mótið bjuggu íslensku keppendurnir, fararstjórarnir og þjálfararnir í Fiuggi, sem er ítalskur vinabær Íslands. Hópar frá ellefu öðrum löndum bjuggu líka í Fiuggi fyrir leikana þar sem haldin voru sameiginleg skemmtikvöld.

Mörg ungmenni í íslenska hópnum kepptu erlendis nú í fyrsta skipti og þurftu því að takast á við ýmis verkefni, sem fylgja slíkum ferðalögum. Allir áttu möguleika á verðlaunum, jafnt þeir getumeiri sem getuminni. Gull, silfur og brons voru veitt fyrir fyrstu þrjú sætin, en aðrir fengu áprentaða borða í ákveðnum lit fyrir hvert sæti ofar en þriðja sæti. Allir geta því upplifað sig sem sigurvegara, að sögn Önnu Karólínu.

Evrópuþjóðir eru venjulega einvörðungu á þátttökulista, en þó var ein undantekning nú þar sem knattspyrnumaðurinn knái, Kaka frá Brasilíu, samþykkti að taka þátt í kynningarmyndbandi fyrir leikana gegn því að Brasilía fengi að senda lið.

Íþróttafélag fatlaðra er umsjónaraðili Special Olympics á Íslandi, en þessi samtök, sem stofnuð voru af Kennedy-fjölskyldunni árið 1968, verða öflugri með hverju ári. Timothy Kennedy Shriver, sonur Eunice Kennedy, var fulltrúi fjölskyldunnar á leikunum og tók m.a. þátt í verðlaunaafhendingu. Á næsta ári verða haldnir alþjóðaleikar Special Olympics í Sjanghaí í Kína, en þeir eru haldnir á fjögurra ára fresti. Ísland stefnir að því að senda þangað keppendur.

Góðir vinir og fínir þjálfarar

„Það var rosafjör í Róm allan tímann, en þetta var mín fyrsta keppnisferð til útlanda. Nú hef ég mikinn hug á því að keppa í Kína á næsta ári,“ segir Elva Björg, en hún útskrifaðist af starfsmenntabraut Fjölbrautaskólans við Ármúla og Iðnskólans í Reykjavík árið 2004 og starfar nú á leikskólanum Jörfa við Hæðargarð í Reykjavík. Hún mætir til æfinga tvisvar í viku hjá Gerplu í Versölum. „Sem lítil stúlka var ég að æfa dans, en ákvað svo að gefa allt mitt í fimleikana. Í þessu áhugamáli mínu hef ég eignast mjög góða vini og skemmtilega þjálfara, sem eru Ásta Ísberg og Erlendur Kristjánsson. Til að stunda fimleika þarf maður að vera svakalega liðugur enda get ég beygt mig og sveigt á alla kanta.

Gólfæfingarnar og stökkæfingarnar finnast mér skemmtilegastar, en sláaræfingarnar eru svolítið erfiðar og krefjast mikils jafnvægis.“

Elva Björg segist fara í göngutúra á hverjum degi og svo eigi hún sér annað skemmtilegt áhugamál, sem sé söngurinn. „Ég syng altrödd í Graduale-kór Langholtskirkju og er auk þess í einsöngstímum hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Mig dreymir nefnilega um að verða fimleikaþjálfari og óperusöngkona,“ segir þessi knáa íþróttakona að lokum.

TENGLAR

www.specialolympics.org

Morgunblaðið/Arnaldur

Vítamín kann að ýta á eftir egglosinu

NÝLEG bandarísk rannsókn leiðir í ljós að fjölvítamín geti í sumum tilvikum hjálpað ófrjósömum konum í baráttunni við að eignast börn. Þannig gæti inntaka bætiefnanna haft þau áhrif að losa um egg kvenna, samkvæmt rannsókn, sem gerð var á átján þúsund hjúkrunarkonum yfir átta ára tímabil við Harvard-læknaskólann.

Fólínsýran hjálpar til

Konur, sem tóku fjölvítamín inn sex sinnum í viku, voru 40% líklegri til að fá egglos en þær, sem engin vítamín tóku. Frá þessu var greint í netútgáfu Times í gær og þar kom einnig fram að egglosvandamál hrjá 8,4% kvenna í Bretlandi sem eiga í vandræðum með að verða barnshafandi.

Að sögn rannsakenda virðist sem fólínsýra hafi gagnleg áhrif. Þeir taka þó ekki svo djúpt í árinni að staðhæfa að vítamín komi í veg fyrir ófrjósemi þótt þeir fullyrði að vítamínin hafi a.m.k. ekki skaðleg áhrif. „En hafi kona hug á því að verða ófrísk ætti hún að huga að því að taka inn fólínsýru og að sama skapi ætti hún að hugleiða fjölvítamíninntöku," sagði aðalrannsakandinn, Jorge Chavarro, á læknaráðstefnu í New Orleans í Bandaríkjunum fyrir skömmu þar sem hann kynnti meðal annars rannsókn sína.

Gríptu tækifærið!

Santa Fe, Terracan og Getz bílaleigubílarnir komnir í sölu!

Tilboðsdagar frá 25.okt til 28.okt.

Engin útborgun 100% lán

Verðdæmi
HYUNDAI TERRACAN Turbo dísel, beinskiptur.
Árgerð 2005, ek.42 þús.
Ásett verð kr. 3.050.000
→ TILBOÐ kr. 2.650.000
kr. 37.900 á mánuði*

Engin útborgun 100% lán

Verðdæmi
HYUNDAI GETZ GLS, beinskiptur.
Árgerð 2005, ek.42 þús.
Ásett verð kr. 1.230.000
→ TILBOÐ kr. 980.000
kr. 14.000 á mánuði*

Engin útborgun 100% lán

Verðdæmi
HYUNDAI SANTA FE, beinskiptur.
Árgerð 2005, ek.52 þús.
Ásett verð kr. 2.550.000
→ TILBOÐ kr. 2.150.000
kr. 30.900 á mánuði*

*Bílasamningur: Engin útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði. Afborganir háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta.
*Bílar á mynd eru einungis dæmi.

Grjóthálsi 1, Reykjavík 575 1230.
Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

bíla B&L land notaðir bílar
bilaland.is

Fréttir í tölvupósti
mbl.is

Fáðu fréttirnar sendar í símann þinn
mbl.is

ENNEMM / SÍA / NM23878

HALTU ÞÍNU STRIKI MEÐ KB TEKJUVERND

KB BANKI

neytendur

Ferskt **Margrét Júlía og Birna Kristín með grænmetið.**

Þjónusta **Margir nýta sér heimsendingu.**

Raðir, stress og troðningur fyrir bí

Eftir Bergþóru Njálu Guðmundsdóttur
ben@mbl.is

Þegar Björn Barkarson og kona hans Ólöf Ásdís Ólafsdóttir fluttu ásamt tveimur dætrum til Cardiff í Wales um síðustu áramót tóku þau þá ákvörðun að vera bíllaus. Bílleysið kallaði þó á ráðstafanir t.d. varðandi matarinnkaup og í dag kaupa þau allt til heimilisins í gegnum netið.

„Við fáum aðallega matvöru og aðrar heimilisvörur í gegnum netið," útskýrir Björn þegar slegið er á þráðinn til hans í Wales. „Við ákváðum strax eftir að við komum hingað út að vera bíllaus og byrjuðum á því að fara með barnavagninn í innkaupin. Hins vegar er ekki bráðskemmtilegt að vera með innkaupapokana bundna utan á barnavagninn og við uppgötvuðum fljótlega þann valkost að kaupa inn á netinu."

Beint frá framleiðanda

Hann segir tiltölulega hagstætt að kaupa inn með þessum hætti, jafnvel þótt heimsendingargjald bætist við upphæðina, því oft séu fleiri tilboð á netinu en í búðunum sjálfum. „Við verslum mest við fjóra aðila sem við erum með á póstlista hjá og fáum þá oft tilboð, meðal annars um fría heimsendingu. Þetta er því alls ekki dýrara enda kostar álíka mikið að taka strætó í stórmarkað og að borga heimsendingargjaldið."

Matvöruna fá þau hjón aðallega frá stórmörkuðunum Tesco, Sainsburys og Asda en kaupa mikið af lífrænt ræktuðu grænmeti og ávöxtum beint frá enskum framleiðanda í gegnum netið. „Sú vara er alltaf mjög fersk og góð. Reyndar er mjög lítið um það almennt að vara komi skemmd eða gölluð svo maður getur treyst þessu nokkuð vel," segir Björn. „Við kaupum líka talsvert af lífrænt ræktaðri vöru í stórmörkuðunum þótt ég hafi nú ekki jafn mikið traust á henni og því sem kemur beint frá framleiðandanum. Hvað varðar kjötmeti þá höfum við keypt frosna kjötvöru í gegnum stórmarkaðina en ekki mikið af fersku kjöti heldur skreppum frekar út í búð eða til slátrarans á horninu."

Gæði matvæla eru Birni hugleikin, bæði hvað varðar heilsu og umhverfi enda er hann umhverfisfræðingur að mennt. „Vera okkar hérna í Bretlandi hefur haft mikil áhrif á þessar pælingar hjá mér einfaldlega vegna þess að hér er svo miklu meira talað um heilnæmi matvæla og áhrif þeirra á heilsufar fólks. Hér er verksmiðjubúskapurinn líka eins og hann gerist verstur sem er allt annað en heima á Íslandi. Ég er samt farinn að velta fyrir mér gæðum ýmiss konar ferskvöru sem flutt er inn heima, s.s. ávaxta og grænmetis. Maður veit ekki hvaðan þetta kemur, hvað það er búið að vera lengi á leiðinni, hvað varan er gömul og hvað hefur verið gert til að varðveita ferskleika hennar. Það eru ekkert alltaf sérstaklega vandaðar aðferðir sem búa þar að baki."

> „Síðan er hægt að stofna „my favorites", eða lista yfir það sem maður er vanur að kaupa sem er mjög þægilegt því þá er nánast hægt að ganga að innkaupalistanum hverju sinni."

Heimsent á kvöldin

Björn svarar neitandi þegar hann er spurður hvort matarinnkaup á netinu krefjist ekki talsverðrar skipu-

helgartilboðin

Grísakjöt og kjúklingur

Bónus

Gildir 25. okt - 29. okt	verð nú	verð áður	mælie. verð
KF lambalærisneiðar í raspi	1398	1998	1398 kr. kg
KS lambabógur frosinn	595	699	595 kr. kg
Bónus ýsubitar í raspi 800 gr	595	699	595 kr. kg
Bónus ýsunaggar 800 gr	595	699	595 kr. kg
Ferskt nautahakk	798	1169	798 kr. kg
Ferskt grísabuff í raspi 4 stk	139	199	35 kr. stk.
Powerade fifa 06 orkudrykkur 500 ml	89	159	178 kr. ltr
Barilla fusilli 1 kg poki	109	179	109 kr. kg
Euroshopper tagliatelle 400 gr	49	199	122 kr. kg
Euroshopper paprikusnakk 200 gr	49	129	245 kr. kg

Fjarðarkaup

Gildir 26. okt - 28. okt	verð nú	verð áður	mælie. verð
FK Bayonneskinka	1098	1598	1098 kr. kg
ALi hunangsskinka soðin	1349	1798	1349 kr. kg
Ali Pork roast steik	1124	1498	1124 kr. kg
Svínalundir úr kjötborði	1698	1998	1698 kr. kg
Svínahnakki úrb. sneiddur, úr kjötborði	998	1298	998 kr. kg
Kjúklingaleggir frá Matfugli	389	649	389 kr. kg
Grillaður kjúklingur	598	789	598 kr. stk.
Frosin jarðarber 2.5kg	898	1148	359 kr. kg
Mjúkís 2L	498	645	249 kr. ltr
Idol ís 1L	198	398	198 kr. ltr

Hagkaup

Gildir 26. okt - 29. okt	verð nú	verð áður	mælie. verð
Lambahryggur úr kjötborði	1198	1575	1198 kr. kg
Lambafile m/fitu úr kjötborði	2898	3398	2898 kr. kg
Óðals svínarifjasteik.vac.	559	798	559 kr. kg
Innfl. kjúklingabringur í poka	1599	1899	1599 kr. stk.
fr. súpukjöt í pokum ca 2,5 kg	399	0	399 kr. kg
Holta ferskar kjúklingalundir í magnp.	1719	2455	1719 kr. kg
Pepsi Max 2 ltr.	149	205	149 kr. stk.
Lays p.cheese&onion 200gr/pk	149	279	149 kr. pk.

Kaskó

Gildir 26. okt - 29. okt	verð nú	verð áður	mælie. verð
Borgarnes kjötvörur grísahakk	395	806	395 kr. kg
Matfugl kjúklingaleggir	487	649	487 kr. kg
Ferskt norðlenskt lambalæri	959	1199	959 kr. kg
Kexsmiðju möndlukaka	237	339	237 kr. stk.
Easy taumýkir 2L Kiwi&Aloa Grænn	151	189	151 kr. stk.
Easy þvottaduft Aloa Vera 3,15kg	479	599	479 kr. stk.
Easy uppþvottalögur stór 625.ml	99	125	99 kr. stk.
Ainsley Chicken & Leek súpur 4pk	149	199	149 kr. stk.
Ainsley French Onion súpur 4pk	149	199	149 kr. stk.
Ainsley Tomato & Herb súpur 4pk	149	199	149 kr. stk.

Krónan

Gildir 26. okt - 29. okt	verð nú	verð áður	mælie. verð
Ferskur kjúklingur 1/1	449	749	449 kr. kg
Lambalæri frosið Goða	889	988	889 kr. kg
Pítupakki Goða	664	949	664 kr. pk.
Lambabógur frosinn Borgarnes	598	698	598 kr. kg
Kalkúnn frosinn	664	949	664 kr. kg
Kjúklingabringur frosnar Danpo 900gr	1489	1799	1489 kr. kg
Grísalundir Goða	1986	2837	1986 kr. kg
Saltkjöt blandað Goða	667	953	667 kr. kg
Túnfiskur í vatni/olíu 3 stk í pk.	249	319	83 kr. stk.
Fanta/Fanta Free appelsín sl. 2 ltr	89	186	45 kr. ltr

Nettó

Gildir 26. okt - 29. okt	verð nú	verð áður	mælie. verð
Goða lambalæri kryddað	959	1199	959 kr. kg
Goða piparsteik fersk	1949	2998	1949 kr. kg
Goða nautafile fersk	2209	3398	2209 kr. kg
Goða Roast Beef ferskt	1806	2778	1806 kr. kg
BK grísahakk ferskt	395	806	395 kr. kg
Mr.Noodle Beef 85g núðlur	9	25	9 kr. stk.
Mr.Noodle Chicken 85g núðlur	9	25	9 kr. stk.
Mr.Noodle Oriental 85g núðlur	9	25	9 kr. stk.
Mr.Noodle Mushroom 85g núðlur	9	25	9 kr. stk.
Náttúra hrísgr. Jasmin 3,5 kg	249	499	249 kr. stk.

Nóatún

Gildir 26. okt - 29. okt	verð nú	verð áður	mælie. verð
Grísalundir m/sælkerafyllingu	1998	2798	1998 kr. kg
Grísakótilettur m/kart.mús&piparsósu	1698	1998	1698 kr. kg
Ungnautafille m/Bernaise topp	2998	3698	2998 kr. kg
Túnfiskur í teriyaki/koníaki	1798	2798	1798 kr. kg
Sverðfiskur í bombay karrý	1898	2998	1898 kr. kg
Ítalskar nautahakkbollur	1298	1498	1298 kr. kg
Nóatúns Bayoneskinka	898	1498	898 kr. kg
Graflax bitar Eðalfiskur	1679	2799	1679 kr. kg
Gourmet rauðvíns lambalæri	1298	1874	1298 kr. kg
Nóatúns salöt 4 tegundir 200 gr	198	298	990 kr. kg

Samkaup/Úrval

Gildir 26. okt - 29. okt	verð nú	verð áður	mælie. verð
Grísaofnsteik m/tómat og basil	1235	1765	1235 kr. kg
Goði Bayoneskinka	953	1588	953 kr. kg
Goði bacon í bunkum	974	1498	974 kr. kg
Súpukjöt 1fl. plastpokapakkað	489	699	489 kr. kg
Borgarnesbjúgu	397	584	397 kr. kg
Matf. kjúklingur ferskur 1/1	487	749	487 kr. kg
Ísfugl BBQ leggir magnpoki	397	496	397 kr. kg
Egils Seven-Up 2ltr	99	213	45 kr. ltr
Fitty samlokubrauð	159	259	159 kr. stk.
Gulrætur mini ferskar poki 453g	199	357	199 kr. stk.

Heimsent **Sainsburys býður viðskiptavinum að koma með matinn heim.**

lagningar matseðils heimilisins fram í tímann. „Ég er nú frekar óskipulagður almennt en skrifa niður þennan dæmigerða minnislista. Smám saman bý ég svo til innkaupalistann á netinu og get bætt við hann í rólegheitunum því ég þarf ekki að ganga endanlega frá pöntuninni fyrr en um einum sólarhring áður en sendingin kemur. Maður kemst einfaldlega í ákveðna rútínu með það. Síðan er hægt að stofna „my favorites", eða lista yfir það sem maður er vanur að kaupa sem er mjög þægilegt því þá er nánast hægt að ganga að innkaupalistanum hverju sinni."

Föt þarf að máta

Hann bætir því við að stóri kosturinn sé hversu tímasparandi þetta sé því ekki þarf að nota tímann í að koma sér til og frá versluninni og leita uppi vörurnar í búðarhillunum. „Aðalmálið er að vera heima þegar sendillinn kemur. Yfirleitt eru verslanirnar með tveggja klukkustunda tímabil sem þeir afhenda vöruna á og maður þarf að vera heima á þeim tíma. Maður getur þó valið um það hvenær dagsins varan kemur og til að mynda er hægt að fá hana á kvöldin. Aftur á móti er heimsendingin misdýr eftir dögum og þannig er dýrast að fá matinn sendan um helgar og á mánudögum."

Björn segist gera lítið af því að kaupa aðrar vörur í gegnum netið, s.s. gjafir og fatnað. „Mér finnst ekki góður kostur að kaupa fatnað á netinu, einfaldlega af því að maður þarf að máta hann til að sjá hvort hann passi," segir hann. „Hins vegar höfum við stundum keypt raftæki og annað slíkt í gegnum netið og finnst bara mjög þægilegt að fá það heim að dyrum. Auk þess er það oft mjög hagstætt og auðvelt að gera verðsamanburð."

Oftast líða um tíu dagar milli innkaupa hjá þeim hjónum en inn á milli hlaupa þau út í hverfisbúðina eftir mjólk. „En það er líka nánast það eina," segir Björn. „Það er helst ef mann langar í snakk eða eitthvað svoleiðis sem maður hleypur út. Mér finnst mjög notalegt að þurfa ekki að vera í stressi og röðum og troðningi með börnin að versla heldur get ég átt tíma með þeim heima í rólegheitum í staðinn. Og eiginlega kvíði ég því að þurfa að fara í stórmarkað aftur þegar við komum heim."

nýtt

Matarbönd

Verslunin Pipar og salt við Klapparstíg hefur nú til sölu sérhönnuð bönd til að nota við matargerð. Böndin eru notuð þegar halda þarf saman matvælum eins og fylltum fiski eða kjöti meðan á eldun stendur. Poki fylgir til að geyma böndin í.

Sósur frá Oscar

Í matvöruverslunum fást nú fimm mismunandi gerðir af tilbúnum sósum frá framleiðandanum Oscar.

Í sósunum eru engin gerviefni, litarefni eða bragðaukandi efni heldur eru þær unnar frá grunni og notað smjör, egg og rjómi í sósugerðina. Ekki þarf að bæta út í sósurnar vökva eða kryddi. Þær er hægt að hita í örbylgjufoni eða í potti. Fimm bragðtegundir fást nú í verslunum; steikarsósa, béarnaise-sósa, piparsósa, gráðostasósa og hollandaise-sósa.

Fréttir á SMS
mbl.is

PENZIM

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

á ÞURRA HÚÐ á ROÐA á ÚTBROT á BRUNASÁR á FÍLAPENSLA
á BÓLUR á ÖR á BÓLGUR á BLÖÐRUR á ANDLITIÐ á HÁLSINN
á AXLIRNAR á OLNBOGANA á ÚLNLIÐINA á FINGURNA á BAKIÐ
á MJÓHRYGGINN á MJAÐMIRNAR á LÆRIN á HNÉN á KÁLFANA
á ÖKKLANA á FÓTLEGGINA á FLUGNABIT á SÁR á DÝRIN
eftir RAKSTUR eftir ÁLAG eftir SÓLINA við KLÁÐA við SVIÐA
í ÍÞRÓTTIR í HÁRSVÖRÐINN í NUDDIÐ milli TÁNNA
PENZIM fyrir allan LÍKAMANN.

PENZIM er hrein, tær og litarlaus náttúruvara byggð á vatni en ekki fitu.
PENZIM inniheldur engin ilmefni eða gerviefni sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum.
PENZIM inniheldur engar fitur, olíur eða kremblöndur sem geta smitað og eyðilagt flíkur eða rúmföt.

Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.
penzim.is



SANDUR MÖL
FYLLINGAREFNI

WWW.BJORGUN.IS

Sævarhöfða 33,
112 Reykjavík,
sími 577 2000

Veljum sigurstranglegan lista

73,8% kjósenda í Reykjavík telja það styrkja framboð Sjálfstæðisflokksins í alþingiskosningunum í vor ef **Guðfinna S. Bjarnadóttir** yrði í einu af forystusætum listans samkvæmt könnun Capacent-Gallup.*

Stuðningsfólk
Guðfinnu S. Bjarnadóttur.

*Könnunin var framkvæmd af Capacent-Gallup 4.–12. október 2006 og náði til 1050 manna slembiúrtaks kjósenda í Reykjavík.

Tryggjum Guðfinnu S. Bjarnadóttur 3. sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík 27. og 28. október.

3. sætið

Morgunblaðið
STOFNAÐ 1913
Útgefandi: Árvakur hf., Reykjavík.

Forstjóri: Einar Sigurðsson.
Ritstjóri: Styrmir Gunnarsson.

Fréttaritstjóri: Björn Vignir Sigurpálsson.
Aðstoðarritstjórar: Karl Blöndal, Ólafur Þ. Stephensen.

ÖFLUGRI RANNSÓKN EFNAHAGSBROTA

Það hefur legið fyrir um nokkurt skeið að rannsókn efnahagsbrota hér á landi tekur of langan tíma. Morgunblaðið hefur m.a. ítrekað vakið athygli á því að full þörf væri á að efla þær eftirlitsstofnanir, sem um ræðir.

Í nýrri skýrslu um embætti ríkislögreglustjóra tekur Ríkisendurskoðun upp málsmeðferðartíma hjá efnahagsbrotadeild embættisins. Hún bendir m.a. á að þrátt fyrir að deildin hafi á undanförnum árum fengið fleiri starfsmenn og vísað fleiri einföldum málum til einstakra lögreglustjóra, hafi aðeins tekizt að ljúka um 70% mála, sem bárust deildinni á tímabilinu 2001–2005. Það sé lægra hlutfall en hjá þeim stofnunum í Noregi og Svíþjóð, sem sinni svipuðum verkefnum. Hlutfall brota, sem ákært er fyrir og enda með sakfellingu, sé hins vegar lítillega hærra hjá Ríkislögreglustjóraembættinu en þessum stofnunum.

Ríkisendurskoðun telur málsmeðferðartíma, þ.e. þann tíma sem líður frá því að mál er kært og þar til ákæra er gefin út, almennt lengri hér á landi en í þessum samanburðarlöndum. „Þá er einnig ljóst að málsmeðferðartími hér er almennt töluvert lengri en eðlilegt þykir í þessum löndum, sé litið til þeirra markmiða sem efnahagsbrotastofnanir þessara landa hafa sett að þessu leyti," segir Ríkisendurskoðun.

Stofnunin leggur fram þrjár tillögur til úrbóta. Í fyrsta lagi leggur hún til að tvíverknaði verði hætt og samstarf aukið milli Skattrannsóknarstjóra og Ríkislögreglustjóra. Í öðru lagi leggur hún til að athugaðir verði möguleikar á að sleppa því að ákæra fyrir minniháttar brot ef önnur og alvarlegri brot hafa verið framin í sama máli, en fyrir slíkri löggjöf er m.a. fordæmi í Danmörku. Í þriðja lagi segir Ríkisendurskoðun að óraunhæft sé að stefna að styttingu málsmeðferðartíma nema með því að fjölga starfsmönnum, sem fást við rannsókn efnahagsbrota, auk þess sem fjölga þurfi sérfræðingum á sviði atvinnurekstrar, viðskipta og fjármála.

Með flóknara viðskiptalífi og aukinni alþjóðavæðingu þess verður rannsókn efnahagsbrota sífellt flóknari og viðameiri. Lögregla og aðrar eftirlitsstofnanir þurfa að hafa á að skipa færustu sérfræðingum, sem hafa djúpa þekkingu á viðskiptalífinu. Og það eru bæði almannahagsmunir og hagsmunir sakborninga í efnahagsbrotamálum að meðferð þeirra sé sem skilvirkust og taki sem stytztan tíma. Það er óþolandi fyrir fyrirtæki og einstaklinga að hafa rannsókn hangandi yfir höfði sér jafnvel árum saman. Og óþolandi fyrir almenning að dómar séu jafnvel léttir eða sakir fyrnist vegna langrar málsmeðferðar.

Alþingi hefur í hendi sér að styrkja rannsókn og saksókn efnahagsbrota; það ræður bæði lagarammanum og fjárveitingum til stofnana. Þingmenn ættu að fara að ábendingum Ríkisendurskoðunar, sem er eftirlitsstofnun þingsins með framkvæmdavaldinu.

TEKJUÖFLUN ALDRAÐRA

Tekjutenging eins og hún hefur verið framkvæmd hér á Íslandi hefur m.a. komið í veg fyrir að aldraðir, sem margir hverjir búa við góða heilsu, geti aflað sér aukinna tekna. Skýrt dæmi um það er að aldraðir geta ekki tekið að sér útburð á dagblöðum, sem er heilsubót ásamt því að vera tekjuöflun, án þess að tekjutrygging þeirra skerðist.

Fullyrða má að það sé almenn skoðun í þjóðfélaginu að þetta sé fáránlegt kerfi og að það beri að sníða af því vankantana. Kjarni vandamálsins er sá að í upphafi tekjutengingar var farið með þá tengingu alltof langt niður tekjustigann. Það var sameiginlegt verk Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks.

Nú hefur Illugi Gunnarsson, fyrrum aðstoðarmaður þáverandi forsætisráðherra, sett fram hugmynd til lausnar á þessum vanda, sem vert er að skoða. Í grein, sem birtist í Fréttablaðinu fyrir skömmu, segir Illugi m.a.:

„Hvernig væri ef við hættum alfarið skerðingum vegna atvinnutekna? Lítum á greiðslur almannatryggingar til eldri borgara, sem tekjur, ef aldraðir vinna sér inn umfram það bætist sú upphæð við það sem ríkið greiðir og síðan yrði lagður á skattur eins og hjá öðrum. Hagur þeirra, sem ekki geta eða vilja halda áfram að vinna yrði ekki verri við þetta, ríkissjóður fengi í sinn hlut aukna skatta og ég er sannfærður um að þjóðfélagið mundi hagnast mjög á því að geta nýtt krafta og reynslu þeirra, sem eldri eru."

Þessi hugmynd Illuga er þess verð að hún sé skoðuð. Heilsufar eldri kynslóða hefur batnað og tímabært að hugað sé að því, hvernig hægt er að auðvelda fólki, sem villa vinna þegar hefðbundnum starfsdegi er lokið, að sinna einhverjum þeim störfum, sem því hentar. En það er ástæðulaust að það verði til þess að önnur réttindi skerðist.

Nú á tímum streymir erlent verkafólk inn í landið vegna þess að það er skortur á vinnuafli. Það er vel hugsanlegt að eldra fólk hafi áhuga á og getu til að vinna lengur en talið var eðlilegt fyrir nokkrum áratugum þegar núgildandi löggjöf var skert. Hvers vegna ekki að ýta undir það?

Það er æskilegt að eldri kynslóðir eigi val án þess að það val truflist af ótta við skerðingu á réttindum, sem fólk telur að það eigi rétt á og sé sanngjarnt að það búi við.

Þrátt fyrir að nokkuð almenn samstaða sé um það meðal almennings að núverandi fyrirkomulag sé gamaldags og úrelt virðist lítil sem engin hreyfing á því að því verði breytt. Í aðdraganda kosninga kviknar oft áhugi á margvíslegum þjóðfélagsumbótum, sem ella liggja í láginni.

Fylgt eftir **Viðbúnaður á Keflavíkurflugvelli var gríðarlegur enda um 170 farþegar um borð í flugvélin**

Víðtækur viðb neyðarkalls fl

Gríðarlegur viðbúnaður var viðhafður í kjölfar neyðarkalls flugvélar bandarísks flugfélags um miðjan dag í gær. Betur fór en á horfðist og lenti vélin heilu og höldnu á Keflavíkurflugvelli upp úr klukkan fjögur.

Eftir Andra Karl
andri@mbl.is

Morgunblaðið

Tilbúin **Fjórtán björgunarsveitir voru kallaðar út á suðvesturhorn**

FLUGVÉLIN sem er frá bandaríska flugfélaginu Continental, af gerðinni Boeing 757-200, var á leið frá Gatwick-flugvelli í London á leið til Newark í New Jersey með 172 farþega auk áhafnar. Um stundarfjórðungi fyrir klukkan þrjú barst flugumferðarstjórn skeyti frá flugstjóra vélarinnar, sem þá var stödd 583 sjómílur suðvestur af Keflavík, þar sem greint var frá gangtruflunum og óskað eftir leyfi til öryggislendingar. Skömmu síðar barst annað skeyti þar sem lýst var yfir neyðarástandi, vegna bilunar í mælitækjum hreyflanna. Flugstjórinn tók þá ákvörðun að drepa á öðrum hreyflinum, keyra hinn á 80% afli og stefna til Keflavíkur.

Flugmálastjórn hafði samband við Neyðarlínu sem ræsti út viðbragðsaðila en vegna mistaka kom fram í skeyti Neyðarlínunnar að vélin myndi lenda á Reykjavíkurflugvelli – það var leiðrétt skömmu síðar með öðru skeyti.

Viðbúnaðarstig á Keflavíkurflugvelli var í kjölfarið hækkað í hættuástand, næsthæsta viðbragsstig, og á fjórða tímanum streymdu að sjúkra-, slökkviliðs- og björgunarsveitarbifreiðar.

Samhæfingarstöð almannavarna var þegar í stað virkjuð, allar þrjár þyrlur Landhelgisgæslu Íslands héldu af stað til móts við flugvélina auk þess sem varðskipið Týr, sem var statt undan Reykjanesi, hélt af stað til móts við flugstefnu vélarinnar. Fjórtán björgunarsveitir voru kallaðar út og fimm björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar héldu úr höfn, frá Grind Njarðvík, Sandgerði, Hafnar og Vestmannaeyjum ásamt þ mikill viðbúnaður var á Heilbr isstofnun Suðurnesja og L

Skoðað **Farið var yfir öll öryggisatriði eftir að flugvélinni var len aður í þaula. Ekkert reyndist þó að honum en tölvubilun í mælitæl**

Morgunblaðið/RAX

nni. Eftir að henni hafði verið lent fylgdu slökkviliðs- og sjúkrabílar vélinni alveg upp að flugstöðinni.

búnaður vegna lugvélar

/ÞÖK
inu.



Morgunblaðið/ÞÖK

t og til að mynda hreyfill hennar skoð-kjum hins vegar um að kenna.

avík, rfirði ví að rigð- band-

spítala – háskólasjúkrahúsi. Þá voru lögreglumenn á flestum gatnamótum Reykjanesbrautar tilbúnir að loka veginum ef til þess kæmi að sjúkrabílar þyrftu að flytja sjúklinga til höfuðborgarinnar.

Talið er að útkallið hafi náð til átta hundruð til eitt þúsund manns, sem tóku annað hvort beinan eða óbeinan þátt í aðgerðum.

Í skeyti sem viðbragðsaðilum barst kom hins vegar ekki fram að flugstjórinn hafði ákveðið að slökkva á öðrum hreyflinum og draga úr afli hins.

Hreyfillinn settur í gang á ný

Tíu mínútum áður en flugvélin átti að lenda var hins vegar ljóst að um verulega minni hættu var að ræða en fyrst var talið. Flugstjórinn hafði á ný ræst hreyfilinn sem var óvirkur og sett hinn á fullt afl. Flugvélin lenti rétt eftir klukkan fjögur. Heppnaðist lendingin fullkomlega og var rennt upp að flugstöðinni.

Farþegar flugvélarinnar fengu þó ekki að fara frá borði og biðu í sætum sínum á meðan gert var við. Samkvæmt upplýsingum frá embætti Sýslumanns á Keflavíkurflugvelli voru farþegar sallarólegir yfir atburðunum og enginn þurfti á áfallahjálp að halda. Var um smávægilega tölvubilun að ræða sem gert var við á örskömmum tíma, áður en vélin hélt áfram ferð sinni, á sjöunda tímanum.

Umfangsmikil neyðarboðun

14:43 **Fyrsta tilkynning berst frá flugstjóra farþegaþotunnar til Flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík. Flugstjórinn greinir frá hreyfiltruflunum og biður um öryggislendingu.**

14:45 **Ástandið versnar um borð í flugvélinni þegar mælitæki fyrir hreyflana truflast líka. Flugstjórinn lýsir yfir neyðarástandi og tilkynnir stöðu mála til Flugstjórnarmiðstöðvar. Neyðarstjórn er þá sett í gang og farið eftir sérstökum gátlista. Flugstjórnarmiðstöðin boðar Landhelgisgæsluna og Neyðarlínan 112 tekur til við að boða fleiri viðbragðsaðila.**

15:00 **Viðbúnaðarstigi er lýst yfir og tilkynnt til Neyðarlínunnar.**

15:06 **Hættuástandi er lýst yfir og allsherjarboðun Neyðarlínunnar hefst. Helstu viðbragðsaðilar eru kallaðir út, s.s. björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Almannavarnadeildir og lögregla og sjúkralið. Settur er lögregluvörður á öll helstu gatnamót á leiðinni til Keflavíkur til að loka, svo að umferð sjúkrabíla gangi greiðlega fyrir sig.**

15:09 **Vaktstöð siglinga sendir boðun til allra skipa úti fyrir Suðvesturlandi til að vera á varðbergi vegna vélarinnar.**

16:09 **Flugvélin lendir heilu og höldnu í Keflavík.**

Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, var ánægður með það hvernig tókst til. Hann segir fréttir hafa borist þannig að um stigmögnun væri að ræða og viðbragðsflýtir hafi verið góður. Þrátt fyrir að svo virðist sem viðbrögðin hafi verið of mikil, eftir á, segir Jóhann öllum hafa verið létt þegar þetta fór eins vel og raun bar vitni.

Reuters

Á bæn **Búddamunkur á bæn í Yangon. Miklar hörmungar hafa dunið yfir Búrma en menn spyrja með hvaða hætti sé hægt að ýta undir lýðræðisvæðingu í landinu.**

Saga og fortíð Myanmar

Eftir Thant Myint-U

Fyrir skömmu hélt öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sinn fyrsta fund frá upphafi um Myanmar, sem einnig er þekkt undir nafninu Búrma. John Bolton, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, þrýsti mjög á að fundurinn yrði haldinn og hélt því fram, þvert á andmæli Rússa og Kínverja, að staðan í Myanmar væri með þeim hætti að líta bæri á hana sem ógn við frið og öryggi í heiminum og hún verðskuldaði tafarlausa athygli.



Thant Myint-U

Undanfarið hefur verið greint frá alvarlegum mannréttindabrotum, ofbeldi gegn þjóðarbrotum og yfirvofandi neyðarástandi í mannúðarmálum. Óbilgjörn herforingjastjórn virðist ekki viljug til að taka einu sinni fyrstu skrefin í átt að lýðræðisvæðingu og raddir þeirra, sem vilja harðari þvinganir og hvers kyns refsiaðgerðir, eru orðnar háværari.

En mun eitthvað af þessu hafa áhrif? Hvaða utanaðkomandi þrýstingur getur knúið fram lýðræðislegar breytingar? Og hvernig stendur á því að eftir nærri tveggja áratuga refsiaðgerðir, samdrátt í fjárhagsaðstoð, viðskiptabönn og diplómatískar fordæmingar virðast herforingjarnir halda fastar um stjórnartaumana en nokkru sinni? Höfum við í raun litið á Myanmar, þar sem búa um 55 milljónir manna, með réttum hætti?

Þótt áhugi og áhyggjur vegna Myanmar hafi vaxið verulega á undanförnum árum skilja fáir sögu landsins í raun. Til dæmis hefur sú goðsögn komið fram að Burma hafi þegar landið fékk sjálfstæði frá Bretum 1948 verið ríkt og lofað góðu, en sokkið í fen fátæktar og ofbeldis undir núverandi herforingjastjórn.

En staðreyndin er sú að árið 1948 geisaði þegar stríð í Búrma, blóðug borgarastyrjöld, og hafa engin vopnuð átök staðið lengur í heiminum. Í rúmlega fjóra áratugi hefur herinn barist gegn uppreisnarmönnum kommúnista auk skæruliða ýmissa þjóðarbrota og vopnaðra sveita stríðsherra í eiturlyfjaviðskiptum.

Meðan á þessari borgarastyrjöld hefur staðið hefur herinn lært af Bandaríkjamönnum, Bretum, Áströlum, Ísraelum og öðrum þjóðum. Hann varð faglegri og stækkaði og þar kom árið 1962 að hann steypti stjórninni, að hluta til í því skyni að reka stríðið án íhlutunar stjórnmálamanna og flokksbundinna stjórnmála. Eitt sinn voru aðeins 2.000 hermenn í her Búrma, en nú eru rúmlega 400 þúsund hermenn í honum og hann er einn sá stærsti og reyndasti í heiminum.

Í hugum margra, sem fylgjast með utanfrá, má lýsa sögu Myanmar undanfarin 20 ár þannig að í landinu hafi verið lýðræðishreyfing, sem haldið hafi verið niðri með kúgun. Í hugum herforingjanna hefur hins vegar staðið yfir borgarastyrjöld, sem loks lauk með því að kommúnistauppreisnin hrundi 1989 og vopnahléssamningarnir, sem voru gerðir í lok níunda og í upphafi tíunda áratugarins milli hersins og þeirra 17 andstæðinga á vígvellinum sem eftir voru. Í hugum herforingjanna er það að stríðinu sé lokið upphafið að ákaflega langri uppbyggingu ríkisins (á þeirra forsendum), fremur en tími til að afhenda völdin stjórnmálamönnum, sem þeir treysta ekki.

Við höfum með röngu litið svo á að í Myanmar væri um að ræða vandamál í sambandi við það að skipta yfir í lýðræði, nokkurs konar flauelsbyltingu, sem hefur farið úrskeiðis. En í raun er um að ræða eftirstríðsvanda, sem líkist meir ástandinu í Afganistan eða stríðshrjáðum Afríkuþjóðfélögum sunnan Sahara og er því ótrúlega flókið.

Og hvað um refsiaðgerðir? Árið 1962 lokuðu Ne Win herforingi og byltingarráð hans landinu og bönnuðu nánast öll milliríkjaviðskipti og fjárfestingar. Bundinn var endi á erlent hjálparstarf, fyrirtæki voru þjóðnýtt, þjóðfélagshópum af indverskum uppruna var vísað úr landi og lokað á alla ferðamennsku. Afraksturinn var hryllilegur fyrir hagkerfi, sem fyrir var bláfátækt.

Í upphafi tíunda áratugarins kom síðan fram ný kynslóð herforingja, sem vildu binda enda á alþjóðlega einangrun landsins. Þeir höfðu engan áhuga á marktækum lýðræðisumbótum, en vildu leyfa efnahagsumbætur í átt til markaðsfrelsis í þeirri von að laða að ferðamenn og erlendar fjárfestingar í fyrsta sinn í nokkra áratugi. En þeir voru hikandi í þessum aðgerðum. Sumir töldu að markaðsumbæturnar gengju of langt og landið væri að opnast með of miklu hraði. Í þessu samhengi urðu viðskiptaþvinganir og -bönn Vesturlanda til þess að styrkja stöðu þeirra, sem voru meira að segja á móti þessum hikandi aðgerðum, fremur en að leiða til aukins þrýsting um pólitískar grundvallarbreytingar.

Myanmar er einnig land, sem nú stígur varlega fram eftir 30 ár í sjálfskipaðri einangrun með harðsnúna hernaðarvél og samfélag, sem hefur verið beitt harðræði í stríði, sem nokkrar kynslóðir hafa sopið seyðið af. Vopnahléssáttmálarnir gætu enn að engu orðið, innviðir ríkisins eru (fyrir utan herinn) nánast engir og milljónir fátækra, sem löngum hefur verið neitað um aðgang að erlendri aðstoð, gætu brátt þurft að horfast í augu við enn meiri hörmungar. Aðeins herinn mun hagnast á áframhaldandi einangrun.

Þar með er ekki sagt að Myanmar eigi ekki að vera lýðræðisríki. Langt frá því. Aðeins frjálslynt lýðræði getur fært landinu stöðugleika til frambúðar í landi sem er jafn fjölbreytt og Myanmar í samsetningu þjóðarbrota og menningu. Spurningin er sú hvernig á að komast þangað úr núverandi stöðu, skilja málþófið eftir og leita raunhæfra aðgerða, sem byggjast á betri skilningi á fortíð landsins. Nú þegar málið er komið á dagskrá öryggisráðsins fyrsta sinni er gott að hafa sögu Búrma í huga.

Höfundur er dóttursonur U Thants, fyrrum framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Greinin birtist upphaflega í The New York Times.

Íslensk friðargæsla

» Langtíma stefnumótun þarf að vera til staðar, sem ekki tekur miklum breytingum í hvert skipti sem nýr ráðherra kemur til starfa í utanríkisráðuneytinu heldur miðast við að Ísland leggi eitthvað gagnlegt af mörkum.

VIÐHORF

Davíð Logi Sigurðsson
david@mbl.is

Sú ákvörðun Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra að gera grundvallar-stefnubreytingu í málefnum Íslensku friðargæslunni, m.a. með því að hætta þátttöku í svonefndum MOT-teymum í Afganistan, hefur almennt mælst vel fyrir hér heima.

Það má hins vegar ímynda sér að mennirnir sem hafa verið á vettvangi, liðsmenn „jeppagengjanna“ sem Valgerður nefndi svo er hún kynnti ákvörðun sína, hafi verið heldur súrir með orðaval ráðherrans. Það er nefnilega ekki víst að þeim finnist orðið „jeppagengi“ gefa rétta mynd af því starfi sem þeir hafa sinnt eða að æðsti yfirmaður þeirra sýni þeim hæfilega virðingu.

En að því slepptu virðist sú ákvörðun, sem nú hefur verið tekin í utanríkisráðuneytinu, skynsamleg. Öllum mátti vera ljóst að heppilegra væri að Íslenska friðargæslan sinnti verkefnum sem væru í samræmi við þá staðreynd að Ísland er herlaust land.

Þá er sleginn eftirtektarverður tónn í minnisblaði því sem Valgerður kynnti utanríkismálanefnd Alþingis í síðustu viku en þar segir að til að skapa sem víðtækasta sátt um Íslensku friðargæsluna sé mikilvægt að ákvarðanir um ný verkefni eða meiriháttar breytingar á þeim verkefnum í gangi eru, séu teknar að höfðu samráði við nefndina.

Það ætti að blasa við að þverpólitísk sátt þarf að ríkja um starfsemi Íslensku friðargæslunnar. Langtíma stefnumótun þarf að vera til staðar, sem ekki tekur miklum breytingum í hvert skipti sem nýr ráðherra kemur til starfa í utanríkisráðuneytinu heldur miðast við að Ísland leggi eitthvað gagnlegt af mörkum.

Eilífar kúvendingar myndu auðvitað þýða að verulega væri dregið úr slagkrafti framlags okkar, þumalputtareglan á svo að vera sú að aðstoðin (hvort sem það er þróunaraðstoð eða friðargæsla) sé á forsendum þiggjandans, ekki gefandans.

Sem stendur eru tuttugu og sex íslenskir friðargæsluliðar að störfum í fjórum löndum: fjórtán í Afganistan, tíu á Sri Lanka, einn í Bagdad og einn í Serbíu.

Íslendingarnir í Afganistan eru þar á vegum NATO, sömuleiðis sá í Bagdad en friðargæsluliðinn í Serbíu starfar þar fyrir UNIFEM. Verkefnið á Sri Lanka felst í eftirliti með því að stríðandi fylkingar virði skilmála vopnahlés og er samnorrænt, undir forystu Norðmanna.

Það er vilji utanríkisráðherra að konum verði fjölgað í friðargæslunni. Erfitt er fyrir Ísland að víkja sér undan þátttöku í verkefnum á vegum NATO – enda verðum við sem bandalagsþjóð að leggja eitthvað af mörkum – en verkefni á þess vegum eru í eðli sínu heldur „karllæg“.

Ef gert er ráð fyrir að um helmingur útsendra friðargæsluliða á hverjum tíma sé vegum NATO er ekki óeðlilegt að hinn helmingurinn sé í „kvenlægari“ verkefnum; s.s. á vegum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og UNIFEM.

Sem fyrr segir er einn friðargæsluliði nú að störfum á vegum UNIFEM í Belgrad en vilji er fyrir því hjá Íslensku friðargæslunni að kosta tvær stöður til viðbótar hjá UNIFEM.

Þá er, skv. gögnum sem fylgdu minnisblaðinu til utanríkismálanefndar, stefnt að því að gera samstarfssamning við UNICEF um að senda þrjá friðargæsluliða til verkefna á svæðum „sem eru ásættanleg hvað öryggi varðar“.

Enn fremur er vilji fyrir því að tveir Íslendingar fari til starfa á vegum ESB í Bosníu-Herzegóvínu; yrðu þeir líklega starfandi í löggæslugeiranum.

Hvað Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) varðar er ekki í bígerð umfangsmikil þátttaka í verkefnum hennar; sem kemur nokkuð á óvart í ljósi sögunnar, en Ísland sendi marga friðargæsluliða til Kosovo til starfa hjá ÖSE árin 1999–2003. Er aðeins stefnt að því að halda áfram virkri þátttöku í skammtíma kosningaeftirliti á vegum ÖSE (þriggja manna teymi er á vettvangi í viku til tíu daga).

Hér væri rétt að gera bragarbót á; Íslendingar hafa nefnilega margt fram að færa í lýðræðis- og mannréttindamálum, en þau eru einmitt mjög á verkefnaskrá ÖSE. Mætti þannig hugsa sér að íslenskir sérfræðingar tækju að sér að færa löggjöf til betri vegar á stöðum eins og Kosovo (en slíkum verkefnum sinntu Íslendingar einmitt þar á sínum tíma), aðstoða stofnanir eins og þing, bæjarstjórnir og umboðsmannaembætti við að færa starfshætti til betri vegar.

Varðandi kosningaeftirlitið eru menn síðan hugsanlega að hugsa of smátt. „Við hjá ÖSE þurfum hundruð manna á ári hverju í langtímaeftirlit, 1–3 mánuði fyrir kosningar, bæði sérfræðinga og almenna eftirlitsmenn. Þetta er árangursríkasta starf ÖSE og það sem nýtur lang-mestrar athygli af öllu því sem stofnunin fæst við,“ segir Urður Gunnarsdóttir mér, en hún hefur verið aðaltalsmaður kosningaeftirlits ÖSE (ODIHR), með aðsetur í Varsjá.

Hvað segir Urður – sem starfaði fyrir ÖSE í Kosovo 1999-2000 fyrir utanríkisráðuneytið og svo í Bosníu 2001–2003 – almennt um Íslensku friðargæsluna?

„Það sem máli skiptir er að hafa skýra stefnu og til lengri tíma,“ segir hún. „Hálfs-árs verkefni hér og þar skila afar takmörkuðum árangri, nema í kosningaeftirliti, þar er um skammtímastörf að ræða. Það þarf að hugsa nokkur ár fram í tímann, hafa breiðan verkefnagrundvöll sem sneiðir hjá dæmigerðum karla og kvennahlutverkum, og sem er gott dæmi um hvaða gildi Íslendingar, sem lýðræðisþjóð, hafa að leiðarljósi.“

BLOGG: *davidlogi.blog.is*

UMRÆÐAN

Samfylkingin með margar tillögur í menntamálum

Stefán Jón Hafstein skrifar um menntamál

STARFSÁÆTLUN menntamála er nú í mótun hjá Reykjavíkurborg fyrir næsta ár.

Samfylkingin vill leggja sitt af mörkum til að þróa enn frekar það góða starf sem unnið hefur verið á liðnum árum og kemur með mótaðar tillögur fyrir starfsáætlun næsta árs.

Stefán Jón Hafstein

Meðal þess sem við viljum byggja enn frekar upp eru áhrif og þátttaka forráðamanna barna í skólastarfi. Því leggjum við áherslu á að skólastefna í hverjum skóla skuli mótuð í samráði starfsfólks, forráðamanna barna (foreldraráða), með nemendum og samþykkt af öllum sem að koma.

Foreldraráð og skólastjórnir

Strax á næsta ári leggjum við til að kannaður verði vilji 2–3 þriggja skóla til að gera tilraun með „skólastjórn“ þar sem aukin áhrif foreldraráðs, fulltrúa starfsfólks og hugsanlega nemenda á mótun skólastefnu eru sett sem skýrt markmið. Starfshópur um skilgreiningu á hlutverki og reglum slíkrar skólastjórnar taki til starfa strax í ársbyrjun 2007. Þetta er nokkuð sem hefur verið til umræðu og athugunar á liðnum misserum, við kynntum þessa áherslu í kosningabaráttunni og teljum tímabært að hefjast þegar handa.

Í framtíðarsýn okkar um tengsl skóla og grenndarsamfélag segir: „Foreldraráð og foreldrafélög séu virk í hverjum skóla, fái glöggar upplýsingar um öll meginmál sem varða skólastarfið og hafi ráðgefandi hlutverk um stefnu skólans. Þau fái stuðning í formi fræðslu, upplýsinga og fjármagns samkvæmt skilgreindum reglum menntaráðs og í samvinnu við menntasvið. Skólastjórnir með þátttöku forráðamanna barna, starfsfólks og nemenda starfi í þeim skólum sem það fyrirkomulag kjósa.“ Á síðasta kjörtímabili gerðum við sérstakan samning við Samfok, samtök foreldraráða, um að efla og byggja foreldraráðin upp, nú viljum við taka næstu skref.

Samfelldur starfsdagur skólabarna

Síðastliðinn vetur hófum við undirbúning að betra samstarfi skóla, frístundaheimila og þeirra sem veita margs konar tómstundaþjónustu um að gera starfsdag yngstu barnanna samfelldan innan ramma almenns vinnutíma foreldra. Þetta starf er nú komið vel á veg í Grafarvogi og við viljum taka næstu skref strax. Því leggjum við til að í starfsáætlun næsta árs segi: „Í öllum hverfum borgarinnar verði unnið markvisst að aukinni samfellu í skóla- og frístundastarfi barna eftir þeim leiðum sem við eiga á hverjum stað, undir forystu þjónustumiðstöðva í hverfunum og í samvinnu ÍTR og menntasviðs og til þess skipuð verkefnisstjórn í samvinnu við hverja þjónustumiðstöð.“

Bráðger börn og fleiri umbótatillögur

Á fyrra kjörtímabili lagði menntaráð mikla áherslu á að bráðger börn fengju verkefni við hæfi. Við viljum enn stuðla að því að skólafólk og forráðamenn barna veiti málaflokknum aukna athygli. Því leggjum við til að árleg sýning á nýsköpunar- og þróunarverkefnum grunnskólanna verði tileinkuð verkefnum sem skólarnir vinna með áherslum á þarfir bráðgerra barna og haldið sérstakt málþing um það efni.

» Samfylkingin vill leggja sitt af mörkum til að þróa enn frekar það góða starf sem unnið hefur verið á liðnum árum …

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja ennfremur til að þessi áhersluatriði komi skýrt fram í starfsáætlun næsta árs, þegar hún verður útfærð nánar:

- Hert á því að tónlistarskólar bjóði kennslu í húsnæði fleiri grunnskóla en verið hefur, sérstaklega fyrir yngri börnin.
- Hert á útboðum vegna magninnkaupa til mötuneyta og skóla til að ná niður kostnaði við matarverð. Endurskoðun á reglum vegna styrkja til matarkaupa verði unnin í samráði við velferðarsvið til að tryggja að efnalitlum fjölskyldum standi þjónustan til boða eins og öðrum.
- Skilgreind verði vandlega skref til að styðja betur frekara samstarf leik- og grunnskóla og tilraunir með breytta viðmiðunarstundaskrá í anda þess frumkvæðis sem menntaráð tók um samning við menntamálaráðuneytið.
- Námsflokkar Reykjavíkur bjóði skýr úrræði fyrir brottfallsnemendur og fullorðna sem vilja hefja aftur framhaldsnám.
- Skýrir kostir verði í boði eru fyrir starfsfólk grunnskóla (og leikskóla) án sérhæfingar til að sækja sér aukna menntun með starfi.

Höfundur situr í menntaráði fyrir hönd Samfylkingarinnar.

Eru biðlistar rótgrónir í íslensku samfélagi?

Kolbrún Baldursdóttir fjallar um heilbrigðismál

ÁRUM saman hafa notendur heilbrigðisþjónustunnar mátt búa við biðlista af öllum stærðargráðum. Biðlistar á Barna- og unglingageðdeild (Bugl) hafa verið svo lengi sem menn muna. Biðlistavandi á ekki einungis við um Bugl heldur á fleiri stöðum þar sem börnum og unglingum sem eiga við sálfræðilegan og/eða líffræðilegan vanda að stríða er hjálpað. Biðlistar eru enn víðar og þar á meðal eru biðlistar á vist- og hjúkrunarheimilum. Nefna má einnig langa biðlista á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem kemur illa niður á notendum og aðstandendum. Umsjónarfélag einhverfra hefur t.d. lengi barist fyrir úrbótum fyrir meðlimi sína.

Kolbrún Baldursdóttir

Hverju kann það að sæta að samfélag eins og okkar Íslendinga er haldið þessu biðlistameini? Svar við þessu er svo sannarlega hvorki einhlítt né einfalt. Ég hef þá trú að margur heilbrigðisráðherrann hafi lagt sig fram um að finna viðunandi lausn en fram til þessa a.m.k. án árangurs.

Ef við skoðum nánar biðlistavandann sem hrjáð hefur Bugl þá er núverandi heilbrigðisráðherra nýlega búinn að koma með tillögur til úrbóta sem felast í því að efla Miðstöð heilsuverndar barna með það að sjónarmiði að þar verði hægt að sinna frumgreiningu og meðferð á vægari geð- og hegðunarvandamálum hjá börnum. Þessi tillaga er vissulega ákveðin viðleitni. Spurning er hversu raunhæf hún er. Með þessari aðgerð er t.d verið að flytja hluta málaflokksins út af þeirri stofnun þar sem mikil þekking og uppsöfnuð reynsla er til staðar. Hefur Miðstöð heilsuverndar barna tilbúið teymi nægilega margra sérfræðinga og fagaðila með nauðsynlega reynslu að baki?

En gott og vel, ef þetta úrræði hefði orðið til þess að létta á öðrum biðlistum hefði það verið fagnaðarefni. Því varð mér um þegar ég, fyrir fáeinum dögum, hafði samband við Miðstöð heilsuverndar barna vegna skjólstæðings míns og var tjáð að biðtími eftir greiningu þar væri nú 4 mánuðir.

Halda þarf áfram að leita lausna á þessu rótgróna vandamáli og kanna á sama tíma hverjar orsakirnar eru. Ekkert okkar vill búa við endalausa biðlista. Mér er kunnugt um að undanfarin ár hafa sérfræðingar LSH sent heilbrigðisráðuneytinu fjölda skýrslna með tillögum til úrbóta. Þetta eru m.a. tillögur sem ganga út á að auka stjórn á vettvangi, að ábyrgðar- og valdsvið haldist í hendur.

» Ég er þeirrar skoðunar að stjórnvöld þurfi að leggja sig fram um að hlusta á raddir notenda, aðstandenda og sérfræðinga sem hafa nú þegar lagt fram tillögur til úrbóta.

Ég er þeirrar skoðunar að stjórnvöld þurfi að leggja sig fram um að hlusta á raddir notenda, aðstandenda og sérfræðinga sem hafa nú þegar lagt fram tillögur til úrbóta. Kostnað við úrbætur þarf ávallt að meta í ljósi þess ávinnings sem úrbæturnar færa. Til að móta heildstæða stefnu þurfa allir aðilar borðsins að koma að málum. Stefna og leiðir til úrbóta er ekki einkamál stjórnmálamanna. Samstaða í aðgerðum getur skilað hagræðingu, aukinni samvinnu, markvissari árangri og umfram allt betri líðan sem flestra einstaklinga.

Höfundur er sálfræðingur og býður sig fram í 6. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Hættum vitleysisveiðum

Mörður Árnason fjallar um hvalveiðar

ÍSLENDINGAR eru sammála um að standa fast á rétti sínum til að nýta auðlindir lands og hafs á sjálfbæran hátt og í samráði við aðrar þjóðir þegar ástæða er til. Himinn og haf er á milli þessarar afstöðu þjóðarinnar og þeirra veiða sem nú eru hafnar að ráði Einars K. Guðfinnssonar. Veiðarnar byggjast á yfirlýsingu frá 2002 sem á sér hæpnar forsendur í alþjóðarétti.

Hvalveiðarnar skaða orðstír Íslands og ímynd sem ferðamannalands. Þarf skýrari vísbendingar en frétt Morgunblaðsins í gær um þá ákvörðun Groundfish Forum að hafna Íslandi sem ráðstefnustað?

Umhverfissamtök á helstu markaðssvæðum okkar búast til baráttu gegn hvalveiðunum. Síðast þegar til fréttist höfðu um 90 þúsund manns sent tölvupóst til stjórnvalda hér um vefsíður Grænfriðunga.

Virðing okkar á alþjóðavettvangi bíður hnekki. Ef fram fer sem horfir virðist til dæmis sjálfhætt við framboð Íslendinga til sætis í Öryggisráði SÞ. Ef hvalveiðidellan heldur áfram er sjálfhætt þessu metnaðarmáli ríkisstjórnarinnar.

Svokölluð „rök“ um að hval verði að veiða til að hann éti ekki fisk frá togurunum henta einkar illa veiðunum á langreyði, sem er skíðishvalur og svifæta. Hvað hrefnuna varðar er ljóst að veiða þyrfti tugþúsundir dýra til að áhrifa gætti á þorskstofninn. Stendur það til?

Mörður Árnason

» Áður en íslenskir hagsmunir og orðstír Íslendinga skemmast enn frekar verður að taka fram fyrir hendurnar á ráðherranum og draga til baka reglugerðina um hvalveiðar til einskis.

Og markaður fyrir afurðirnar er enginn fyrir hendi, samanber orð japanska sendiherrans í Sjónvarpsfréttum á mánudagskvöld. Enn liggja í geymslu miklar birgðir kjöts eftir vísindaveiðarnar, þess sem ekki var strax hent í sjóinn.

Þetta ævintýri Einars K. Guðfinnssonar og Kristjáns Loftssonar er reyndar alveg ný tegund af hvalveiðum. Þetta eru auðvitað ekki frumbyggjahvalveiðar, og heldur ekki vísindahvalveiðar, og engan veginn atvinnuhvalveiðar miðað við útlit og horfur. Þetta eru pólitískar hvalveiðar til að koma á framfæri við heimsbyggðina einhverskonar sárindum í þjóðarstolti yfirvalda og fyrirtækisins Hvals hf. Vanhugsaður flumbrugangur.

Mál er að linni. Áður en íslenskir hagsmunir og orðstír Íslendinga skemmast enn frekar verður að taka fram fyrir hendurnar á ráðherranum og draga til baka reglugerðina um hvalveiðar til einskis. Hættum þessari vitleysu strax.

Höfundur er alþingismaður.

Menntamál á tímamótum

Grazyna M. Okuniewska fjallar um menntamál

MIKLAR og örar breytingar eiga sér stað í heiminum og segja má að jörðin bókstaflega hreyfist undir fótum okkar. Um leið og námsmöguleikum fjölgar eru gerðar æ meiri kröfur til þekkingar í þessu hraðvaxtarþekkingarsamfélagi. Þekking á borð við samskiptahæfni og alþjóðahæfni er orðin lykilhæfni í alþjóðavæddri veröld.

Segja má að alþjóðavæðingin hafi hitt Ísland og Íslendinga fyrir nokkurn veginn óundirbúið. Sá stóri hópur innflytjenda sem sest hefur að hér á undanförnum árum hefur ekki fengið kennslu við hæfi í íslenskri tungu sem er nauðsynleg forsenda góðra og árangursríkra samskipta. Stór hópur nýrra Íslendinga er ólæs og óskrifandi á íslensku hjá þessari bókmenntaþjóð þar sem læsi var með því besta sem gerðist í heiminum. Hér þarf að lyfta grettistaki til að þjóðin teljist læs á ný. Of mikið er um það að börn innflytjenda fari ekki í framhaldsnám eða falli brott úr því þar sem þau hafa ekki fengið nægan stuðning í málinu. Of margir hafa tileinkað sér hrognamál eða lært ensku í stað íslensku við að búa hér á landi því að samfélagið hefur ekki verið vakandi yfir því að bregðast strax við með markvissri íslenskukennslu fyrir innflytjendur og innflytjendabörn. Þetta kemur í veg fyrir að sá mannauður og menntun sem býr í innflytjendum sé virkjaður í þágu samfélags en miklir möguleikar liggja ónýttir sem felast í þekkingu og samböndum þessara einstaklinga við sitt upprunaland.

Grazyna M. Okuniewska

» Með öflugri menntun, nýsköpunar- og frumkvöðlafræðslu getur Ísland haldið stöðu sinni sem ein af ríkustu þjóðum heims

En það er fleira sem þarf að huga að. Vegna breytinga á samfélagsháttum munu starfsmenn framtíðar verða verkefnaráðnir en ekki í fastri vinnu eins og nú er. Hver og einn verður því nokkurs konar fyrirtæki sem selur hugvit sitt og þekkingu. Mannauðurinn verður helsta söluvaran. Því þarf að efla nýsköpunar- og frumkvöðlafræðslu í íslensku skólakerfi og innleiða þá hugsun að við sköpum okkur atvinnutækifærin sjálf. Byrja þar slíka frumkvöðlafræðslu í grunnskóla og hafa hana hluta af námskrá út grunn- og framhaldsskólann. Með öflugri menntun, nýsköpunar- og frumkvöðlafræðslu getur Ísland haldið stöðu sinni sem ein af ríkustu þjóðum heims.

Höfundur er hjúkrunarfræðingur og gefur kost á sér í 9. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Verndum náttúruna en bara ekki heima hjá mér

Kristján Kristjánsson skrifar um skoðanir fólks á umhverfismálum

ANDSTÆÐINGAR Kárahnjúkavirkjunar hafa farið geyst að undanförnu. Þeir fara í gönguferðir og skrifa mikið í blöð og virðast hafa góðan aðgang að útvarpi og sjónvarpi. Og orðalepparnir sem þeir nota. Drepa, kæfa, drekkja, eyða.

Og allt sem miður fer er Kárahnjúkavirkjun að kenna. Samherji hætti fiskvinnslu á Stöðvarfirði og Skinney-Þinganes á Reyðarfirði, allt Kárahnjúkavirkjun að kenna segja andstæðingar virkjunarinnar. Ég er viss um að forsvarsmenn þessara fyrirtækja mundu staðfesta ef eftir því væri leitað að ástæðan sé allt önnur og kæmi Kárahnjúkum ekkert við. En andstæðingar virkjunarinnar hafa því miður lítinn áhuga á að fara með rétt mál. Ég átti alveg von á því að virkjuninni yrði kennt um að flug lagðist af til Vestmannaeyja.

Meira að segja prestar eru farnir að ákalla Guð út af Kárahnjúkavirkjun og jafnvel gera Drottni upp skoðanir í þessu máli. Það jaðrar við að þeir sem eru hlynntir Kárahnjúkavirkjun séu kallaðir landráðamenn. Þessu fólki líður sennilega illa. Að sjálfsögðu eru Vinstri grænir fremstir í þessum hópi en fá þó ótrúlegan stuðning Samfylkingarfólks sem samþykkti þó framkvæmdina á sínum tíma. Alls konar fólk er fengið til að segja skoðun sína á virkjuninni og það jafnvel sótt til útlanda. Bandarískur prófessor, Desiree Tulios var fenginn í viðtal á NFS (það væri fróðlegt að vita hver tók viðtalið) og það merkilega var að þarna var kominn Ameríkani sem Vinstri grænir trúðu og það hverju orði. Þórunn Sveinbjarnardóttir sem reyndar var alltaf á móti virkjuninni, vegna náttúruspjalla meðal annars, gat ekki unnt okkur sem nú lifum að nýta þetta svæði segir í Morgunblaðsgrein sem ber nafnið „Mun stíflan bresta?“ Barnabörnin okkar geta nýtt sér Vesturöræfin eftir sínu höfði. Hvaðan sem henni kemur það vald að leyfa það? Ef engin væri virkjunin þá væri svæðið sennilega orðið eins og Hjörleifur lýsti því í Árbók Ferðafélagsins 1987: „Þangað er fátt að sækja fyrir ferðamenn.“

Kristján Kristjánsson

» ... margir þeirra sem vilja eyðileggja Vatnsmýrina með tuttugu þúsund manna byggð og henda flugvellinum eru alltaf að skipta sér af skipulagi annars staðar á landinu.

Mér finnst hins vegar margir segja „verndum náttúruna, bara ekki heima hjá mér“, eða á hér við máltækið, refurinn bítur ekki nálægt greni sínu. Á Reykjavíkursvæðinu eru mótmælin mest áberandi en stærstur hluti íbúa höfuðborgarsvæðisins er fylgjandi Kárahnjúkavirkjun. Það heyrist bara meira í hinum og ekki síst þegar framkvæmdirnar eru svona langt frá þeim. Er ekki bara Fjarðaál og virkjunin á röngum stað á landinu? Á höfuðborgarsvæðinu er nánast búið að eyðileggja allar náttúrulegar fjörur og hvergi á landinu hefur eins stór hluti af landi verið kæft með sjóðheitu malbiki, en undir malbikinu var einu sinni ósnortin jörð. Og það sem einu sinni átti að verða útivistarsvæði Reykvíkinga, Hellisheiðin, er að verða eitt allsherjar virkjunarsvæði með gufustrókum og sprautandi koltvísýringi út í andrúmsloftið. Hinn hlutlausi Ómar Ragnarsson virðist aldrei hafa flogið yfir Hellisheiðina á leið sinni að Kárahnjúkum. Þarna gátu Vinstri grænir og Samfylkingin virkjað, meira að segja fyrir erlenda auðhringi sem reka álver. Nú vil ég taka það fram að ég er ekkert að agnúast út í Orkuveitu Reykjavíkur og hvar hún reisir orkuver, ég veit að það verður gert eins vel og hægt er og mér er sama hvert hún selur sína orku og á hvaða verði. Ég einfaldlega treysti þeim til að sjá um sín mál. Ekki veit ég til þess að Orkuveitan hafi gefið upp verð á orku sem hún selur til stóriðju. Enginn kvartar. Orkuveitan hefur fengið að vera í friði með sínar rannsóknir og virkjanaframkvæmdir, þökk sé Kárahnjúkum, en nú er komin svokölluð hægri stjórn hjá Orkuveitunni og því gæti ýmislegt farið að breytast. Fyrir nokkru var sýnt í fréttum á báðum sjónvarpsstöðvunum þar sem ellefu stórar gröfur á nokkurra kílómetra kafla háðu einhvers konar keppni í því að rífa upp gróið land þar sem átti endanlega að drepa landið með heitu malbiki því þar á að koma kappakstursbraut. Enginn kvartaði, allir ánægðir enda þetta í næsta nágrenni. Það væri endalaust hægt að benda á jarðeyðingu og eyðileggingu á Reykjavíkursvæðinu, t.d. hvernig fór fyrir Grafarholtinu, Norðlingaholtinu, Rauðhólunum og mörgu öðru. Enginn kvartaði undan örlögum þessara staða. Þar var ekkert land drepið. Svo eru það náttúruperlurnar sem eru á svæðinu eins og Elliðavatnið sem er uppistöðulón og Bláa lónið 100% manngert. Merkilegt svona verðmat. Svo þegar kemur að Reykjavíkurflugvelli þá kemur það landsbyggðarfólki ekki við hvernig Reykvíkingar skipuleggja sína borg. Það vill svo til að það er mikið til sama fólkið sem segir þetta og vill svo ráða skipulagi í öðrum landshlutum. Ekki man ég betur en að það ætti að vernda votlendið í Vatnsmýrinni. Þó ekki væri nema fuglanna vegna. Það virðist vera gleymt og margir þeirra sem vilja eyðileggja Vatnsmýrina með tuttugu þúsund manna byggð og henda flugvellinum eru alltaf að skipta sér af skipulagi annars staðar á landinu. Ég held að þetta fólk sem mótmælir framkvæmdum á Austurlandi ætti að líta sér nær og hugsa um það svæði sem það ætlar að búa á.

Höfundur er íbúi á Reyðarfirði.

Gætum tungunnar

Óvart sagði ég: Það geri ég í sjálfs míns þágu.
RÉTT VÆRI: ... í **sjálfs mín** þágu.
(Ath.: **sjálfs mín** er eignarfall af **sjálfur ég**.)

Til sölu lausamunir úr veitingahúsinu Naustinu

Nýleg tæki úr eldhúsi.
Úr borðsal - borð, stólar og sófar.
Barborð - heilt til flutnings.
Ýmislegt fleira.

Tilboð óskast í ofangreinda hluti.
Til sýnis og sölu.

Upplýsingar veitir Aron í síma 861 3889.
Fasteignafélagið Kirkjuhvoll.

UMRÆÐAN

Palli er einn í heiminum!

Heimir Jónasson skrifar um nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið

EF FRUMVARPIÐ nýja um Ríkisútvarpið verður að lögum verður engan veginn hjá því komist að RÚV tryggi sér áframhaldandi yfirburðastöðu á íslenskum sjónvarpsmarkaði. Með frumvarpinu fær Páll Magnússon enn frjálsari hendur til að keppa við einkareknar sjónvarpsstöðvar. Hann nýtur hins vegar nákvæmlega sömu ríkisverndar og áður. Þetta er rangt og ætti með réttu að stríða hróplega gegn stefnu Sjálfstæðisflokksins. Frumvarpið mun veikja samkeppnisstöðu hinna einkareknu stöðva á borð við Stöð 2, Skjá einn, Sirkus og Sýn til svo mikilla muna að þær munu vart bíða þess bætur. Það mætti því halda að Páll Magnússon væri einn í heiminum.

Heimir Jónasson

Heimurinn hans Páls er Ísland og þar eru um 110.000 sjónvarpsheimili. Erlendir sérfræðingar botna ekkert í því hvernig hægt er að halda úti einkareknum sjónvarpsstöðvum á slíkum markaði og segja hreint út: „Þið eruð rugluð“. Í útlöndum er staðan nefnilega þessi: Þar starfa ríkisreknir fjölmiðlar á miklu stærri mörkuðum, þar sem þeir hafa engar tekjur af afnotagjöldum og lifa á auglýsingamarkaði (eins og á Spáni), fá aðeins að selja auglýsingar frá kl. 18–20 alla daga nema sunnudaga (eins og í Þýskalandi) eða hafa alls engan aðgang að auglýsingamarkaði (eins og á Norðurlöndunum og í Englandi). Á Íslandi má Páll hins vegar allt. Frábært! Samt er þetta svo lítill heimur íslenski fjölmiðlamarkaðurinn – að fjöldinn er eins og lítið hverfi í stórborg í Evrópu.

Það allra besta við veröldina hans Páls er að þar getur hann keppt eins og honum sýnist á auglýsingamarkaði og selt kostanir án takmarkana, til viðbótar við tekjurnar sem hann fær af nefskattinum. Með því getur hann líka keyrt niður auglýsingaverðið og bolað þar með þeim sem þurfa að reiða sig á auglýsingatekjur út af markaði. Í frumvarpinu þykir sjálfsagt mál að einkareknar stöðvar þurfi að bera sig við svo ósanngjörn markaðsskilyrði í fullri samkeppni við ríkistyrkt og -rekið sjónvarp og útvarp.

Fari sem horfir, að menningarhlutverk RÚV verði ekki sérstaklega skilgreint áður en frumvarpið nær í gegn, mun Páll hafa til þess enn frekara svigrúm að skilgreina hlutverk stofnunarinnar eftir eigin höfði. Hann mun m.ö.o. hafa fullt frelsi til að skilgreina stofnun sem áfram verður í eigu ríkisins út frá þörfum fyrirtækis sem hefur það eitt að markmiði rétt eins og hvert annað einkarekið fyrirtækið að skila sem mestum tekjum.

Hann þarf að vísu að sinna ýmsum minnihlutahópum. Það er enginn vandi. Hann getur sinnt þeim í stuttum innslögum í Kastljósinu og með kaupum á einstaka heimildarmyndum endrum og sinnum til að skreyta dagskrána og kasta ryki í augu okkar sem ennþá teljum að ríkisrekin sjónvarpsstöð eigi að einbeita sér að því að vera upplýsandi og uppbyggjandi menningarstofnun. Því sem eftir verður af tekjunum getur hann svo ráðstafað í skemmtiefni af ýmsu tagi til að keppa duglega við einkastöðvarnar sem áfram þráast við og flækjast fyrir stóru ríkisstöðinni.

Merkilegt hvað gleðin var mikil þegar tilkynnt var um skuldbindingu RÚV til að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að íslensku efni að lágmarki 150 milljónir króna frá og með árinu 2008. Merkilegt í ljósi þess að einkareknar sjónvarpsstöðvar sem engum skyldum hafa að gegna ráðstafa nú þegar talsvert miklu meiru til innlendrar dagskrárgerðar. Þannig hefur kostnaður Stöðvar 2 við framleiðslu á íslensku efni hlaupið á nokkur hundruð milljónum ár hvert. Stöð 2 frumsýnir enda mun meira af íslensku sjónvarpsefni í hverri viku en RÚV, án nokkurra ríkisstyrkja.

> » Frumvarpið mun veikja samkeppnisstöðu hinna einkareknu stöðva á borð við Stöð 2, Skjá einn, Sirkus og Sýn til svo mikilla muna að þær munu vart bíða þess bætur.

Samkvæmt mínum heimildum eru útsendingar frá erlendum íþróttaviðburðum á borð við Formúluna, ólympíuleikana og aðra stórviðburði, flokkaðar sem íslensk efni hjá RÚV, vegna þess að þulurinn er íslenskur. Þá hljótum við líka að líta svo á að engin sjónvarpsstöð sýni eins mikið af íslensku efni og íþróttastöðin Sýn. Í þessari viku (23.–29. október 2006) er frumsýnt íslenskt efni á RÚV, að undanskildum fréttum, Kastljósi og íþróttum, samtals 125 mínútur, skv. auglýstri dagskrá. Fyrir sama tímabil er Stöð 2 með 185 frumsýndar mínútur á viku.

Á undanförnum 30 mánuðum hefur Stöð 2 m.a. staðið fyrir framleiðslu á 60 þáttum af „Það var lagið“ (skemmtiefni) sem er einsdæmi og samtals tæplega 70 þáttum af „Stelpunum“ og „Svínasúpunni“ (leiknu efni) sem er líka einsdæmi. Stöð 2 framleiddi jafnframt 49 þætti af „Idol-Stjörnuleit“ síðustu þrjú árin; sjónvarpsefni á heimsmælikvarða sem markað hefur þáttaskil í framleiðslu skemmtiefnis á Íslandi. Þetta er fyrir utan 3 klukkutíma á dag af fréttum og fréttatengdu efni, svo ekki sé minnst á fréttastöðina NFS, sem sjónvarpaði fréttum og annarri íslenskri dagskrá allan daginn, en var því miður knúin til að hætta, ekki hvað síst sökum lélegra rekstrarskilyrða á markaði.

Þessi upptalning vekur til umhugsunar um það hvort það sé virkilega gott að Palli fái að vera einn í heiminum. Ef öll þessi sjálfstæða innlenda dagskrárgerð einkareknu fjölmiðlanna deyr drottni sínum er hætt við að það verði ansi fábreytt og leiðinlegt að vera til í veröldinni hans Páls til lengdar.

Í sögunni góðu um Palla sem var einn í heiminum, var þetta allt bara vondur draumur. Þegar allt kom til alls fékk sagan farsælan endi. Ég skora á menntamálaráðherra að dusta nú rykið af þessari sígildu dæmisögu og lesa hana fyrir svefninn í kvöld.

Höfundur er forstöðumaður Stöðvar 2.

Roca
Allt fyrir baðherbergið
Flísabúðin
Stórhöfða 21, við Gullinbrú,
sími 545 5500.
www.flis.is • netfang: flis@flis.is

Burt með áfengisauglýsingar

Helgi Seljan fjallar um áfengisauglýsingar og frumvarp þar að lútandi

VIÐ í Bindindissamtökunum IOGT höfum lengi bent á þau ítrekuðu og stórauknu lagabrot sem felast í áfengisauglýsingum sem blasa orðið hvarvetna við manni í fjölmiðlum. Við höfum sagt að meðan lagaákvæði eru hér um þá eigi að fara eftir þeim eins og öðrum landslögum, en ekki undanþiggja áfengisauðvaldið og þjóna þess frá því að virða lög.

Helgi Seljan

Fjölmiðlarnir eru eðlilega ginnkeyptir fyrir þessum arðsömu auglýsingatekjum og hæpið að einhver á þeim bæjum hefði áhyggjur hér af. Við höfum sent inn athugasemdir og allt upp í kærur en alltaf fengið þau svör að þetta væri á gráu svæði, lagaákvæði óljós og þar fram eftir götunum. Nú hefur það hins vegar gerzt að sektardómur hefur verið felldur vegna áfengisauglýsingar og á Lýðheilsustöð sem var ákærandi í málinu virkilega miklar þakkir skildar fyrir að hafa tekið svo myndarlega á málum, halda með því vöku sinni í lýðheilsumálum og gefa um leið ljósa vísbendingu um það að áfram megi halda svo lögbrotin fái ekki lengur að viðgangast jafnauðveldlega og hingað til. Sá er sektardóminn fékk var steini lostinn að því er hann sagði, en sannleikurinn raunar sá að honum er kannski ekki láandi, hafandi alla auglýsingaflóruna fyrir augum og í eyrum, vitandi það að undir yfirskini þess að verið sé að auglýsa eitthvað óáfengt, sama vörumarkið vel að merkja, þá hafa menn komizt upp með slík afbrot árum saman, svipuð eða álíka og hann var dæmdur fyrir. Máske hefur honum í hug komið hin lævísa „virðingar“ auglýsing Víkings sem glymur froðufellandi í eyrum manns æ ofan í æ og slík dæmi utan enda. Vonandi verður þessi dómur hamlandi, þó allir viti að ósvífni og blekkingar séu aðalsmerki auglýsendanna. Stór orð en auðvelt við að standa, því í öllu lofsöngstalinu um ágæti vörunnar er aldrei svo mikið sem ýjað að alvöru málsins, þeim grimmu afleiðingum sem varan hefur svo alltof oft. Við færum Lýðheilsustöð miklar þakkir fyrir að hafa náð þessu fram, þrátt fyrir öll undanbrögð sakleysisins sem einkenna málflutning og málsvörn auglýsenda og sem hefur virzt koma þeim undan lagaskyldu hingað til. En jafnhliða þessu ber að fagna að enn er fram komið frumvarp sem tekur hér af öll tvímæli ef samþykkt verður og vonandi verður sómi þings sá að lögfesta þau ákvæði sem þar eru, ef við eigum yfirleitt að taka mark á vilja þeirrar stofnunar til að taka á öllum þáttum forvarnarmála. Frumvarpsgreinin er einföld en þar er stutt en ákveðin viðbót við bannákvæðið sem á að tryggja það að ekki verði hægt að snúa út úr þessu að okkur finnst raunar fortakslausa ákvæði. Fyrsti flutningsmaður frumvarpsins sem nú er flutt í þriðja sinn er Ögmundur Jónasson, en meðflutningsmenn eru : Mörður Árnason, Þuríður Backman, Dagný Jónsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson og Jón Kristjánsson. Með frumvarpinu fylgir greinargerð þar sem segir að frumvarpið sé flutt til þess að freista þess að loka því gati sem virðist vera á löggjöfinni þannig að framleiðendur og dreifingaraðilar geti ekki farið kringum bannið.

> » Frumvarpsgreinin er einföld en þar er stutt en ákveðin viðbót við bannákvæðið sem á að tryggja það að ekki verði hægt að snúa út úr þessu að okkur finnst raunar fortakslausa ákvæði.

Með frumvarpinu er löng og merkileg skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum frá í nóvember 2001 og þar kennir margra góðra grasa sem ekki eru tök á að birta í stuttri grein, en allt hnígur að því sama, nauðsyn þess að auglýsingabann sé virkt, ekki sízt sakir þess hve hér er um dýrmæta forvörn að ræða, því auglýsendur beina áróðri sínum fyrst og fremst að hinum ungu og óþroskuðu. Við sjáum svo hvað setur um sóma Alþingis.

Höfundur er formaður fjölmiðlanefndar Bindindissamtakanna.

Oddsskarðsgöngin ólögleg

Guðmundur Karl Jónsson fjallar um samgöngumál

ÞÖKK sé Halldóri Blöndal, fyrrverandi samgönguráðherra, sem skrifaði grein í Morgunblaðið 24. maí sl. og viðurkenndi að þörf væri á nýjum og tvíbreiðum jarðgöngum milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Niðurstaða úr þessum undirbúningsrannsóknum þarf að liggja fyrir á þessu kjörtímabili. Eðlilegt er að stjórnendur ALCOA sem kynnast einangrun stóra Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað, og Oddsskarðsganganna, sem standa á snjóflóðasvæði í 640 m hæð, spyrji nú hvað við séum að hugsa ef neyðartilfelli kemur upp. Verra er að samgönguráðherra hefur engan skilning á því að Fjórðungssjúkrahúsið þarf að komast í öruggari vegtengingu við Egilsstaðaflugvöll í formi jarðganga vegna sjúkraflugsins. Fyrir kjördæmabreytinguna áttu allir þingmenn Austfirðinga að fylgja þessu máli eftir í samgöngunefnd Alþingis. Hvað eftir annað er fjallvegunum fyrir austan í 400 til 600 m hæð ekki treystandi á meðan sveitarstjórn Djúpavogs vill heilsársveg um Öxi sem stæði í 530 m hæð. Vegna hættuástands í Hvalnes-, Þvottár- og Kambanesskriðum kemur þessi vegur aldrei til greina í stað jarðganga á Suðurfjörðunum. Með tvennum veggöngum úr Skriðdal og Berufirði verða heilsárssamgöngur milli Egilsstaða, Austur-Héraðs og Suðurfjarðanna ennþá öruggari heldur en þessi vegur um Öxi sem þrefaldar slysahættuna í 17% halla.

Guðmundur Karl Jónsson

Fyrir austan hef ég verið spurður um það hvernig eigi að forgangsraða veggöngum á Austurlandi ef ég réði ferðinni. Svör mín voru þau að mikilvægt væri að hraða undirbúningsrannsóknum á gerð Mjóafjarðarganga sem tengja Seyðisfjörð og alla Fjarðabyggð við Egilsstaði og Austur-Hérað eftir að samningar um stóriðjuframkvæmdir á Reyðarfirði voru undirritaðir milli íslenskra stjórnvalda, Fjarðaáls, fulltrúa Landsvirkjunar og ALCOA í Bandaríkjunum. Ég hef áður sagt að eftir öðrum leiðum verði Fjarðabyggð aldrei stækkuð í eitt atvinnu-, þjónustu-, samgöngu- og skólasvæði. Ekki þykir samgönguráðherra sársaukafullt að ganga erinda Siglfirðinga og Ólafsfirðinga þegar hann lofar því að stóra Fjórðungssjúkrahúsið tengist aldrei við Egilsstaðaflugvöll í formi jarðganga um Mjóafjörð næstu 20 til 30 árin.

Nokkrir þingmenn Norðausturkjördæmis hafa viðurkennt að fæðingardeild verði að vera tiltæk á Egilsstöðum þegar vonlaust er að treysta báðum vegunum upp að Oddsskarðsgöngunum í 640 m og um Fagradal sem stendur í 400 til 500 m hæð yfir sjávarmáli. Útilokað er að Seyðfirðingar láti bjóða sér þetta með því að keyra 200 km báðar leiðir þegar þeir geta ekki treyst veginum á Fjarðarheiði sem stendur í 640 m hæð. Verstu mistökin, sem þingmenn Norðausturkjördæmis áttu að berjast gegn, eru þau að hafnaraðstaðan á Seyðisfirði skuli hafa verið bætt fyrir Norrænu án jarðganga undir Fjarðarheiði eða Gagnheiði. Hafnaraðstöðuna hefði frekar átt að bæta á Fáskrúðsfirði eða Reyðarfirði með tilkomu jarðganganna sem stytta landleiðina milli Egilsstaða, Austur-Héraðs, Fjarðabyggðar og Suðurfjarðanna um 35 km.

> » Verra er að samgönguráðherra hefur engan skilning á því að Fjórðungssjúkrahúsið þarf að komast í öruggari vegtengingu við Egilsstaðaflugvöll í formi jarðganga vegna sjúkraflugsins.

Valið stendur um tvennt, það er að rjúfa einangrun Seyðisfjarðar við Egilsstaði með veggöngum undir Fjarðarheiði að loknum framkvæmdum við ný jarðgöng í stað gömlu Oddsskarðsganganna áður en tími Mjóafjarðarganga kemur. Staðsetning Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað kemur í veg fyrir að stór hluti heimamanna á Austurlandi fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Það gengur ekki öllu lengur að heimamönnum í fjórðungnum, sem búa utan Norðfjarðar, skuli vera mismunað með þessum hætti. Ekki verður sjálfgefið að stjórnendum ALCOA þyki óhætt að keyra um Fagradal, sem oft verður illviðrasamur, vegna neyðartilfella ef þeir þurfa að treysta á sjúkraflugið. Enn einu sinni ítreka ég að fiskflutningar á leiðinni frá Neskaupstað til Seyðisfjarðar eiga ekkert erindi í gegnum Oddsskarðsgöngin, íbúðahverfið á Eskifirði, Reyðarfirði, um Fagradal og yfir Fjarðarheiði. Of mikið er um að fiskflutningabílar á leiðinni frá Eskifirði og Neskaupstað hafi lokað fólksbíla inni í Oddsskarðsgöngunum sem eru ólögleg samkvæmt stöðlum ESB.

Höfundur er farandverkamaður.

Afkoma fólks

Svavar Guðni Gunnarsson fjallar um málefni eldra fólks.

STJÓRN efnahagsmála hér á landi hefur sl. 15 ár verið í höndum manna sem virðast ekki hafa valdið því hlutverki að á Íslandi geti ríkt efnahagslegur jöfnuður fyrir sem flesta landsmenn. Fjáraflamenn hafa frjálsar hendur til að hagnast óhóflega, álagning í verslun, vöru og þjónustu er hömlulaus,vaxtaokur innleitt og hér er ennþá verðtrygging á lánsfé, einn fárra staða í heiminum, og að auki verðbætur sem á komandi árum má líkja við „átthagabönd og þrælahald“ fyrir það fólk sem hefur tekið lán til húsakaupa og sér fram á miklar hækkanir þeirra umfram verðmæti eigna. Slæm stjórnun á þessum málum kemur þeim verst sem eru samtímis að byggja íbúð, ala upp nýja kynslóð og standast álag í krefjandi störfum í þjóðfélaginu.

Svavar Guðni Gunnarsson

» Ef litið er á málefni eldra fólks er ekki hægt að hrósa valdhöfum, þó sumt hafi verið lagfært nær það yfirleitt alltof skammt og kemur seint …

Ef litið er á málefni eldra fólks er ekki hægt að hrósa valdhöfum, þó sumt hafi verið lagfært nær það yfirleitt alltof skammt og kemur seint og hætt er við að með sama hraða á úrbótum verði nokkrar kynslóðir gengnar hjá garði.

Hver er hlutur manna eftir langan starfsdag og eru þeir sáttir við sinn hlut? Hefur þeim verið sýnd virðing af stjórnvöldum, þakklæti fyrir framlag sitt til þjóðfélagsins eða eru þeir hafðir með í ráðum? Öllum þessum spurningum má því miður að mestu svara neitandi. Hvers eiga aldraðir að gjalda?

Það eina sem má skilja sem viðurkenningu frá stjórnvöldum er að skatturinn man eftir þessu fólki og sleppir ekki af því hendinni.

Hvað er til ráða? Nú styttist í kosningar og þá koma loforðin og gylliboðin frá stjórnmálamönnum en þeir hafa sýnt að lítill vilji er til að lagfæra kjör eldra fólks. Þeir hafa völdin og þrá að halda þeim en vilja ekki leggja í baráttu fyrir kynslóðirnar sem unnu að undirstöðunni fyrir okkar velferðar-ríki. Því er augljóst að þetta fólk verður að mynda samstöðu og finna í sínum hópi einstaklinga sem hafa ekki tengst stjórnmálaforystu eða verið embættismenn á snærum stjórnmálaflokka, þeir hafa reynst vanmátta í baráttu við kerfið.

Ekki er ráðlegt að stofna sérstakt stjórnmálaafl aldraðra (-flokk) til að berjast fyrir úrbótum því eldra fólk aðhyllist og fylgir sínum flokkum gegnum þykkt og þunnt. Ein leið væri að virkja duglegt fólk innan flokkanna til að vinna að framgangi málefna þeirra eldri sem samtök þeirra stæðu að baki og þeir sem áhuga hafa á þessum málum ættu að koma með tillögur um framkvæmd.

Það má ætla að aldrað fólk skiptist í 3 hópa eftir afkomu. 1/3 hefur mjög góða afkomu.

1/3 hefur viðunandi afkomu, er nægjusamt og veitir sér engan munað í lífsháttum og á húsnæði sem skiftir höfuðmáli. En þriðjungur þarf ýmissa hluta vegna að vera háður greiðslum frá Tryggingastofnun Ríkisins og þarf að greiða fyrir húsnæði auk alls annars og þessi hópur hefur það örugglega ekki gott fjárhagslega.

Eftirfarandi breytingar þarf að gera á launakerfi, aðstöðu og viðhorfi til aldraðs fólks:

1. Leiðrétta sannanlegan mun á launum miðað við kaupmátt og hækkanir launa á alm. markaði.
2. Afnema skerðingarákvæði í lögum og reglugerðum.
3. Greiða öllum sömu upphæð frá TR óháð því hvort viðkomandi fær greiðslur úr lífeyrissjóði sem er jú sparifé sjóðfélaga.
4. Gera verulegar breytingar á alm.tr.kerfinu til einföldunar. Það er hrikalegt að lesa lagabálkana sem TR byggir á og virðist vera teygjanlegt á alla kanta og mörg atriði sem orka tvímælis.
5. Samfélagið sjái um rekstur hjúkrunarheimila og að fólk sé ekki hlunnfarið fjárhagslega þurfi það á slíka stofnun.
6. Efla þarf verulega stuðning við þá sem vilja og geta dvalið á eigin heimili.
7. Sýna fullorðnu fólki þá virðingu sem það á skilið og afskrifa það ekki við ákveðinn aldur.
8. Efla tengsl aldraðra við ættingja og aðra þá sem standa þeim nærri, jafnvel að skylda þá sem geta létt undir með starfsfólki umönnunar stofnana, mæta ekki bara þegar starfsfólk fer í verkfall!
9. Líta á það sem sjálfsagðan hlut að eldri og yngri umgangist og virkja félagsskap þeirra þar að lútandi, fél. eldri borgara, grunnsk. ofl.
10. Líta ber eftir að aldraðir njóti þess réttar sem þeim ber en það sé ekki tilviljunum háð hvort þeir fái vitneskju um hann.

Niðurstaðan er að betur þarf að búa að unga fólkinu í efnalegu tilliti og leiðrétta ýmislegt sem varðar a.m.k. hluta þeirra eldri. Lækka þarf útlánsvexti í bankakerfinu og afnema verðbætur á verðtryggð lán. Verðtryggingu veðlána ber að afnema. Efla starf innan stjórnmálaflokkanna með áherslu á hagsmuni eldra fólks. Virða ber það sem gert hefur verið vel, en það nær alltof alltof skammt.

Höfundur er rafvirkjameistari og fyrv .framhaldsskólakennari.

Hærri skattleysismörk

Sigurður T. Sigurðsson skrifar um kjaramál

FRÁ því að staðgreiðslukerfi skatta kom til framkvæmda árið 1988 hafa skattleysismörk ekki fylgt lánskjaravísitölu eins og þáverandi stjórnvöld lofuðu. Vegna þessara vanefnda stjórnvalda færist skattbyrðin stöðugt neðar í tekjustigann og lendir með sífellt auknum þunga á láglaunafólki, mest á þeim sem lægstu tekjurnar hafa, en léttist hins vegar að sama skapi á þeim tekjuhærri.

Sigurður T. Sigurðsson

» Besta kjarabót sem hægt er að veita almennu launafólki er veruleg hækkun skattleysismarka og ákvæði um að þau fylgi jafnóðum þeirri launaþróun sem verður í landinu.

Öfugþróun

Því miður telja þingmenn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks þessa öfugþróun eðlilega og virða að vettugi þær alvarlegu afleiðingar sem hún hefur á afkomu láglaunafólks. Sumir þeirra jafnvel segja það ósannindi að skattbyrði láglaunafólks hafi aukist undanfarin ár, þó fyrir liggi sannanir um hið gagnstæða.

Þessa menn virðist engu máli skipta hvort verkafólk og annað láglaunafólk geti staðið í skilum með nauðsynlegar greiðslur eins og afborganir af húsnæðislánum eða hvort endar yfirleitt nái saman í rekstri heimilanna. Það sem þó er ljótast og siðlausast við þetta allt saman er að á sama tíma og almenningur í landinu safnar skuldum skuli laun þessara sömu þingmanna og ráðherra hækka sérstaklega og skattar þeirra lækkaðir um leið umfram það sem láglaunafólk fær. Fólk sem þannig hagar sér á almenningur ekki að kjósa á Alþingi Íslendinga. Þangað á það ekkert erindi.

Hærri skattleysismörk

Í júní sl. þegar Samtök atvinnulífsins og verkalýðsfélögin gerðu með sér samkomulag um hækkun almennra launa, lýsti ríkisstjórnin því yfir að skattleysismörk skyldu hækka í kr. 90.000 á mánuði um næstu áramót. Bæði forsætisráðherra og aðrir stjórnarþingmenn gumuðu mikið af þessu og héldu vart vatni yfir rausnarskap stjórnvalda. Að sjálfsögðu minntist enginn þeirra á að á undanförnum árum hefur skattbyrðin aukist á lágu laununum en léttst á þeim hærri. Og auðvitað sagði enginn þeirra frá því að skattleysismörk á árinu 2006 væru í kringum kr. 105.000 ef þau hefðu hækkað samkv. vísitölu lánskjara eins og stjórnvöld lofuðu þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp árið 1988. Þessar vanefndir þýða að fólk sem er með lágmarkslaun kr. 123.000 í laun á mánuði er látið borga kr. 16.157 í tekjuskatt á mánuði. Hefðu skattleysismörk fylgt lánskjaravísitölu væri tekjuskattur af þessum lágmarkslaunum kr. 6.610 á mánuði. Þarna munar kr. 9.547 á mánuði eða kr. 114.564 á árs grundvelli. Það munar um minna fyrir fólk sem er á launum, sem duga vart til brýnustu lífsnauðsynja.

Hækkun skattleysismarka

Besta kjarabót sem hægt er að veita almennu launafólki er veruleg hækkun skattleysismarka og ákvæði um að þau fylgi jafnóðum þeirri launaþróun sem verður í landinu.

Sú stefna núverandi stjórnvalda að hækka ekki skattleysismörkin en afnema þess í stað hátekjuskattinn og lækka tekjuskattsprósentuna um 4% í áföngum, eru svik við áður gefin loforð. Þetta á verkalýðshreyfingin ekki að þola, heldur á hún að berjast fyrir hærri skattleysismörkum og ná þeim upp í a.m.k. kr. 105.000 miðað við núverandi launastöðu í landinu. Á ársþingi Alþýðusambands Íslands, sem haldið er 26. og 27. október flytur Verkalýðsfélagið Hlíf þá ályktun að fundurinn skori á Alþingi að hækka skattleysismörkin í kr. 105.000 þann 1. júní nk. Slík hækkun skattleysismarka væri síðbúin leiðrétting á innheimtu tekjuskatts og skilaði sér að öllu leyti beint í vasa láglaunafólks. Ef þeir stjórnmálaflokkar sem nú eru við völd í landinu hafna þeirri sanngjörnu kröfu þá eigum við öll að hafna þeim í næstu þingkosningum.

Höfundur er fv. formaður Vlf. Hlífar.

Nýtt móttökukerfi aðsendra greina

MORGUNBLAÐIÐ hefur tekið í notkun nýtt móttökukerfi fyrir aðsendar greinar.

Formið er að finna ofarlega á forsíðu fréttavefjarins www.mbl.is undir liðnum „Senda inn efni“.

Í fyrsta skipti sem formið er notað þarf notandinn að skrá sig inn í kerfið með kennitölu, nafni og netfangi, sem skrá skal í þar til gerðan reit. Næst þegar kerfið er notað er nóg að slá inn netfang og lykilorð og er þá notandasvæðið virkt.

Ekki er hægt að senda inn lengri grein en sem nemur þeirri hámarkslengd sem gefin er upp fyrir hvern efnisþátt.

Þeir, sem hafa hug á að senda blaðinu greinar í umræðuna eða minningargreinar, eru vinsamlegast beðnir að nota þetta kerfi. Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 569-1210.

Stofnfundur Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins verður haldinn í dag, fimmtudaginn 26. október kl. 16.00 í Víkinni, sjóminjasafni Reykjavíkur, Grandagarði 8. Fundurinn er opinn öllum þeim sem vilja varðveita þetta sögufræga skip.

Varðskipið Óðinn tók þátt í þorskastríðunum þegar landhelgin var færð út í 50 mílur og síðar 200 mílur. Óðinn er því sögulegt tákn um sigur lítillar eyþjóðar yfir heimsveldi Breta.

Gerum varðskipið Óðinn að glæsilegri umgjörð um sögusafn þorskastríðanna og björgunarsögu íslensku varðskipanna!

Guðmundur Hallvarðsson, alþingismaður og formaður Sjómannadagsráðs, stýrir stofnfundi Hollvinasamtakanna.

Varðskipið Óðinn er safngripur sem vert er að varðveita sem merkan hluta af sögu okkar!

Ávörp flytja:

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, *forseti Íslands*

Björn Bjarnason, *dómsmálaráðherra*

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, *borgarstjóri*

Stefán Jón Hafstein, *stjórnarformaður Víkurinnar, sjóminjasafns Reykjavíkur*

Sjómannadagsráð í Reykjavík og Hafnarfirði

KOM almannatengsl/svarthvitt

UMRÆÐAN

Munu bankarnir fara?

Pétur Blöndal skrifar um umhverfi bankanna

Í FYRIRLESTRI sem ég hélt í Háskóla Íslands þann 17. október fjallaði ég um samkeppnisstöðu Íslands og ræddi þar sérstaklega um stöðu íslensku bankanna. Fundarstjóri á fundinum var Halla Tómasdóttir framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Sú sérstaka staða er komin upp í kjölfar útrásar viðskiptabankanna þriggja að tekjur þeirra og umsvif eru að mestum hluta utan Íslands. Þeir eru því í raun ekki lengur íslensk fyrirtæki. Í fyrirlestrinum velti ég upp þeirri spurningu hvers vegna bankarnir væru með höfuðstöðvar hér á landi og hvaða líkur væru á því að þeir færu héðan. Hvaða afleiðingar það hefði yfir efnahagslífið og hvernig við gætum gert umhverfi þeirra þannig að þeir fari ekki.

Bankarnir mikilvægir

Lausleg könnum leiddi í ljós að um 3.500 manns vinna nú hjá þessum þremur bönkum hér á landi. Erfitt er að meta hversu margir þeirra eru hér vegna höfuðstöðvanna og erlendra viðskipta en gera má ráð fyrir að það séu vel yfir 1000 starfsmenn. Þetta eru flest hálaunastörf og krefjast menntaðs fólks. Mikil umsvif í kringum höfuðstöðvarnar skipta því verulegu máli, auk þess

Pétur Blöndal

sem bankarnir og þessir starfsmenn greiða milljarða í skatta. Áhugavert er að bera þessar tölur saman við þá 400 starfsmenn sem starfa munu við álverið á Reyðarfirði.

Alþjóðleg fjármálamiðstöð

Í fyrirlestrinum reyndi ég að sjá fyrir mér stöðu bankanna í framtíðinni. Ef framhald verður á vexti þeirra líkt og undanfarin ár og jafnvel þó eitthvað fari að hægja á honum, verða bankarnir mjög stórir eftir 5 eða 10 ár, svo ekki sé litið lengra til

» ...en auðvitað verður Alþingi og ríkisstjórn að vera á varðbergi.

framtíðar. Ég sé ekki grundvöll fyrir því að svo stór fjármálafyrirtæki geti verið með höfuðstöðvar hér á landi nema komið verði á alþjóðlegri fjármálamiðstöð á einhverju sviði bankastarfsemi. Það þarf að skapa lagalegar forsendur fyrir slíkri miðstöð í samstarfi við samtök atvinnulífsins. Einnig þarf að skapa gott umhverfi á upplýsingaöld með nægri flutningsgetu gagna.

Aðgerða þörf

Umhverfi bankanna er á margan hátt gott hér á landi en auðvitað verða Alþingi og ríkisstjórn að vera á varðbergi. Skapa verður gott umhverfi fyrir þessi fyrirtæki sem önnur, þannig að þau velji að vera áfram hér á landi og erlend fyrirtæki flytji jafnvel til landsins. Í því sambandi þarf að sjálfsögðu að líta til skattkerfisins en ekki síður þarf að huga að einföldun skatta- og eftirlitskerfa, gera þau rökrétt og heiðarleg. Markmiðið er alls ekki að skapa hér eitthvert skattaskjól heldur að mynda umhverfi sem gott er fyrir fyrirtæki að starfa í. Mikið verk er framundan í þeim efnum og mikilvægt að fá til þess hæfustu einstaklinga.

Fyrirlesturinn var annar í röð sex fyrirlestra, sem ég held í Háskóla Íslands. Fyrirlestrarnir eru haldnir í aðdraganda prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík næstkomandi föstudag og laugardag en þar hef ég boðið mig fram í 2.–3. sæti. Nánari upplýsingar um fyrirlestrana, m.a. glærukynningar og myndbandsupptökur, er að finna á heimasíðu minni petur.blondal.is

Höfundur er alþingismaður.

Um íslenskupróf í fjórða bekk

Júlíus K. Björnsson svarar gagnrýni á íslenskupróf fyrir 4. bekk

VEGNA viðbragða sem komið hafa fram í tengslum við eitt þeirra verkefna sem notað var í lesskilningshluta samræmds könnunarprófs í íslensku þykir undirrituðum rétt að árétta nokkur atriði.

Sagan „Heimboð músanna“ sem notuð var í prófinu og styr hefur staðið um, var fengin úr bókinni *Sólhvörf: Bók handa börnum*, sem tekin var saman af Oddnýju Guðmundsdóttur og gefin var út af Barnaverndarfélagi Reykjavíkur árið 1972. Saga þessi er að mati bæði kennara og sérfræðinga í barnabókmenntum afar góð dæmisaga í hefðbundnum stíl, þar sem boðskapurinn er að menn skuli ástunda hófsemi og rétt líferni. Í sögunni kemur jafnframt skýrt fram að óviðeigandi hegðun einnar sögupersónunnar hafi slæmar afleiðingar og því er ljóst að boðskapur sögunnar er í takt við þær áherslur sem nú um stundir eru uppi í samfélaginu um forvarnir og hófsemi.

Þegar lesskilningur er prófaður er mikilvægt að sá texti sem notaður er sé fjölbreyttur og viðeigandi og ítarlegar forprófanir á þessari sögu og öðrum sýndi að þessi saga virtist henta barnahópnum vel og var jafnframt skemmtileg saga að mati barnanna. Það kom því ákaflega mikið á óvart að notkun hennar skyldi vekja þau viðbrögð sem komið hafa fram, en sú umræða sem átt hefur sér stað um þetta er afar sérstök. Það er auðvitað ekki ætlunin með notkun þessa verkefnis að þrýsta börnum inn í heim hinna fullorðnu eins og haldið hefur verið fram, eða að fræða börnin um drykkju eða annað því tengt, enda var um að ræða dæmisögu þar sem músum er gert upp mannlegt atferli.

Tilgangurinn er að prófa lesskilning og það verður best gert með vel skrifuðum og innihaldsríkum texta sem gefur tilefni til fjölbreyttra spurninga. Með þessari sögu fylgdu 14 spurningar um efni hennar en þar af var ein spurning þar sem minnst var á drykkju en áhersla spurningarinnar var öll á orðið hófsemi sem var skáletrað í spurningunni og undirstrikað í textanum sjálfum. Hvergi kemur orðið hófdrykkja fyrir eins og gefið hefur verið í skyn í fjölmiðlum. Spurt var um merkingu orðsins hófsemi í tengslum við söguna og það var aðalatriðið. Þessi áhersla er rangtúlkuð í þeirri opinberu umfjöllun sem átt hefur sér stað og ekki er í henni minnst einu orði á að jafnframt var spurt um 13 önnur atriði úr sögunni. Ekki hefur heldur komið fram opinberlega hver boðskapur sögunnar er, en hann er einmitt um mikilvægi hófsemi og þess að forðast óhóf í mat og drykk, slíkt geti haft slæmar afleiðingar.

Júlíus K. Björnsson

» Tilgangurinn er að prófa lesskilning og það verður best gert með vel skrifuðum og innihaldsríkum texta sem gefur tilefni til fjölbreyttra spurninga.

Þegar prófverkefni eru valin fara þau í gegnum langt og strangt gæðamat, með tilliti til innihalds, forms og mælieiginleika og þetta umrædda verkefni kom vel út úr því mati og engan þeirra fjölmörgu aðila sem unnu að gerð prófsins óraði fyrir því að þessi gamla saga sem þúsundir ef ekki tugþúsundir Íslendinga hafa lesið sem börn, myndi vekja þessi viðbrögð. Menn töldu að útgefið efni frá barnaverndarfélagi ætti að vera öruggt og það er jafnframt næsta víst, að samanborið við margar barnabækur sem nú eru notaðar og annað lesefni fyrir 9 ára börn, að ekki sé minnst á tölvuleiki og annað ámóta efni, að þessi saga er afskaplega meinlaus og inniheldur þar að auki jákvæðan boðskap um hófsemi, viðeigandi líferni og slæmar afleiðingar ofneyslu bæði matar og drykkjar.

Sú verkefnagerð sem fram fer á vegum Námsmatsstofnunar fer fram samkvæmt mjög ströngu gæðaferli og ljóst er að nú hefur reynsla stofnunarinnar varðandi hvaða innihald er of viðkvæmt aukist. Þær ábendingar sem nú hafa komið fram, ásamt öðrum er stofnuninni berast verða auðvitað hafðar í huga við samningu verkefna framtíðarinnar. Námsmatsstofnun fagnar alltaf öllum athugasemdum og gagnrýni sem fram kemur á verk hennar, slíkt er af hinu góða og leiðir til betri prófa og mælitækja.

Höfundur er forstöðumaður Námsmatsstofnunar.

Margra manna maki

Erna Arngrímsdóttir fjallar um kjaramál

ÞAÐ hefur vonandi ekki farið framhjá öllum að 1200 öryrkjar voru sviptir lögbundnum lífeyri sínum 1. okt. sl. Um það bil 2300 aðrir öryrkjar fengu mikinn skell með lækkun greiðslna frá 14 lífeyrissjóðum.

Þetta fólk er alveg varnarlaust gegn þessum ólögmætu aðgerðum. Aðrir þegnar samfélagsins, svo sem þingmenn, hafa hins vegar í fullu tré við aðstæður. Þeir réttu einfaldlega upp hönd og samþykktu gífurlegar hækkanir lífeyris sér til handa. Eiginlega mætti kalla þá margra manna maka (m.m.m.) því þeir alstórtækustu á almannafé fá mánaðarlega upphæð eins og 33 öryrkjar fengu fyrir sviptingu.

Erna Arngrímsdóttir

Ég legg til að þjóðin fái betur að sjá þessa pamfíla t.d. með merki. Þetta merki gæti verið úr pappa og gæti sýnt þessa 33 öryrkja (sem ekkert fá) litla og ósjálega. Bera mætti merkið í jakkaboðungi. Mér datt í hug pappinn þar sem ljómandi hugmynd kom frá einum þessara þingmanna um árið að búa til pappalöggur. Það þarf ekki að greiða þeim neitt kaup og engan lífeyri. Öðrum stórhöfðingjum datt í hug þessi aðgreining á stórhetjum samfélagsins, þ.e. Stalín sem lét margra barna mæður í Sovétríkjunum fá merki sem hetjumæður. Þá þurftu þær ekki að bíða óratíma í biðröðum o.sv.frv.

Þegar þjóð á svona verðmæta einstaklinga, mega þeir alls ekki setja ljós sitt undir mæliker heldur á ljósastikuna þannig að allir í húsinu sjái þá.

Þegar bréfið barst frá lífeyrissjóðnum, þann 2. okt. sl. var ekki hægt annað en að hlæja. Í bréfinu stóð að viðkomandi hafi haft 1.0083.000. kr. í árslaun, þ.e. um 90 þúsund á mánuði. Sem eru „of háar tekjur“, að mati sjóðsins. Á sama tíma var listi yfir m.m.m.(margra manna makana) þar sem mánaðartekjur þeirra voru ein og hálf milljón og 270.000 þús. kr. úr lífeyrissjóði. Sem sagt tekjur m.m.m. eru aldrei of háar en öryrki má ekki hafa árstekjur sem nema helmingi mánaðartekna „m.m.m“.

Á meðan Norðurlöndin, sem við höfum löngum borið okkar saman við, stefna að meiri jöfnuði, stefnum við í

» Á meðan Norðurlöndin, sem við höfum löngum borið okkar saman við, stefna að meiri jöfnuði, stefnum við í ójöfnuð sem aldrei fyrr.

ójöfnuð sem aldrei fyrr. Alþingismenn samþykkja lög sem heimilda sjálftöku tekna sem eru langt fyrir ofan möguleika almennings sem er sviptur rétti sínum. Enda hætta þingmenn nú í kippum og tonnum til þess að njóta þessa „réttar“ og fylla brátt flokk m.m.m.

Nú er svo komið, a.m.k. hjá þeim 14 lífeyrissjóðum sem riðu á vaðið með sviptingu og skerðingu að líklega eru stjórnendur og e.t.v. skrifstofulið sumra verkalýðsfélaga þeir einu sem eiga rétt til lífeyris í veikinda- eða slysatilfelli. Aðrir meðlimir eru einfaldlega of tekjulágir miðað við framfærsluvísitöluna sem sjóðirnir miða við. Til hvers voru þá refirnir skornir? Er þetta virkilega það sem við samþykkjum og stefnum að? Nei, við getum komið í veg fyrir þetta með atkvæði okkar í vor.

Höfundur er sagnfræðingur.

Reynslan er til að læra af henni

Anna Sigríður Guðnadóttir skrifar um umhverfisstefnu Samfylkingarinnar

ÞAÐ fór um mig svipuð tilfinning og flesta aðra þegar ég fylgdist með því á sjónvarpsskjánum að fylling Hálslóns var hafin. Saknaðartilfinning og þessi tilhugsun um að e.t.v. hafi ekki verið tekinn nægur tími í undirbúning framkvæmdarinnar og undirbúningsrannsóknir jafnvel ekki fullnægjandi.

Sú tilhugsun er aldrei þægileg og síst þegar um svo gríðarlegar, óafturkræfar framkvæmdir í náttúru landsins er að ræða. Það var eins með mig eins og svo marga aðra almenna borgara að mér varð ekki fullkomlega ljóst fyrr en um seinan hversu margir óvissuþættir tengdust þessari framkvæmd. Almenningur fékk ekki upplýsingar um rannsóknarniðurstöður sem mæltu á móti framkvæmdunum fyrr en síðastliðið vor. Hvernig er hægt að taka ákvarðanir um þvílíkar framkvæmdir, hvað þá upplýstar ákvarðanir, án þess að öllum steinum sé velt við í leit að svörum? Við eigum kröfu á því að ákvarðanir sem snerta þjóðarhag í nútíð og framtíð, séu teknar á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga og öllum hliðum velt upp. Það er gegnsæ stjórnsýsla og það eru vinnubrögð sem sæma fyrirtækjum í opinberri eigu.

Anna Sigríður Guðnadóttir

Samfylkingin, ein flokka, hefur sett fram vel ígrundaða stefnu um auðlindanýtingu í sátt við umhverfið. Samfylkingin vill að unnið verði markvisst að því að rannsaka og skoða gögn og gæði íslenskrar náttúru þannig að hægt verði að taka upplýsta ákvörðun um nýtingu landsins gæða. Verndun einstakra svæða er auðlindanýting því hafa má efnahagslegan ávinning af því að bjóða landsmönnum og erlendum ferðamönnum upp á að ferðast um ósnortin svæði. En ávinningurinn verður ekki einungis efnahagslegur heldur felst hann einnig í auknum lífsgæðum þeirra sem njóta og þau verða seint metin til fjár.

Samfylkingin er ekki að slá neinu á frest eða flýja fortíðina. Það er aðal skynsams fólks að læra af reynslunni og af mistökum. Það er líka aðal stjórnmálaflokka að læra af reynslunni, taka tillit til allra fyrirliggjandi gagna, nýrrar þekkingar og breyttra viðhorfa almennings. Það hefur orðið gjörbreyting á viðhorfum og þekkingu í umhverfis- og náttúruverndarmálum meðal almennings undanfarin ár og eðlilegt að lýðræðislega kjörin stjórnvöld taki mið af þeirri þankabreytingu almennings við stefnumótun og ákvarðanatöku.

» Samfylkingin, ein flokka, hefur sett fram vel ígrundaða stefnu um auðlindanýtingu í sátt við umhverfið.

Við búum á Íslandi og við þurfum að nýta okkur auðlindir náttúrunnar og hugvit fólksins til að komast af. Hugvitið er óþrjótandi auðlind sem við eigum að nýta í þágu náttúrunnar og okkar allra þannig að náttúra landsins og komandi kynslóðir njóti vafans þegar hann kemur upp.

TENGLAR

www.123.is/annasigga

Höfundur sækist eftir 4.–5. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Hættu Davíð og Halldór vegna Íraksstríðsins?

Björgvin Guðmundsson skrifar um gagnrýni á stjórnmálamenn

FIMM ár voru liðin 11. september frá árásinni á turnana tvo í New York. Í tilefni af því átti NFS viðtal við Jón Baldvin Hannibalssson, fyrrverandi utanríkisráðherra, en hann var sendiherra Íslands í Washington þegar árásin var gerð. Í viðtalinu vék Jón Baldvin að innrásinni í Írak. Hann sagði, að aðild Íslands að innrásinni í Írak væri mesti smánarbletturinn á sögu íslenska lýðveldsins. Ég er sammála því.

Björgvin Guðmundsson

Verkefni rannsóknarnefndar Alþingis

Ég skrifaði nokkrar blaðagreinar um mál þetta. Í grein, sem ég skrifaði í Morgunblaðið um málið í mars 2003 lagði ég til, að Alþingi skipaði rannsóknarnefnd til þess að rannsaka hvernig ákvörðun hefði verið tekin um, að Ísland styddi innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak. Össur Skarphéðinsson alþingismaður studdi þessa tillögu. En ekki skipaði Alþingi neina rannsóknarnefnd. Sú spurning vaknar undir hvaða kringumstæðum á að skipa rannsóknarnefnd á alþingi. Ef ekki á að gera það þegar talið er, að Ísland styðji ólögmæta árás á annað ríki, hvenær á þá að gera það? Flest bendir til þess að ákvörðun um stuðning Íslands við innrásina í Írak hafi verið tekin á ólögmætan hátt. Tveir menn tóku þessa ákvörðun: Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson. Þeir lögðu málið ekki fyrir ríkisstjórn en lögum samkvæmt á að leggja öll mikilvæg stjórnarmálefni fyrir ríkisstjórn. Og þeir lögðu málið ekki fyrir utanríkismálanefnd alþingis en leggja ber öll mikilvæg utanríkismál fyrir þá nefnd. Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður kom fyrir utanríkismálanefnd og sagði þar, að hann teldi, að árásin á Írak hefði verið ólögmæt, þar eð hún hefði ekki notið stuðnings Öryggisráðs SÞ. Árásin hefði því verið brot á alþjóðalögum.

Ólögmæt ákvörðun – ólögmætt stríð

Ég skrifaði blaðagrein um mál þetta í mars 2005 og sagði þar, að árásin á Írak hefði verið ólögmæt og ákvörðun Íslands um stuðning við árásina hefði verið tekin á ólögmætan hátt. Foringjar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sem tóku umrædda ákvörðun upp á sitt eindæmi og báru málið ekki undir réttar stofnanir, sættu mjög mikilli gagnrýni vegna þess. Þeir hafa nú báðir sagt af sér. Ef til vill gerðu þeir það vegna Íraksmálsins. Þeir hafa ef til vill fundið gagnrýni þjóðarinnar og komist að þeirri niðurstöðu, að þeir hafi gert rangt.

Margir telja, að það sé einmitt Íraksstríðið, sem hafi átt stærsta þáttinn í fylgistapi Framsóknarflokksins. Framsóknarflokkurinn var áður alltaf flokkur, sem studdi frið í heiminum og var andvígur hvers konar hernaðarbrölti. Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra hefur gagnrýnt harðlega aðild Framsóknarflokksins að stuðningi við stríðið í Írak og hann telur,

» Margir telja, að það sé einmitt Íraksstríðið, sem hafi átt stærsta þáttinn í fylgistapi Framsóknarflokksins.

að það mál hafi farið illa með Framsókn. Hins vegar virðist alveg sama hvað Sjálfstæðisflokkurinn gerir. Fylgi hans er alltaf óbreytt. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins virðast kæra sig kollótta um það þó flokkur þeirra hafi stutt ólögmæta árás á annað ríki og þó ákvörðun um það hafi verið tekin á ólögmætan hátt.

Gagnrýnin hefur áhrif

Það er stundum sagt, að stjórnmálaforingjar láti gagnrýni ekki hafa nein áhrif á sig. Þeir hafi svo þykkan skráp. En þetta er ekki rétt. Við höfum tvo nýleg dæmi um stjórnmálmenn sem sögðu af sér vegna mikilla gagnrýni. Finnur Ingólfsson, sem var ráðherra og erfðaprins Framsóknarflokksins, sagði af sér. Hann viðurkenndi síðar í blaðaviðtölum að pólitískar árásir á hann hefðu farið illa með hann og fjölskyldu hans. Árni Magnússon, sem var ráðherra og vonarstjarna Framsóknar sagði einnig af sér alveg óvænt. Þó hann viðurkenndi það ekki í blaðaviðtölum, að mikil gagnrýni á hann hefði valdið afsögn hans, þá var það álit margra að sú hefði verið aðalástæðan. Líklegt er, að mikil gagnrýni á Davíð Oddson og Halldór Ásgrímsson vegna Íraksstríðsins hafi átt stóran þátt í því að þeir ákváðu báðir að hætta í pólitík. Þeir sögðu báðir af sér.

Höfundur er viðskiptafræðingur.

Æskulýðs- og tómstundastarf er forvarnastarf

Dögg Pálsdóttir fjallar um æskulýðs- og tómstundastarf

ALLIR foreldrar eiga þá ósk heitasta að sjá börn sín vaxa og þroskast og verða að nýtum einstaklingum í þjóðfélaginu. Uppeldi tekur mið af þessu. Foreldrar reyna að vernda börn fyrir hættum og kenna þeim að varast þær. Foreldrar kosta kapps um að kenna börnum muninn á réttu og röngu, kurteisi og góða siði og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Dögg Pálsdóttir

» Unglingar sem taka þátt í skipulegu æskulýðs- og tómstundastarfi eru mun líklegri en aðrir til að segja nei við neyslu áfengis og ólöglegra vímuefna.

Eftir því sem börnin eldast og þroskast eflist sjálfstæður vilji þeirra og mótast. Þá koma einnig til sögunnar í lífi þeirra nýir áhrifavaldar, vinir og félagsskapur, sem stundum geta vegið þyngra en hollráð foreldra.

Árekstrar geta því orðið milli foreldra og barna, ekki síst eftir að unglingsárin ganga í garð. Unglingsárin eru mikið mótunartímabil sem að verulegu leyti leggur grunn að framtíðarheill ungs fólks. Það er á þessum árum sem ungmenni geta lent út af sporinu og orðið fyrir alvarlegum hörmungum vegna neyslu áfengis og fíkniefna.

Hvað geta foreldrar lagt af mörkum til að unglingsárin verði börnum sem farsælust? Hvernig geta foreldrar eflt börnin og styrkt þannig að þau segi NEI við helstu ógnum sem að þeim steðja á þessum árum, þ.e. áfengi og ólöglegum vímuefnum?

Unglingarannsóknir sýna að hér eru margir þættir að verki og að vægi þeirra er mismunandi. Tveir þættir hafa þó sýnt sig að skipta meira máli en aðrir. Annars vegar samverustundir með foreldrum og hins vegar vinahópurinn.

Rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem börn í 8.–10. bekk verja meiri tíma með foreldrum eru minni líkur á að þau til leiðist út í áfengisdrykkju eða neyslu ólöglegra vímuefna. Rannsóknir sýna einnig að vinahópurinn og það sem hann er að gera skiptir jafnvel enn meira máli en samverustundirnar með foreldrum. Áhrif vinahópsins og þrýstingur hans sýnir sig að vega þyngra en þrýstingur eða áhrif foreldranna ef sjónarmið rekast á.

Unglingar sem taka þátt í skipulegu æskulýðs- og tómstundastarfi eru mun líklegri en aðrir til að segja nei við neyslu áfengis og ólöglegra vímuefna. Það skiptir því miklu að myndarlega sé stutt við æskulýðs- og tómstundastarf. Í nýlegri grein minni í Morgunblaðinu 19. október sl. var vakin athygli á fyrirhuguðum niðurskurði í þessum málaflokki.

Því verður ekki trúað að Alþingi láti það viðgangast að skertir verði fjármunir til hins mikilvæga forvarnarstarfs sem skipulagt æskulýðs- og tómstundastarf sannarlega er. Nær væri að stuðla að enn meiri grósku í þessari starfsemi með heill og hamingju íslenskra ungmenna að leiðarljósi.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður og gefur kost á sér í 4. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

UMRÆÐAN

Evrópufræði

Pétur Björgvin Þorsteinsson fjallar um námsferð meistaranema í Evrópufræðum til Brussel

STAÐA Íslands gagnvart Evrópusambandinu (ESB) og þýðing samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) í dag, voru helstu umræðuefnin í námsferð meistaranema í Evrópufræðum til Brüssel nú nýverið. Námsferðin var liður í þeirri dagskrá sem Háskólinn á Bifröst býður meistaranemum í Evrópufræðum upp á, en henni er ætlað að dýpka skilning háskólanema á eðli Evrópusambandsins og annarra Evrópustofnanna.

Pétur Björgvin Þorsteinsson

Diana Wallis var einn þeirra einstaklinga sem hópurinn hafði tök á að ræða við. Auk þess að vera þingkona á Evrópuþinginu og sitja á EES-þinginu er hún formaður þeirrar nefndar ESB sem hefur með mál Íslands að gera. Þá er frú Wallis höfundur að bókinni „Forgotten Enlargement – Future EU Relations with Iceland, Norway and Switzerland“ sem kom fyrst út árið 2002 en hefur nú verið endurútgefin. Frú Wallis segir hvatann á bak við bókarskrifin vera þann að hún geti ekki horft á það aðgerðarlaus að með hverri stækkun ESB fjölgi þeim löndum sem geti tekið ákvarðanir um ýmis lög og reglugerðir sem taki svo gildi í Noregi og á Íslandi, jafnvel í Sviss á meðan að stjórnmálafólk og þar með íbúarnir í viðkomandi löndum hafi lítið sem ekkert um það að segja. Í samtali við Bifrestinga kom fram að hennar ósk væri að Íslendingar væru sýnilegri í Brüssel, þeir ættu á hættu að gleymast, sérstaklega eftir því sem lengra liði frá gerð EES-samningsins. Auk þess fór hún ekki leynt með þá afstöðu sína að Ísland ætti að ganga í ESB.

» Námsferðin var liður í þeirri dagskrá sem Háskólinn á Bifröst býður meistaranemum í Evrópufræðum upp á …

Sérstaka athygli háskólanema vakti aukið framlag Íslendinga í Brussel, bæði innan hinna ýmsu stofnanna sem og með stofnun nýrrar skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar tók Anna Margrét Guðjónsdóttir nýráðinn forstöðumaður skrifstofunnar á móti hópnum og greindi frá helstu markmiðum þessa þriggja ára tilraunaverkefnis sveitarfélaganna sem fælist í því að reka skrifstofu í Brüssel í samstarfi við samtök sveitarfélaga á hinum Norðurlöndunum sem hafa rekið slíka skrifstofu þar um árabil. Markmiðið með opnun skrifstofunnar er að geta fylgst betur með undirbúningi stefnumótunar, löggjafar og annarra ákvarðana Evrópusambandsins, sem geta haft áhrif á hagsmuni íslenskra sveitarfélaga. Þá er það hlutverk skrifstofunnar að koma sjónarmiðum íslenskra sveitarfélaga á framfæri eins snemma og mögulegt er og bæta upplýsingamiðlun til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Flestir Bifrestingar áttu það sameiginlegt, óháð skoðunum á því hvort Ísland ætti að ganga í ESB eða ekki, að vilja heyra frá viðmælendum hópsins hvernig þeir litu á samningsstöðu Íslands ef til aðildarviðræðna kæmi. Í einu af áhugaverðari svörunum kom fram að ljóst væri að ákveðnum hópi frá norður- og vesturhluta ESB þætti komin austur-suður slagsíða á sambandið og því myndi aðild Íslands (og Noregs) vera ákveðið skref í þá átt að rétta þá slagsíðu. Þá benti annar viðmælandi meistaranemum á að ef Ísland yrði aðili þá þyrftu þeir ekki að óttast að rödd þeirra myndi ekki heyrast. Lykilatriðið væri að vera vel undirbúin og kunna að koma málum sínum á framfæri, fagmennska fulltrúanna hefði mun meira vægi heldur en stærð þjóðarinnar.

Ferð sem þessi þar sem tækifæri gefst til að heimsækja NATÓ, SHAPE, EFTA, ESA, Framkvæmdastjórn ESB, Ráðherraráð ESB, Evrópuþingið, sendiráð Íslendinga gagnvart NATÓ, fastanefnd Íslendinga og sendiráð gagnvart ESB, skrifstofu Sameinuðu Þjóðanna og hina nýstofnuðu skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, hlusta á skipulega framsett erindi og taka þátt í faglegum umræðum á hverjum stað er vel til þess fallin að auka skilning og þekkingu á því flókna evrópska og alþjóðlega samhengi sem Ísland er hluti af.

Höfundur er meistaranemi í Evrópufræðum við Háskólann á Bifröst.

Fráhvarfseinkenni stjórnmálafíknarinnar?

Halldór Halldórsson skrifar um stjórnmál

EINS og allir sem á annað borð fylgjast með pólitísku argaþrasi ættu að hafa séð, er það sumum stjórnmálamönnum óskaplega erfitt að slíta sig frá sviðsljósi fjölmiðlanna þegar þeir hætta störfum sem kjörnir fulltrúar og setjast í „helga steina“. Hér á ég auðvitað einungis við þá einstaklinga sem virðast sjálfviljugir hafa dregið sig út úr daglega þrasinu og hugsanlega gengið til annarra þarfra verka (nefndi einhver bitlinga?) eða sest að öðrum hugðarmálum sínum sem lítill tími gafst til að sinna á stjórnmálaskeiðinu.

Halldór Halldórsson

Undanfarin misseri hafa landsmenn t.d. fengið að fylgjast með framgöngu manna á borð við Sverri Hermannsson, Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrím Hermannsson. Við alla þessa aðila var „gert vel“ um hvarf til annarra verka eftir stjórnmálavafstur. Þeir hafa hins vegar, hver á sína vísu, kosið að hefja upp raust sína með nöldri og naggi um fyrrverandi pólitíska andstæðinga, en einnig um fyrrverandi samherja. Þannig virtist helst kvikna á tjáningarperunni hjá Steingrími Hermannssyni þegar hann fann þörf til að hnjóða í Halldór Ásgrímsson og allir hafa fengið um árabil að fylgjast með hatursherferð Sverris á hendur forystumönnum Sjálfstæðisflokksins.

Nú síðast er það Jón Baldvin sem finnst greinilega orðið kalt í rökkri stjórnmálahjásetunnar og hann er svo sannarlega reiðubúinn að grípa til allra meðala til að komast í fréttirnar. Nú sýndist honum hann geta nýtt sér nýkviknaða umræðu um njósnir og hleranir kaldastríðsáranna og segir hann síma sjálfs sín hafa verið hleraðan á ráðherrakontórnum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hann lýgur þessu eins og hann er langur til. Og auðvitað á hann ekki í nokkrum vanda með að nefna til sögunnar nokkra aðila sem eru reiðubúnir að taka þátt í leiknum með honum.

» En eins og gerist svo oft, snúast vopnin í höndum óvandaðra.

En eins og gerist svo oft, snúast vopnin í höndum óvandaðra. Í ljós hefur nefnilega komið, að Jón Baldvin bað einn undirmanna sinna í utanríkisráðuneytinu að afla upplýsinga um hvort Svavar Gestsson og Hjörleifur Guttormsson, keppinautar hans um fylgi á vinstri kantinum, hefðu óhreint STASI-mjöl í pokahorninu frá veru sinni í Austur-Þýskalandi. Það skipti hann auðvitað ekki nokkru máli að Svavar sat á þessum tíma sem menntamálaráðherra í sömu ríkisstjórn og hvar Jón Baldvin gegndi embætti utanríkisráðherra. Og nú er undirmaðurinn fyrrverandi úr utanríkisráðuneytinu orðinn „alræmdur hægri maður“ sem hafi alla tíð setið á svikráðum við ráðherrann sinn. Er ekki einkennilegt, í ljósi þessa álits Jóns Baldvins, að hann hafi einmitt sett þennan „alræmda“, svikula hægri mann í verkið?

Hver veit nema vísa Stephans G. ödlist nú nýja merkingu og að Jón Baldvin sjái að hann hefði bara átt að láta sér nægja að ljúga til og gera sig breiðan í endurminningabókum sínum:

Kalt er við kórbak,
kúrir þar Jón hrak,
ýtar snúa austur og vestur,
allir nema Jón hrak.

Höfundur er skrifstofumaður í Hafnarfirði

Aðsendar greinar á mbl.is

www.mbl.is/greinar

Dóra Hjálmarsdóttir: Áhættumati fyrir Kárahnjúkavirkjun er ekki ábótavant.
Oddur Benediktsson: Áhættumati fyrir Kárahnjúkavirkjun er ábótavant.
www.mbl.is/profkjor
Elín Jóhannesdóttir Styðjum konur innan Sjálfstæðisflokksinn
Björn Gíslason styður Vernharð Guðnason í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.
Atli Rafn Björnsson styður Guðfinnu S. Bjarnadóttur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Þóranna Jónsdóttir styður Guðfinnu S. Bjarnadóttur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Friðargæslan á tímamótum

Sæunn Stefánsdóttir fjallar um Íslensku friðagæsluna

MEÐ sanni má segja að Íslenska friðargæslan standi á merkum tímamótum. Utanríkisráðherra vinnur að endurskoðun friðargæslunnar og hefur sett fram ný markmið í ljósi þeirrar reynslu og þekkingar sem við Íslendingar höfum aflað okkur þau 5 ár sem friðargæslan hefur starfað í núverandi mynd. Sú staðreynd að við erum herlaust land hlýtur að móta áherslur okkar í friðargæslunni um leið og hún skapar okkur ákveðna sérstöðu í samstarfi við önnur ríki og alþjóðastofnanir.

Sæunn Stefánsdóttir

Sátt ríki um friðargæsluna

Mikilvægt er að sátt ríki um starfsemi friðargæslunnar. Ég tek því undir með utanríkisráðherra um að afar mikilvægt sé að þingið og utanríkismálanefnd sem og þjóðin öll ræði um starfsemi friðargæslunnar og áherslur í starfi hennar. Í þeim tilgangi mætti utanríkisráðherra m.a. á fund utanríkismálanefndar þingsins í vikunni sem leið.

Ásýndin milduð

Ég fagna áherslum Valgerðar Sverrisdóttur, utanríkisráðherra, um að mýkja ásýnd friðargæslunnar og auka starfsemi hennar á borgaralega sviðinu. Áherslunni nú er sérstaklega beint að fjórum sviðum, þ.e. löggæslu og réttarfari, flugmála- og flugvallarstjórnun, fjölmiðla- og upplýsingamálum og heilbrigðismálum. Í þessum anda er nýtt verkefni á vegum friðargæslunnar en íslensk ljósmóðir og íslenskur hjúkrunarfræðingur eru farin til Afganistan þar sem þau munu standa fyrir fæðingarnámskeiði. Á Íslandi er lægstur burðarmálsdauði í heiminum. Við eigum á að skipa velmenntuðu og reyndu fagfólki á öllum sviðum heilbrigðiskerfisins og við höfum því margt að leggja til alþjóðasamstarfs á þessu sviði. Verkefnið er gott dæmi um þá þróun sem er að verða í friðargæslunni, þróun sem gefur fleiri konum færi á að starfa fyrir Íslensku friðargæsluna.

» Við eigum á að skipa velmenntuðu og reyndu fólki á mörgum sviðum sem getur lagt sitt af mörkum til alþjóðasamfélagsins

Byggjum á styrkleika okkar

Íslendingar bera ábyrgð í samfélagi þjóðanna, sérstaklega í ljósi þeirrar almennu velferðar sem við höfum skapað okkur. Við eigum á að skipa velmenntuðu og reyndu fólki á mörgum sviðum sem getur lagt sitt af mörkum til alþjóðasamfélagsins. Þar má nefna verkefni eins og við mæðra- og ungbarnaeftirlit og verkefni á sviði flugvalla- og flugmálastjórnar í Kosovó og Kabúl. Stefnumörkun utanríkisráðherrans er í takt við íslensku þjóðarsálina um að við sem herlaust land látum til okkar taka á þeim sviðum sem við erum sterk, t.d. á sviði mannréttindamála og heilbrigðismála. Í þessum anda er ég viss um að við getum enn eflt starf Íslensku friðargæslunnar og stuðlað að því að um starfsemi hennar ríki sátt.

Höfundur er þingmaður Framsóknarflokks og situr í utanríkismálanefnd þingsins.

LANGHOLTSVEGUR - SALA - LEIGA

Kjöreign kynnir til sölu eða leigu vel staðsett verslunar- og þjónustuhúsnæði við Langholtsveg. Um er að ræða tvo eignarhluta á jarðhæð/götuhæð og tvö rými í kjallara með innkeyrsluhurðum, alls 725 fm. Selst eða leigist saman eða í einingum.

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum Kjöreignar.

Kjöreign ehf

Traust og örugg þjónusta í 30 ár

Dan V.S. Wiium hdl.,lögg. fasteignasali

Ármúla 21 • 108 Reykjavík • Sími 533 4040 • Fax 533 4041
kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

Kristinn Valur Wiium sölumaður s. 896 6913 og Ólafur Guðmundsson sölustjóri s. 896 4090

Bréf til blaðsins

Morgunblaðið Hádegismóum 2, 110 Reykjavík ■ Bréf til blaðsins | mbl.is

Alltaf harðnar á dalnum

Frá Árna Helgasyni:

ÉG MÆTTI um daginn einum af yfirmönnum löggæslunnar í Reykjavík. Tal okkar barst að áfengismálum, fíkniefnabölinu og viðfangsefnum lögreglunnar. Lögreglan sagði mér að níutíu prósent af afskiptum þeirra vörðuðu neytendur áfengis. Allt lið lögreglunnar um kvöld og helgar dugir ekki til í viðureign við drukkna ofbeldisseggi og hamslausa eiturlyfjaneytendur. Flest útköll beinast að því að stilla til friðar á heimilum, í veitingahúsum og á götunum. Og undantekningarlaust er þetta óheillafólk undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Yfirborð áfengiselfunnar hækkar, nær nú inn í íþróttahúsin sem komast ekki af með reksturinn án vínveitingaleyfa. Golfskálarnir standa þarna fremstir í flokki.

Árni Helgason

Og áfram skal greiða götu fíkniefna og berjast á Alþingi fyrir léttvíninu inn í allar matvörubúðir landsins. Þetta eru forvarnir alþingismanna sem leika tveimur skjöldum í pontu. Jafnframt krefjast þeir fjölgun fangahúsa. Sem sé: Fjölgum fangelsum og fíkniefnaneytendum. Ja, menningin má sín mikils.

Bannlögin gerðu mikið gagn á meðan þau stóðu. En þau voru afnumin því þau voru brotin. Eftir afnám bannlaganna harðnaði á dalnum. Hver tilslökunin fylgdi annarri fram á nýja öld. Vandinn vex nú með hverri tilslökun því það hallar æ meira á kostnaðarþátt ríkisins í mótvægi við hagnað. Arðsemin engin, tjónið óbærilegt.

Áfengismagnið mælist aldrei meira sem nú meðal þjóðarinnar. Geta Íslendingar setið aðgerðarlausir og horft upp á ungt fólk missa fótanna og farast í þessum eiturefnum?

ÁRNI HELGASON
fv. stöðvarstjóri Pósts og síma,
Stykkishólmi.

Ekki missa af Sumardegi

Frá Pétri Gunnarssyni:

Á SMÍÐAVERKSTÆÐI Þjóðleikhússins er um þessar mundir verið að sýna Sumardag eftir norska leikskáldið Jan Fosse. Þetta mun vera fyrsta verkið sem fært er upp eftir Fosse á Íslandi, en hann er um þessar mundir það leikskáld á Norðurlöndum sem hvað mesta athygli hefur vakið og mest verið leikinn á meginlandi Evrópu.

Ástæðan fyrir því að ég hripa þessar línur er að ég hef séð þetta verk í leikstjórn Antons Heiðars Pálssonar og hreifst svo mjög að fremur dræmir blaðadómar komu mér á óvart. Ef vera mætti að þessar línur gætu orðið til þess að einhverjir leikhúsgestir misstu ekki af sýningunni teldi ég tilganginum náð.

Um hvað er Sumardagur? Verkið orkaði á mig eins og langt og fagurt ljóð. Það fjallar um ung hjón sem eru nýflutt í gamalt hús á afskekktum stað og síðan gerist tvennt: maðurinn hverfur og konan fær heimsókn.

En allan tímann vindur fram tveimur tímum, „nú“ og „þá“. Þannig að aðalpersónan er leikin af tveimur leikkonum: Kristbjörgu Keld og Margréti Vilhjálmsdóttur sem á stundum eru samtímis á sviðinu en þannig er því einmitt varið um okkur öll, við erum þau sem við erum í núinu og um leið allt sem á undan er gengið. Hver maður er hersing.

Er skemmst frá því að segja að þær Kristbjörg og Margrét miðla þessari konu með svo blæbrigðaríkri túlkun að unun er á að horfa. Og aðrir leikarar verksins halda til jafns við þær, tekst m.a.s. að innrétta skoplega vídd í þetta tregafulla hús. Já, vel á minnst, húsið leikur sitt hlutverk líka, öðru hverju tekur að streyma birta upp um gólffjalirnar, eins og húsið lifni og það lifnar, því auðvitað eiga hús líka sín líf. Þarna er greinilega að verki ljósamaður sem kann að lesa hús.

Í stuttu máli: hér er á ferðinni sýning sem er upplifun. Ef ég ætti að slá varnagla þá væri það helst að fara ekki í leikhúsið með því hugarfari að springa úr hlátri strax á þriðju replikku. En þeim mun lengur ómar Sumardagur í huganum.

PÉTUR GUNNARSSON,
rithöfundur.

Færri skrifborð – minni skýrslugerð

Frá Jóhanni Páli Símonarsyni:

ALÞINGISMENN eru kjörnir af Reykvíkingum. Þeir eiga að leggja sérstakt kapp á að gera Reykjavík öruggari borg. Hér ætti fólk að geta ferðast um borgina sína áhyggjulaust á hvaða tíma sólahringsins sem er. Þetta er útgangspunktur minn til að ná því markmiði, það þarf aðeins að finna hina tæknilegu útfærslu til að svo verði.

Einu sinni voru settir upp bráðskemmtilegir pappalögregluþjónar ökumönnum til viðvörunar á Reykjanesbrautinni. Sú aðferð skilaði takmörkuðum árangri og nýttist fremur í þágu Spaugstofunnar en umferðaröryggis. Tvöföldun brautarinnar skilar sér aftur á móti eins og stefnt var að, því það er tæknilega rétt aðgerð til að leysa vandamálið.

Jóhann Páll Símonarson

Eins er það með öryggið í henni Reykjavík. Til að draga úr glæpum og slysum í borginni þarf að draga úr inniveru lögreglumanna og efla þá til dáða utandyra. Það er gert með því að fækka skrifborðum og skýrslugerð og efla lögregluna í nauðsynlegu starfi úti á meðal borgaranna. Það er eitt af áherslumálum mínum í stjórnmálum.

JÓHANN PÁLL SÍMONARSON,
sjómaður og tekur þátt
í prófkjöri sjálfstæðismanna
í Reykjavík.

Íslendingar á mótþróaskeiðinu í hvalamálum?

Frá Ásgeiri R. Helgasyni:

UNDIRRITAÐUR býr í Stokkhólmi og var hópstjóri í náttúruferð 17 sænskra samstarfsmanna til Íslands fyrir nokkrum árum þar sem m.a. var farið í hvalaskoðun frá Húsavík. Ferðin þótti afar vel heppnuð og spurðist fljótt út. Fjölmargir höfðu samband við undirritaðan og lýstu yfir áhuga á að endurtaka svipaða ferð. Því var hafinn undirbúningur fyrir nýja ferð 2007 með nýjan hóp. Áður en tilkynnt var um hvalveiðar íslendinga höfðu rúmlega tuttugu manns (þar af 7 börn) lýst yfir áhuga á ferðinni og margir fleiri voru að skoða málið. Undirbúningi vegna ferðarinnar hefur nú verið aflýst vegna harðra viðbragða hugsanlegra þátttakenda við hvalveiðum Íslendinga. Viðbrögð fólks voru m.a. þau að foreldrar barna vildu ekki eiga það á hættu að börnin þeirra yrðu vitni að slátrun hvala í skoðunarferð á hvalaslóðir meðan aðrir vildu hætta við af prinsippástæðum. Þó þetta sé lítill hópur miðað við þann fjölda ferðamanna sem kemur til Íslands ár hvert er ég sannfærður um að þetta fólk sé ekki eitt um þessa skoðun. Sjálfur sakna ég þess að fá ekki súrt hvalspik á þorra og trúi vel Gísla Víkings um nýtanleika vissra hvalastofna. En ég get bara ekki séð heila brú í því að stofna náttúruímynd Íslands í voða fyrir nokkra hvali sem líklega er ekki hægt að koma í verð hvort eð er. Afstaða Íslendinga í þessu máli minnir helst á ungling í uppreisn gegn foreldravaldinu.

ÁSGEIR R. HELGASON,
sálfræðingur og býr í Svíþjóð.

EIGNAMIÐLUN
sími: 588 9090 * fax: 588 9095 * Síðumúla 21
SKORRADALUR

Tveir vel staðsettir sumarbústaðir á einni hæð við Skorradalsvatn. Bústaðirnir eru 52,8 fm að stærð auk 4,7 fm útigeymslu. Nýlegir leigusamningar. Fallegt útsýni. **V. 13,5 millj.** 6189

eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

MINNINGAR

Lúðvík Per Jónasson

✝ Lúðvík Per Jónasson fæddist í Vestmannaeyjum 16. febrúar 1948. Hann varð bráðkvaddur á heimili sínu 27. september síðastliðinn. Móðir hans var Guðlaug Björg Sveinsdóttir hárgreiðslumeistari, f. í Reykjavík 16.2. 1920, d. 7.5. 2004. Foreldrar hennar voru Sveinn Jóhannesson, stýrimaður og húsasmíðameistari frá Hofgörðum á Snæfellsnesi, f. 1888, d. 1951, og Kristrún Jónsdóttir, húsmóðir frá Látruvík í Eyjasveit, f. 1887, d. 1942, og bjuggu þau í Reykjavík. Faðir Lúðvíks var Jónas St. Lúðvíksson, rithöfundur frá Vestmannaeyjum, f. 6.3. 1919, d. 2.5. 1973, foreldrar hans voru Lúðvík Júlíus Hjörtþórsson, verkamaður frá Eyrarbakka, f. 5.7. 1892, d. 13.10. 1973, og Bjarnhildur Einarsdóttir, húsmóðir undan Eyjafjöllum, f. 14.1. 1890, d. 30.10. 1963, og bjuggu þau í Vestmannaeyjum. Eftirlifandi stjúpfaðir Lúðvíks er Árni Gunnar Sveinsson sjómaður, f. 3.11. 1923. Foreldrar hans voru hjónin Sveinn Árnason, sjómaður og formaður í Garðinum, f. 1892 í Garðinum, d. 1987, og Guðrún Eyjólfsdóttir húsmóðir, f. 1898 í Haughúsum á Álftanesi, d. 1981. Systkini Lúðvíks eru Rúnar Ketill Georgsson, f. 14.9. 1943, Soffía Jónasdóttir, f. 23.12. 1951, og Hafþór Björgvin Jónasson, f. 21.5. 1962.

Lúðvík kvæntist 16.5. 1970 Þóru Valdísi Valgeirsdóttur frá Seyðisfirði, þau skildu árið 1992. Þau eiga sex börn, þau eru: 1) Sigfinnur Þór, f. 27.12 1966. Konan hans er Sigurdís Gunnarsdóttir, f. 2.11. 1966. Börnin þeirra eru Gunnar, f. 12.3. 1984, dóttir hans er óskírð, f. 10.9. 2006, Dagur Þór, f. 1.6. 2000 og Elísa Dís, f. 18.2. 2006. 2) Hildur Júlía, f. 22.2. 1972. Maður hennar er Sveinbjörn Másson, f. 16.4. 1967. Börnin þeirra eru Bryndís Jóna, f. 19.3. 1985, Karel Fannar, f. 8.6. 1993, Aron Freyr, f. 5.8. 1995, og Adam Örn, f. 13.7. 1998. 3) Guðrún Björg, f. 20.5. 1975. Maðurinn hennar er Gísli Ólafsson, f. 30.1. 1967. Börnin þeirra eru Daníel Andri, f. 20.7. 1997, Jón Þór, f. 1.10. 1998, Þóra Valdís, f. 29.5. 1999, og Árni Valur, f. 25.1. 2006. 4) Jónas Árni, f. 25.3. 1979. 5) Hannes Valur, f. 5.12. 1981. 6) Soffía Rúna, f. 11.7. 1983. Dóttir hennar er Aníta Dögg Sigurðardóttir, f. 9.7. 2003.

Lúðvík lauk Gagnfræðaskóla Kópavogs 1964, 4. stigi í Vélskóla Íslands 1974 og sveinsprófi í vélvirkjun í vélsmiðju KÁ á Selfossi 1985. Hann var vélstjóri til sjós eftir það á hinum ýmsu farskipum hérlendis og erlendis og togurum lengst af á Eskifirði. Sjómennsku stundaði hann nær alla sína tíð svo lengi sem heilsan leyfði.

Lúðvík var jarðsunginn í kyrrþey.

Elsku pabbi.

Ég sendi þér kæra kveðju,
nú komin er lífsins nótt.
Þig umvefji blessun og bænir,
ég bið að þú sofir rótt.
Þó svíði sorg mitt hjarta
þá sælt er að vita af því
þú laus ert úr veikinda viðjum,
þín veröld er björt á ný.

Ég þakka þau ár sem ég átti
þá auðnu að hafa þig hér.
Og það er svo margs að minnast,
svo margt sem um hug minn fer.
Þó þú sért horfinn úr heimi,
ég hitti þig ekki um hríð.
Þín minning er ljós sem lifir
og lýsir um ókomna tíð.

(Þórunn Sigurðardóttir.)

Blessuð sé minning þín.
Þinn

Sigfinnur Þór.

Faðir vor, þú sem ert á himnum.
Helgist þitt nafn,
til komi þitt ríki,
verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.
Gef oss í dag vort daglegt brauð,
og fyrirgef oss vorar skuldir,
svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum.
Eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu.
Því að þitt er ríkið,
mátturinn og dýrðin
að eilífu. Amen.

Elsku hjartans pabbi minn, þetta er bænin þín og það er ólýsanlega sárt að sitja hér og hugsa til þess að þú sért farinn svona fljótt, ekki nema 58 ára gamall. En eins og Aron minn sagði, þá fáum við bara visst langa þræði og þinn var búinn, þú varst kominn út á enda á þínum þræði. En minningarnar eru margar sem þjóta um hugann. Útilegur, veiðiferðir, óþrjótandi áhugi á eldamennsku og á ég nú nokkrar uppskriftir frá þér, útskurður, ljósmyndataka og út af því er til urmull af myndum af öllu og öllum. En enginn veit sína ævi fyrr en öll er og verst fannst okkur að þú skyldir ekki ná að flytja hingað á Selfoss því þú varst búinn að kaupa þér íbúð hérna og varst svo spenntur yfir og ekki síst voru börnin og barnabörnin sem sáu að þá gætu þau farið til þín í heimsókn hvenær sem er en við kveikjum bara á kerti og minnumst þín.

Hér er svo dapurt inni, –
ó, elsku pabbi minn,
ég kem að kistu þinni
og kveð þig hinsta sinn.
Mér falla tár af trega
– en treginn ljúfsár er –
svo undur innilega
þau einmitt fróa mér.

Ég þakka fræðslu þína
um það, sem dugar best,
er hjálpráð heimsins dvína,
og huggað getur mest.
Þú gekkst með Guði einum
og Guði vannst þitt starf,
hið sama af huga hreinum
ég hljóta vil í arf.

Nú ertu farinn frá mér,
en föðurráðin þín,
þau eru ávallt hjá mér
og óma blítt til mín:
Guðs orðum áttu að trúa
og ávallt hlýða þeim,
það mun þér blessun búa
og ber þig öruggt heim.

(B.J.)

Ég mun ætíð sakna þín. Hvíl í friði, elsku pabbi. Þín dóttir

Hildur.

Elsku pabbi minn.

Ég trúi því ekki enn að þú sért farinn frá okkur ekki eldri en þú varst en kaldur raunveruleikinn segir mér annað. Einhvern veginn hélt ég að þú yrðir alltaf til staðar en það reyndist því miður ekki rétt hjá mér. Ég mun ávallt sakna þín og minnast góðu stundanna sem við áttum saman og vera þakklát fyrir þær. Ég veit að þú ert á góðum stað núna og þér líður vel, það mun ylja mér um hjartarætur um ókomna tíð. Huggun er okkur í þungum harmi að vita þig lausan við sjúkdóms böl.

Hvílandi nú upp að alföður barmi
hugljúfan, frískan og lausan við kvöl.

Ástvinir allir nú saman hér stöndum
og leitum að styrk kæri drottinn til þín.
Trú á þig bindi oss fastari böndum
nú að huggun í harmi við leitum til þín.

Á kveðjustund við erum hér
kæru vinir, frændur og frænkur.
Lífið kemur og lífið fer
en öll við hittumst um síðir aftur.

Nú kveðjum við þig, kæri vinur,
sem á förum ert í burtu hér.
En nú hittir þú alla ættmennina
sem farnir eru á undan þér.

(Höf. ók.)

Hvíl þú í friði, elsku pabbi minn.
Þín dóttir

Guðrún.

Það er alveg ólýsanlega erfitt að setjast niður og skrifa þessar línur til þín, elsku pabbi minn. Ég get ekki og vil ekki trúa því að þú sért farinn frá okkur. Þú sem varst á besta aldri og manni fannst eins og þú ættir svo langt eftir þrátt fyrir veikindi þín. Loksins þegar þú ætlaðir að flytja aftur hingað á Selfoss til okkar var þér kippt í burtu. Mér finnst það svo sárt, þú sem varst orðinn svo spenntur yfir því að fá barnabörnin oftar í heimsókn til þín og að vera nær krökkunum þínum. Það eru svo ótalmargar minningar sem fara um hugann núna á þessum erfiða tíma, minningar sem ég á eftir að varðveita vel í hjarta mínu. Allar veiðiferðirnar, útilegurnar og þegar þú varst að sýna mér hvernig ætti að hnýta flugur til þess að veiða með, hvernig ætti að skera út í við og hlaða skothylkin. Þetta er allt svo óraunverulegt, að eiga aldrei eftir að sjá þig eða heyra rólegu röddina þína aftur. Tala við þig um allt og ekkert. Þú spurðir alltaf þegar við heyrðumst hvort litla afadúllan þín væri ekki hress og öll samtöl enduðu á því að þú baðst mig um að kyssa litlu dúlluna þína frá afa Lúlla og ætla ég að halda því áfram. Hún var alltaf svo glöð þegar hún fékk koss frá mér og ég sagði að þessi væri frá afa Lúlla. Ég á eftir að sakna þín svo mikið að engin orð fá því lýst. Vona bara að þér líði betur núna, elsku pabbi minn.

Við andlátsfregn þína allt stöðvast í tímans ranni.
Og sorgin mig grípur, en segja ég vil með sanni,
að ósk mín um bata þinn tjáð var í bænunum mínum,
en guð vildi fá þig og hafa með englunum sínum.

Við getum ei breytt því, sem frelsarinn hefur að segja,
um hver fær að lifa, og hver á svo næstur að deyja.
Þau örlög, sem við höfum hlotið, það verður að skilja.
Svo auðmjúk og hljóð við lútum að frelsarans vilja.

Þó sorgin sé sár og erfitt sé við hana að una,
við verðum að skilja og alltaf við verðum að muna,
að guð, hann er góður og veit hvað er best fyrir sína.
Því treysti ég nú að hann geymi vel sálina þína.

Þótt farin þú sért og horfin burt þessum heimi.
Ég minningu þína þá ávallt í hjarta mér geymi.
Ástvini þína ég bið síðan guð minn að styðja,
og þerra burt tárin, ég ætíð skal fyrir þeim biðja.

(Bryndís Jónsdóttir.)

Ég mun ætíð sakna þín, elsku besti pabbi minn.
Þín dóttir

Soffía Rúna.

Elsku pabbi, við viljum þakka þér fyrir allt sem þú gafst og kenndir okkur. Minning þín lifir í hjarta okkar.

Með þökk ég kveð þig,
kæri pabbi minn.
Ég kann víst ekki
að skrifa um feril þinn.
En allt það góða
er þú kenndir mér
mun ávallt sýna
rétta mynd af þér.

Nú færðu hvíld
og hvíldin sú er góð,
þó hverfi spor
sem vitna um langa slóð.
Nú sveipast blessun
sál og andi þinn
og soðfu í friði,
elsku pabbi minn.

(R.K.)

Guð gefi mér æðruleysi
til að sætta mig við það
sem ég fæ ekki breytt,
kjark til að breyta því
sem ég get breytt
og vit til að greina þar á milli.

(Reinhold Niebuhr.)

Þínir synir

Jónas og Hannes

Elsku afi minn.

Láttu nú ljósið þitt
loga við rúmið mitt.
Hafðu þar sess og sæti,
signaði Jesús mæti.

(Höf. ók.)

Hér kveð ég þig, elsku afi, með söknuði og sorg í hjarta og minningarnar skjótast upp í huga mér og þá einna helst hvað þú varst alltaf góður við okkur barnabörnin og aldrei fúll eða í fýlu. Talaðir bara alltaf með þinni rólegu rödd og enginn asi var í kringum þig. Spurðir alltaf þegar við hittumst hvernig gengi í boltanum og í skólanum. Þú hafðir alltaf tíma til þess að ræða málin og fyrir það er ég þakklátur, afi minn.

Þín alltaf mun ég minnast
fyrir allt það góða sem þú gerðir,
fyrir allt það sem þú skildir eftir,
fyrir gleðina sem þú gafst mér,
fyrir stundirnar sem við áttum,
fyrir viskuna sem þú kenndir,
fyrir sögurnar sem þú sagðir,
fyrir hláturinn sem þú deildir,
fyrir strengina sem þú snertir.
Ég ætíð mun minnast þín.

(F.D.V.)

Hvíldu í friði, þín verður sárt saknað.
Þinn

Karel Fannar.

Elsku besti afi, nú þegar þú ert fallinn frá, langt fyrir aldur fram, ríkir mikil sorg og söknuður á okkar heimili. Það verður skrítið að afi Lúlli skuli ekki koma til okkar og gista hjá okkur í sveitinni sem við erum nýflutt í. Það var alltaf gaman þegar þú komst, elsku afi, því að þú varst alltaf svo góður við okkur og ekki skemmdi það fyrir að þú lumaðir alltaf á nammi sem þú keyptir á BSÍ í bænum áður en þú komst á Selfoss, þó svo að þú ættir ekki lengur leið á BSÍ eftir að þú varst kominn á þinn eigin bíl, þá fórstu samt þangað og keyptir nammipoka handa öllum.Það voru ófáar stundirnar sem við sátum hjá þér í stofunni og þú sagðir okkur sögur, það voru sögur af því þegar þú flakkaðir um heimsins höf á skipunum, það voru sögur af því þegar þú varst lítill strákur og það voru sögur af prakkarastrikunum þínum. Okkur fannst prakkarasögurnar skemmtilegastar.

Við vitum það að núna ertu kominn á betri stað og þér líður vel, núna geturðu hlaupið um með hinum englunum og hitt mömmu þína og pabba.

En komin eru leiðarlok
og lífsins kerti brunnið
og þín er liðin æviönn
á enda skeiðið runnið.
Í hugann kemur minning mörg,
og myndir horfinna daga,
frá liðnum stundum læðist fram
mörg ljúf og falleg saga.

(Höf.ók.)

Hvíl þú í friði, elsku besti afi.

Daníel Andri, Jón Þór, Þóra Valdís og Árni Valur.

Elsku afi Lúlli.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.

(V. Briem)

Nú ertu dáinn og farinn frá okkur alltof fljótt og við minnumst þín hvað þú varst skemmtilegur og góður. Þú nenntir alltaf að horfa á sjónvarpið og tala við okkur svo gafstu okkur alltaf nammi þegar þú komst í heimsókn. Við hlökkuðum svo til að þú værir að flytja hingað á Selfoss því þá gætum við alltaf heimsótt þig þegar við vildum með Matta. En nú ertu hjá Guði og orðinn engill og við hugsum bara til þín þá kemurðu til okkar.

Ég veit að þú hjá englum ert
og ekkert getur að því gert.
Í anda ert þú mér alltaf hjá
og ekki ferð mér frá.

Ég Guð nú bið að gæta þín
og græða djúpu sárin mín.

Vigdís Einarsdóttir

✝ Vigdís Einarsdóttir fæddist í Reykjavík 24. september 1953. Hún lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut laugardaginn 7. október síðastliðinn og var útför hennar gerð hinn 13. október – í kyrrþey að hennar eigin ósk.

„...bognar aldrei, brotnar í bylnum stóra seinast.“ Þessi ljóðlína Stephans G. Stephanssonar kom í huga minn við fráfall minnar ástkæru vinkonu Vigdísar Einarsdóttur. Þessi orð eru svo táknræn fyrir afstöðu hennar til alls sem hún tók sér fyrir hendur, til alls þess sem henni var ætlað að takast á við. Henni var úthlutað býsna stórum verkefnum. Það var aðeins fyrir sterkustu stofna að kikna ekki undir þeim. Hún vinkona mín var þeim einstaka eiginleika gædd að standa keik í bylnum meðan stætt var. Það var í hennar stíl að fara með reisn í faðmi Árna, snöggt. Að bogna aldrei, ekki heldur þótt hún væri helsjúk, en brotna í bylnum stóra seinast, sem enginn fær ráðið við.

Tilveran án Viddu er okkur svo mörgum, sem þótti óendanlega vænt um hana, nánast óhugsandi. En minningarnar um hana eru óforgengilegar og dýrmætar eins og perlubönd.

Aðeins fegurstu lýsingarorð íslenskrar tungu mundu duga til þess að lýsa vinkonu minni, sem var svo stór og sterk í andanum, þótt hún væri líkamlega fíngerð. Vidda var þeirrar gerðar að hún hugaði meira að öðrum en sjálfri sér. Hún hafði óendanlega stórt hjarta, það stærsta sem ég hef kynnst, og þar var rúm fyrir alla. Kímnin hennar skein skærara en sólin, þótt húmorinn væri svartur í bland. Sjarminn ómótstæðilegur, áhuginn á öllu sem lífið hefur að bjóða, ástin á umhverfinu, og ekki síst skilyrðislaus ástin á þeim nánustu.

Ég kveð yndislega vinkonu. Tilveran tekur nú á sig aðra og dekkri liti en þá skæru liti sem einkenndu Viddu og alla samveruna með henni.

Góðu vinir, hugurinn og bænir mínar eru hjá ykkur: Árna, Huldu og hennar fjölskyldu, Sollu og foreldrum Viddu þeim Huldu og Einari. Tíminn bætir ekki fyrir missinn, en hann bregður slæðu yfir sárustu sorgina.

Sigríður Hrafnhildur Jónsdóttir, Vínarborg.

Í bæn ég bið þig sofa rótt
og býð þér góða nótt.
(S.P.Þ.)

Guð geymi þig, elsku afi.
Þínir afastrákar
Aron Freyr og Adam Örn

Elsku afi Lúlli.

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.
(Sveinbjörn Egilsson.)

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.
(Matthías Jochumsson.)

Þín barnabörn
Dagur Þór og Elísa Dís.

Elsku afi Lúlli. Það er svo sárt að fá ekki að kynnast þér betur. Loksins þegar ég var hætt að vera smeyk við þig varst þú tekinn í burtu. Núna ertu orðinn engill á himnum og þegar ég horfi upp í skýin segi ég við mömmu að afi Lúlli sé að horfa á okkur. Þú kallaðir mig alltaf litlu dúlluna þína og ég fékk alltaf reglulega koss frá mömmu sem var frá þér. Alltaf þegar þú komst í heimsókn á Selfoss gafstu mér nammipoka og ég kyssti þig fyrir og var alltaf voðalega ánægð með pokann minn þó að ég þyrfti að geyma hann fram á næsta nammidag. Ég á eftir að sakna þín sárt, elsku afi minn.

Þú vakir, faðir vor,
og verndar börnin þín,
svo víð sem veröld er
og vonarstjarna skín,
ein stjarna hljóð á himni skín.
(Sigurbjörn Einarsson.)

Litla afadúllan þín,
Aníta Dögg.

Mér finnst ég vera hvorki heill né hálfur maður eftir að ég frétti andlát vinar míns Lúðvíks Pers Jónassonar, hann var ekki bara vinur minn, hann var sérstakur vinur minn allt frá æsku.

Líklega höfum við orðið vinir í einsemd okkar ungir, en síðan allar götur höfum við haldið sambandi 2svar á dag, þó aldrei sjaldnar en einu sinni í viku.

Við vorum saman til sjós til margra ára og þoldum saman súrt og sætt.

Lúðvík var einstaklega gamansamur og ljúfur maður.

Hann sá það góða í hverjum og einum, sem ekki öllum er gefið, börnin hans voru honum ofarlega í huga, enda var hann búinn að koma því svo fyrir að hann gæti verið þeim nærri í framtíðinni, átti bara eftir að flytja dótið sitt og sig til þeirra.

Sambýliskona mín varð þeirrar ánægju aðnjótandi að kynnast Lúðvík, sem sagði það að ég ætti hunangsdrottningu. enda varð þeim líka vel til vina.

Ég votta öllum hans aðstandendum mína dýpstu samúð, hugur minn er hjá ykkur.

Gísli Tómas Ívarsson.

Ég vil kveðja Lúlla vin minn með miklu þakklæti í hjarta fyrir margra ára vináttu og tryggð. Það var ekkert sem við ræddum ekki um, hvort sem það tengdist sorg eða gleði.

Við áttu sameiginlegan heim í tónlistinni og spiluðum blús út í eitt og skiptumst á diskum ef við komumst yfir eitthvað sem okkur þótti alveg rosalega sérstakt.

Það er sárt að sjá á eftir svona góðum vini eins og Lúlla, en hans tími var kominn og eftir sitja minningarnar um góðan vin.

Ég vil senda fjölskyldu hans samúðarkveðjur.

Þín vinkona
Helga.

Ósk Hilmarsdóttir

✝ Ósk Hilmarsdóttir fæddist í Reykjavík 19. desember 1952. Hún lést á heimili sínu 21. október síðastliðinn. Foreldrar hennar eru Hilmar R.B. Jóhannsson pípulagningamaður, f. í Reykjavík 21.3. 1928, og Brynja Óskarsdóttir verslunarkona, f. í Neskaupstað 15.8. 1930. Systur Óskar eru Edda, f. 1.7. 1950, gift Rafni Guðlaugssyni skipstjóra, eiga þau fjögur börn og sjö barnabörn; og Ólöf, f. 23.7. 1951, gift Sigurði Bernódussyni vélstjóra, eiga þau þrjú börn og sjö barnabörn.

Önnur börn Hilmars eru Sævar, f. 1945, Guðrún, f. 1949, Kristinn, f. 1950, og Birgir Már, f. 1982.

Ósk giftist 15. desember 1973 Guðmundi Björnssyni sölustjóra, f. í Reykjavík 29.4. 1950, syni Björns Kolbeinssonar rafvirkja úr Kollafirði, f. 6.1. 1921, d. 1968, og Kolbrúnar Guðmundsdóttur sjúkraliða úr Reykjavík, f. 21.12. 1932.

Börn Óskar og Guðmundar eru Kolbeinn, f. 20.4. 1981, nemi við HÍ, Brynja, f. 10.9. 1985, nemi við HÍ, og Saga, f. 11.2. 1993, nemi í Varmárskóla í Mosfellsbæ.

Útför Óskar var gerð í kyrrþey.

Þótt húmi um hauður og voga,
mun himinsins stjörnudýrð loga,
um ást okkar, yndi og fögnuð,
þótt andvarans söngrödd sé þögnuð.
(Tómas Guðm.)

Á laugardaginn var, eftir að Birna mín hafði fært mér fréttirnar, að Ósk okkar væri dáin, fór ég út að keyra, var ein og grét óskaplega. Tók þó eftir því hvað himinninn var undurfagur, ég hafði aldrei séð hann svona fallegan, ekki skýhnoðri, allur litaskalinn, fjólublárra en allt í austri, bleikt og appelsínugult í vestri, mér fannst rétt eins og Guð hefði rétt henni pensilinn, leyft listakonunni Ósk að njóta sín og velja litbrigðin í himininn og réttu stemmninguna í umhverfið, allt eftir hennar listræna auga. Þetta var auðvitað bara tilfinning mín og líka það að hún hafi ekki látið af penslinum fyrr en seint, því um kvöldið og fram á miðnættið voru norðurljósin formfegurri og mikilfenglegri en ég hef nokkru sinni séð þau.

Það hefur alltént verið glæsileg móttökuhátíðin á himnum.

Glaðlyndi, gáski og kraftur finnst mér helst hafa einkennt Ósk, sérleg samviskusemi og nákvæmni í öllu sem hún tók sér fyrir hendur. Mér hefur þótt gott að bera undir hana hvaðeina sem ég hef verið að bögglast með og vantað álit á, því hún var hreinskiptin manneskja, sem vænti þess sama af samferðafólki sínu. Við vorum ekki alltaf sammála, en það var sérstaklega skemmtilegt og hollt að skiptast á skoðunum við hana, hún var rökföst, ákveðin og stórvel gefin. Fundum yfirleitt flöt sem báðar gátu sæst á, sumu varð þó aldeilis ekki haggað, umræðuþættir margvíslegir, pólitík, trúmál, samskipti kynjanna, fæðuóþol, börn og brjóstagjöf, svo fátt eitt sé nefnt.

Ég sé Ósk fyrir mér fyrst og fremst sem dugmikla konu, sem rak heimili sitt af röggsemi og hélt vel utan um eiginmann sinn og börnin sín, eins og allt sem að henni sneri. Hún var vinur vina sinna, góð heim að sækja, alltaf heitt á könnunni.

Mikið á ég eftir að sakna þess að geta tyllt mér í eldhúsið hjá henni og spjallað, við kölluðum það gjarnan að leysa heimsmálin saman, samræðurnar urðu oft djúpar og á endanum fannst okkur við eiga svörin við flestu, Mummi átti það til að henda inn athugasemdum við okkur „kellingar sem þykjast allt vita“ eins og hann kallaði okkur gjarnan við þær kringumstæður. Samverustundir þessar urðu oftar en ekki á kostnað Sögu minnar, sem tók það að sér að hafa ofan af fyrir Svanhildi minni, svo við kellurnar ættum næði í spjallið, kaffið og stundum jägermeisterinn.

Heimili þeirra Óskar, Mumma og krakkanna, hundanna, fuglanna og kattanna hef ég stundum í gamni kallað fjölskyldu- og húsdýragarðinn í Lágholtinu, þar sem enginn liggur á meiningu sinni, gildir þá einu hvort eru gestir eða ekki, þar er gjarnan erilsamt, húsdýrin og gestirnir um allt, ómetanlegar stundirnar þar, hlýjan, húmorinn og gestrisnin allsráðandi.

Börnin þeirra Óskar og Mumma finnst mér bera þess merki að heimilisbragurinn í Lágholtinu hafi verið góður jarðvegur að vaxa úr. Þau eru öll þrjú harðdugleg og góðar manneskjur, elskurík og samrýnd, stolt foreldra sinna og djásn móður sinnar, glæsilegust eftirmæli hennar.

Ósk hafði hugsjónir og sárt finnst mér að hún fékk engan veginn þann tíma sem hún hefði þurft til að láta meira að sér kveða í umhverfi sínu. Hún kenndi mér svo margt og ekki síst hefur hún haft áhrif á okkur sem höfum fylgst með æðruleysi hennar og dugnaði þessi ár eftir að hún veiktist.

Það eru þrettán ár síðan ég kynntist Ósk og hennar fjölskyldu. Ég er þakklát fyrir að geta kallað þau vini mína. Þakklát og svo miklu ríkari fyrir að hafa fengið að rölta með Ósk þennan spöl í tilverunni.

Kveð með söknuði kæra vinkonu, með þökkum frá mér, dóttur minni og fjölskyldu fyrir samverustundirnar allar.

Hún er hetja í mínum augum, eins þau sem hafa staðið eins og klettar við hlið hennar, eiginmaðurinn, Guðmundur, börnin þeirra, Kolbeinn, Brynja og Saga litla, móðir hennar Brynja, pabbi hennar og systur.

Elskurnar mínar, ykkur votta ég mína innilegustu hjartans samúð.

Þórdís Una.

Sárt er vinar að sakna.
Sorgin er djúp og hljóð.
Minningar mætar vakna.
Margar úr gleymsku rakna.
Svo var þín samfylgd góð.

Daprast hugur og hjarta.
Húmskuggi féll á brá.
Lifir þó ljósið bjarta,
lýsir upp myrkrið svarta,
vinur þó félli frá.

Góða minning að geyma
gefur syrgjendum fró.
Til þín munu þakkir streyma.
Þér munum við ei gleyma.
Sofðu í sælli ró.
(Höfundur ók.)

Elsku Ósk, þakka þér fyrir allt og allt.

Þín vinkona,
Jóhanna M. Björnsdóttir.

Ljóshærð, há og grönn hélstu um tauminn. Þú ætlaðir ekki að láta Páfann af hendi. Við höfðum ekki sést, bara boðið hvor á móti annarri í þennan glæsilega hest. Ég fór með sigur af hólmi því bóndanum þótti betra að fá milljón á víxli en átta hundruð þúsund í seðlum. Hærri upphæð hljómaði betur. Auðvitað varst þú með seðlana. Þú keyptir ekkert nema eiga fyrir því.

Frost og vatnslaust í hesthúsinu. Ég fer yfir í næsta hús í von um að þar sé ástandið betra. Þar situr þú, ljóshærða drottningin. „Er eitthvert vatn hjá þér?“ „Já, nóg vatn hjá mér.“ „Geturðu gefið mér í fötu?“ „Nei.“ Stríðin og lést sem þú værir langrækin. Vatnið sem þú bauðst mér nokkrum dögum síðar kallaðirðu söngvatn. Frá þeirri stundu urðum við vinkonur.

Þrjátíu ára samfylgd er lokið. Hefðum við kynnst átta ára hefði okkur verið bannað að vera saman. Mömmur okkar hefðu sagt að við hefðum vond áhrif hvor á aðra. Við hefðum aldrei fengið að gista hvor heima hjá annarri.

Stundum vorum við óþekkar á þessu ferðalagi. „Er sumarið kom yfir sæinn“ sungum við hástöfum í húsmæðraorlofi. „Og sólskinið ljómaði um bæinn …“ hljómaði yfir fjöll og firnindi þar sem við geystumst um á hestunum á björtum vornóttum.

Óteljandi sinnum horfðum við saman á sólina koma upp. Tókum þátt í gæðingakeppni í Kópavogi kvöldið sem Sverrir Stormsker og Stefán Hilmars sungu um Sókrates í Júróvísjón. Þeir fengu sextánda sætið. Við líka. Fimmtánda og sextánda sæti af sextán keppendum og fengum skammarverðlaunin. Sýnendur í hvítum buxum, svörtum leðurstígvélum og svörtum peysum. Þú í gulri peysu, grænni kápu og með lopasokkana upp úr gúmmístígvélunum.

Hugmyndaflugi þínu voru engin takmörk sett. Þú varst sögumaður af guðs náð. Við vinir þínir sátum stjörf af hrifningu og trúðum hverju orði. Þú gast endalaust sagt sögur og sett fram vísur á færibandi. Fluggreind.

Þú varst einhver mesti dýravinur sem ég hef kynnst. Hundar, kettir og hestar nægðu þér ekki. Þú fékkst þér haughænurnar Sölku og Völku í dúfnakofa við raðhúsið í Mosfellsbænum og hanann Bjart svo birti á bænum. Finkurnar sem þú ræktaðir fengu að fljúga frjálsar um húsið. Þú varst náttúrubarn í þess orðs fyllstu merkingu.

Húsmæðraorlofin okkar kostuðu peninga, en þú sást við útgjöldunum. Við steiktum kleinur og seldum í Kolaportinu. Hlupum upp á Arnarhól að telja peningana og keyrðum alsælar heim. Svo glaðar, að þú gleymdir því að þú varst nýkomin á beinskiptan bíl. Keyrðir gegnum bílskúrshurðina. Þar fór gróðinn.

Minningarnar um þig eru endalausar. Triggerfélagsferðirnar á hverju sumri, þú að ala mig upp, sögustundirnar norðan af Strönd-um, þú með pensil í hendi. Þú, lærð af listabraut, taldir mér trú um að ég gæti líka málað í olíu. Margar næturnar máluðum við saman og þú hlustaðir ekki á þegar það var sagt að andinn hefði ekki verið yfir okkur, heldur vínandinn. Myndirnar væru allar í Grand Marnier-lit. „Þetta eru haustlitir,“ sagðir þú bláköld. Og við héldum áfram að mála haustlitamyndir, vetur, sumar, vor og haust.

Þú varst góð vinkona, góð eiginkona og góð mamma. Ég á eftir að sakna þín og gráta þig allt mitt líf. Þú kveiðst ekki dauðanum og sagðir skömmu fyrir andlát þitt að þú værir að fara að gera miklu skemmtilegri hluti en ég. Nú þeysistu ábyggilega um á grundum Guðs á fallegum fáki.

Birna Sigurðardóttir.

Ósk okkar er fallin frá langt fyrir aldur fram. Margar góðar stundir höfum við hjónin átt með Ósk og eiginmanni hennar Guðmundi Björnssyni. Hvort sem það voru okkar árlegu fellihýsaferðir eða hestaferðir var hún ávallt hrókur alls fagnaðar. Maður vissi alltaf hvar maður hafði Ósk, réttlæti var henni í blóð borið, hún var ófeimin að láta í ljós sínar skoðanir á mönnum og málefnum og sagði þær tæpitungulaust.

Elsku Ósk, takk fyrir allar okkar yndislegu samverustundir. Missir okkar er mikill en mest þó eiginmanns, barna og foreldra. Megi góður Guð styrkja þau og efla á þessari erfiðu stundu.

Ása og Örn.

Jónína Þórðardóttir

✝ Jónína Þórðardóttir fæddist á Akranesi 12. janúar 1935. Hún lést á Landspítala – háskólasjúkrahúsi 11. október síðastliðinn og var útför hennar gerð frá Akraneskirkju 24. október.

Okkur í Lönguhlíðinni langar að kveðja látna vinkonu okkar. Jónína var traust og góð vinkona og við gátum alltaf leitað til hennar, t.d. var hún sjónin fyrir Hjalta og hann stuðningur fyrir hana á leiðinni í og úr vinnu.

Jónína vildi hafa nóg að gera. Hún vann lengi á vinnustofunum en var hætt þar og farin að vera í Skjólinu hér á Skálatúni. Hún fór líka í eldriborgarastarfið í Mosfellsbæ og prjónaði margt fallegt þar. Svo var hún á saumanámskeiði og í Perlufestinni.

Það var orðinn árlegur viðburður að Rafn og Auður komu og buðu okkur í mat og borðuðu með okkur. Þá var mikið spjallað og hlegið, við eigum eftir að sakna þessara stunda mikið.

Það er margs að minnast og við eigum fullt af góðum minningum um þig, en við vitum að þú ert hjá Jesú og viljum að lokum kveðja þig með þessum sálmi sem við kunnum öll.

Ó, Jesú bróðir besti
og barnavinur mesti,
æ, breið þú blessun þína
á barnæskuna mína.

Mér gott barn gef að vera
og góðan ávöxt bera,
en forðast allt hið illa
svo ei mér nái að spilla.

Það ætíð sé mín iðja
að elska þig og biðja,
þín lífsins orð að læra
og lofgjörð þér að færa.

Með blíðum barnarómi
mitt bænakvak svo hljómi:
Þitt gott barn gef ég veri
og góðan ávöxt beri.
(Páll Jónsson)

Þínir vinir,
Auður, Edda, Guðrún, Guðlaug, Hjalti, Linda, Margrét, Sóley og Kristín.

SÓLSTEINAR
Gæði
Þjónusta
Gott verð
Úrval
Fagmennska

Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is

MINNINGAR

†

Elskulegur bróðir okkar,

AXEL RÖGNVALDSSON,
til heimilis á Sogavegi 144,
Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum þriðjudaginn 24. október.
Fyrir hönd aðstandenda,

Pálmi Rögnvaldsson og fjölskylda.
Ingvaldur Rögnvaldsson og fjölskylda.

†

Faðir minn,

ARNGRÍMUR SVEINSSON
bifreiðastjóri,
Vindási 4,
Reykjavík,

lést af slysförum laugardaginn 21. október.
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju í Saurbæ laugardaginn 28. október kl. 14.00.

Óli Heiðar Arngrímsson.

†

Elskuleg móðir okkar og amma,

ÞÓREY KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR
(Dóda),
hjúkrunarheimilinu Holtsbúð,
Garðabæ,

andaðist mánudaginn 23. október.
Útför verður auglýst síðar.

Sveinn Haukur Björnsson,
Hugi Ingibjartsson,
Jón Guðni Ómarsson.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og tengdasonur,

LARS OLOFSSON,
Karin Boyes Gata 7,
Gautaborg,
Svíþjóð,

andaðist á heimili sínu sunnudaginn 22. október.

Ingibjörg Pálsdóttir Olofsson,
Katarina Larsdotter Andersson og Mattias Andersson,
Mikael Olofsson,
Eric og Embla Saga,
Eygerður Björnsdóttir.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ROSE E. HALLDÓRSSON,

sem lést þriðjudaginn 17. október, verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 27. október kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.

Frank M. Halldórsson,
Betsy Halldórsson,
Georg Halldórsson, Stefanía Guðmundsdóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

AUÐBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 24. október.
Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 31. október kl. 13.00.

Guðmundur Arnaldsson,
Arnhildur Gríma Guðmundsdóttir,
Guðjón Guðmundsson, Elín Tryggvadóttir,
Grímur Nói og Eva Elínbjört,
Edda Margrét Guðmundsdóttir, Valtýr Stefánsson Thors,
Guðjón Gunnar og Helga,
Vala Védís Guðmundsdóttir, Simon Halink.

Magnús Ó. Kjartansson



† Magnús Ólafur Kjartansson myndlistarmaður fæddist í Reykjavík 4. ágúst 1949. Hann lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut 12. september síðastliðinn og var jarðsunginn frá Neskirkju 22. september.

Ég kynntist Magnúsi í Myndlista- og handíðaskólanum og tókst fljótt með okkur kunningsskapur sem hélzt næstu árin. Við Magnús vorum víst af hinni víðfrægu og jafnvel alræmdu 68 kynslóð þar sem einkunnarorðin voru Make love, not war, mín vegna hefðu þau mátt vera Art for art sake, money for God sake. Þegar þau fóru til Kaupmannahafnar, Magnús til akademíunnar og Kolbrún að forframazt í keramíkinni, bjó ég hjá þeim á stúdentagarðinum haustið 1974 í 12 daga áður en ég fór sjálfur í grafíknám sem gestanemandi í Konunglegu listaakademíuna í Stokkhólmi. Abstraktmálarinn Mortensen var í tízku á þessum árum í Kaupmannahöfn og kenndi Magnúsi sem hafði sett upp í skólastofu sinni plakat af hinni svokölluðu Rokeby Venus sem er fræg nektarmynd eftir spánska málarann Velázquez. Þegar Mortensen sá myndina spurði hann Magnús hvort honum liði eitthvað illa og hvort hann væri ekki ánægður í skólanum. Magnús kvað svo ekki vera. Mortensen var skeptískur en minntizt ekki á þetta meir. Þrátt fyrir þennan skóla hafði Magnús sínar eigin hugmyndir þá og síðar.

Eftir heimkomuna leigði Magnús vinnustofu í Bolholti 6 ásamt Ómari Skúlasyni frá Nýjabæ eins og hann kallaði sig, þangað kom ég oft síðdegis. Magnús var þá að vinna með ljósmyndir sem hann gat framkallað og yfirfært á striga með sérstökum efnum og tækni sem þá var nýlunda og annars vegar nokkuð groddalegum málverkum með áföstu spýtnabraki og tilheyrandi. Minnisstætt er mér þegar við ljónin þrjú, Magnús, Sigurður Örlygsson og ég, fórum að heimsækja Þorvald Skúlason listmálara og Sigurjón Ólafsson myndhöggvara á vinnustofur þeirra sama daginn, ungir menn á uppleið og margar ánægjustundirnar fyrst á Bræðraborgarstígnum og síðar í Laugarnesinu, áður en þau stækkuðu við sig hjónin, þegar mögur ár voru og oft þröngt í búi. Sem myndlistarmenn vorum við ólíkir, ég í gömlu meisturunum með áherzlu á teikningu og aðferðum þeirra sem var á skjön við tíðarandann en hann hafði engan afgerandi eða afmarkaðan stíl að heita mátti heldur gerði það sem honum sýndizt með áhuga fyrir amerískum popplistamönnum eins og De Kooning, Jasper Johns; Frank Stella, Rotko, Andy Warhol og frönsku impressionistunum og nokkrum íslenzkum listamönnum sem verða ekki nefndir hér. Ég var á annarri skoðun en það skipti ekki máli. Magnús gaf mér tvær litlar bækur, aðra um listmálarann Paul Klee og hina um Miro sem byggði myndir sínar á tilraunum með rými og á ímyndunaraflinu en ég gaf honum grafíkmynd sem ég hafði gert á akademíunni í Stokkhólmi. Verk Magnúsar eru mörg nokkuð kúnstug svo eru önnur með nokkuð djúpum undirtóni meinlegra örlaga ein t.d. frá sjöunda áratugnum, eins konar fótóteikning sýnir andlitsmynd af Chaplin í hlutverki Hitlers í bíómyndinni Einræðisherrann í breiðteinóttum jakkafötum og á myndina er skrifað: Er leikarinn fangi tilfinninga sinna? og svo önnur stór olíumynd í heitum jarðlitum sýnir frelsarann með krossinn á bakinu fyrir framan JL húsið í Vesturbænum.

Einnig er myndlistin sem sézt eftir einn karakterinn í bíómyndinni Bílaverkstæði Badda eftir Magnús Kjartansson heitinn.

Spurt er: Hvað er list? List er allt sem þú kemst upp með á Bob Dylan að hafa sagt og mörgum þykir sjálfsagt töff þó merkingin sé vafasöm. Sínum augum lítur hver á silfið, sagði einhver fyrir þúsund árum sem varð síðar að málshætti. Fyrir 500 árum punktaði Leónardó da Vinci hjá sér það sem gott er í manninum og fagurt fölnar og eyðizt með tímanum en slíkt gerizt ekki í listum, – dæmi hver fyrir sig. Magnús lézt úr hvítblæði á Landspítalanum í Reykjavík. Blessuð sé minning hans.

Biðjið, og yður mun gefast, leitið, og þér munuð finna, knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða.
Því að hver sá öðlast, sem biður, sá finnur, sem leitar, og fyrir þeim, sem á knýr, mun upp lokið verða.
(Matteus 7:7–8.)

Sigurður Eyþórsson, listmálari.

Mig langar að minnast með nokkrum orðum Magnúsar Ólafs Kjartanssonar myndlistarmanns.

Okkar leiðir lágu fyrst saman í Myndlista- og handíðaskólanum á áttunda áratugnum, ég þá nemandi en hann við kennslu. Þá hafði ég ekki minnsta grun um að rúmlega áratug síðar ætti ég eftir að verða fyrir því láni að kynnast Magnúsi nokkuð náið og skyggnast inn í hans hugarheim. Þegar við kynntumst í skólanum er mér sérstaklega kvennafrídagurinn minnisstæður. Við karlarnir sátum eftir þegar kvenpeningurinn hvarf niður á Lækjartorg til að verða partur af sögulegum viðburði. Við karlarnir gerðum okkur glaðan dag og skáluðum fyrir kvenkostum skólans og þjóðarinnar. Það var mikið fílósóferað þann daginn, og man ég vel hvað Magnús kom okkur skólafélögunum á óvart með hugmyndum sínum og írónískum húmor.

Lánið sem ég lenti svo í, rúmlega áratug síðar, var að vinna heimildarmynd um Magnús og list hans í samvinnu við Aðalstein Ingólfsson. Við mættum Magnúsi fyrst í hálfgerðu tómarúmi, hann var búinn að klára visst tímabil í myndlist sinni og var í djúpum hugleiðingum um hvernig skyldi þróa framhaldið. Hann hafði orð á þessu við okkur og vildi bíða. Mér fannst þetta aftur á móti mjög áhugaverður tímapunktur, upphafið skyldi skoðað þegar endirinn væri vís. Listamaður á krossgötum með ýmsar leiðir opnar. Vegna þessa ákváðum við að vinna myndina á lengra tímabili en á nokkrum mánuðum, eins og áætlað var. Mánuðirnir urðu að árum og að lokum urðu árin þrjú þegar við Aðalsteinn hittum Magnús í síðasta sinn, þá var hann himinlifandi – næstum skýjum ofar. Sögur testamentisins áttu hug hans allan, viðfangsefni trúarinnar og skilgreining mannsins á trú sinni og Guði. Í þessum verkum fannst mér Magnús springa út, ekki bara hans heimspekilegu vangaveltur um lífið og tilveruna, heldur einnig hans einstaka kímnigáfa. Í verkunum var einnig hægt að koma betur auga á næmi hans og einlægni. Ég hafði fengið endi á myndina, listamaður á krossgötum hafði fundið sitt nýja viðfangsefni, gamalt klassískt viðfangsefni í nýju ljósi. Þessi verk höfðu mikil áhrif á mig, hann sýndi okkur frásagnir testamentisins í nýju ljósi beint inn í stofu til okkar, í símtólið og krossfestinguna sjálfa inn á Kirkjusand. Sýningin á Kjarvalsstöðum er mér ógleymanleg og eflaust mörgum öðrum. Á sama tíma var heimildarmyndin frumsýnd í sjónvarpinu.

Ég er þakklátur í hjarta mínu fyrir að hafa fengið að skrá hluta sögu Magnúsar Kjartanssonar og kynnast þeim einstaka listamanni. Fyrir mér hefur hann ávallt verið einn framsæknasti listmálari þjóðarinnar. Mér var ekki ljóst þá er ég lauk við myndina og ekki fyrr en nú að ég hafði skrásett svanasöng listamanns sem flestir héldu að væri að stíga sín fyrstu skref til mikilla afreka. Kannski gerðum við okkur ekki grein fyrir að afrekið var þegar unnið, hápunktinum var náð. Ef til vill skynjaði Magnús það innra með sér. Hvert svo sem svarið er, þá eru þessi verk til sem hann skapaði af svo einstakri einlægni. Magnús nýtti þó hæfileika sína og kraft í leirkerasmíðinni, þar í nánu samstarfi við Koggu, konu sína.

Það er mikill missir fyrir okkur Ís-

Bryndís J. Blöndal

† Bryndís J. Blöndal fæddist á Siglufirði 12. október 1913. Hún lést á heimili sínu á Laugarnesvegi 80 í Reykjavík 11. ágúst síðastliðinn og var útför hennar gerð frá Grafarvogskirkju 31. ágúst, í kyrrþey.

Bryndís frænka okkar, eða Biddý eins og allir kölluðu hana, hefði átt 93 ára afmæli um þetta leyti og því langaði okkur systurnar að minnast hennar með nokkrum orðum. Okkur fannst alltaf gaman að heimsækja Biddý frænku enda voru móttökurnar ekki af verri endanum, kökur, appelsín í gleri og svo nóg af faðmlögum, hlátri og spjalli. Biddý vissi alltaf um allt sem var í gangi og það var einstaklega gaman að tala við hana. Hún hafði miklar skoðanir á flestum málum, auk þess sem húmorinn yfirgaf hana aldrei.

Biddý átti mikið af skemmtilegu dóti sem hún leyfði okkur að fikta í og skoða eins og til dæmis orgelið í borðstofunni, dúkkur sem hafa örugglega verið að nálgast aldarafmælið en við fengum að klæða í nýtískuleg barbíföt og svo var það auðvitað gamla jólatréð sem pabbi okkar hafði dansað í kringum sem barn. Það var alltaf ómetanlegur hluti af stemmningunni hver jól að skoða það saman og heyra sögur frá löngu liðnum jólum. Við eigum eftir að sakna Biddýjar mikið og það verður skrýtið að fá ekki jólakort með ótrúlega fíngerðu og fallegu skriftinni hennar þetta árið en við eigum mikið af góðum minningum um yndislega frænku sem við munum aldrei gleyma. Það verður vel tekið á móti henni á betri stað þar sem afi, Anna frænka og öll hin bíða.

Þínar frænkur,
Erna Kristín, Marta Guðrún og Brynja Rut.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

lendinga að sjá á eftir þeim einstaka listamanni sem Magnús var, hann skilur þó eftir djúp og falleg spor í listasögu þjóðarinnar, sem ekki munu gleymast. Mestur er þó missir hans nánustu, þeirra Kolbrúnar, Elsu Bjargar og Guðbrands, ég votta þeim mína innilegustu samúð. Guð blessi ykkur.

Þór Elís Pálsson.

Það er alls staðar einhver mynd.
Formaðu ramma með fingrunum,
þá breytist allt í mynd,
endalausar myndir.
Hin eilífa stóra mynd.

Kæri Magnús, félagi og frændi, á þennan hátt tjáðir þú þitt einstæða næmi, í Portrett-þætti sem ég vann fyrir Ríkisútvarpið. Þú hafðir einstæða sýn og frumlegt sjónarhorn og engan áhuga á tilhneigingu samtímans til að njörva niður listina, svo hægt sé að skilgreina hana. „Málarar eins og ég eru risaeðlur, spegill mannsins allt frá hellamálverkum til nútíma.“ Þú hafðir engan áhuga á því, „að stíga í vænginn við tíðarandann“.

Meistaraverkið var þín síðasta sýning. Ég er þér afar þakklátur fyrir það að fá að berja þessi risaverk augum, á vinnustofu þinni á lokasprettinum, eftir margra ára yfirlegu, innri átök og heilabrot.

Þarna á striganum var saman komin öll þín reynsla, næmi, hæfni, frumleiki, þrákelkni, kraftur, ögrun, auðmýkt, þar sem ótrúlegir listrænir hæfileikar fengu að njóta sín til fullnustu, af heilum hug og hjarta.

Sprengikrafturinn var slíkur og svo yfirþyrmandi að mér sortnaði fyrir augum, og starði orðlaus í lotningu. Ég gekk út frá vinnustofu þinni að Álafossi breyttur maður, með von í hjarta.

Þitt meistaraverk þín lokasýning. –

Úrvinda pensillinn fékk langþráða hvíld.

Þegar ég frétti af andláti Magnúsar var ég staddur í Rómaborg, einmitt á þeim slóðum, sem hann og Kogga höfðu heimsótt nokkrum árum fyrr. Magnúsi varð tíðrætt um mikilfengleika listaborgarinnar miklu, hinn ítalska heim, sögu, menningu, mat og fas. Nokkuð sem býr djúpt í þeirra sál og innsta eðli.

Á fögru kvöldi, 12. september, gengum við Elín Edda hægum skrefum í átt til hinnar einstæðu kirkju heilagrar Maríu í Trastevere, og kveiktum á kertum til minningar um Magnús. Fólk streymdi að til messu og brátt fylltist guðshúsið af fögrum söng. Hugurinn var hjá listamanninum ljúfa, sem varð tíðrætt um hinar stórkostlegu og yfirþyrmandi rústir Rómaborgar.

„Þetta hverfur allt.“

Talaðu, þú líka
talaðu sem sá síðasti
láttu rödd þína heyrast

talaðu –
en ekki skilja að já og nei
gefðu rödd þinni þessa meiningu
gefðu henni lit

gefðu henni nægan lit
gefðu henni jafn mikið
og þú veist að deilist út frá
miðnætti til hádegis til miðnættis

líttu í kringum þig
sjáðu hvernig allt lifnar við
þar sem dauðinn er! Lifandi!
sá orðar sannleikann
sem talar tón litarins

en nú skreppur saman
staðurinn sem þú stendur á
hvert nú, án litar, heldur þú?
upp. Præddu þig upp á við
grennri, fávísari, fínlegri;
fínlegri; þráður sem hún vill
færa sig niður eftir, stjarnan;
til að fljóta lengra niður, niður undir
þar sem hún sér sjálfa sig ljóma,
í gnægð farandorða

(Paul Celan, þýð. Sverrir Guðjónsson)

Við hjónin sendum Koggu, Elsu Björgu, Guðbrandi, fjölskyldu og vinum Magnúsar samúðarkveðjur.

Sverrir Guðjónsson,
Elín Edda Árnadóttir.

Bjarni Valdimarsson

Bjarni Valdimarsson fæddist á Spóastöðum í Biskupstungum 7. nóvember 1937. Hann lést í Reykjavík fimmtudaginn 21. september síðastliðinn og var útför hans gerð frá Leirubakka í Landsveit 30. september.

Það er eftirmiðdagur, sunnanátt og grátt yfir. Í portinu við Baldursgötu 7a dynur suðuramerísk indjánatónlist. Tónarnir berast frá jarðhæðinni.

Brátt birtist sextán ára unglingspiltur í portinu með skólatösku á bakinu, fer inn til sín upp á aðra hæð, sest við pianóið og byrjar að æfa sig. Um stund hljómar í portinu súrrealísk blanda af perúskri Inkatónlist og pianósónötu eftir Prókofíev. Af einhverjum ástæðum er bráðum lækkað niður í Inkunum og pianósónatan hljómar ein áfram. Um kvöldmatarleytið hættir pianóleikarinn að spila og fer aftur út. Í dyrunum hinum megin við ganginn stendur þá sjálfur indjánahöfðinginn og segir: „Hann er nú dálítið falskur hjá þér þessi.“ Ég samþykkti það en bætti við að þetta væri rússneskt og samið í stríðinu. „Já, það hlaut að vera,“ sagði Bjarni Valdimarsson þá og hló.

Þótt Prókofíev væri ef til vill falskur í eyrum Bjarna naut hann þess alltaf að hlusta gegn um vegginn, allra helst á Frederik Chopin. Þegar þessi stóri og skeggjaði einfari kom gangandi upp Baldursgötuna á hlýrabol í nístingsfrosti, með píputóbak og pylsur í litlum poka, þá var Chopin ef til vill ekki sá fyrsti sem kom upp í hugann. En strax í fyrsta skiptið sem við Bjarni röbbuðum um Chopin, þegar ég sá djúpt og einbeitt augnaráðið meðan hann lýsti hrifningu sinni á fjórðu ballöðu tónskáldsins, þá urðum við vinir.

Svona skapaði máttur tónlistarinnar tengingu milli hæðanna á Baldursgötunni; milli unga pianóleikarans og gamla bóndans sem örlögin höfðu fært austan af Leirubakka niður í Þingholt. Gerólíkar lífsaðstæður okkar gufuðu upp án fyrirhafnar, eins og döggin úr túninu. Eftir sat sameiginleg hrifning tveggja manna á þessu eilífa ómælisdjúpi sem þarna glampaði í tónum Chopins.

Lífið er hverfult. Indjánatónlistin í portinu er löngu orðin að minningu og það er einkennilegt að setjast niður núna og skrifa þér kveðju þegar þú ert dáinn. Mikið var leitt að geta ekki í það minnsta kvatt þig áður en þú fórst. Hins vegar er ég sannfærður um að Inkarnir frá Perú taka vel á móti þér.

Aðstandendum votta ég samúð mína.

Árni Björn.

---

†

Elskuleg móðir og amma,
SIGRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR,
lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 22. október síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 30. október kl. 15.00.

Halldóra Ólafsdóttir,
börn og barnabörn.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,
JÓHANNA ALEXANDERSDÓTTIR,
Sörlaskjóli 28,
lést sunnudaginn 22. október.
Jarðarförin auglýst síðar.

Minný Ísleifsdóttir,
Guðrún Ísleifsdóttir, Haukur Guðmundsson,
Ísleifur Ólafsson,
Jóhanna L. Hauksdóttir,
Ingibjörg R. Hauksdóttir.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
SVEINN MAGNÚSSON,
Denni
skipstjóri,
Túngötu 4,
Eyrarbakka,

verður jarðsunginn frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 28. október kl. 13:30.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Sveins er bent á að láta Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

Rannveig Sverrisdóttir,
synir, tengdadætur
og barnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,
GUNNAR HELGASON
frá Hlíðarenda
í Fljótshlíð,
er látinn.

Sigríður Pálmadóttir,
Már Gunnarsson,
Unnur Gunnarsdóttir,
Gunnhildur Gunnarsdóttir.

---

†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls
DÚFU KRISTJÁNSDÓTTUR,
Eskivöllum 3,
Hafnarfirði.
Sérstakar þakkir fær deild 11 E á Landspítala við Hringbraut vegna yndislegrar umönnunar.

Hörður Hallbergsson,
Bjarney Elísabet Harðardóttir, Jens Erik Skår,
Sigurjón Harðarson, Kristín Elínborg Þórarinsdóttir,
Jóhanna Elínborg Harðardóttir, Axel Antonio Penalver
og barnabörn.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
ELÍNBORG GÍSLADÓTTIR,
Álftamýri 56,
Reykjavík,
er lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 15. október verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 27. október kl. 15.00.

Höskuldur Einarsson, Sigríður Ólafsdóttir,
Þórlaug Einarsdóttir, Erling Hermannsson,
Sigrún Björk Einarsdóttir,
Guðrún Einarsdóttir, Kristján Sæmundsson,
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför mannsins míns, föður og tengdaföður,
JAKOBS SIGURÐSSONAR,
Hraunteigi 28,
Reykjavík.
Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum fyrir einstaka umönnun og alúð.



Katrín Sívertsen,
Hildur Deakin, Bill Deakin,
Björg Jakobsdóttir,
Jón Örn Jakobsson, Erna Eiríksdóttir.

---

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
ÁLFHEIÐUR ÓLADÓTTIR,
Garðatorgi 7,
Garðabæ,
lést á Holtsbúð, Garðabæ, mánudaginn 23. október.

Þórunn Kolbeinsdóttir, Gísli Jónsson,
Þórdís Kolbeinsdóttir, Hafsteinn Sæmundsson,
Egill Kolbeinsson, Guðbjörg S. Hólmgeirsdóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.

Fallegir legsteinar
á góðu verði
Englasteinar
Helluhrauni 10, 220 Hf.,
sími 565 2566,
www.englasteinar.is

Raðauglýsingar 569 1100

Tilkynningar

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Við höfum opið lengur!

Vegna uppgjörs bótagreiðslna

Tekjutengdar bætur lífeyristrygginga vegna ársins 2005 hafa verið endurreiknaðar og munu niðurstöður berast lífeyrisþegum frá og með 30. október nk.

Þar sem búast má við miklu álagi vegna þessa mun Tryggingastofnun leitast við að veita eins góða þjónustu og völ er á. Afgreiðslu- og símatími þjónustumiðstöðvar stofnunarinnar verður því lengdur. Opið verður frá kl. 8.05 til 18.00 dagana 30. október til 2. nóvember að báðum dögum meðtöldum.

Þeir sem óska nánari upplýsinga er velkomið að hafa samband við starfsfólk þjónustumiðstöðvar TR í síma 560 4460, næsta umboðsmann TR eða senda tölvupóst á netfangið tr@tr.is. Einnig má finna upplýsingar á heimasíðu stofnunarinnar, www.tr.is.

Með kveðju,
starfsfólk Tryggingastofnunar ríkisins.

www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Mosfellsbær auglýsir

Tillögur að deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagi

Mosfellsbær auglýsir hér með tvær tillögur að deiliskipulagi skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og eina tillögu að breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 26. gr. sömu laga. Tillögurnar eru sem hér segir:

Frístundalóð við Hafravatn,
tillaga að deiliskipulagi
Um er að ræða lóð úr Óskotslandi vestan Hafravatns, um 6.200 m^2, landnúmer 125380. Tillagan gerir ráð fyrir því að byggja megi á lóðinni frístundahús allt að 60 m^2 að stærð auk allt að 10 m^2 geymsluhúss.

Frístundalóð við Silungatjörn,
tillaga að deiliskipulagi
Um er að ræða lóð úr landi Miðdals II austan Silungatjarnar, um 1 ha að stærð, landnúmer 125172. Tillagan gerir ráð fyrir því að byggja megi á lóðinni frístundahús allt að 110 m^2 að stærð auk allt að 20 m^2 geymsluhúss.

Blikastaðanes - golfvöllur,
tillaga að breytingum á deiliskipulagi
Tillagan felur í sér lítilsháttar stækkun á byggingarreit fyrir golfskála og um leið færslu hans fjær byggð við Þrastarhöfða. Jafnframt eru lagðar til breytingar á ákvæðum um hámarksstærð golfskálans, úr 600 m^2 hvor hæð í 800 m^2, og hækkun á leyfðri hæð hans úr 4,5 m í 5,5 m.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð, frá 26. október til 23. nóvember 2006, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar *www.mos.is* undir: *Framkvæmdir/Deiliskipulag*.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar eigi síðar en 7. desember 2006. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

19. október 2006,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Nauðungarsala

Uppboð

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins í Skógarhlíð 6, Reykjavík - 5, sem hér segir á eftirfarandi eignum:

1/8 hluti Brautarholts, Nesvík, Kjalarnesi, landsnúmer 125662, þingl. eig. Nesvík ehf., gerðarbeiðendur Lýsing hf. og Tollstjóraembættið, mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Austurberg 34, 205-1030, Reykjavík, þingl. eig. Sigurlaug Jónsdóttir, gerðarbeiðandi Tryggingamiðstöðin hf., mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Ármúli 38, 221-3259, Reykjavík, þingl. eig. Markaðsmenn ehf., gerðarbeiðendur Eftirlaunasj. atvinnuflugmanna, Glitnir banki hf., útibú 528 og Tollstjóraembættið, mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Ásvallagata 54, 200-2332, Reykjavík, þingl. eig. Hildur Helga Sigurðardóttir, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Blesabakki 6, 208-4424, 40% ehl., Mosfellsbæ, þingl. eig. Einar Ragnarsson, gerðarbeiðandi Mosfellsbær, mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Frakkastígur 24a, 200-6507, Reykjavík, þingl. eig. Sigurbjörg Guðmundsdóttir, gerðarbeiðandi Tollstjóraembættið, mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Hléskógar 21, 205-5103, Reykjavík, þingl. eig. Ása Oddsdóttir, gerðarbeiðandi Sparisjóður Reykjavíkur og nágr., mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Hringbraut 39, 202-7275, 79% ehl., Reykjavík, þingl. eig. Björn Jörundur Friðbjörnsson, gerðarbeiðandi Atli Már Hafsteinsson, mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Hörðaland 18, 203-7420, Reykjavík, þingl. eig. Halldór Ingi H. Guðmundsson og Una Sigurlína Rögnvaldsdóttir, gerðarbeiðandi Una Sigurlína Rögnvaldsdóttir, mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Laufásvegur 14, 0001, Reykjavík, þingl. eig. Exitus ehf., gerðarbeiðandi Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfj., mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Meðalholt 7, 201-1462, Reykjavík, þingl. eig. María Gunnarsdóttir, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Skólavörðustígur 3, 225-1519, Reykjavík, þingl. eig. SO 3 ehf., gerðarbeiðendur Íslandsbanki hf., útibú 528, Tollstjóraembættið og Úlfar Steindórsson, mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Skúlagata 10, 200-3162, Reykjavík, þingl. eig. AB Vöruflutningar ehf., gerðarbeiðendur Kaupþing banki hf., Sýslumaðurinn í Kópavogi og Vátryggingafélag Íslands hf., mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Stíflusel 9, 205-4785, Reykjavík, þingl. eig. Ragnhild Johanne Röed, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf., útibú 515, mánudaginn 30. október 2006 kl. 10.00.

Sýslumaðurinn í Reykjavík,
25. október 2006.

Atvinnuauglýsingar

Vantar þig aukavinnu?

Við óskum eftir aukavinnufólki á virkum kvöldum og um helgar í sal og á bar.
Lágmarksaldur er 20 ára.
Umsóknir kringlukrain@kringlukrain.is
eða í síma 893 2323
www.kringlukrain.is

kynning ...sjáumst!

Kynning ehf.

Vegna aukinna verkefna vantar okkur kynningarfulltrúa til starfa hjá okkur STRAX! Við erum þjónustufyrirtæki og tökum að okkur vörukynningar í verslunum auk annarra spennandi verkefna. Þú þarft að vera stundvís, mannblendinn, brosmild/ur og áhugasöm/samur á aldrinum 16 og uppúr.
Vinnutíminn er sveigjanlegur en mestu annirnar eru eftir hádegi á fimmtud., föstud., laugard. og sunnud. og í ca 4-6 tíma í senn.

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 586 9000 www.kynning.is/starfsumsókn.

NIB

NORDIC INVESTMENT BANK (NIB) *is a multilateral financial institution owned by Denmark, Estonia, Finland, Iceland, Latvia, Lithuania, Norway and Sweden. The Bank's headquarters are located in Helsinki. NIB has 160 employees and total assets of approximately EUR 18.2 billion. The working languages of the Bank are English and Swedish.*

The Bank offers its customers long-term financing and guarantees on market terms for private as well as public projects, not only in its member countries but also internationally. NIB finances its lending by raising funds in the international and domestic capital markets and has a triple-A credit rating from the leading rating agencies.

The Bank's loan portfolio of EUR 11.5 billion consists to a great extent of energy, industry and infrastructure projects.

NIB continues to increase its activities and has two vacant positions within the Credit & Analysis department.

SENIOR FINANCIAL ANALYSTS

The Credit & Analysis Department is seeking two new senior financial analysts to strengthen the knowledge and expertise within the area of credit analysis and risk assessment. The main focus will be on complex corporate deals and project finance transactions within and outside the Member States.

The candidates should hold a university level degree in Economics and Business Administration or in Engineering with additional education in Finance. Experience and thorough understanding of credit analysis is desirable. The ideal candidates should also have several years experience from financial institutions and/or investment projects within the infrastructure, energy, telecom or process/manufacturing sector.

More information about the positions can be obtained from Lennart Richardsen, Head of Corporate Analysis (lennart.richardsen@nib.int, telephone +358 9 1800 287), Hilde Kjelsberg, Head of Credit & Analysis Department (hilde.kjelsberg@nib.int, telephone +358 9 1800 280) or Carola Lehesmaa, HR Manager (carola.lehesmaa@nib.int, telephone +358 9 180 01).

NIB offers demanding and challenging jobs in an international banking environment in Helsinki and an attractive remuneration package including expatriation allowances. NIB will assist in finding accommodation in the Helsinki area. For information about the Bank, please see NIB's home page, www.nib.int.

Closing date for applications is 31 October 2006. Applications together with a CV should be sent by e-mail to Recruitment@nib.int or by post to NORDIC INVESTMENT BANK, Human Resources, P.O. Box 249, FI-00171 HELSINKI.

NIB

MINNINGAR

Ingi F. Gunnarsson

† Ingi Friðbjörn Gunnarsson fæddist á Framnesveginum í Vesturbæ Reykjavíkur 2. maí 1931. Hann lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 2. október síðastliðinn. Foreldrar hans voru Margrét Ágústa Magnúsdóttir húsfreyja, f. í Reykjavík 21. ágúst 1894, d. 1. desember 1973, og Gunnar Bjarnason verkamaður, f. í Nýlendu í Langholtssókn í V-Skaftafellssýslu 10. nóvember 1892, d. 7. júní 1980. Systkini Inga eru Katrín, f. 1927, d. 1997, Óskar Finnur, f. 1929, d. 1981, Kristjana Matta, f. 1932, d. 1965, Svanhvít, f. 1935, d. 1982, og Karl Magnús, f. 1938. Einnig var Magnús Aðalsteinsson, f. 1924, uppeldisbróðir hans.

Ingi kvæntist Guðrúnu Ólafíu Guðnýju Ólafsdóttur eða Lillu eins og allir þekkja hana, 4. júlí 1953. Eignuðust þau tvo syni, þá Ólaf Gunnar, f. 1955, kvæntur Huldu Þórsdóttur, og Ástþór, f. 1964, kvæntur Elfu Jónsdóttur.

Útför Inga var gerð frá Njarðvíkurkirkju 11. október – í kyrrþey að hans eigin ósk.

Að kveðja Inga Gunnarsson í stuttri grein er erfitt. Sú hugsun og staðreynd að hann sé fallinn frá ýtir af stað stórri skriðu minninga og biturleika um ónóg samskipti síðustu árin, maður treystir því ávallt að tíminn sé nægur. Til að sefa samviskuna langar mig að opinbera örfá atvik í lífi okkar félaganna. Fyrir rúmum 30 árum hitti ég Inga í fyrsta sinn og vakti hann strax áhuga minn. Það fylgdi honum svo mikið líf og gleði. Ekki gerði ég mér grein fyrir því þá að við ættum eftir að hittast og gera svo mikið á komandi áratugum. Bíltúr með kærustuna til Njarðvíkur var alltaf spennandi því það var alltaf eitthvað að ske hjá Inga og Lillu. Fyrir sveitadreng sem varla var stiginn upp úr flórnum að hitta og umgangast þennan heimsmann Inga Gunnarsson var óborganlegt. Einn vetur dvaldi ég í höllinni við Hólagötuna er ég lagði stund á nám við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hólagötuhöllin var þannig uppbyggð að sjónvarpsherbergið var hálfri hæð hærri og drjúgan spöl frá eldhúsinu þar sem Lilla dúllaði sér meðan við Ingi flatmöguðum yfir sjónvarpinu. Stundum reisti hann sig upp og sagði, langar okkur ekki í eitthvað? Síðan gaf hann frá sér torkennilegt hljóð og viti menn eftir smástund kom Lilla upp með bakka fullan af girnilegu meðlæti og kaffi. Þá setti hann upp suðurnesjabrosið. Eftir dvölina og kennsluna hjá Inga byggði ég mér hús í sveitinni sem var auðvitað með sjónvarpsherbergið á efri hæðinni. Við áttum góðar stundir fyrir austan fjall, koma þá veiðidagarnir upp í hugann sem voru verulega spennandi samverustundir. Ingi var til dæmis sá eini sem veiddi reyktan lax og datt svona hér um bil í ána. Þetta er aðeins smábrot af því sem hugur minn geymir um Njarðvíkurgeimfarann Inga Gunnarsson. Þar sem maður er manns gaman verður þín sárt saknað en ljósið sem fylgdi þér lýsir okkur áfram veginn.

Sameinumst í sorginni og finnum ljósið.

Samúðarkveðja.

Þorvaldur.

Drottinn er minn hirðir, mig mun
ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig
hvílast,
leiðir mig að vötnum,
þar sem ég má nærðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
(Úr 23. Davíðssálmi).

„Hvaðan kem ég?“ – „Hvert fer ég?“ Þetta eru spurningar sem mannkynið hefur velt fyrir sér frá ómunatíð. Þrátt fyrir alla tækni nútímans erum við ekki nær svarinu. Lífið hefur ætíð verið okkur mönnunum hulin ráðgáta. En það sem skiptir miklu máli í þessu lífi okkar er að eiga góða samferðamenn sem leiða okkur í gegnum lífið.

Elskulegur frændi hefur kvatt eftir stutta en stranga sjúkdómslegu.

Ingi var sonur Möggu elstu systur pabba. Þau mæðgin höfðu sömu léttu lundina og elskulegu framkomuna. Magga og Gunnar maður hennar áttu sex börn sem flest hétu tveimur nöfnum og öll höfðu gælunöfn sem ekki endilega var hægt að tengja nöfnunum. Systkinin ólust upp á „ættaróðalinu“ á Framnesvegi 14 sem afi okkar hafði byggt yfir fjölskylduna sína, sem áður hafði búið í Litla-Seli vestast við Vesturgötuna. Það var ekki vítt til veggja á æskuheimili Inga en nægt var hjartarúmið.

Ég minnist margra skemmtilegra fjölskylduheimsókna til Lillu, Inga og Óla þegar við systurnar vorum litlar.

Börnin mín minnast hans sem skemmtilega frændans sem var alltaf að segja brandara og gera galdrakúnstir.

Ingi var mjög góðhjartaður maður sem vildi allt fyrir alla gera og mátti ekkert aumt sjá en hann var einnig mikill prakkari og fljótur að sjá kómiskar hliðar lífsins.

Åse frænka í Danmörku lýsti honum skömmu fyrir andlát hans hún sagði: „Han er et hjertensgodt menneske og har altid været sød og prøvet at holde humøret oppe på alle andre.“

Ingi var mikill fjölskyldumaður og duglegur að rækta samböndin við stórfjölskylduna. Barnabörnin voru hans gimsteinar, sem ekkert var nógu gott fyrir.

Stórfjölskyldan hélt ættarmót í Fljótshlíðinni í byrjun sumars og lék Ingi þá á als oddi, hélt m.a. hátíðarræðu kvöldsins. Já ekki óraði mig fyrir því að aðeins nokkrum mánuðum seinna myndi ég sitja hér og skrifa eftirmæli að honum látnum.

Ingi var íþróttamaður af lífi og sál og spilaði með KR í fótbolta á sínum yngri árum. Hann var mikill áhugamaður um körfubolta, var landsliðsmaður á yngri árum og var körfuboltadómari í mörg ár.

Hans lið í körfubolta var lið Njarðvíkur, þar sló hjarta hans.

Hver minning dýrmæt perla að liðnum
lífsins degi,
hin ljúfu og góðu kynni af alhug þakka
hér.
Þinn kærleikur í verki var gjöf, sem
gleymist eigi,
og gæfa var það öllum, er fengu að
kynnast þér.
(Ingibjörg Sigurðardóttir.)

Ég og fjölskylda mín vottum Lillu, Óla, Ástþóri og fjölskyldum þeirra okkar innilegustu samúð. Megi góður Guð varðveita þau og minningu Inga frænda.

Kristín.

Ingi Gunnarsson var einn af brautryðjendum körfuknattleiksíþróttarinnar á Íslandi. Hann var snjall leikmaður, fyrirliði fyrstu Íslandsmeistaranna og fyrirliði fyrsta landsliðsins í kappleiknum við Dani 1959 og síðar dugmikill stjórnandi, og var einmitt einn af fundarmönnum á fyrsta ársþingi KKÍ árið 1961. Í ungri sögu körfuknattleiks á Íslandi telst Ingi meðal þeirra duglegustu sem plægðu akurinn fyrir þá sem síðar hafa uppskorið ríkulega. Íslenskur körfuknattleikur stendur í þakkarskuld við Inga.

Samskipti mín við Inga voru ávallt góð, og ekki vantaði að hann hefði skoðanir á málunum, og hann var trúr sínu félagi, Ungmennafélagi Njarðvíkur. Sérstaklega minnist ég alúðar hans við Boga Þorsteinsson, fyrsta formann KKÍ, á kappleikjum síðustu ár hans. Nú eru þessir merku frumherjar báðir horfnir af vettvangi og geta vonandi sameinast annars staðar í áhuga sínum á körfuknattleik.

Ég sendi fjölskyldu og aðstandendum Inga mínar samúðarkveðjur.

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, fyrrv. formaður KKÍ.

Þegar ég frétti andlát Inga Gunnarssonar hugsaði ég með mér, ég á þá ekki eftir að sjá hann á áhorfendapöllunum í vetur eins og alla aðra vetur glaðbeittan og með leikinn á hreinu. Ingi Gunnarsson var aldrei skoðanalaus en alltaf trúr leiknum og hélt uppi merki síns liðs fram á það síðasta. Það er mikill sjónarsviptir að honum Inga og stórt skarð eftir í röðum stuðningsmannahóps UMFN sem verður vandfyllt. Ingi gekk í UMFN á 109. fundi félagsins 18. janúar 1970 ásamt fleiri körfuboltamönnum úr ÍKF, en ÍKF hafði þá skömmu áður farið að æfa undir merkjum UMFN. Ingi varð strax drifkrafturinn í körfuboltadeild UMFN og greindi hann frá málefnum hinnar nýstofnuðu körfuboltadeildar UMFN á sínum fyrsta fundi hjá aðalstjórn UMFN. Fundarritari UMFN bókar eftirfarandi eftir Inga á fundinum m.a.:„…[Ingi] kvaðst vona að það yrði körfuboltanum á Suðurnesjum til heilla [að ÍKF hafði gengið til liðs við UMFN]. Strax eftir stofnun deildarinnar hefði stjórnin hafist handa að fá þjálfara og hefði tekist að fá tvo Bandaríkjamenn …“ Ingi var einn af frumkvöðlum körfuboltans í UMFN og leiddi deildina fyrstu skrefin. Hann byrjaði að spila körfubolta með bandarískum starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli á síðari hluta 5. áratugar síðustu aldar. Þeir voru nokkrir frumkvöðlarnir þar saman komnir og má þar nefna Boga Þorsteinsson sem gekk í UMFN á sama fundi og Ingi. En Ingi var meira en leikmaður, hann var hugsjónamaður og vildi að Íslendingar kynntust körfuboltanum og lærðu hann. Hann sá að best væri fyrir íþróttina á Suðurnesjum að koma henni inn í stærra félag og valdi Ungmennafélag Njarðvíkur til þess. Það var mikil gæfa fyrir UMFN að þessi ákvörðun var tekin og hefur körfuboltinn síðan verið flaggskip UMFN í íþróttastarfi á landsvísu. UMFN hefur ætið eftir það notið krafta Inga og gott að hann skyldi vera svo lengi til taks og horfa til með körfunni þegar þess þurfti og sparaði hann hvorki fé né fyrirhöfn til að körfuboltadeildinni gengi sem best.

Að leiðarlokum vil ég f.h. UMFN þakka Inga hans mikla og óeigingjarna starf í þágu Ungmennafélags Njarðvíkur og körfuboltans á Íslandi. Ég vil einnig þakka Inga persónulega fyrir tryggð og vináttu liðinna ára. Ég minnist hans með þakklæti og virðingu í huga.

Ég vil votta ættingjum Inga mína dýpstu samúð. Blessuð sé minning Inga Gunnarssonar.

Kristján Pálsson, formaður UMFN

Körfuknattleikshreyfingin kveður nú einn af frumkvöðlum körfuknattleiksins hér á landi. Þegar Ingi hóf störf árið 1948 á Keflavíkurflugvelli, kynntist hann körfuboltanum og féll fljótlega fyrir þessari skemmtilegu íþrótt. Ingi ásamt öðrum Íslendingum hóf að leika með Íþróttafélagi Keflavíkurflugvallar – ÍKF.

ÍKF tók þátt í fyrsta Íslandsmótinu sem var haldið árið 1952, ÍKF hampaði Íslandsmeistaratitlinum og var Ingi fyrirliði fyrstu Íslandsmeistaranna. Ingi var einnig fyrsti fyrirliði íslenska landsliðsins þegar Ísland sótti Dani heim 16. maí 1959. Ingi tók virkan þátt í stofnun Körfuknattleikssambands Íslands sem var stofnað 29. janúar 1961, á stofnfundi sambandsins var Ingi í nefnd sem gerði tillögu að fyrstu stjórn þessa nýja sérsambands.

Seinna meir þegar ÍKF rann saman við Ungmennafélag Njarðvíkur, tók Ingi virkan þátt í starfi Njarðvíkur. Ingi vann lengi að þjálfun hjá Njarðvík og einnig var hann formaður körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur um tíma. Gaman var að hitta Inga á leikjum undanfarin ár og spjalla við hann um málefni körfuboltans því Ingi fylgdist vel með og hann hafði sterkar og miklar skoðanir á málefnum körfuboltans allt þar til hann lést.

Eiginkonu Inga og fjölskyldu sendi ég mínar innilegustu samúðarkveðjur,

Hannes S. Jónsson, formaður Körfuknattleikssambands Íslands.

Raðauglýsingar 569 1100

Starfsmaður óskast

Óskum eftir að ráða starfsmann í frágang og þrif á bílum.

Bílastjarnan, sími 567 8686.

Innkaup

Maður vanur innkaupum og erlendum viðskiptum óskar eftir framtíðarstarfi. Hefur fjölbreytta reynslu og þekkingu af innkaupum í Evrópu og Kína. Upplýsingar í síma 864 3573 eða atvinna10@hotmail.com

Hentar þér að ráða vinnutímanum?

Leitum að sölumanni í dagverkefni. Áhugasamir sendi inn svar á auglýsingadeild Mbl. eða á box@mbl.is merkt: „S—19195“.

Fundir/Mannfagnaðir

Aðalfundur

Félags sjálfstæðismanna í Laugarnes- og Túnahverfi

verður haldinn í Valhöll fimmtudaginn 2. nóvember kl. 19.

Dagskrá:

1. Almenn aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.
3. Gestur fundarins er Guðfinna S. Bjarnadóttir.

Stjórnin.

Raðauglýsingar sími 569 1100

Aukahluthafafundur

Guardian Holding ehf

Aukahluthafafundur verður haldinn í félaginu fimmtudaginn 2. nóvember nk. kl. 14.00.
Í húsakynnum Ernst & Young í Borgartúni 30, 105 Reykjavík, 4. hæð.
Dagskrá fundarins:
StjórnarkjörStjórnarkjör.

Stjórn Guardian Holding ehf

Félagslíf

I.O.O.F. 5 ═ 18710268 ═

Samhjálp

Fimmtudagur 26. okt. 2006
Samkoma kl. 20.00 í Háborg, félagsmiðstöð Samhjálpar í Stangarhyl 3. Vitnisburður og söngur.
Predikun Stefan Kristiansson.
Allir hjartanlega velkomnir.
www.samhjalp.is

I.O.O.F. 11 ═ 18710268½ ═ 9.0.*

Landsst. 6006102719 IX

Hjálpræðisherinn
Kirkjustræti 2

Lofgjörðarsamkoma í dag kl. 20.00. Umsjón: Áslaug K. Haugland. Allir velkomnir.

Smáauglýsingar 569 1100 | www.mbl.is/smaaugl

Heilsa

Betri heilsa - betra líf!
Þú léttist með Herbalife.
Persónuleg ráðgjöf
og stuðningur.
S. 892 8463 og 868 4884.

Barnshafandi konur!
Yoga fyrir ykkur,
liðkandi, styrkjandi,
sérstök öndun og slökun.
YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, sími 588 5711
www.yogaheilsa.is

Slökun
Finndu innri frið og jafnvægi
Notuð er m.a. EFT (Emotional Freedom Techniques) og dáleiðsla (Hypnotherapy).
Viðar Aðalsteinsson, dáleiðslufræðingur, sími 694 5494, www.EFTiceland.com .

Húsnæði í boði

Íbúð til leigu. Til leigu efri hæð í tvíbýlishúsi í suðurhlíðum Kópavogs, ekki langt frá Smáratorgi. Sérinngangur. Íbúðin er 100 fermetrar, tvö svefnherbergi. Björt stofa, borðstofa og eldhús í opnu rými með garðskála og fagurt útsýni til suðurs. Hátt til lofts. Rúmgóðar svalir. Góðir nágrannar. Friðsælt hverfi. Leigist til a.m.k. árs, en mjög líklega til lengri tíma ef góðir og reglusamir leigjendur fást. Íbúðin yrði laus frá og með 5. október nk. Þeir sem hafa áhuga á að taka íbúðina á leigu eru vinsamlegast beðnir um að gera grein fyrir sér með upplýsingum í tölvuskeyti á netfangið casa@emax.is. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og öllum skeytum svarað.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu nýinnréttuð skrifstofuherbergi í 104 Rvík. Securitas-öryggiskerfi. Tölvulagnir. Góð samnýting. Uppl. í síma 896 9629.

Bílskúr

Bílskýli. Stæði í bílskýli fyrir bíl/fellihýsi í Hlíðunum til leigu. Upplýsingar í síma 849 5269 eða 551 4761.

Námskeið

Námskeið í tréskurði.
Örfá pláss laus.
Hannes Flosason,
sími 554 0123.

Þjóðbúningasaumur
hefst þriðjudaginn 31. október.
HEIMILISIÐNAÐARSKÓLINN
Laufásvegi 2 - 101 Reykjavík.
Símar 551 7800 - 895 0780
Netfang: hfi@heimilisidnadur.is
www.heimilisidnadur.is

Tómstundir

Nýkominn sending af Italeri
plastmódelum og akrýlmálningu.
Tómstundahúsið, Nethyl 2,
sími 587 0600,
www.tomstundahusid.is.

HPI Savage 3,5 fjarstýrður bensíntrukkur. Öflugur og sterkur torfærutrukkur á hagstæðu verði.
Tómstundahúsið,
Nethyl 2, sími 587 0600,
www.tomstundahusid.is.

Til sölu

Lopapeysur
Fallegar og ódýrar lopapeysur til sölu. Heilar á 5.000, hnepptar á 5.500. Upplýs. í síma 553 8219.

Gyllta tískulínan er hjá okkur
Glæsilegar gjafavörur frá Dubai.
Opið virka daga kl. 11-18,
laugardaga kl. 11-15.
Sigurstjarnan,
Bláu húsin Fákafeni,
sími 588 4545.

Kristalssprey.
Ný sending af kristalsspreyi til að hreinsa kristalljósakrónur.
Slovak Kristall, Dalvegi 16 b,
201 Kópavogi. Sími 544 4331.

Slovak Kristall. Hágæða postulín matar-, kaffi-, te- og moccasett. Margar gerðir.
Slóvak Kristall (Kaldasel),
Dalvegi 16b,
201 Kópavogi,
s. 544 4331.
www.skkristall.is

Útsala á hágæða sturtuklefum og böðum með útvarpi, síma og nuddi. Einnig glæsilegir glervaskar. Frábært verð (heildsöluverð). Upplýsingar í síma 864 1202 á kvöldin eða í:
Versluninni Sigurstjarnan,
Fákafeni (Bláu húsin)
sími 588 4545.

mbl.is

Beitusíld - Beitusíld. Nýfryst úrvalssíld. Heimavík ehf., símar 555 6090, 892 8655.

Þjónusta

Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi
og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og
endurnýjun raflagna.
Gerum verðtilboð
Rafneisti
sími 896 6025
lögg. rafverktaki • www.rafneisti.is

Byggingavörur

www.vidur.is
Harðviður til húsbygginga. Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket o.fl. o.fl. Gæði á góðu verði. Sjá nánar á **vidur.is.** Upplýsingar hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Ýmislegt

BREKKA

Húsaskilti
Pantið tímanlega fyrir jólin
Pipar og salt, Klapparstíg 44
Sími 562 3614

HÚFUR, TREFLAR OG VETTLINGAR
Skarthúsið, Laugavegi 12,
sími 562 2466.

Einstaklega mjúkir og þægilegir dömuskór úr leðri, með innleggi og höggdeyfi í hæl. Stærðir 36-42, verð 6.570.
Misty skór, Laugavegi 178,
sími 551 2070.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Tilboð. Léttir og þægilegir dömugönguskór. Verð aðeins 1.500.
Misty skór, Laugavegi 178,
sími 551 2070.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Fyrir meðgönguna:

Rosalega mjúkur, styður en er spangalaus í BCD skálum, litir hvítt og svart á kr. 1.880.

Bandabuxur, saumlausar yfir bumbu S-XL. Litir: hvítt og svart á kr. 1.180.

Boxerbuxur, saumlausar undir bumbu S-XL. Litir: hvítt og svart á kr. 1.180.
Auk þess fleiri tegundir og snið í buxum.
Misty, Laugavegi 178,
sími 551 3366.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Nýkomin sérlega vönduð dömustígvél úr leðri, fóðruð. Stærðir: 36-41. Verð frá 9.500 til 16.700.
Misty skór, Laugavegi 178,
sími 551 2070.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Til sölu 2 Omron RS 1008 búðarkassar (sjóðsvélar). Uppl. í síma 659 2520.

EUROCONFORTO
HEILSUSKÓRNIR HAFA SLEGIÐ Í GEGN Á ÍSLANDI
Verð kr. 4.400, st. 35-43. Tveir nýir litir: Steingrár og dökkblár.
Útsölustaðir: Valmiki Kringlunni Euroskór Firðinum - B-Young Laugavegi - Kóda Keflavík

Varahlutir

Vél óskast í Benz Sprinter. 2,2 líta dísel túrbóvél í árgerð 1999-2001. Upplýsingar í síma 895 4444 eða á netfangið hroi@simnet.is.

Mótorhjól

MÓTORHJÓL

Hippi 250cc, verð 395 þús. með götuskráningu, 3 litir.

Racer 50cc., verð 245 þús. með götuskráningu, 3 litir.

Dirt Bike (Enduro) 50cc, verð 188 þús. með götuskráningu, 2 litir.
Vélasport, Tangarhöfða 3
Sölusímar: 578 2233 og 845 5999.
Þjónusta og viðgerðir,
sími 822 9944.

Vespur
nú á haustútsölu!
Lítið eftir.
50cc, 4 gengis, 3 litir eftir, fullt verð 198 þús., nú á 139.900 með götuskráningu.
Sparið!

Vélasport, Tangarhöfða 3.
Sölusímar 578 2233 og 845 5999.
Þjónusta og viðgerðir,
sími 822 9944.

Bílar

Þarf að losna við ljón v. flutnings! Peugeot 306 árg. '98. Ekinn 112 þús., 1600cc, CD, álfelgur, vindskeið, samlæsingar, kastarar. Tilboð 150.000 kr. Uppl. Ásgeir sími 869 2345.

Subaru Legacy 2.0 GL 4x4 Wagon árg. 1997. Grár. Ssk. Ek. 174 þ. km. Vetrardekk á felgum. Skoðaður 2007. Þjónustubækur frá upphafi. Uppl. í s. 820 6872.

Toyota árg. '05, ek. 15 þús. km. Toyota Avensis 12/05, ssk., 5 hurða, silfurgr., vetrardekk á stálf. Listav. 2.540 þ. Áhv. 1.900 þ. Yfirtaka + 300 þ. eða tilboð. Seljandi er að flytja til útlanda. S. 690 2680.

DODGE ÚTSALA Í DAG! Dísel eða benzínbílar frá kr. 2.065.000. Lækkun dollars, útsölur bílaframleiðenda og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun! Íslensk ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í s. 552 2000 eða á www.islandus.com.
islandus.com - Sími 552 2000

Geymslur

Geymum
hjólhýsi, fjallabíla og fleira.
Húsnæðið er loftræst, upphitað og vaktað.
Stafnhús ehf.,
símar 862 1936 - 8991128

Hjólbarðar

Camac jeppadekk - tilboð 4 stk. 235/75 R 15 + vinna 49.000 kr.
Kaldasel ehf.,
Dalvegi 16b, 201 Kópavogi,
s. 544 4333.

Tilboð til 29.10. 175/65 R 14 naglad ekk 4 stk. + vinna 25.900 kr.
Kaldasel ehf.,
Dalvegi 16b, 201 Kópavogi,
s. 544 4333.

Tilboð til 29.10. 195/65 R 15 naglad ekk 4 stk. + vinna 27.900 kr.
Kaldasel ehf.,
Dalvegi 16b, 201 Kópavogi,
s. 544 4333.

FRÉTTIR

Ráðstefna um þróun menntastefnu

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ stendur að ráðstefnunni „Menntun í mótun – þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi“ sem haldin verður í ráðstefnusal Orkuveitu Reykjavíkur í dag, fimmtudaginn 26. október nk. frá klukkan 9–17. Ráðstefnan fer fram á íslensku og ensku.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra setur ráðstefnuna , en síðan greinir Sebastian Volkers, fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, frá stefnumótunarvinnu ESB í menntamálum.

Pallborðsumræður verða undir lok ráðstefnunnar með þátttöku menntamálaráðherra, dr. Guðmundar Hálfdanarsonar prófessors, Ingibjargar Elsu Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, dr. Marijk van der Wende prófessors, dr. Ólafs Proppé rektors KHÍ og dr. Svöfu Grönfeldt aðstoðarforstjóra Actavis Group.

Ráðstefnustjóri verður Ágúst H. Ingþórsson, forstöðumaður Rannsóknaþjónustu.

Ráðstefnan er liður í þátttöku ráðuneytisins í verkefnum á vegum Evrópusambandsins sem lúta að umbótum á menntakerfum Evrópu til ársins 2010.

Markmiðið með ráðstefnunni er að varpa ljósi á stöðu mála á Íslandi með hliðsjón af þróuninni annars staðar í Evrópu, draga fram ýmis álitamál sem ekki eru komin í almenna umræðu og hvetja til opinnar umræðu um þróun menntamála á Íslandi.

Rannsóknaþjónusta Háskóla Íslands sér um framkvæmd ráðstefnunnar fyrir hönd menntamálaráðuneytis. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands http://www.rthj.hi.is/page/Menntunimotun

Ráðstefna um félagsvísindi í HÍ

ÞJÓÐARSPEGILLINN, sjöunda félagsvísindaráðstefna Háskóla Íslands verður haldin af lagadeild, félagsvísindadeild og viðskipta- og hagfræðideild í Odda og Lögbergi föstudaginn 27. október frá kl. 9til 17.

Markmið ráðstefnunnar er að kynna það sem er efst á baugi í rannsóknum í félagsvísindum hér á landi og eru fyrirlesarar allir í fremstu röð hver á sínu sviði, segir í frétt á heimasíðu Háskólans. Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis.

Dagskrá Þjóðarspegilsins er að finna á heimasíðu ráðstefnunnar www.thjodarspegillinn.hi.is.

Dr. Kotaite sæmdur fálkaorðunni

FORSETI Íslands sæmdi nýlega dr. Assad Kotaite, fv. forseta fastaráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), hinni íslensku fálkaorðu fyrir stuðning við íslenska hagsmuni í alþjóðaflugi og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi í flugrekstri.

Viðstaddir veitingu orðunnar voru m.a. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Þorgeir Pálsson flugmálastjóri. Í tilkynningu frá Flugmálastjórn Íslands segir að við hæfi sé að dr. Kotaite sé sæmdur fálkaorðunni þar sem hann hafi haft mikil og heilladrjúg afskipti af málefnum alþjóðaflugþjónustunnar sem Ísland hefur haft með höndum á vegum ICAO um margra áratuga skeið. Auk þess að vera viðurkenndur sem einn af helstu frammámönnum alþjóðlegs borgaralegs flugs um áratuga skeið hafi dr. Kotaite verið öflugur stuðningsmaður íslenskrar flugstarfsemi í þau 30 ár sem hann gegndi forsetaembætti fastaráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Hann veitti t.d. íslenskum flugmálayfirvöldum mikilvægan stuðning þegar íslensk stjórnvöld tókust á hendur, árið 2004, að koma rekstri flugvallarins í Pristina í Kosovo í borgaralegt horf í samræmi við staðla ICAO og styðja við uppbyggingu þessa mikilvæga mannvirkis.

Dr. Kotaite var hér á landi í tilefni Flugþings sem haldið var í síðustu viku, segir í fréttatilkynningu frá Flugmálastjórn Íslands.



Orðuveiting **Dr. Kotaite ásamt forseta Íslands.**

Kemur ekki fram í fjölmiðlum í nafni embættis síns

GÍSLI Tryggvason, sem gegnir embætti talsmanns neytenda, hefur ákveðið að gefa kost á sér í 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi fyrir næstu alþingiskosningar, eins og áður hefur komið fram. Í yfirlýsingu frá Gísla segir að hann muni ekki koma fram í fjölmiðlum í nafni embættisins frá því að framboðsfrsstur rennur út næsta laugardag og fram að tvöföldu kjördæmisþingi Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi 4. nóvember.

Í yfirlýsingu frá Gísla Tryggvasyni segir meðal annars:

„Engar athugasemdir hafa borist vegna þess að ég gef kost á mér til setu á framboðslista á sama tíma og ég gegni áberandi embætti – enda eru allir samkvæmt stjórnarskránni frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Þar sem ég hef ávallt reynt að vera trúverðugur í störfum mínum hef ég engu að síður að eigin frumkvæði tekið eftirfarandi ákvörðun í því skyni að varðveita traust á embætti talsmanns neytenda en í lögum er kveðið á um sjálfstæði hans.

Næstkomandi laugardag, 28. október, rennur framboðsfrestur út. Frá þeim tíma og fram að tvöföldu kjördæmisþingi Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi 4. nóvember nk., sem tekur ákvörðun um val í efstu sæti á lista til alþingiskosninga, mun ég ekki koma fram í fjölmiðlum í embættis nafni. Ef hagsmunir eða réttindi neytenda krefjast þess á þeim tíma að embættið beiti sér opinberlega mun ég með hliðsjón af hæfisreglum stjórnsýsluréttar gera viðeigandi ráðstafanir.“

Ræða krabbamein í brjósti og brjóstamiðstöð

OPINN fundur verður föstudaginn 27. október í hátíðarsal Háskóla Íslands frá kl. 14:00 – 16:30. Þar mun prófessor Roger Wallis Blamey halda fyrirlestur sem ber heitið Specialisation and Team Working in Breast Cancer: Accreditation of Breast Units.

Einnig mun Kristján Skúli Ásgeirsson læknir í Nottingham flytja fyrirlestur sem ber heitið Er þörf á sérhæfðri brjóstamiðstöð á Íslandi? og Guðrún Agnarsdóttir forstjóri Krabbameinsfélagsins flytur fyrirlestur um Leit að brjóstakrabbameini og stuðning við þá sem greinast. Fundurinn hefst með ávarpi Sveins Magnússonar skrifstofustjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Prófessor Blamey er varaforseti EUSOMA (European Society of Mastology) og einn af höfundum verklagsreglna sem lagðar eru til grundvallar í Evrópu fyrir þá sem vilja opna sérhæfða brjóstamiðstöð fyrir konur sem greinast með brjóstamein. Hann er stofnandi Nottingham International Breast Education Centre (NIBEC) sem er við Nottingham Breast Institute en hún er talin vera meðal virtustu brjóstamiðstöðva í Evrópu, segir í fréttatilkynningu.

Með honum í för er Kristján Skúli Ásgeirsson sem hefur verið í sérnámi í Nottingham frá 1999 og hlotið undirsérgreinamenntun í alhliða meðferð brjóstameina með sérstaka áherslu á svokallaða „onkóplastík“, brjóstaskurðlækningar sem sameina krabbameins- og lýtaskurðmeðferð. Kristján Skúli starfar nú við Nottingham Breast Institute og gegnir lektorstöðu í Nottingham.

Þeir sem standa að þessum fundi eru áhugafólk um bætta þjónustu fyrir konur sem greinast með brjóstamein og fjölskyldur þeirra í samstarfi við Landlæknisembættið og fleiri.

Málefni innflytjenda rædd á fundi Heimdallar

HEIMDALLUR, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, stendur fyrir opnum málfundi í dag, fimmtudag, klukkan 12.15 á Kaffi Sóloni um málefni innflytjenda. Yfirskrift fundarins er Hvernig tökum við á móti innflytjendum á Íslandi?

Fjórir fyrirlesarar halda erindi á fundinum; Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar: Hver er sinnar gæfu smiður. Helga Arnardóttir, stjórnmálafræðingur og fréttamaður: Stefna stjórnvalda í málefnum innflytjenda, Paul F. Nikolov, blaðamaður og frambjóðandi í forvali VG: Hagsmunamál innflytjenda og Toshiki Toma, prestur innflytjenda: Síbreytilegir innflytjendur – Hvað er málið núna?

Með fundinum vill Heimdallur leggja sitt af mörkum til að stuðla að umræðu um málefni innflytjenda hér á landi. Heimdallur telur mikilvægt að taka vel á móti innflytjendum og stuðla að því að þeirra bíði tækifæri á við aðra hér á landi, segir í fréttatilkynningu.

Að erindunum loknum verður opnað fyrir umræður. Fundurinn fer fram á Kaffi Sóloni og verða tilboð á súpu og hádegismat fyrir fundargesti.

Haustþing Framtíðarlandsins

FRAMTÍÐARLANDIÐ, félag áhugafólks um framtíð Íslands, boðar til haustþings á Nordica næstkomandi sunnudag, 29. október, kl. 10–16, undir yfirskriftinni „Ísland á teikniborðinu“.

Velt verður upp spurningunum Hvar erum við núna? Hvert getum við farið? Hvernig getur framtíðarlandið litið út?

Fjöldi erinda verður fluttur og meðal frummælenda eru Andri Snær Magnason rithöfundur, Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki við HÍ, Gunnar Hersveinn heimspekingur, Rögnvaldur Sæmundsson, forstöðumaður rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar og frumkvöðlafræðum, Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona, Sólveig Arnarsdóttir leikkona, Ósk Vilhjálmsdóttir, myndlistar- og leiðsögukona, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, doktor í grasafræði, Grímur Sæmundsen, framkvæmdastjóri Bláa Lónsins, og Ragnar Freyr Ingvarsson læknir.

Þá mun Hjálmar Sveinsson útvarpsmaður leiða þau Eddu Rós Karlsdóttur, forstöðukonu greiningardeildar Landsbankans, Skúla Skúlason, rektor Hólaskóla, og Baltasar Kormák leikstjóra í pallborðsumræðum.

Ráðstefnustjóri er María Ellingsen. Verð á aðgangi að ráðstefnunni er 2.000 krónur, hádegisverður, matur og drykkur innifalinn.

Skráning á Haustþingið er á framtidarlandid.is.

Lengri frestur hjá VG

FRAMBOÐSFRESTUR í forvali Vinstrihreyfingarinnar – grens framboðs í Norðausturkjördæmi hefur verið framlengdur til 5. nóvember. Nefndarmenn í uppstillinganefnd taka við tilnefningum og veita allar nánari upplýsingar. Reglur forvalsins má sjá á slóðinni: http://www.vg.is.

Fjölmiðlar á fundi femínistafélagsins

FEMÍNISTAFÉLAGIÐ boðar til morgunverðarfundar með handhöfum Bleiku steinanna kl. 8 í fyrramálið, föstudag 27. október, í Blómasal Hótels Loftleiða. Í ár hlutu fréttafjölmiðlar hvatningu frá Femínistafélaginu, segir í fréttatilkynningu.

Fundurinn fer þannig fram að hver handhafi Bleika steinsins ræðir í 10. mínútur um jafnréttisstarf á sínum vettvangi og hvort Bleiku steinarnir hafa verið hvatning til að gera betur. Erindin halda fulltrúar 365 ljósvakamiðla, Blaðsins, Fréttablaðsins, Morgunblaðsins og RÚV Fréttastofu. Fundurinn er gestum að kostnaðarlausu en hægt er að kaupa sér morgunmat og kostar hann 1.500 krónur.

LEIÐRÉTT

Ekki Gullborgin

VEGNA fréttar um Daníelsslipp í Morgunblaðinu í gær skal það leiðrétt að Fanney HU hét ekki áður Gullborgin, það mikla happafley Binna í Gröf. Um er að ræða tvö ólík skip og er beðist velvirðingar á mistökunum.

BRIDS

Umsjón Arnór G. Ragnarsson

Komdu bara aftur ef þú þorir Guðjón

Það fór aldrei svo að Guðjón Karlsson gæfi sér ekki tíma til að vera með sýnikennslu í brids fyrir okkur Borgfirðinga. Skreyttur sjálfum skrifstofustjóra Vegagerðarinnar sem meðspilara fór hann létt með að beygja okkur í duftið og tók risaskor í tvímenningi mánudaginn 23. október. Komdu bara aftur ef þú þorir!

Aðrir sem stóðu sig með prýði voru Guðmundur og Ella og enginn fór glaðari heim en Ella eftir að hafa „rassskellt“ erkióvini sína, Sveinbjörn og Lárus. Formaðurinn sjálfur, Jónsi á Kópa, sýndi loks lífsmark og ekki síður makker hans, Baldur í Múlakoti, sem fann að svína spaðaáttu til að vinna sex spaða. Gott hjá honum. Úrslit urðu annars sem hér segir í N–S:

Guðjón Karlsson – Guðm. Arason	241
Elín Þórisdóttir – Guðmundur Jónsson	213
Guðm. Þorsteinss. – Flemming Jessen	211
A–V	
Jón Eyjólfsson – Baldur Á. Björnsson	203
Dóra Axelsd. – Unnsteinn Arason	197
Sveinbjörn Eyjólfss. – Lárus Pétursson.	187

Aðaltvímenningi hefur verið frestað um viku og hefst hann 6. nóvember. Næsta mánudag mæta menn snemma, klára sig af aðalfundi og spila tvímenning. Skora ég á sem flesta að koma og klappa fyrir stjórninni, sem hefur staðið sig með prýði.

Gullsmárabrids

Bridsdeild FEBK spilaði tvímenning á 12 borðum mánudaginn 23. október. Miðlungur 220. Efst vóru:

NS	
Leifur Jóhanness. – Guðm. Magnúss.	253
Helga Helgad. – Ásgrímur Aðalsteinss.	240
Karl Gunnarss. – Gunnar Sigurbjörnss.	238
Ernst Backman – Tómas Sigurðss.	228
AV	
Oddur Jónss. – Einar Markússon	279
Ragnar Ásmundss. – Aðalheiður Torfad.	262
Sigurpáll Árnas. – Sigurður Gunnlaugss.	241
Elís Kristjánsson – Páll Ólason	231

Eykt á góðu skriði hjá BR

Eftir tvö kvöld af þremur í Swiss Monrad-sveitakeppni Bridsfélags Reykjavíkur er Eykt með góða forystu en sveitin skoraði 29 stig af 32 mögulegum á öðru spilakvöldinu.

Garðar og vélar kemur næst en langt er niður í þriðja sætið. Svo gæti farið síðasta kvöldið að þessar sveitir mættust nokkrum sinnum því spilaður verður danskur monrad það kvöld. Staða efstu sveita er þannig:

Eykt	52
Garðar og vélar	47
Garðsapótek	38
Sölufélag garðyrkjumanna	38
Undirföt.is	36
Hlín	35

Í Butlerútreikningi para eru Haukur Ingason og Jón Þorvarðarson efstir með 1,45 impa í spili. Af þeim sem spilað hafa bæði kvöldin eru Jón Baldursson og Þorlákur Jónsson efstir með 1,14 impa í spili.

Minnt er á þriggja kvölda hraðsveitakeppni sem hefst 7. nóvember. Eins kvölds tvímenningur er spilaður á föstudagskvöldum. Spilað í Síðumúla 37 og hefst spilamennska kl. 19:00. Nánar á bridge.is/br.

Bridsfélag Hreyfils

Annað kvöldið í hausttvímenningnum var spilað sl. mánudagskvöld. Ekki gátu allir sem hófu keppni mætt er lokastaða efstu para varð þessi:

Árni Kristjánss. – Þorsteinn Héðinss.	104
Jón Sigtryggss. – Skafti Björnsson	98
Birgir Sigurðarson – Sigurður Ólafss.	92
Sigurrós Gissurard. – Helgi Geir	90

Tvö efstu pörin eru jafnframt með hæstu skor eftir tvö kvöldin.

Þriðja kvöldið verður nk. mánudagskvöld kl. 19.30 í Hreyfilshúsinu.

Smáauglýsingar 5691100

Vörubílar

Hjólkoppar 15" - 22,5"
fyrir flestar gerðir stærri bíla. Varahlutir í vörubíla. Fjaðrir og ýmsir notaðir hlutir.
Heiði rekstrarfélag ehf.
Sími 696 1051.

Vélar & tæki

Umfelgunarvélar vörubíla og vinnuvéla. Til sölu umfelgunarvélar fyrir vörubíla og vinnuvélar. Verð frá 580 þús. kr. m. vsk. Uppl. í síma 899 2854.

Ökukennsla

Glæsileg kennslubifreið,
Subaru Impreza 2006, 4 wd.
Akstursmat og endurtökupróf.
Gylfi Guðjónsson,
sími 696 0042.

Smáauglýsingar
sími 569 1100

tónlist

Bubbi Morthens hélt fjölmennustu afmælisveislu ársins hinn 6. júní þegar hann varð fimmtugur. Upptaka frá afmælistónleikunum er söluhæsta platan þessa vikuna. » 52

myndlist

Sýning á verkum listakonunnar Drafnar heitinnar Friðfinnsdóttur verður opnuð í Listasafni Akureyrar um helgina en hún var þekktust fyrir tréristur sínar. » 52

tónlist

David Fricke, blaðamaður tónlistartímaritsins Rolling Stone, var ánægður með Airwaves-hátíðina. Hann heldur enn upp á Jakobínurínu og líkir Mugison við Led Zeppelin. » 51

af listum

Vefritið Hugsandi átti ársafmæli fyrir stuttu flestum til gleði og sumum til undrunar. Ingveldur Geirsdóttir veltir fyrir sér vefritum og langlífi þeirra í pistlinum Af listum í dag. » 53

sjónvarp

Þáttaröðin um Latabæ hlaut í fyrradag tilnefningu til hinna virtu BAFTA-verðlauna sem afhent verða í lok nóvember. Sýningar á Latabæ hófust í Bretlandi á síðasta ári. » 61

Hlegið af kærleika og illkvittni

Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikur „verstu söngkonu allra tíma“, Florence Foster Jenkins, í gamanleiknum Stórkostlegt sem frumsýndur verður í Þjóðleikhúsinu annað kvöld

Dívan **Ólafía Hrönn í söng-innlifun sem Dívan Florence Foster Jenkins í gamanleiknum Stórkostlegt sem verður frumsýndur annað kvöld.**

Eftir Guðjón Guðmundsson
gugu@mbl.is

Florence Foster Jenkins hefur verið kölluð „versta söngkona allra tíma“ og var þekkt í skemmtanalífi New York-búa á fyrrihluta síðustu aldar þar sem hún tróð upp í tónleikasölum og glæsihótelum og söng þekktar óperuaríur. Jenkins varð víðfræg fyrir hljómplötur sínar og tónleikahald í New York og þótti heillandi persónuleiki. Hún var gædd óbilandi sjálfstrausti, en hafði þann galla einan sem söngkona að hún hélt ekki lagi.

Nú er verið að færa líf hennar upp á stóra svið Þjóðleikhússins og með hlutverk hennar fer Ólafía Hrönn Jónsdóttir. Leikritið heitir Stórkostlegt og er eftir Peter Quilter í leikstjórn Ágústu Skúladóttur og frumsýning verður á föstudagskvöld.

Leigði hótelsali til að halda tónleika og dansleiki

„Þetta var afar sérstök kona,“ segir Ólafía Hrönn. „Hún hafði mikla ánægju af því að syngja en hún hafði ekki hæfileika að sama skapi. Engu að síður gaf hún út plötur og hélt marga tónleika. Hún byrjaði ekki að syngja fyrr en eftir að henni hafði tæmst arfur eftir föður sinn. Þá varð hún nægilega efnuð til þess að leigja hótelsali til að halda tónleika og dansleiki. Það var vel mætt á tónleika hennar,“ segir Ólafía Hrönn.

Hún segir að líf Florence Foster Jenkins hafi ekki verið einn allsherjar brandari, langt því frá. „Hún hafði eitthvað við sig þessi kona sem fólk elskaði. Það hefur verið sérkennileg upplifun fyrir marga að fara á tónleika hennar því um leið og fólk elskaði hana hló það að henni. Flestir hlógu af kærleika en svo voru líka aðrir sem hlógu af illkvittni. Til þess að fyrirbyggja það að gert væri grín að henni á tónleikum tók hún alla þá sem ætluðu að kaupa aðgöngumiða í viðtal. Þannig vildi hún ganga úr skugga um hvort um óvini væri að ræða. Þeir sem ætluðu að hæðast að henni fengu ekki að kaupa miða. Þegar hún tók þessi viðtöl var hún að syngja fyrir 800 manns og það hefur verið heilmikil vinna fyrir hana að taka alla í viðtal,“ segir Ólafía Hrönn.

Þörfin til að syngja yfirgnæfði allt annað

Florence Foster Jenkins sannfærði jafnan sjálfa sig um það að vond gagnrýni ætti rætur sínar í afbrýðisemi. „Það er mjög gott að grípa til þessa ráðs ef einhver er óánægður með mann,“ segir Ólafía Hrönn.

Hún segir að Jenkins hafi verið mikil frammákona í félagsstarfi. Hún var formaður í ýmsum klúbbum og kvenfélögum. „Hún hefur ekki verið vitlaus, en söngurinn var henni ástríða sem hún fékk strax sem barn. Faðir hennar vildi ekki greiða fyrir hana tónlistarnám og sagði að hún ætti ekki að syngja.“ Ólafía Hrönn er eins og gefur að skilja búin að kynna sér í þaula persónu Jenkins og hún er þeirrar skoðunar að hún hafi ekki verið blind á sjálfa sig. „Þörfin til að syngja er sterkari en allt annað og henni finnst það ekkert stórmál þótt hún fari út af laginu. Hún heyrði ekki hve vond söngkona hún var en hún vissi engu að síður að hún væri ekki góð söngkona.“

Það hlýtur að vera með skemmtilegri hlutverkum að leika „dívu“ eins og Jenkins og Ólafía Hrönn segir að undirbúningurinn hafi verið mikil glíma. „Það hafa verið miklar söngæfingar. Diddú hefur verið minn þjálfari og ekki hægt að fá betri þjálfara. Florence söng mjög hátt og náði ótrúlegum hljóðum út úr sér þótt þau væru mörg fölsk. Hún var ekki að syngja auðveldustu aríurnar heldur. Diddú hefur hjálpað mér að ná þessum tónum. Þetta er frekar erfitt hlutverk og leikritið er ákaflega fallegt,“ segir Ólafía Hrönn.

Leikritið hefur gengið um nokkurt skeið í London og fékk þar verðlaun sem besti gamanleikurinn. „Þetta er víst gamanleikur en ég vil ekki taka undir það. Mér finnst meira í verkið spunnið en að það teljist eingöngu vera gamanleikur.“

Stórkostlegt

Sýningarstjóri: **Ingibjörg Elfa Bjarnadóttir.**
Leikstjóri: **Áslaug Skúladóttir.**
Höfundur: **Peter Quilter.**
Þýðing: **Ingunn Ásdísardóttir.**
Leikmynd: **Frosti Friðriksson.**
Búningar: **Þórunn Elísabet Sveinsdóttir.**
Leikarar: **Dóra Jóhannsdóttir, Edda Arnljótsdóttir, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson og Örn Árnason.**
Lýsing: **Björn Bergsteinn Guðmundsson.**

Frumsýning **Sex leikarar leika í Stórkostlegu í Þjóðleikhúsinu.**

Um líf Florence Foster Jenkins

Fæddist í Pennsylvaníu 1868. Faðir hennar var auðmaður sem bannaði henni að leggja fyrir sig tónlist. Hún strauk að heiman með lækninum Frank Thornton Jenkins sem hún síðar giftist. Við andlát föður hennar 1909 tæmdist henni stór arfur sem gerði henni kleift að helga sig söngnum. Hún hélt fyrstu tónleikana árið 1912. Af hljómplötum hennar má heyra að hún hafði litla tilfinningu fyrir hljómhæð og hljómtakti og átti í erfiðleikum með að mynda hreina nótu. Engu að síður ávann hún sér gríðarlega hylli á óhefðbundinn hátt. Þrátt fyrir tilfinnanlegan skort á hæfileikum bar hún sig gjarnan saman við helstu dívur samtímans. Hún hannaði sjálf á sig búninga sem voru með skrautlegra móti. Eftir hana liggja fimm plötur sem hafa verið endurútgefnar á þremur geisladiskum. Hápunktur ferils hennar voru tónleikar í Carnegie Hall í október 1944 sem uppselt var á mörgum vikum áður. Hún lést einum mánuði síðar, 76 ára að aldri.

menning

Tónlist krydduð húmor

TÓNLIST

Norrænir músíkdagar – Iðnó

Kammertónleikar

Tónlist eftir Atla Ingólfsson og Rolf Wallin í flutningi Rolf-Erik Nystrøm saxófónleikara, Frode Haltli harmóníkuleikara og Haakon Thelin kontrabassaleikara. Laugardagur 14. október.

Á LOKATÓNLEIKUM Norrænna músíkdaga í Iðnó á laugardagskvöldið kom fram trió þeirra Rolf-Erik Nystrøm saxófónleikara, Frode Haltli harmóníkuleikara og Haakon Thelin kontrabassaleikara, en það eru afburðafærir músíkantar. Fyrra atriði tónleikanna, „Compositions“ eftir Atla Ingólfsson, var auðheyrilega verulega krefjandi í fleirum en einum skilningi, en hljóðfæraleikararnir leystu það allt af hendi með glæsibrag. Ég segi í fleirum en einum skilningi vegna þess að ekki aðeins fólst flutningurinn í tæknilega erfiðum leik, heldur var tónlistin krydduð húmor sem þurfti að koma til skila með látbragði, ekkert síður en hljóðfæraleik. Húmorinn virkaði fullkomlega ef marka má hlátursrokur tónleikagesta og unaður var að hlusta á fimlega spilamennskuna.

„Compositions“ samanstendur af þremur verkum sem bera nöfnin Radioflakes, Cono di fede og Brain Trill. Hvert þeirra var fyrir eitt af hljóðfærunum þremur, en þó voru mörkin á milli þeirra á köflum óljós og svo afslöppuð að maður vissi stundum ekki hvort músíkantarnir voru að gera grín að Atla. Það mun þó ekki hafa verið, heldur voru hljóðfæraleikararnir einfaldlega að fylgja fyrirmælum tónskáldsins.

Verkin þrjú eru sérkennileg; tónmálið í annarlegra lagi og ekki sama hvernig það er túlkað. Atli fer einhvernvegin alla leið með tónlist sinni; úrvinnsla tónhugmynda hans heldur áfram þegar aðrir komast í þrot. Það getur vissulega verið þreytandi áheyrnar þegar minni menn spila; sem betur fer voru meiri menn á sviðinu þetta kvöld eins og þegar er komið fram.

Niðurlagið samanstóð af nokkrum skissum af þeirri gerðinni sem maður heyrir í venjulegum djassklúbbi. Það var þó ekki bara brandari, heldur náði á einstæðan hátt að setja alla tónlistina í samhengi við nútímamenninguna. Með endinum hafði framsækin tónlist Atla sig ekki yfir aðra músík með því að segja „ég er aðeins fyrir fáa útvalda“, heldur gerði góðlátlegt grín að sjálfri sér. Atli tekur sig greinilega ekki of hátíðlega, en það gerir hann óneitanlega að óvenjulegum listamanni.

Síðara atriði tónleikanna þarfnast færri orða, en það var „Phonotope II“ eftir Rolf Wallin. Þremenningarnir fluttu það líka, en nú var hljómurinn úr hljóðfærum þeirra unninn á rafrænan hátt. Útkoman var einstaklega fallegur hljóðskúlptúr sem tók sífelldum breytingum en viðhélt samt ávallt innra samræmi er notalegt var að upplifa.

Í upplýsingabæklingi Norrænna músíkdaga, og einnig á heimasíðu þeirra, var sagt að tónleikarnir ættu að hefjast klukkan hálf-níu. Svo var þó aldeilis ekki; tónleikarnir byrjuðu töluvert síðar. Er þetta því miður ekki eina dæmið um slíkar villur. Einnig væri ekki úr vegi að auglýsa einstaka viðburði hátíðarinnar betur. Gott væri ef úr þessu yrði bætt næst þegar músíkdagarnir eru haldnir.

Jónas Sen

Ein til frásagnar

BÆKUR

Ein til frásagnar

Immaculée Ilibagiza og Steve Erwin

Karl Emil Gunnarsson þýddi. 279 bls. JPV útgáfa 2006.

EIN til frásagnar segir frá hryllilegri lífsreynslu ungrar konu á tíma útrýmingarherferðar Hútúa á hendur Tútsum í Rúanda árið 1994. Immaculée Ilibagiza lifði af með því að sitja innilokuð og þegjandi ásamt sjö öðrum konum í baðherbergiskytru prests nokkurs í 91 dag á meðan morðóðir menn leituðu þeirra. Þegar þessir skelfilegu atburðir áttu sér stað var nánast öll fjölskylda Immaculée myrt með hroðalegum hætti, bróðir hennar lifði einn af auk hennar sjálfrar. Hún var að auki svikin af vinum, kærasta og kennurum. Sögukonan er sanntrúaður kaþólikki sem setur allt traust sitt á himnafeðgana og telur guð hafa bjargað lífi sínu. Sem sannkristin manneskja hefur hún fyrirgefið öllum og ber ekki nokkurn vott af hatri né hefndarhug til þeirra sem tóku þátt í pyntingum og morðum á um milljón samlanda hennar. Immaculé býr nú í Bandaríkjunum og starfar að mannúðarmálum hjá Sameinuðu þjóðunum.

Ein til frásagnar hefst með formála eftir Wayne Dyer, sem er höfundur fjölmargra sjálfshjálparbóka og sá sem mun hafa hvatt til útgáfu á sögu Immaculée. Að auki er vitnað í hann á kápu. Formála og tilvitnun er að mínu mati ofaukið, ég held að flestir sjái í gegnum auglýsingamennskuna þegar sagt er að þessi bók sé sú langáhrifamesta og merkilegasta sem Dr. Dyer hefur lesið um ævina og ekki síður tilgangslaust fjas um innri verund (10) og Andann sem skapaði okkur (11). Einlæg frásögn Immaculée Ilibagiza stendur fyllilega ein og þennan liðsmann hennar hefði ekki átt að setja í forgrunn.

Óteljandi frásagnir eru til af hræðilegum stríðsátökum og afleiðingum þeirra. En því ber að fagna að fólk sem slíkt upplifir segi sögu sína í þeirri von að þeir sem styðja og stunda stríðsátök sjái að sér. Við lestur opinskárrar og grípandi sögu Immaculée Ilibagiza hvarflaði hugur minn að tveimur öðrum mjög ólíkum bókum. Önnur er *Dagbók Önnu Frank*, en líkt og Immaculée var hún falin af fólki, sem lagði eigið líf að veði til að bjarga öðrum. Hin bókin er *Örlögleysi* eftir ungverska nóbelsverðlaunahafann Imre Kertész, sem dvaldi í útrýmingarbúðum nasista í síðari heimsstyrjöld. *Ein til frásagnar* er mjög einlæg og stundum allt að því barnsleg frásögn af hroðalegri lífsreynslu og hið sama má segja um *Örlögleysi*. En lífssýn sögupersóna er svo ólík sem mögulegt er. Í bók nóbelshöfundarins örlar aldrei á umræðu um að trúin á eitt né annað hefði bjargað sögumanni frá uppgjöf og dauða og öll tilfinningasemi er víðs fjarri. Líf og saga Immaculée er hins vegar gagnsýrð af sannri trú á almættið, hún telur guð beinlínis hafa bjargað lífi sínu og að lokum sent sér eiginmanninn, sem hún ávarpar í lokaorðum og segir að hún elski af lífi og sál. Samanburður þessara bóka þátttakenda tveggja helfara býður upp á vangaveltur um ólíka lífssýn og upplifun fólks á skelfingum sem í raun eru óskiljanlegar þeim sem aldrei hafa lifað slíkt. Annað þeirra trúir ekki að hið góða sigri endilega að lokum, fólk lifi einfaldlega af eða ekki, en hitt trúir því að menn séu góðir og að allir eigi skilið kærleika og fyrirgefningu synda sinna. Bæði standa þó sterk að lokum og sætta sig við það sem liðið er. Saga Immaculée Ilibagiza, *Ein til frásagnar*, á áreiðanlega eftir að hreyfa við öllum lesendum.

Immaculée Ilibagiza.

Þórdís Gísladóttir

Fólk

folk@mbl.is

Morgunblaðið/Árni Torfason

Kaiser Chiefs.

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves sem fór fram um síðustu helgi fær góða dóma á heimasíðu tónlistartímaritsins *Rolling Stone*. Blaðamaðurinn **David Fricke** segir að Airwaves sé fyrsta tónlistarhátíð sem hann fer á sem býr yfir „ljósasýningu af náttúrunnar hendi“ en þar á hann við norðurljósin sem hann sá eitt sinn þegar hann gekk á milli tónleikastaða.

Hrifnastur var Fricke af Jakobínarínu, sem hann segir að hafi verið besta hljómsveitin á hátíðinni árið 2005 og jafnvel enn betri núna.

Þá var hann einnig mjög hrifinn af **Mugison** sem hann líkir við Led Zeppelin. Þá minnist blaðamaður einnig á tónleika Skakkamanage, Diktu, Ghostigital og **Jóhanns Jóhannssonar**, sem hann segir að hafi verið mjög góðir.

Besta erlenda sveitin að mati Frickes var Kaiser Chiefs.

Höfum kaupendur

Erum með kaupendur að öllum stærðum og gerðum fyrirtækja sem mega kosta allt upp í **3-400 milljónir.** Margt kemur til greina. Einnig kaupendur að öllum gerðum lítilla fyrirtækja. Greiðslur eru oftast staðgreiðsla. Hafið samband við Reyni Þorgrímsson, sem stofnaði þessa elstu starfandi fyrirtækjasölu landsins og starfar þar enn. Hann þekkir því þessi mál betur en flestir aðrir. Gemsinn hans er 896 1810. Allar upplýsingar í fullum trúnaði.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofunni, ekki í síma eða á netinu.

Skráin á netinu: www.fyrirtaeki.is

FYRIRTÆKJASALAN
SUÐURVERI EHF.
SÍMI 581 2040, FAX 581 4755, REYNIR ÞORGRÍMSSON.

Lögg. fasteignasali: Bergur Guðnason hdl.
Elsta fyrirtækjasalan á landinu.

menning

Myndlist | Opnun á yfirlitssýningu myndlistarmannsins Drafnar Friðfinnsdóttur á Akureyri

Komist að innsta kjarna náttúrunnar

Eftir Guðjón Guðmundsson
gugu@mbl.is

Dröfn Friðfinnsdóttir varð fyrir hugljómun í Lahti í Finnlandi og sneri til baka þaðan sem þroskaður listamaður á sviði tréristu. Yfirlitssýning á verkum þessarar akureyrsku grafíklistakonu verður opnuð í Listasafni Akureyrar um næstu helgi. Dröfn, sem lést um aldur fram árið 2000, þá aðeins 54 ára að aldri, hefði orðið sextug á árinu. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, sem ritar grein í bók sem gefin er út um Dröfn í tilefni sýningarinnar, segir að það hryggilegasta við feril Drafnar sé hve seint hún byrjar á því sem hún gerði best sem voru tréristurnar. „Það er komið fram á níunda áratuginn þegar hún er orðin þroskaður listamaður á því sviði. Hún á um tíu ár á þessu sviði en töluvert mikið liggur samt eftir hana. Hún var forkur til vinnu og dró ekkert af sér," segir Aðalsteinn.

Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri, sem einnig ritar grein í bókina, segir að Dröfn hafi ung komið til Akureyrar og átt eftirleiðis sitt heimili fyrir norðan með manni sínum Guðmundi Óskari Guðmundssyni og dætrunum Kristínu Petru, Írisi og Sigríði. Hún stundaði listnám við Handíða- og myndlistarskólann í Reykjavík 1963 og tók svo aftur upp myndlistarnámið í Myndlistaskólanum á Akureyri 1982 til 1986. Árið 1987 lagði hún land undir fót og settist enn á ný á skólabekk, í þetta sinn við hönnunarskólann í Lahti í Finnlandi.

Listakonan **Dröfn Friðfinnsdóttir var afkastamikill listamaður.**

Tíminn í Lahti skipti sköpum í list Drafnar Friðfinnsdóttur

Aðalsteinn segir að það hafi einmitt verið tíminn í Lahti sem skipti sköpum í list Drafnar. „Þar verður hún fyrir þessari hugljómun sem tengist tréristunni, sem var þá alls ekki í mikilli tísku. Þar er hennar upphaf sem þroskaðs listamanns. Þegar hún kemur heim fer hún að vinna úr þessum áhrifum."

Tréristan er með elstu myndlistarformum og upp úr 1980 var gengin yfir grafíkbylgjan mikla. Þegar Dröfn hóf sinn feril var tréristan alls ekki í tísku. „Hún gerir þetta að sínu og lyftir þessari grein í nýjar hæðir hér á Íslandi. Yrkisefnið er náttúruáhrif. Þetta eru abstrakt útleggingar á náttúruáhrifum. Ég hef á til-

Frumnáttúra **Frumnáttúran er í öndvegi í verkum Drafnar.**

Stærsta afmælisveisla ársins!

BUBBI Morthens hélt trúlega fjölmennustu afmælisveislu síðustu ára þegar hann blés til stórtónleika í Laugardalshöllinni hinn 6. júní síðastliðinn. Þangað mættu á sjötta þúsund áhorfenda til að hlýða á söngvarann og fagna með honum hálfrar aldar afmælinu. Bubbi flutti flest sín þekktustu lög, ýmist einn eða með þeim hljómsveitum sem hann hefur leikið með í gegnum tíðina; Egó, GCD, Utangarðsmönnum, Das Kapital, MX-21 og Stríði og friði.
Tónleikarnir hafa nú verið gefnir út á geisladiski sem situr í fyrsta sæti tónlistans.

TÓNLISTINN 42. VIKA 2006

H: Hástökkvarinn
N: Nýliðinn
Ö: Öldungurinn

r.	var	vikur		Diskur	Flytjandi	Útgefandi	Nr.
.	Nýr	1	N	06.06.06	Bubbi	Sena	1.
.	Nýr	1		Please don't Hate Me	Lay low	COD Music	2.
.	1.	12		Aparnir í Eden	Baggalútur	Geimsteinn	3.
.	2.	2		LaLaLa	Hildur Vala	Sena	4.
.	Nýr	1		Iceland Airwaves 2006	Ýmsir	Sena	5.
.	4.	3		The Open Door	Evanescence	Sony/BMG	6.
.	10.	4		Puppy	Toggi	Sena	7.
.	5.	8		Modern Times	Bob Dylan	Sony/BMG	8.
.	16.	9		Wine for My Weakness	Pétur Ben	12 tónar	9.
0.	3.	6		Futuresex/Lovesounds	Justin Timberlake	Sony/BMG	10.
1.	6.	3		RÚV tops	Sniglabandið	Slím ehf.	11.
2.	9.	12		Pottþétt 41	Ýmsir	Sena	12.
3.	11.	4		Romm Tomm Tomm	Tómas R. Einarsson	Blánótt	13.
4.	8.	19		Íslensk ástarlög	Ýmsir	Steinsnar	14.
5.	13.	21		Death Before Disco	Jeff Who	Smekkleysa	15.
6.	Nýr	1		Góða skemmtun	Guðrún G./&Friðrik Ó.	Sena	16.
7.	Al	6		Benni Hemm Hemm	Benni Hemm Hemm	Smákökur	17.
8.	Al	4		Apparat Organ Quartet	Apparat Organ Quartet	12 tónar	18.
9.	29.	22		20 bestu Latabæjarlögin	Latibær	Latibær	19.
0.	52.	15	H	Black Holes & Revelations	Muse	Warner	20.
1.	14.	6		I'm not Dead	Pink	Sony/BMG	21.
2.	37.	5		Dýrin í Hálsaskógi	Úr leikriti	Íslenskir tónar	22.
3.	40.	12		Bananalýðveldið	Bogomil Font og Flís	Smekkleysa	23.
4.	23.	20		100 íslenskir sumarsmellir	Ýmsir	Íslenskir tónar	24.
5.	38.	28		Ár og öld	Björgvin Halldórsson	Íslenskir tónar	25.
6.	22.	5		Ta dah	Scissor Sisters	Universal	26.
7.	Al	32	Ö	Emotional	Trabant	12 tónar	27.
8.	Nýr	1		Very Best Of	Eagles	Warner Music	28.
9.	Nýr	1		IBM 1401: A User's Manual	Jóhann Jóhannsson	12 tónar	29.
0.	7.	3		Sam's Town	Killers	Universal	30.

ónlistinn er unninn af ParX, viðskiptaráðgjöf IBM, í samvinnu við verslanir Skífunnar, verslanir Hagkaupa, erslanir BT, Fríhöfnina, Mál og menningu, Pennann Eymundsson, 12 Tóna og Expert.

Fáir sem hata Lay Low!

MIKIÐ hefur verið rætt um söngkonuna Lovísu, sem kallar sig Lay Low, í aðdraganda Airwaves-hátíðarinnar, þar sem hún kom, sá og sigraði. „Lay Low slær í gegn" var til að mynda fyrirsögn Af listum-pistils Arnars Eggerts Thoroddsen hér í blaðinu þar sem hann ræddi um fimmtudagskvöld hátíðarinnar. Nú hafa aðdáendur hennar og sjálfsagt enn fleiri þust út í plötubúð og fest kaup á plötunni hennar, *Please don't Hate Me*, en hún stekkur ný beint í annað sæti Tónlistans, á hæla hinum rótgróna tónlistarmanni Bubba Morthens. Það ætti því að vera deginum ljósara að fáir hata Lay Low – hvort sem það er vegna bónar hennar sjálfrar eða ekki.

Minning um Airwaves!



ÞAÐ duldist trúlega fáum tónlistarunnandanum að tónlistarhátíðin Iceland Airwaves stóð yfir um síðastliðna helgi.
Í tilefni hátíðarinnar var gefinn út diskur með 22 lögum innlendra jafnt sem erlendra sveita sem eiga það eitt sameiginlegt að hafa komið fram á hátíðinni.
Meðal þeirra sem lög eiga á plötunni eru Eberg, Tilly and the Wall, Mugison, Wolf Parade, We are Scientists, Jakobínarína, The Go! Team, Reykjavík!, Skakkamanage, Mates of State og WhoMadeWho.
Platan Iceland Airwaves situr í fimmta sæti tónlistans þessa vikuna.

Áfram, Latibær!

„EINN, tveir, þrír, áfram, Latibær!" er söngur sem flestir foreldrar ungra barna gjörþekkja, enda hefur tónlistin í þáttunum þar sem ekki ómerkari tónlistarmenn en Jónsi Í svörtum fötum taka lagið ekki verið síður vinsæl en þættirnir sjálfir.
Platan *20 bestu Latabæjarlögin* er einn af öldungum tónlistans og hefur átt þar sess í næstum því hálft ár, eða 22 vikur. Vinsældirnar virðast heldur ekki á undanhaldi því nú er platan í 19. sæti listans og hækkar um 10 sæti síðan í síðustu viku.
Það er enginn latur í Latabæjarplötukaupum!

Yfirlitssýning **Að stærstum hluta eru sýndar tréristur á sýningunni.**

finningunni að hún sé að reyna að komast að innsta kjarna náttúrunnar, frumnáttúru. Annað sem er sterkt í myndum hennar er leit hennar að svörum. Hún er andlega leitandi og er að reyna að finna eitthvert haldreipi fyrir sín trúarlegu viðhorf. Myndir hennar eru mjög persónulegar og sterkar," segir Aðalsteinn.

Á sýningunni verða um 40 verk, aðallega tréristur en þó fljóta með nokkrar myndir af öðru tagi. Einnig verða sýndar grafíkplötur Drafnar sem margar voru mjög stórar.

Bragi Ásgeirsson myndlistargagnrýnir segir að sjálft vinnuferli verka Drafnar hafi verið sér nokkur ráðgáta og hafi hann brotið heilann um hvernig manneskjan fór að því að útfæra svona stór og hrein tréristueinþrykk norðan heiða. Hann segir að Dröfn hafi virst vaxa með hverju ári sem leið, allt fram að hinu ótímabæra andláti aldamótaárið og biðu ófáir spenntir eftir nýjum verkum að norðan. „Aðall þeirra voru frjálslega unnar óhlutbundnar formaheildir sem mikið ljósflæði einkenndi, gegnsæ kristalstær og

Vinnan **Tréristur krefjast mikillar líkamlegrar beitingar.**

ómenguð birtan við heimskautsbaug – og ef þetta eru ekki staðbundin áhrif og ígildi hlutvakinna lifana þekki ég ekki hugtakið rétt," segir Bragi í grein sinni um Dröfn í bókinni.

Hugsandi vefrit á lífi

AF LISTUM

Ingveldur Geirsdóttir

Með tilkomu Netsins skutu, og skjóta enn, upp kollinum vefrit reglulega. Flest þeirra eru unnin í sjálfboðavinnu af fólki sem vill koma sínum hugðarefnum og skoðunum á framfæri á auðveldari og ódýrari hátt en með blaðaútgáfu. Þessi vefrit eiga oftar en ekki frekar stutta lífdaga enda getur það verið tímafrekt og kostnaðarsamt að halda einu slíku úti í lengri tíma

●●●

Þrátt fyrir það náði vefritið Hugsandi (www.hugsandi.is) að fagna eins árs afmæli sínu nú í október. Hugsandi var stofnað af nemendum við Háskóla Íslands sem krunkuðu sig saman því þeim fannst vanta metnaðarfullan umræðugrundvöll um fræði og menningu sem byði áhugasamt fólk velkomið. Eitt markmið Hugsandi hefur verið að virkja ungt fólk, einkum háskólastúdenta, til að tjá sig um ýmis hugðarefni sín, eins og segir í fréttatilkynningu frá vefritinu. Frá því að Hugsandi hóf göngu sína hefur vefritið birt hátt í 100 greinar eftir rúmlega 50 höfunda og er mikil breidd í efnisvalinu.

Á Hugsandi má finna fjölbreytt úrval greina að mati blaðamanns og helsti kostur þeirra er að þótt innihaldið sé oftast fræðilegt þá er

Morgunblaðið/ÞÖK

Netið **Flest vefrit eru unnin í sjálfboðavinnu af fólki sem vill koma sínum hugðarefnum og skoðunum á framfæri.**

» „Það má velta fyrir sér af hverju á tímum Netsins skuli ekki fleiri vefrit vera langlífari en raun ber vitni."

það skemmtilegt og ferskt. Það er sett fram á aðgengilegan hátt sem höfðar til almennings og einnig má þar finna inn á milli léttari greinar um málefni daglegs lífs.

●●●

Það má velta fyrir sér af hverju á tímum Netsins skuli ekki fleiri vefrit vera langlífari en raun ber vitni. Óttast var með tilkomu netsins að prentmiðlar myndu leggjast af vegna samkeppni frá því en svo virðist ekki vera a.m.k ennþá. Fá vefrit hafa lifað af fyrsta árið þrátt fyrir kraftmikla byrjun og góðan vilja. Pólitísk vefrit blómstra þó og virðast ná meiri athygli en vefrit um menningu og fræði, helsta ástæðan fyrir því liggur líklega í að bakvið pólitíkina eru peningar en yfirleitt litlir hjá þeim sem í sjálfboðavinnu fara af stað með vefrit til að koma hlutlausari umfjöllunum á framfæri.

ingveldur@mbl.is

OPNUM KL. 17:00

EFTIR BREYTINGAR Í KRINGLUNNI

Opnunarpartý milli kl 20-22. Brynjar Már sér um tónlistina, snittur á borðum og ískaldar veitingar frá Ölgerðinni ásamt skemmtilegum uppákomum. Jónsi opnar netverslunina www.bestseller.is ásamt Ragnheiði Guðfinnu, Make-up Store verður með förðunarráðgjöf og stíllistar verða á svæðinu.



OPNUNARTILBOÐ

GILDA ÚT HELGINA
EINNIG Í SMÁRALIND

ONLY®

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

STÓRFENGLEG eftir Peter Quilter
Frumsýning 27/10 **uppselt**, 2. sýn. lau. 28/10 **uppselt**, 3. sýn. sun. 29/10 **örfá sæti laus**, 4. sýn. lau. 4/11 **örfá sæti laus,** 5. sýn. sun. 5/11 **örfá sæti laus**, 6. sýn. lau. 11/11 **örfá sæti laus**, 7. sýn. sun. 12/11 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 18/11 **örfá sæti laus**.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 29/10 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 **kl. 14:00 uppselt**, lau. 11/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 12/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 18/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt**.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 **örfá sæti laus**, fös. 3/11 **örfá sæti laus**, fim. 9/11 **örfá sæti laus**, fös. 10/11 **örfá sæti laus**, fim 16/11, fös. 17.11.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 4/11, sun. 5/11, fös. 10/11 **örfá sæti laus**.

FOSSE HÁTÍÐ:

SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.
Lau. 28/10. **Allra síðasta sýning!**

NAFNIÐ OG SONURINN – leiklestur á tveimur verkum eftir Jon Fosse
Lau. 28/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.

MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE
Sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 20:00

UMBREYTING – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Lau. 4/11, sun. 5/11 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, lau. 11/11, fös. 17/11, lau. 25/11.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu, kl. 11:00 og 12:15

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
lau. 28/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, sun. 29/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, lau. 4/11 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, sun. 5/11 kl. **11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, lau. 11/11 **kl. 11:00 örfá sæti laus** og **kl. 12:15 uppselt**, sun. 12/11 **kl. 11:00 örfá sæti laus** og kl. **12:15 örfá sæti laus**.

Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker
Fjölbrautaskóla Snæfellinga Grundarfirði í dag fim. 26/10 kl. 20:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

Mr. Skallagrímsson
- leiksýning Landnámssetri í Borgarnesi

Eftir Benedikt Erlingsson
Sýningar í september og október

Upppantað á allar sýningar í október
Óstaðfestir miðar seldir viku fyrir sýningu.

Sala hafin á sýningar í apríl 2007

Föstudagur 13. apríl	kl. 20
Laugardagur 14. apríl	kl. 20
Sunnudagur 15. apríl	kl. 16
Fimmtudagur 19. apríl (sumardagurinn fyrsti)	kl. 20
Föstudagur 20. apríl	kl. 20
Laugardagur 21. apríl	kl. 20
Sunnudagur 22. apríl	kl. 16
Fimmtudagur 26. apríl	kl. 20
Föstudagur 27. apríl	kl. 20
Laugardagur 28. apríl	kl. 20
Sunnudagur 29. apríl	kl. 16

TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM
frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600. Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag

Fréttir í tölvupósti

mbl.is

„UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.“
AMADEUS

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 28/10 kl. 14
Sun 29/10 kl. 14
Sun 5/11 kl. 14
Sun 12/11 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 29/10 kl. 20 — Fös 3/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 — Fös 10/11 kl. 20

FOOTLOOSE
Fös 27/10 kl. 20 UPPS. — Lau 28/10 kl. 20
Sun 5/11 kl. 20 — Lau 11/11 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 — Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 — Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

MANNTAFL
Sun 29/10 kl. 20 — Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 — Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

MEIN KAMPF
Fös 27/10 kl. 20 — Lau 28/10 kl. 20
Lau 4/11 kl. 20 — Sun 5/11 kl. 20

REGÍNA ÓSK ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
Í djúpum dal-útgáfutónleikar
Mið 1/11 kl. 21 Miðaverð 2.000

AMADEUS
Í kvöld kl. 20 — 2.sýning Gul kort
Lau 4/11 kl. 20 — 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 — 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 — 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 — 6.sýning

DOGMA LEIKARANS
Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson
Sýnt á 3ju hæðinni
Lau 28/10 kl. 17
Lau 4/11 kl. 17
Lau 11/11 kl. 17 Miðaverð 1.000

FJÖLSKYLDUSÝNING Íd
Lau 11/11 kl. 14 — Frums.
Lau 18/11 kl. 14 — Lau 25/11 kl. 14

Frítt fyrir 12 ára og yngri
13-16 ára hálfvirði

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Síðasta vika kortasölunnar!

Herra Kolbert – forsala í fullum gangi!

Lau 28. okt	kl. 20.30	UPPSELT – Frumsýning
Sun 29. okt	kl. 20	UPPSELT – 2. kortasýn
Fim 2. nóv	kl. 20	UPPSELT – 3 .kortasýn
Fös 3. nóv	kl. 19	örfá sæti – 4. kortasýn
Lau 4. nóv	kl. 19	UPPSELT – 5. kortasýn
Fim 9. nóv	kl. 20	6. kortasýn
Fös 10. nóv	kl. 19	örfá sæti - 7. kortasýn
Lau 11. nóv	kl. 19	UPPSELT - 8. kortasýn

Næstu sýn: 16/11, 17/11, 18/11
Sýningin er ekki við hæfi barna.

Karíus og Baktus - Sýnt í Rýminu

Sun 29. okt kl. 14	UPPSELT
Sun 29. okt kl. 15	UPPSELT
Lau 4. nóv kl. 14	Aukasýning – í sölu núna
Sun 5. nóv kl. 14	UPPSELT
Sun 5. nóv kl. 15	örfá sæti laus

Næstu sýn: 12/11, 19/11, 26/11

MIÐASALA Í SÍMA **4 600 200** **WWW.LEIKFELAG.IS**
MIÐASALA LA ER OPIN FRÁ KL. 13-17 MIDASALA@LEIKFELAG.IS
LEIKFÉLAG AKUREYRAR

BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart — 25 ára og yngri: 50% afsl.
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - UPPSELT - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - UPPSELT
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15

SKUGGALEIKUR - NÝ ÍSLENSK ÓPERA - FRUMSÝNING 18. NÓVEMBER - miðasala hafin
Tónskáld: Karólína Eiríksdóttir, textahöfundur: Sjón
Samstarfsverkefni Íslensku óperunnar og Strengjaleikhússins

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

MIÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

Fös. 27. okt. kl. 20 - Nokkur sæti laus
Sun. 29. okt. kl. 20
Fös. 3. nóv. kl. 20

„Ein sú besta, ef ekki besta sýning sem ég hef séð.“ Eyrún Sigurðardóttir myndlistarmaður.

ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins
Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.

Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi

HUGLEIKUR

Systur
eftir Þórunni Guðmundsdóttur
í Möguleikhúsinu við Hlemm kl. 20

fös. 27. okt. Aukasýning!
Allra síðasta sýning!

Systratilboð: systrahópar borga aðeins einn miða!

Miðapantanir:
551 2525 og hugleikur.is

Fáðu fréttirnar sendar í símann þinn | **mbl.is**

FIMMTUDAGINN 26. OKTÓBER KL. 20.00 Í LANGHOLTSKIRKJU

Hausttónleikar Krabbameinsfélagsins

Miðaverð kr. 2.500,- Miðar seldir á www.midi.is

Hausttónleikar Krabbameinsfélagsins eru
til styrktar rannsóknum á krabbameini í ungum konum.
Tónleikarnir eru haldnir til minningar um Jóhönnu Arndísi Stefánsdóttur í tilefni af fertugasta afmælisári hennar. Jóhanna lést úr krabbameini aðeins 36 ára gömul!

Fram koma: ***KK, Ellen Kristjáns, Magnús Eiríks, Regína Ósk, Halli Reynis og fleiri.***

Kynnir: Björk Jakobsdóttir leikkona — Skipuleggjandi: Halli Reynis

Jóhanna Arndís Stefánsdóttir
Jóhanna var fædd í Reykjavík 14.07.66 Hún hóf skólagöngu sína í Breiða gerðisskóla og síðan í Fellaskóla frá 7 ára aldri. Eftir að grunnskóla lauk fór hún út á vinnumarkaðinn. Hún starfaði hjá Plastprenti í Reykjavík til margra ára auk starfa við Flatkökugerð Suðurnesja. Jóhanna flutti í Reykjanesbæ 1992 og hóf sambúð með Óla A.Einarssyni , bifvélavirkja. Þau voru þau búin að koma sér upp framtíðarhúsnæði að Hringraut 89, Reykjanesbæ, skömmu áður en hún lést.

Jóhanna veiktist hastarlega 08.04.02 og var flutt á Landspítala-háskóla-sjúkrahús (LSH) þar sem hún greindist með illkynja bandvefsæxli í legi (Sarkmein). Hún lést á gjörgæsludeild LSH við Hringbraut 10.04.02 eftir aðeins tæplega tveggja sólarhringa legu án þess að komast til meðvitundar. Hún hafði haft verki í baki um tíma og var talið að um brjósklos væri að ræða. Jóhanna var mjög kát og hnyttin ung kona. Hún hlustaði mikið á tónlist og hafði sjálf góða söngrödd. Allar hannyrðir og föndur léku í höndum hennar. Íslenskt mál var henni hugleikið og stefndi hugurinn á nám að hausti 2002. Jóhönnu er sárt saknað af fjölskyldu og vinum. Það var höggvið stórt skarð í fjölskylduna við fráfall hennar sem bar snöggt að og alltof fljótt.

Tónleikarnir eru haldnir að frumkvæði Guðríðar Guðbjartsdóttur, móður Jóhönnu.

Með kærri þökk,

Ættingjar, vinir og velunnarar

Hægt er að nálgast miða hjá Guðríði Guðbjartsdóttur í síma 899 2096 eða á www.midi.is

Abyrgðaraðili söfnunarinnar er: Krabbameinsfélag Íslands

Styrktaraðilar tónleikanna eru: KB BANKI — Plastprent hf. — midi.is

FIMMTUDAGINN 26. OKTÓBER KL. 20.00 Í LANGHOLTSKIRKJU

menning

Metnaðarfull dagskrá á Múlanum

JAZZKLÚBBURINN Múlinn, sem kenndur er við Jón Múla Árnason heitinn, er kominn í nýtt húsnæði, DOMO Bar í Þingholtsstræti. Þar er stefnt að djasstónleikum á hverju fimmtudagskvöldi.

Fyrstur **Tómas R. Einarsson ríður á vaðið á tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans.**

Dagskrá vetrarins hefst í kvöld, 26. október, þegar Kúbansveit Tómasar R. Einarssonar flytur lög leiðtogans af nýjasta geisladiski hans, *Romm Tomm Tomm*. Diskurinn var tekinn upp í Reykjavík og Havana sl. vor og inniheldur „íslenska latínsveiflu með kúbönsku ívafi“. Sveitina skipa auk Tómasar þeir Kjartan Hákonarson á trompet, Óskar Guðjónsson tenórsaxófónn, Samúel J. Samúelsson básúna, Ómar Guðjónsson gítar og Matthías M.D. Hemstock trommur.

2. nóvember kemur fram Kvintett Guðlaugar Drafnar Ólafsdóttur söngkonu. Með henni flytja standarda og fleira eftir ýmsa höfunda, í nýjum útsetningum Guðlaugar, þeir Ásgeir Ásgeirsson gítar, Vignir Þór Stefánsson píanó, Róbert Þórhallsson bassi og Jóhann Hjörleifsson trommur.

9. nóvember er komið að B3, tríó Ásgeir Ásgeirssonar, Agnars Más Magnússonar Hammond-orgelleikara og Erik Qvick trommara. Þetta eru fimm ára afmælistónleikar tríósins sem flytur frumsamið efni og tónlist Wes Montgomer og Hammond-leikaranna Larry Goldings og Jimmy Smith.

Eiríkur Orri Ólafsson trompetleikari hefur sett saman kvintett með þeim Róbert Reynissyni gítarleikara, Davíð Þór Jónssyni hljómborðsleikara, Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni bassaleikara og Helga Svavari Helgasyni trommara. Kvintettinn flytur frumsamda tónlist 16. nóvember nk.

Viku síðar, 23. nóvember, er komið að Jazz sendiboðum Eriks Qvick. Þetta er kvintett sænskíslenska trommuleikarans sem flytur lagasmíðar Art Blakeys sem gerðar voru ódauðleg af sveit hans, The Jazz Messengers.

30. nóvember er komið að öðru áhrifamiklu, bandarísku djasstónskáldi, Thelonius Monk. Tónlist hans verður flutt af A.S.A. tríóinu sem skipað er Andrési Þór Gunnlaugssyni gítarleikara, Agnari Má og Scott McLemore trommara.

7. desember fer síðan Scott McLemore fyrir eigin tríói en með honum leika Sunna Gunnlaugsdóttir á hljómborð og Róbert Þórhallsson á bassa tónlist gítarleikarans Bill Frisell.

Síðustu tónleikar á árinu verða útgáfutónleikar á nýjum geisladiski Jóels Pálssonar, Varp. Eingöngu er um frumsamda tónlist Jóels að ræða og með honum leika Hilmar Jensson gítar, Davíð Þór Jónsson orgel, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson bassi og Matthías Hemstock trommur.

Hinn hversdagslegi einfaldleiki

MYNDLIST

Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir

Suðsuðvestur

Sýningin stendur til 29. okt. Opið föstudaga kl. 16–18, laugardaga og sunnudaga kl. 14–17. Aðgangur ókeypis.

SÝNING Guðrúnar Hrannar Ragnarsdóttur í Suðsuðvestur lætur lítið yfir sér og er naumhyggjuleg í útliti. Myndir af rofum og innstungum staðsettum þar sem slíkir rofar myndu vera í rýminu eru að verða ofnotuð hugmynd hjá mörgum listamönnum. Þetta hefur gengið vel upp hjá Guðrúnu í bland við önnur verk hingað til sem ákveðin viðbót en náði ekki að halda áhuga hjá undirritaðri þrátt fyrir beinar skírskotanir til myndbandsins sem einnig er á sýningunni. Að skrásetja hversdagslegt umhverfi, salerni, pípulagnir og rofa í löndum sem voru fyrrum austan járntjalds er á vissan hátt fagurfræðileg upphafning á nægjusemi og einfaldleika fortíðar. Því við Vesturlandabúar upplifum þetta ekki á sama hátt og íbúar þessara landa þar sem þeir minna á staðnað efnahagsumhverfi og fátækt sem er enn svo nálægt í tíma. Rofar af mörgum kynslóðum sem hafa verið settir upp hver við hliðina á öðrum í tímanna rás, plastljósakrónur og plastílát undir sápur á klósettum eru í okkar augum ímynd sem gæti verið frá heimilum ömmu okkar og afa og auðvelt að skynja í þeim fegurð. Þessi ímynd er líka tengd fátæka náms- eða listamanninum, þar sem næmt auga fyrir nægjusemi fortíðar spilar stórt hlutverk. Vissulega getur sýning á borð við þessa verið andstæða myndarinnar um neysluofgnótt og nýjungaþörf nútímans og minnt okkur á fegurð einfaldra og notaðra hluta. Hins vegar fer þetta svo nálægt nýrri tísku í hönnun sem endurskapar þetta tímabil að ekki verður hjá því komist að hugsa um hvernig Ikea-umhverfi samtímans á eftir að ganga í gegnum nostalgíutímabil í framtíðinni eins og allt annað.



Gurðún Hrönn **Skrásetning hversdagslegs umhverfis er á vissan hátt fagurfræðileg upphafning á nægjusemi og einfaldleika fortíðarinnar.**

Þóra Þórisdóttir

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

„MAGNAÐ MANNTAFL … EKKI DAUÐUR PUNKTUR!“

LOFTUR ATLI EIRÍKSSON

MANNTAFL
EFTIR STEFAN ZWEIG
AÐEINS **4** SÝNINGAR!

TILNEFNT TIL GRÍMUNNAR 2006

Miðasala 568 8000 www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

fólk

Kvennasaga | Fyrirlestur um Katrínu Thoroddsen í dag í Öskju kl. 15

Frjálsar ástir og fleira gott

Í dag, fimmtudaginn 26. október, verður haldinn fyrirlestur í fyrirlestraröð Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum. Að þessu sinni flytur Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur fyrirlesturinn *Frjálsar ástir og fleira gott úr sósíalismus.*

„Fyrirlesturinn er fluttur í tilefni af því að liðin eru 75 ár frá því að Katrín Thoroddsen læknir flutti fyrirlestur sinn *Frjálsar ástir: erindi um takmarkanir barneigna*," útskýrir Kristín. „Á þeim tíma ríkti mikil feimni varðandi kynferðismál, og var fáfræðin mikil að sama skapi, en í fyrirlestri sínum var Katrín einkum að kynna hettuna og notkun hennar. Katrín var talsmaður þess að það væri konunnar að velja að nota getnaðarvörn, en ekki ákvörðun karlsins, enda væri það konan sem gengi með barnið og sinnti því, og áhrif barneigna væru meiri á líkama og líf konunnar en karlsins, sagði Katrín. Því mælti hún mun frekar með hettunni en smokknum, en á þessum tíma var smokkurinn mun lélegri getnaðarvörn en hann er í dag."

Katrín Thoroddsen var dóttir Skúla Thoroddsen alþingismans og Theódóru Thoroddsen skáldkonu. Hún var önnur konan á Íslandi til að ljúka læknaprófi og fyrsti íslenski læknirinn til að sérhæfa sig í barnalækningum: „Katrín var mikil hugsjónakona, ötul í mannúðarstarfi og gaf mikið af sinni vinnu. Hún vann m.a. um langt skeið kauplaust á heilsuverndarstöð fyrir ungbörn og mæður sem Hjúkrunarfélagið Líkn starfrækti," segir Kristín. „Katrín var annálaður læknir en hún var einnig virk í stjórnmálum: var meðlimur kommúnistaflokksins og síðar sósíalistaflokksins og sat á þingi fyrir sósíalista, þriðja konan til að sitja á Alþingi Íslendinga, en þar sat hún árin 1946 til1949 sem voru miklir átakatímar í íslenskum stjórnmálum."

Í erindi sínu mun Kristín setja fyrirlestur Katrínar og önnur störf hennar í samhengi við það mikla deiluefni sem takmarkanir barneigna voru á sínum tíma: „Mikið var deilt um þessi mál, bæði innan kvennahreyfingarinnar og innan verkalýðshreyfingarinnar. Þegar þarna var komið sögu var nokkuð farið að slakna á deilunum, en áður höfðu verið málaferli og dómar erlendis yfir fólki sem hafði reynt að fræða almenning um getnaðarvarnir," segir Kristín.

„Fólk óttaðist helst að með umræðu um kynferðismál væri verið að stuðla að auknum ólifnaði og ósiðsemi, en Katrín lagði á það ríka áherslu að fátt væri verra en fáfræðin. Í tímans rás, sumpart fyrir framlag Katrínar, gerðu æ fleiri sér grein fyrir að takmarkanir barneigna og fræðsla um kynferðismál voru af hinu góða. Takmarkanir barneigna gerðu fjölskyldum hægara um vik að ala börn sín upp sómasamlega, fæða þau og klæða, og drógu um leið úr álagi á mæðurnar, drógu úr fátækt og bæði úr barnadauða og mæðradauða."

Fyrirlestur sinn flytur Kristín í Öskju k. 15. Aðgangur að fyrirlestraröð Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum er öllum heimill og ókeypis. Nánari upplýsingar eru á www.rikk.hi.is.

▶ Kristín Ástgeirsdóttir fæddist í Vestmannaeyjum 1951. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1971, BA-prófi í sagnfræði og bókmenntum 1977 og mastersgráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Kristín sat á Alþingi fyrir Kvennalistann 1991–1999 og starfaði fyrir Unifem í Kósóvó á árunum 2000–2001. Stundakennari í kynjafræði við HÍ frá 2004. Kristín starfar nú sem forstöðumaður Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum.

Fólk

folk@mbl.is

Hin goðsagnakennda breska hljómsveit Queen er komin í hljóðver í fyrsta skipti síðan **Freddie Mercury**, söngvari sveitarinnar lést úr alnæmi árið 1991. Að sögn **Brian May**, gítarleikara sveitarinnar, hefur hann í samráði við **Roger Taylor**, trommuleikara og **Paul Rodgers**-fyrrum söngvara sveitarinnar Free, samið helling af nýjum lögum.

Premenningarnir fóru í tónleikaferðalag um Evrópu og Japan í fyrra, og um Bandaríkin fyrr á þessu ári, en það var fyrsta tónleikaferð undir nafni Queen frá árinu 1986.

May, sem er 59 ára gamall, hefur að undanförnu lagt stund á stjörnufræði og hefur nýverið gefið út bók sem heitir *Bang! The Complete History of the Universe.* Hann segist þó engan veginn hættur í tónlistinni.

„Við bókuðum þrjár vikur í hljóðverinu. Þetta átti bara að vera smá tilraun, við vildum sjá hvað gerðist þegar ég, Paul og Roger kæmum saman í einu og sama herberginu, ásamt upptökutækjum."

„Við erum hins vegar djúpt sokknir í þetta nú þegar og við erum komnir með mjög gott efni sem ég er mjög ánægður með, það er bæði nýtt og öðruvísi," segir May.

„Þetta gæti verið nóg til þess að búa til heila plötu, en það er fullsnemmt að segja til um það. Í augnablikinu eru þetta bara nokkur lög."

May og Taylor hafa komið saman í hljóðveri öðru hverju síðan Mercury lést, en fjórði meðlimur sveitarinnar, bassaleikarinn **John Deacon**, settist í helgan stein í lok 10. áratugarins.

●●●

Breska rokkhljómsveitin **Oasis** mun hljóta sérstök verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á Brit-tónlistarhátíðinni sem fram fer á næsta ári. Oasis, sem er frá Manchester í Englandi, skaut upp á stjörnuhimininn árið 1994 og komst fljótt í framvarðarsveit Brit-poppsins svokallaða, þ.e. þegar gítarhljómsveitirnar urðu allsráðandi á breskum vinsældalistum á nýjan leik. Formaður samtaka breskra hljómplötuútgefenda, **Peter Jamieson**, segir: „Oasis setti „standardinn" fyrir margar af þeim ungu rokksveitum sem í dag njóta velgengni í Bretlandi."

Brit-hátíðin fer næst fram í Earls Court í London þann 14. febrúar nk.

Oasis, þar sem bræðurnir **Noel** og **Liam Gallagher** eru aðalsprauturnar, hefur selt yfir 40 milljónir platna um allan heim frá því að sveitin var stofnuð árið 1993.

Grettir

Smáfólk

Kalvin & Hobbes

Hrólfur hræðilegi

Gæsamamma og Grímur

Úthverfið

Kóngulóarmaðurinn

dægradvöl

Spurt er ...

ritstjorn@mbl.is

1 Íslendingar hafa tilnefnt Halldór Ásgrímsson í starf framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Tveir aðrir hafa einnig verið nefndir. Hvers lenskir eru þeir?

2 Hvaða fyrirtæki hlaut viðurkenningu jafnréttisráðs í ár?

3 Hvað fara margar fjölskyldur í draumaferð með Vildarbörnum?

4 Eftir hvern er skáldsagan Fólkið í kjallaranum?

Svör við spurningum gærdagsins: 1. Andstæðingar stækkunar álversins í Straumsvík hafa myndað með sér samtök. Hvað heita þau? Sól í Straumi. 2. Hvað heitir föstumánuður múslima? Ramadan. 3. Ein þekktasta knattspynukona landsins hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna. Hvar lék hún síðast? Með Breiðabliki. 4. Danir unna verkum íslensks rithöfundar mjög og hafa þýtt allar bækur hans á dönsku. Hver er rithöfundurinn? Einar Már Guðmundsson.

Ferdinand



Krossgáta

Lárétt | **1 korns, 4 stenst, 7 ber, 8 lystarleysi, 9 mergð, 11 vítt, 13 feiti, 14 hugaða, 15 tölustafur, 17 stertur, 20 eldstæði, 22 vera stórorður, 23 mælir, 24 askana, 25 peningar.**

Lóðrétt | **1 þaggar niður í, 2 handleggjum, 3 harmur, 4 naut, 5 dylji, 6 úldna, 10 eru í vafa, 12 auð, 13 ílát, 15 ánægð, 16 álíta, 18 fiskar, 19 nemur, 20 ákæra, 21 ugg.**



Lausn síðustu krossgátu

Lárétt: 1 handahófs, Sævar, 9 letja, 10 afl, 11 rýkur, 13 tíðin, 15 álits, 18 sakna, 21 vök, 22 maula, 23 ámóta, 24 rugludall.
Lóðrétt: 2 atvik, 3 dýrar, 4 hollt, 5 fátið, 6 ósar, 7 bann, 12 urt, 14 íla, 15 álma, 16 iðuðu, 17 svall, 18 skáld, 19 kjóll, 20 afar.

SKÁK

Helgi Áss Grétarsson | *ritstjorn@mbl.is*



Hvítur á leik.

Staðan kom upp í Evrópukeppni taflfélaga sem lauk fyrir skömmu í Fügen í Austurríki. Alþjóðlegi meistarinn **Stefán Kristjánsson (2.482)** hafði hvítt gegn stórmeistaranum **Tomas Likavsky (2.480)** frá Slóvakíu. **51. Bg5! Rxg5 52. e7** og svartur gafst upp enda getur hann ekki stöðvað frípeð hvíts. Stefán náði þriðja og síðasta áfanga sínum að stórmeistaratitli á mótinu. Frammistaða hans vó þungt fyrir sveit Taflfélags Reykjavíkur sem lenti í 5.–12. sæti. Nú þarf Stefán eingöngu að öngla saman nokkrum skákstigum til þess að verða útnefndur stórmeistari í skák. Miklar vonir eru bundnar við að það verði fyrr en síðar. Hann yrði þá 10. stórmeistarinn sem borinn og barnfæddur er á Íslandi, en eins og kunnugt er hafa Bobby Fischer og Henrik Danielsen gerst íslenskir stórmeistarar og eru því nú um stundir ellefu íslenskir ríkisborgarar stórmeistarar í skák.

Sudoku

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausn, ábendingar og tölvuforrit á www.sudoku.com

Frumstig

	3						6	
6			2		9			4
		4	1		8	2		
	6	7	3		4	5	9	
	8	5	9		6	1	3	
		9	4		7	6		
8			5		2			7
	7						4	

Miðstig

		6			3		7	
	1				4			
		4					5	2
	9					2	4	
4			1		8			5
	3	7					8	
6	8					3		
			4				1	
	4		2			9		

Efstastig

	5	3		7		8	9	
	6		8		5		3	
		2		4		7		
8				5				9
		7		8		2		
	7		1		3		4	
	2	8		9		3	7	

© Puzzles by Pappocom

Lausnir síðustu Sudoku

1	5	9	4	6	2	7	8	3
8	3	2	9	1	7	5	4	6
6	4	7	8	5	3	1	9	2
9	2	8	7	3	4	6	5	1
7	1	3	5	8	6	9	2	4
5	6	4	1	2	9	3	7	8
4	9	6	3	7	8	2	1	5
3	8	5	2	9	1	4	6	7
2	7	1	6	4	5	8	3	9

Frumstig

9	8	3	4	2	6	1	5	7
6	2	1	8	7	5	3	9	4
7	4	5	1	9	3	8	6	2
4	9	8	5	1	7	6	2	3
2	5	7	3	6	9	4	8	1
3	1	6	2	4	8	5	7	9
5	7	2	6	3	4	9	1	8
8	3	9	7	5	1	2	4	6
1	6	4	9	8	2	7	3	5

Miðstig

8	2	4	5	6	9	7	3	1
7	5	6	3	2	1	8	9	4
9	1	3	8	7	4	6	2	5
4	9	2	7	3	8	5	1	6
5	6	1	4	9	2	3	7	8
3	7	8	1	5	6	2	4	9
2	3	9	6	4	5	1	8	7
1	4	5	2	8	7	9	6	3
6	8	7	9	1	3	4	5	2

Efstastig

BRIDS

Guðmundur Páll Arnarson | *ritstjorn@mbl.is*

Fögur fyrirheit.

Norður
♠Á98
♥G109876
♦Á
♣G63

Vestur
♠DG1063
♥D42
♦9874
♣4

Austur
♠754
♥K3
♦5
♣K1098752

Suður
♠K2
♥Á5
♦KDG10632
♣ÁD

Suður spilar 7G og fær út spaðadrottningu.

Austur hóf leikinn með opnun á þremur laufum og sagnhafi getur því reiknað með að laufsvíningin heppnist. Það skilar honum tólf slögum og útspilið gefur fyrirheit um þann þrettánda. Tvöföld þvingun í áföngum liggur í loftinu: spaðanían er hótun á vestur og laufgosinn á austur, en hjartafimman heima þrýstir sameiginlega á báða mótherja. Sagnhafi drepur á spaðakóng, spilar tígli á ás og svínar laufdrottningu. Tekur svo alla slagina á tígul og laufásinn. Vestur verður að halda í G10 í spaða og fer því niður á hjartadrottninguna blanka. Sagnhafi hendir þá spaðaníunni úr borði og skilur eftir blankan spaðaás, eitt hjarta og laufgosa. Spilar svo spaða á ásinn og þvingar austur með laufkóng og Kx í hjarta. Í stuttu máli - hjartafimman verður úrslitaslagurinn.

Ævintýrið frá Leipzig

MYNDLIST

Safn

Martin Kobe og Tilo Baumgartel

Opið miðvikudaga til föstudags frá 14-18, laugardaga og sunnudaga frá 14-17. Sýningu lýkur 5. nóvember.

SVO virðist sem borgin Leipzig í Þýskalandi hafi bæst við í heimslistasöguna með tilkomu Leipzig-málaranna, svokölluðu. Þetta er hópur listmálara sem námu í Saxlandi þar sem enn er kennt akademískt málaranám, en áður höfðu listamenn Austur- Þýskalands sótt til Leipzig til að læra sósíal- realisma. Leipzig-listamaðurinn Neo Rauch er sá fyrsti sem vekur alþjóðlega athygli fyrir um áratug síðan fyrir málverk sem eiga rætur að rekja til þýska raunsæisins, nema hvað myndir hans eru draumkenndar og jafnvel ævintýralegar og virka líkt og klippimyndir (collage) sökum þess að stærðarhlutföll og umhverfi eiga ekki endilega saman. Rauch, sem er 46 ára gamall, er eitt stærsta nafnið í málverki í dag og komst m.a. í heimspressuna fyrr á árinu þegar málverk eftir hann var selt á 850.000 dollara (um 60 milljónir kr.) á uppboði hjá Sotheby's. En biðlistinn eftir Rauch-málverki er víst ansi langur þar sem listamaðurinn málar um 20 málverk á ári sem um 700 manns sækjast eftir að eignast. Það má því segja að hann leggi grunninn að miklum vinsældum Leipzig-málverksins þar sem þýskir galleríistar hafa séð sér leik á borði og leitað til skólans eftir nýjum varningi handa hinum 680 sem ekki næla sér í Rauch- mynd á árinu.

Leipzig-málverkið snýst ýmist um fantasíukennda fígúrasjón í ætt við myndir Rauchs eða fantasíukenndan arkítektúr sem hefur í sér eigindi klippimynda. Þau bera með sér vissan tómleika sem gagnrýnendur vilja jafnan tengja bernsku listamannanna sem þá ólust upp handan múrsins. Þesháttar málverk hafa verið ansi fyrirferðamikil í galleríum undanfarið í Þýskalandi, Bretlandi og New York og máski farið að halla eilítið á vinsældirnar sökum mikils framboðs af áþekkum málurum. Því hafa verið síðustu forvöð að kynna málverkið á Íslandi og þykir mér stórmerkilegt að Safn hafi tekið af skarið. Þetta eru jú málverk náskyld nýja málverkinu sem var vinsælt fyrir um 25 árum síðan, þ.e. allavega þeim parti nýja málverksins sem var akademískur, en safneign Pétur Arasonar og sýningar í Safni hafa til þessa endurspeglað allt annað en akademískt málverk og sinnt frekar hugmyndalist og mínimalisma.

Morgunblaðið/Einar Falur

Fyrsti hópur listmálara frá Leipzig-skólanum sem nær vinsældum eru um 15 árum yngri en Neo Rauch og eru aðallega karlmenn, að undanskilinni eiginkonu Rauchs, Rosu Loy.

Matthias Kobe og Tilo Baumgartel, sem nú sýna í Safni, tilheyra þessari fyrstu grúppu. Sá fyrrnefndi málar einmitt „fantasíukenndan arkítektúr en sá síðarnefndi fantasíukennda fígúrasjón.

Myndir Kobes eru fínlega málaðar með dálítlum tilbúnum skemmdum.og sýna svífandi sýndarveruleikarými (virtual space). Í „arketónísku“ samhengi minna þessar myndir mig á málverk bresk-íranska niðurrifs (deconstructive) arkítektsins Zaha Hadid sem málar sýndarveruleikarými sem veita henni síðan innblástur í hreint magnaðar byggingar. Myndir Kobes hafa ekki upp á slíkt ferli að bjóða. Þær standa sem myndrænt rými ekki „arketónískt“, eilítið í ætt við rússneska konstrúktivismann s.s. El Lissitsky, og gefur afmarkað litaval myndunum ójarðneska töfra, en myndirnar eru fallega tónaðar á milli guls og rauðs litar.

Tilo Baumgartel fæst jafnt við teikningar og málverk, en í Safni sýnir hann tvær stórar kolateikningar, grafíkverk og teiknimynd. Þetta eru þjóðsagnakenndar frásagnir í anda Grimms ævintýra, einhverskonar hálfdýr sem vafra um á meðal manna. Í umræðu um síð-list (post-art) og síð-fagurfræði (post-aesthetics) hefur m.a. verið talað um afneitun listamanna á hinu dýrslega og jafnvel að þeir samtímalistamenn sem telji sig fjalla um slíka hluti leiti gjarnan til einhverskonar skopmyndunar á því dýrslega í manninum í stað þess að sýna það hrátt og satt. Má vera að Baumgartnel sé þarna að sýna þennan frum-innvið okkar, en óneitanlega hafa myndirnar tilvísun í myndasögur. Kolsvertan ljær síðan myndunum drungalegan blæ sem á vel við drauga- eða hrollvekjusögur fyrir svefninn.

Jón B.K. Ransu

staðurstund

Skráning viðburða

Skráning viðburðar í Staður og stund er á heimasíðu Morgunblaðsins, www.mbl.is/sos

Tónlist

Árbæjarkirkja. | Á fimmtudagskvöld syngur Unglingakórinn á fyrstu tónleikum Tónlistardaga Dómkirkjunnar og hefjast þeir kl. 20. Efnisskráin er fjölbreytt og skemmtileg. Stjórnandi er Kristín Valsdóttir.
Breiðholtskirkja | Betesdakórinn frá Klaksvík verður með tónleika laugardaginn 28. okt. kl. 20. Kórinn syngur einnig í Færeyska Sjómannaheimilinu sunnudaginn 29. okt. kl. 17 og í Tómasarmessu í Breiðholtskirkju í Mjódd kl. 20.
Café Paris | DJ Lucky spilar Soul, Funk og Reggí tónlist.
DOMO Bar | Hljómsveit Tómasar R. Einarssonar leikur efni af nýrri geislaplötu Tómasar, Romm Tomm Tomm á vegum Múlans jazzklúbbs, Þingholtsstræti 5. Aðgangseyrir 1000 kr. og 500 kr. fyrir nemendur.
Iðnó | Jeff Buckley - Tribute tónleikar 17. nóv. kl. 20. Midi.is!
Nasa | Miðnæturflennikalypsóhódán við Austurvöll! Krúttleg og æsandi köntríkalypsókvöldskemmtun á föstudagskvöldi. Miðaverð: þúsundkall.
Salurinn, Kópavogi | Tíbrá Laugardag 28. október kl. 20: Auður Gunnarsdóttir, Alina Dubik, Gunnar Guðbjörnsson, Bjarni Thor Kristinsson og Jónas Ingimundarson flytja aríur, dúetta, tríó og kvartetta úr óperum eftir Beethoven, Mozart, Verdi, Wagner, Tschaikovsky o.fl. Miðaverð: 2000/1600 í s. 570 0400 og á www.salurinn.is
Söngfélag Skaftfellinga | Söngfélag Skaftfellinga heldur tónleika í Félagsheimilinu á Klaustri föstudaginn 27. okt. kl. 21 og einnig mun kórinn syngja í Þórbergssetri á Hala laugardaginn 28. okt. kl. 15.
Tónlistarskóli F.Í.H. | Kyrjurnar og Kyrjukórinn Þorlákshöfn halda tónleika í kvöld kl. 20.30 í sal FÍH við Rauðagerði 27, Reykjavík. Á efnisskrá eru ýmis lög um ástina. Stjórnendur: Gróa Hreinsdóttir og Sigurbjörg Hv. Magnúsdóttir. Píanóleikari: Halldóra Aradóttir. Miðaverð kr. 1.000.

Myndlist

Anima gallerí | Hjörtur Hjartarson. Á sýningunni eru málverk unnin á þessu og síðasta ári, þar sem myndlistamaðurinn vinnur með náttúruform, liti og ljós. Opið þri. - lau. kl. 13 - 17. www.animagalleri.is
Art-Iceland.com | Charlotta Sverrisdóttir með sýninguna Litasinfóníu í Míru-Art, Bæjarlind 6, Kópavogi.
Aurum | Arna Gná Gunnarsdóttir sýnir verkið „Þrá" frá 2006. Verkið er unnið með blandaðri tækni. Opið mán-þri. kl. 10-18 og laug. kl. 11-16. Til 17. nóv.
Café Karólína | Ásmundur sýnir óvenjulegar teikningar á Café Karólínu og Snorri bróðir hans sýnir jafnvel enn óvenjulegri málverk á veitingastaðnum. Til 3. nóv.
Gallerí 100° | Guðmundur Karl Ásbjörnsson - málverkasýning í sýningarsal Orkuveitunnar - 100°. Opin frá kl. 8.30-16 alla virka daga og laugard. frá kl. 13-17.
Gerðuberg | Sýning á afrískum minjagripum sem Ólöf Gerður Sigfúsdóttir mannfræðingur hefur safnað saman.
Sýning á mannlífsmyndum Ara í tilefni 220 ára afmælis Reykjavíkurborgar. Ljósmyndirnar sýna mannlíf í Reykjavík sem fáir veita eftirtekt í daglegu amstri.
Sýning Sigurbjörns Kristinsson stendur yfir. Á sýningunni má sjá abstraktmyndir í anda gömlu íslensku meistaranna. Opin virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. www.gerduberg.is
Hafnarborg | Einkasýning á verkum Valgerðar Hauksdóttur 7.-30. október. Á efri hæð sýnir Valgerður ný verk, ljósmyndir og grafíkverk unnin með blandaðri tækni. Í Sverrissal er kynning á hugmyndum og aðferðum er liggja að baki myndsköpun Valgerðar.
Hafnarfjarðarkirkja | Kirkjur, fólk og fjöll, ljósmyndasýning Sigurjóns Pétursonar stendur yfir í Ljósbroti Hafnarfjarðarkirkju. Sýningin er opin virka daga kl. 13-19 og á sunnudögum kl. 10-15. Til 12. nóv.
Hallgrímskirkja | Snorri Ásmundsson varð nýverið fyrir andlegri vakningu eins og athugult andans fólk hefur tekið eftir. Snorra finnst vanta fallega og góða orku yfir Reykjavík þar sem vond ára borgarinnar er oft yfirsterkari hinni góðu.
Hoffmannsgallerí | „Tölvuprentið tekið út" Myndlistarverk í formi tölvuprents eftir 11 listamenn í Hoffmannsgalleríi í húsnæði ReyjavíkurAkademíunnar, fjórðu hæð, opið kl. 9-17, alla virka daga.
Kaffi Sólon | Þóra Einarsdóttir sýnir málverk á Kaffi Sólon, Bankastræti 7a. Sýningin nefnist „Margt býr í þokunni" og stendur til 27. október. Þetta er 4. einkasýning Þóru og viðfangsefnin eru aðallega íslenskt landslag.
Karólína Restaurant | Snorri Ásmundsson sýnir óvenjuleg málverk á veitingastaðnum Karólínu. Á sama tíma opnar Ásmundur bróðir Snorra sýningu á Café Karólínu.
Liborius | Sýning listamannsins Peters Finnemore nefnist Project Jedi og er sýnt hér í heild sinni.
Listasafn ASÍ | Ásmundarsalur: Eirún Sigurðardóttir - Blóðhola. Blönduð tækni. Gryfja og Arinstofa: Pétur Örn Friðriksson - Halkíon. Farartæki, fyrirbæramódel, landhermar. Sýningarnar standa til 5. nóvember. Opið kl. 13-17. Aðgangur ókeypis.
Listasafn Einars Jónssonar | Opið daglega nema mánudaga kl. 14-17. Höggmyndagarðurinn er alltaf opinn.
Listasafn Íslands | Sýningin Málverkið eftir 1980 í Listasafni Íslands. Sýningin rekur þróunina í málverkinu frá upphafi níunda áratugs tuttugustu aldar fram til dagsins í dag. Á annað hundrað verk eftir 56 listamenn eru á sýningunni Til 26. nóv.
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn | Kanadísk menningarhátíð í Kópavogi - 3 sýningar á nútímalist frumbyggja í Kanada. Kaffistofa og safnbúð. Til 10. desember.
Listasafn Reykjanesbæjar | Einkasýning Sigtryggs Bjarna Baldvinssonar á Listasafni Reykjanesbæjar. Sýningin nefnist Sog. Viðfangsefni listamannsins er straumvatn og sýnir hann þarna ný málverk unnin með olíu á striga og rýmisverk.
Listasafn Reykjavíkur, Ásmundarsafn | Sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns, sem sýnir með hvaða hætti listamaðurinn notaði mismunandi efni - tré, leir, gifs, stein, brons og aðra málma.
Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir | Sýning á verkum Þórdísar Aðalsteinsdóttur, ungrar, íslenskrar listakonu sem búið hefur og starfað í New York.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar | Sýning á nýjum verkum eftir Hallstein Sigurðsson myndhöggvara. Safnið og kaffistofan opin laugardaga og sunnudaga kl. 14-17.
Lóuhreiður | Sýning Árna Björns í Lóuhreiðrinu verður framlengd um óákveðin tíma. Árni sýnir olímálverk 70x100. Opið kl. 9-17 alla daga nema laugardaga er opið kl. 12-16. www.arnibjorn.com
Mokka-Kaffi | Nú sýnir Ketill Larsen fjöllistamaður 32 litríkar myndir málaðar í akrýl, kærleiksríkar og notalegar. Til 26. okt.
Næsti Bar | Bjarni Helgason með sýninguna Undir meðvitund og þar sýnir hann tíu akrýlmálverk ásamt skissum og útprenti tengdu þema sýningarinnar. Til 11. nóv.
Safn | Tilo Baumgärtel og Martin Kobe, ungir málarar frá Leipzig í Þýskalandi, sýna ný verk sín. Innsetning svissneska listamannsins Romans Signer á miðhæð. Gjörningar í Safni; 13.-28.okt. Til 5. nóv. Egill Sæbjörnsson myndlistarmaður sýnir innsetningu sína „Ping Pong Dance" í Safni; 13. - 28.okt. Innsetningin er hluti af Sequences listahátíðinni Opið mið.-fös. kl. 14-18 og lau.-sun. kl. 14-17 Ókeypis inn.
Saltfisksetur Íslands | Sýning á verkum William Thomas Thompson stendur yfir í Listasal Saltfisksetursins. Sýninguna kallar hann Sýnir og stendur hún til 6. nóvember. Saltfisksetrið er opið alla daga frá 11-18.
VeggVerk | Verkið Heima er bezt er blanda af málverki og pólitísku innleggi í anda hefðbundins veggjakrots. Sem málverk takmarkast verkið af eðli Gallerísins VeggVerk. Til 25. nóv.
Þjóðmenningarhúsið | Þjóðmenningarhúsið tekur þátt í SEQUENCES hátíðinni með sýningum á myndbandsverkinu Ó, heilaga tímanna þúsund! eftir listamennina Libiu Castro og Ólaf Ólafsson. Sýnt viðstöðulaust á opnunartíma.
Þjóðminjasafn Íslands | Greiningarsýning á ljósmyndum sem varðveittar eru í Myndasafni Þjóðminjasafnsins og ekki hefur tekist að bera kennsl á. Sýndar eru myndir af óþekktum stöðum, húsum og fólki og gestir beðnir um að þekkja myndefnið og gefa upplýsingar um það.

Söfn

Árbæjarsafn | Leiðsögn á ensku mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 13. Tekið á móti hópum eftir samkomulagi.
Borgarskjalasafn Reykjavíkur | Í afgreiðslusal Borgarskjalasafns stendur nú yfir sýning á verðmætum skjölum úr einkaskjalasafni Hjörleifs Hjörleifssonar og eru flest frá ofanverðri 19. og byrjun 20. aldar og eru mörg þeirra glæsileg að útliti. Sýningin er opin öllum gestum Borgarskjalasafns frá 10-16, alla virka daga.
Í tilefni af 20 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju er sýning í forkirkjunni um tilurð og sögu kirkjunnar sem Borgarskjalasafn hefur sett saman með sóknarnefnd og Listvinafélagi Hallgrímskirkju. Minnst er einstakra þátta úr byggingarsögunni og fórnfýsi fylgismanna til að gera kirkjuna að veruleika. Til. 30. nóv.
Gamli bærinn í Laufási | Bærinn er nú búinn húsmunum og áhöldum eins og tíðkaðist í kringum aldamótin 1900. Veitingar í Gamla Presthúsinu. Opið eftir samkomulagi. 500 kr. inn, frítt fyrir börn.
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins | Opið alla daga nema mánudaga kl. 10-17. Hljóðleiðsögn á íslensku, ensku, þýsku og sænsku. Margmiðlunarsýning og gönguleiðir í nágrenninu. Frekari upplýsingar á www.gljufrasteinn.is Sími 586 8066.
Iðnaðarsafnið á Akureyri | Á safninu er kynnt starfsemi 70 fyrirtækja sem áttu sinn þátt í því að Akureyri var oft nefnd iðnaðarbær á 20. öldinni. Nú gefst gestum tækifæri á að fá leiðsögn um safnið með hjálp einnar af tækninýjungum 21. aldar þ.e. með i-pod. Opið alla laugard. kl. 14-16.
Landnámssýningin Reykjavík 871±2 | Sýning á rúst af landnámsskála frá 10. öld sem fannst við fornleifauppgröft í Reykjavík 2001. Fróðleik um landnámstímabilið er miðlað með margmiðlunartækni. Opið alla daga kl. 10-17.
Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn | Sýning til heiðurs Jónasi Jónassyni frá Hrafnagili - 150 ára minning. Jónas var prestur, rithöfundur, þýðandi og fræðimaður, eins og verk hans Íslenskir þjóðhættir bera vott um. Sýningin spannar æviferill Jónasar í máli og myndum. Sjá nánar á heimasíðu safnsins www.landsbokasafn.is
Minjasafnið á Akureyri | Ef þú giftist - sýningartími lengdur. Trúlofunar- og brúðkaupssiðir fyrr og nú, veislur, gjafir, ungbarnaumönnun og þróun klæðnaðar og ljósmyndaheðar frá 1800-2005. Unnið í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Opið laugardaga og sunnudaga til 19. nóvember frá 14-16. Aðrar sýningar: Eyjafjörður frá öndverðu og Akureyri-bærinn við Pollinn.
Perlan | Sögusafnið er opið alla daga kl. 10-18. Hljóðleiðsögn leiðir gesti í gegnum fjölda leikmynda sem segja söguna frá landnámi til 1550. ww.sagamuseum.is
Tækniminjasafnið | Síminn 100 ára, nýjar lifandi sýningar. Innreið nútímans og upphaf símasambands við útlönd. Símritari sýnir gamla ritsímabúnaðinn í fyrstu ritsímastöð landsins. Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar - Málmsteyperíið, Kapalhúsið og húsin á Wathnestorfunni. Opið virka daga kl.13-16 www.tekmus.is
Veiðisafnið - Stokkseyri | Skotveiðisafn - uppstoppuð veiðidýr ásamt veiðitengdum munum, ísl. og erlend skotvopn o.fl. Opið alla daga kl. 11-18. www.hunting.is
Þjóðmenningarhúsið | Ný sýning á bókum Berlínarforlagsins Mariannenpresse stendur yfir. Hver bók er listaverk unnið í samvinnu rithöfundar og myndlistarmanns. Aðrar sýningar eru Handritin, Íslensk tískuhönnun og Fyrirheitna landið. Veitingastofa með hádegisverðar- og kaffimatseðli er í húsinu, einnig safnbúð.

Tónlist

Tónleikar Betesdakórsins

Betesdakórinn frá Klakksvík er 80 ára. Af því tilefni er kórinn með tónleika í Breiðholtskirkju í Mjódd laugardaginn 28. október kl. 20. Kórinn syngur einnig í Færeyska sjómannaheimilinu sunnudaginn 29. október kl. 17 og í Tómasarmessu í Breiðholtskirkju í Mjódd á sunnudag kl. 20. Ókeypis aðgangur. Allir velkomnir.

Bókmenntir

Skáld í skólum – tilraunaverkefni Rithöfundasambands Íslands

Höfundamiðstöð Rithöfundasambands Íslands stendur um þessar mundir fyrir spennandi tilraunaverkefni sem nefnist Skáld í skólum. Hugmyndin að baki verkefninu er að efla tengsl rithöfunda og skóla með því að bjóða grunnskólum nýjar bókmenntadagskrár í flutningi tólf rithöfunda og er það nýlunda að tveir höfundar standa að hverri dagskrá. Þannig hafa orðið til sex nýjar dagskrár sem höfundarnir 12 flytja á mismunandi skólastigum. Einnig er lögð áhersla á notkun nýrra miðla svo sem tölvu og skjávarpa.

Verkefninu hefur verið afar vel tekið og á fjórða tug skóla hafa þegar tryggt sér heimsóknir höfundanna. Skáld í skólum nýtur stuðnings Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytis, en eins og áður sagði er hér um tilraunaverkefni að ræða sem vonir standa til að geti í framtíðinni orðið mikilvægur þáttur í að kynna bókmenntir fyrir skólafólki.

Ráðstefna

Ráðstefna í Háskóla Íslands

Ráðstefnan verður haldin föstudaginn 27. október, kl. 9–17, í Odda og Lögbergi.

Þrjár deildir innan Háskóla Íslands standa að ráðstefnunni, viðskipta- og hagfræðideild, lagadeild og félagsvísindadeild.

Dagskrá ráðstefnunnar er að finna á www.thjodarspegill-inn.hi.is. Allir velkomnir.

Þjóðminjasafn Íslands | Í Bogasal eru til sýnis útsaumuð handaverk listfengra kvenna frá ýmsum tímum. Sýningin byggist á rannsóknum Elsu E. Guðjónsson textíl- og búningafræðings.

Leiklist

Reiðhöll Gusts | Hvað er Þjóðarsálin? Er hún hjartnæm fjölskyldusápa? Er hún dramatísk og kraftmikil hestasýning? Er hún hárbeitt ádeila? Er hún sterkar konur í fyrsta klassa? Eða hraustir menn með stinna rassa? Þjóðarsálin er allt þetta og svo miklu meira. Miðasölusími: 694 8900 midasala@einleikhusid.is

Fyrirlestrar og fundir

Háskóli Íslands | Ráðstefnan er haldin föstudaginn 27. október, kl. 9-17, í Odda og Lögbergi. Þrjár deildir innan Háskóla Íslands standa að ráðstefnunni, viðskipta- og hagfræðideild, lagadeild og félagsvísindadeild. Allir velkomnir Dagskrá ráðstefnunnar er að finna á www.thjodarspegillinn.hi.is

Landakot | Í dag kl. 15 verður haldinn fræðslufundur á vegum Rannsóknastofu í öldrunarfræðum RHLÖ í kennslusalnum á 7. hæð á Landakoti. Sigrún Huld Guðmundsdóttir mun fjalla um Minningavinnu hjá öldruðum. Fyrirlesturinn er öllum opinn og sent verður út með fjarfundabúnaði.

Oddi - Félagsvísindahús Háskóla Íslands | Prófessor Sonja Gallhofer heldur fyrirlestur kl. 14 um reikningsskil: Accounting and its context á vegum viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands á 1. hæð. Fyrirlesturinn er metinn til einnar endurmenntunareiningar af menntunarnefnd FLE. Allar nánari upplýsingar á vef deildarinnar www.vidskipti.hi.is

Sögufélag, Fischersundi 3 | Næsta rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða verður haldið fimmtudagskvöldið 26. október í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3, kl. 20. Þá fjallar Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur um ljósmyndir og áhrif þeirra á endurminningar, sameiginlegt minni og veruleikasýn einstaklinga og hópa fólks.

Fréttir og tilkynningar

Hallgrímskirkja | Í dag hefst 20 ára vígsluafmælishátíð Hallgrímskirkju með sýningu um tilurð og sögu kirkjunnar sem Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur sett saman með sóknarnefnd og Listvinafélagi Hallgrímskirkju. Borgarstjórinn í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, opnar sýninguna kl. 17.30 í forkirkjunni.

Frístundir og námskeið

Málaskólinn LINGVA | Viltu læra íslensku á fjórum dögum? Okkar vinsælu talnámskeið eru að hefjast 6. nóvember. Upplýsingar á: www.lingva.is eða í síma 561 0315.Do you want to learn Icelandic in four days? Our popular conversation classes are started! Our next group will start monday 6. november. Informations at www.lingva.is or tel. 561 0315.

Útivist og íþróttir

Garðabær | Vatnsleikfimi í innilauginni í Mýrinni, á mánud.-föstud. kl. 7-8, til 15. des. Kennari er Anna Día Erlingsdóttir íþróttafræðingur. Uppl. hjá Önnu Díu í síma 691 5508.

Meira á mbl.is

Staður og stund á mbl.is.
Nánari upplýsingar um viðburði dagsins er að finna á Staður og stund undir Fólkið á mbl.is

Félagsstarf

Aflagrandi 40 | Kl. 9 vinnustofan opin og jóga. Kl. 10 bað og boccia kl. 13 vinnustofa og myndlist, kl. 13.30. Videó-stund, ýmsar myndir og þættir.

Árskógar 4 | Bað kl. 8-16, handavinna kl. 9-16.30, smíði/útskurður kl. 9-16.30, boccia kl. 9.30. Helgistund kl. 10.30-11, leikfimi kl. 11, myndlist kl. 13.30.

Bólstaðarhlíð 43 | Almenn handavinna, hárgreiðsla, böðun, leikfimi, fótaaðgerð, myndlist, bókband, blöðin liggja frammi.Samverustund með sr. Hans Markúsi kl. 13.30. Allir velkomnir.

Dalbraut 18 - 20 | Það eru allir alltaf velkomnir í félagsstarfið að Dalbraut 18-20. Fjölbreytt föst dagaskrá. Kíkið við og nælið ykkur í dagskrá haustsins. Dagblöðin liggja frammi. Alltaf heitt á könnunni. Sími: 588 9533.

Dalbraut 18 - 20 | Fjölbreytt föst dagskrá. Kíkið við í kaffisopa! Dagblöðin og dagskráin liggja frammi! Dagskrána er einnig að finna á reykjavik.is og mbl.is. Síminn hjá okkur er 588 9533. Handverksstofa Dalbrautar 21-27 býður alla velkomnna en þar er allt til alls til að stunda fjölbreytt hand- og listverk.

FEBÁ, Álftanesi | Útskurðarnámskeið í smíðastofu skólans kl. 15.30-18.30. Leiðbeinandi Friðgeir H. Guðmundsson. Efni og áhöld á staðnum. Nánar í síma 863 4225.

FEBÁ, Álftanesi | Bútasaumsnámskeið, aukatími fimmtudag kl. 13-16. Sjálfsafgreiðslukaffi. Nánar í síma 863 4225.

Félag eldri borgara, Reykjavík | Brids kl. 13. Árshátið FEB verður haldin 3. nóv. n.k. í sal Ferðafélagsins, Mörkinni 3 og hefst kl. 19.30. Húsið opnað kl. 19. Veislumatseðill, fjölbreytt skemmtiatriði og dans. Skráning hafin í síma 588 2111.

Félag kennara á eftirlaunum | EKKÓ-kóræfing í Kennaraháskólanum kl. 17-19.

Félagsheimilið Gjábakki | Leikfimi kl. 9.05. Rammavefnaður kl. 9.15. Málm- og silfursmíði kl. 9.30. Róleg leikfimi kl. 9.55. Bókband kl. 13. Bingó kl. 13.30. Myndlistarhópur kl. 16.30.

Félagsmiðstöðin Gullsmára 13 | Gullsmárabrids. Bridsdeild FEBK í Gullsmára spilar tvímenning alla mánu- og fimmtudaga. Skráning kl. 12.45. Spil hefst kl. 13. Aðgangseyrir kr. 200. Kaffi og meðlæti fáanlegt í hléi. Björt húsakynni. Þægilegt andrúmsloft. Eldri borgarar velkomnir.Handavinna kl. 9-12. Ganga kl. 10. Handavinna kl. 13-16, leiðbeinandi á staðnum. Brids kl. 13. Jóga kl. 18.15. Allir velkomnir.

Félagsstarf aldraðra, Garðabæ | Karlaleikfimi í Ásgarði kl. 13. Málun og glerskurður kl. 13 í Kirkjuhvoli. Garðaberg er opið kl. 12.30-16.30 og þar er handavinnuhorn. Í Kirkjuhvoli er smiðja í leiri og gler kl. 13.

Karlaleikfimi í Ásgarði og vatnsleikfimi í Mýrinni kl. 13. Spilakvöld í Garðabergi kl. 20 á vegum FAG.

Félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ | Fimmtudaginn 26. okt. verður ferð í Hallgrímskirkju á Hvalfjarðarströnd og síðan í kaffihlaðborð á Hótel Glym. Lagt af stað kl. 13 frá Hlaðhömrum. Verð kr. 2.600. Skráning hjá Svanhildi í síma 586 8014 e.f. og GSM 692 0814.

Félagsstarf Gerðubergs | Kl. 10.30 helgistund, umsj. sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Kl. 12.30 myndlist. Kl. 13.15 „Kynslóðir saman í Breiðholti", félagsvist í samvinnu við Seljaskóla, stjórnandi Kjartan Sigurjónsson. Garðheimar veita verðlaun, allir velkomnir. Allar uppl. á staðnum og í síma 575 7720. wwwgerduberg.is.

Furugerði 1, félagsstarf | Í dag kl. 9 aðstoð við böðun, smíðar og útskurður og alm. handavinna. Sagan kl. 11, spilað kl. 13 og kaffiveitingar kl. 15. Allir velkomnir.

Hraunbær 105 | Kl. 9 postulínsmálun. Kl. 10 boccia. Kl. 11 leikfimi. Kl. 12 útskurður. Kl. 12 hádegismatur. Kl. 14 félagsvist. Kl. 15 kaffi.

Hvassaleiti 56-58 | Opin vinnustofa kl. 9-16, almennar hannyrðir. Félagsvist kl. 13.30, góðir vinningar, kaffi og meðlæti. Hársnyrting 517 3005/ 849 8029.

Hæðargarður 31 | Fjölbreytt dagskrá. Sjá vefina reykjavik.is og mbl.is. Komið í morgunkaffi kl. 9, kíkið á dagskrána og fáið ykkur morgungöngu með Stefánsmönnum. Netkaffi á staðnum. Heitur blettur. Fundur tölvuhóps og annarra áhugamanna um tölvur mánudag 20. nóv. kl. 10. Sími: 568 3132.

Kennaraháskóli Íslands | Ekkókórinn æfir í Kennaraháskólanum kl. 17-19.

Korpúlfar Grafarvogi | Sundleikfimi í Grafarvogssundlaug á morgun kl. 9.30.

Langahlíð 3, félagsmiðstöð | Handavinnustofur kl. 13. Postulínsmálun kl. 13. Boccia kl. 13.30. Fögnum vetri með söng og ljóðalestri kl. 14, Hjördís og Söngdísirnar ásamt Steinunn P. Hafstað sem les úr eigin lóðabók „Vertu sem lengst".

Laugardalshópurinn Blik, eldri borgarar | Leikfimi í Laugardalshöll kl. 11.

Norðurbrún 1, | Kl. 9-12 leir, kl. 9 smíði, kl. 10 boccia, kl. 9-16.30 opin vinnustofa, kl. 13 upplestur, kl. 13-16.30 leir.

Sjálfsbjörg félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu | Skák í kvöld kl. 19 í félagsheimilnu, Hátúni 12. Allir velkomnir.

Skaftfellingafélagið í Reykjavík | Sameiginlegt spilakvöld Skaftfellinga og Rangæinga verður haldið í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178, fimmtudag 26. október, kl. 20.

Vesturgata 7 | Kl. 9-16 hárgreiðsla og gótaaðgerðir, kl. 9-10 boccia, kl. 9.15-14 aðstoð v/böðun, kl. 9.15-15.30 handavinna, kl. 10.15-11.45 spænska, kl. 11.45-12.45 hádegisverður, kl. 13-14 leikfimi, kl. 12.30-14.30 kóræfing, kl. 13-16 glerbræðsla, kl. 14.30-15.45 kaffiveitingar.

Vitatorg, félagsmiðstöð | Smiðja kl. 8.30-12, bókband kl. 9-13, hárgreiðslu og fótaaðgerðarstofur opnar frá kl. 9, handavinnustofa opin frá kl. 9-16.30, morgunstund kl. 9.30-10, boccia kl. 10-11, glerskurður kl. 13-17, frjáls spilamenska kl. 13-17. Allir velkomnir í félagsmiðstöðina.

Þórðarsveigur 3 | Kl. 10 bænastund og samvera kl. 13, opinn salur. Bingó í dag fimmtudag kl. 14 í salnum Þórðarsveig 1-5. Allir velkomnir.

Kirkjustarf

Akureyrarkirkja | Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12. Léttur hádegisverður til sölu á eftir.

Árbæjarkirkja. | STN starf með 7-9 ára börnum kl. 14.45-15.25. TTT starf með 10-12 ára börnum kl. 15.30-16.15.

Áskirkja | Kl. 10 Foreldramorgnar. Dagskrá: Waldorf uppeldisfræði. Sigrún Gunnarsdóttir sér um kynningu. Kl. 14 Söngstund með organista. Kaffi á eftir. Kl. 17 Klúbburinn 8-9 ára. Kl. 18 TTT-starfið. Dagskrá hjá báðum: Uppáhaldslagið, koma með geisladisk.

Breiðholtskirkja | Biblíulestur kl. 20. Yfirskrift lestranna er: „Gjaldið keisaranum það sem keisarans er." Lesnir eru textar úr Matteusarguðspjalli og Rómverjabréfinu. Kennari er dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson.

Bústaðakirkja | Samvera foreldra kl. 10-12. Spjall og léttar veitingar. Málhornið kl. 10.45. Stutt innlegg með upplýsingum og fræðslu. Sérstakra viðburða verður getið á heimsíðu Bústaðakirkju kirkja.is. Umsjón með foreldramorgnum hafa Berglind Kristinsdóttir og Lisbeth Borg.

Digraneskirkja | Foreldramorgnar kl .10 í fræðslusal. Leikfimi Í.A.K. kl. 11.15. Bænastund kl. 12.10. Barnastarf 6-9 ára kl. 17.15. Unglingastarf fyrir 13 ára (8. bekkur) kl. 19.30-21.30 á neðri hæð. www.digraneskirkja.is

Dómkirkjan | Alla fimmtudaga er opið hús í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar. Alltaf heitt á könnunni og notalegt spjall. Allir velkomnir.

Fríkirkjan í Reykjavík | Mætum guði í amstri dagsins með guðs orði og altarisgöngu. Frá kl. 12-12.30.

Garðasókn | Kyrrða-og fyrirbænastund er hvert fimmtudagskvöld í Vídalínskirkju kl. 22. Gott er að ljúka deginum og undirbúa nóttina í kyrrð kirkjunnar og bera þar fram áhyggjur sínar og gleði. Tekið er við bænarefnum af prestum og djákna. Boðið upp á kaffi í lok stundarinnar.

Grafarvogskirkja | Foreldramorgnar kl. 10-12. Fræðandi og skemmtilegar samverustundir, ýmiskonar fyrirlestrar. Alltaf heitt á könnunni, djús og brauð fyrir börnin. TTT 10-12 ára í Borgaskóla kl. 17-18. TTT 10-12 ára í Korpuskóla kl. 17-18.

Grensáskirkja | Hversdagsmessa er alla þriðjudaga kl. 18-19, Þorvaldur Halldórsson leiðir söng. Ritningarlestur, hugleiðing út frá orði Guðs og altarisganga. Létt messa á rúmhelgum degi. Tilvalið að koma við í kirkjunni að loknum vinnudegi. KFUM býður öllum strákum á aldrinum 10-12 ára að hittast alla fimmtudaga kl. 17.30-18.30.

Hallgrímskirkja | Kyrrðarstund kl. 12 alla fimmtudaga. Tónlist, hugvekja, bænir. Hádegisverður á eftir stundina.

Háteigskirkja - starf eldri borgara | Vinafundir alla fimmtudaga í okt. og nóv. kl. 14. Við rifjum upp góðar og magnaðar minningar, gluggum í söguna og þjóðhættina, njótum samfélags yfir kaffibolla og spjalli. Hvað veistu t.d. um Básenda árið 1799? Allir velkomnir.

Hjallakirkja | Kirkjuprakkarar, 6-9 ára starf, er í Hjallakirkju á fimmtudögum kl. 16.30-17.30.Opið hús er í dag í Hjallakirkju kl. 12-14. Léttur hádegisverður og skemmtileg samverustund. Allir velkomnir.

Hjálpræðisherinn á Akureyri | Unglingafundur verður í kvöld kl. 20.

KFUM og KFUK | Fundur verður í AD KFUM Holtavegi 28 fimmtudaginn 26. október kl. 20. „Þörf íslenskrar kristni fyrir öflugt æskulýðsstarf." Efni: Sr. Sigurður Pálsson. Kaffi. Allir karlmenn eru velkomnir.

Laugarneskirkja | Kl. 12 Kyrrðarstund í hádegi. Að bænastund lokinni, kl. 12.30 er léttur málsverður í boði í safnaðarheimilinu. Kl. 15 helgistund í félagsaðstöðunni að Dalbraut 18-20. Sr. Bjarni talar, allir velkomnir.

Selfosskirkja | Fundur í Æskulýðsfélagi Selfosskirkju kl. 18.30.

MÝRIN	kl. 6 - 7 - 9 - 10:15	B.i. 12.ára.	THE QUEEN	kl. 6 - 8	B.i. 12.ára.
THE GUARDIAN	kl. 6 - 9	B.i. 12.ára.	AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 6 - 10:10	LEYFÐ
WORLD TRADE CENTER	kl. 8 - 10:30	B.i. 12.ára.	BÖRN	kl. 8	B.i. 12.ára.

dagbók

Í dag er fimmtudagur 26. október, 299. dagur ársins 2006

Orð dagsins: Faðir, gjör mig nú dýrlegan hjá þér með þeirri dýrð, sem ég hafði hjá þér, áður en heimur var til. (Jh. 17, 5.)

víkverji skrifar

| vikverji@mbl.is

Víkverji heyrir hugtakið „sjóræningjaveiðar“ í tíma og ótíma og svo virðist sem það njóti almennrar viðurkenningar. Víkverji er samt ekki sáttur við hugtakið. Það er samsett úr þremur nafnorðum, sjór, rán eða ræningjar og síðan veiðar. Nú er ljóst að þeir sem stunda „sjóræningjaveiðar“ eru á sjó og þeir eru að einhverskonar veiðum, ólöglegum þá væntanlega. En eru þeir ræningjar að stunda rán, sjórán? Merking ráns eins og sér felur í sér að gerandi beitir ofbeldi eða hótun um ofbeldi til að fremja brot. Þannig eru sjoppu- og bankaræningjar réttnefndir sem slíkir ef þeir koma með einhver vopn og hóta að nota þau, eða það sem verra er; nota þau og skaða einhvern. En stökkvi t.d. einhver vopnlaus og formálalaust yfir afgreiðsluborð í banka og hrifsi hundraðþúsundkall er hann ekki bankaræningi ef hann beitti engri hótun af nokkru tagi. Hann er þjófur og sakarefnið gripdeild. Rán er annað mál. Og í hvaða stöðu setur þetta „sjóræningjana“ á Íslandsmiðum? Hóta þeir, eða beita ofbeldi t.d. gagnvart eigendum fiskimiðanna til að ná verðmætum úr sjó? Eru þetta ekki einfaldlega veiðiþjófar?



x x x

Lesi maður lýsingar af nútímasjóránum sem eru t.d. stunduð undan ströndum austanverðrar Afríku verður manni ljóst hversu geigvænlegur munur er á slíkum voðaverkum og „sjóræningjaveiðum“ í íslenskri lögsögu. Það má vera að Víkverji sé á alrangri leið í þessum pælingum sínum. En hér með óskar hann eftir svari við því hvernig „rán“ tengist því saknæma athæfi að stunda ólöglegar fiskveiðar hér við land. Hvað felst í því að stunda sjóræningjaveiðar? Eru það sjóræningjar að veiða? Eða veiðimenn að iðka sjórán? Eða ræningjar að veiða á sjó? Og eru skip þessara óvelkomnu gesta sjóræningjaskip? Getur verið að það sé einhver vitleysa hér í gangi? Fáfróður Víkverji veltir þessu svona aðeins fyrir sér á síðkvöldum.

MORGUNBLAÐIÐ, Hádegismóum 2, 110 Reykjavík. SÍMI: 569 1100. SÍMBRÉF: ritstjórn: 569 1181, auglýsingar 569 1110, skrifstofa 569 1118, gjaldkeri 569 1115. NETFANG: ritstjorn@mbl.is, / Áskriftargjald 2.800 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 220 kr. eintakið mánudaga til laugardaga. Sunnudaga 350 kr.

Velvakandi

Svarað í síma 569 1100 frá kl. 10–12 og 13–15 | velvakandi@mbl.is

Æpandi bögn

UNDANFARIÐ hefur þeirrar kenningar orðið vart að aukinn vöxtur í kjarrlendi sé hlýnandi veðri að þakka. Þetta er mikill misskilningur, nokkur hlýnun í fáein ár skiptir engum sköpum í þessu efni. Það gerðist hins vegar fyrir meira en 20 árum að sauðfé fækkaði um helming.

Sl. sumar hitti ég ungan rollubónda af Vesturlandi. Það var hans mesta áhyggjuefni hvað birkikjarrið væri að ná sér á strik vegna minni beitar. Það væri svo erfitt að smala í þéttu kjarrinu.

Vonandi fer sauðfé fækkandi og er ekki vonlaust því flest áform um sölu á íslensku lambakjöti erlendis virðast fara út um þúfur þrátt fyrir botnlausan peningaaustur. Útlendingar hafa ekki áhuga fyrir þessari afurð.

Og enn bullar landbúnaðarráðherra um þjóðarsátt um landbúnaðarstefnuna. Virðist þó hafa farið lítið fyrir þeirri sátt undanfarið. Og enn má „heyra“ æpandi bögn Vinstri grænna um uppblásturinn á landinu.

Baldvin Atlason,
garðyrkjufræðingur.

Er ekki pláss fyrir menningu í Mogganum?

ÉG er mikil áhugamanneskja um tónlist og tónlistargagnrýni. Ég sæki marga tónleika og bið alltaf spennt eftir tónlistargagnrýni í Mogganum til að bera saman skoðanir mínar á tónlistarflutningi við þeirra sem eru atvinnumenn í þessu.

Í dag, 23. október, las ég gagnrýni um tónleika sem fram fóru á Norrænum músíkdögum í Listasafni Íslands hinn 8. október. Það eru tvær vikur liðnar síðan þessir tónleikar fóru fram! Ég sé ekki betur en að gagnrýnendur skrifi niður punkta á tónleikum og í hléum og rjúki út úr salnum að tónleikunum loknum.

Morgunblaðið/RAX

Þeir eru væntanlega tilbúnir með gagnrýni sína í síðasta lagi daginn eftir tónleika. Af hverju birtist gagnrýni af þessu tagi svona seint? Þetta var ekki svona fyrir breytingarnar á Mogganum sem áttu sér stað núna í sumar.

Er ekki lengur pláss fyrir menningu í blaðinu? Áhugamenn um íþróttir myndu mótmæla harkalega kæmi umfjöllun um fótboltaleiki helgarinnar eftir tvær vikur.

Susanne Ernst,
annars ánægður áskrifandi Morgunblaðsins.

Niðurgreiðsla sálfræðinga

SÁLFRÆÐINGAR hafa óskað eftir því að tímar hjá þeim séu niðurgreiddir eins og tímar hjá geðlæknum. Mér finnst að það eigi að gera það svo fólk geti valið um hvort það fer til sálfræðings eða geðlæknis. Ég held að það gæti orðið sparnaður fyrir þjóðfélagið því að þá gæti lyfjakostnaður minnkað.

Sigrún Magnúsdóttir.

Kárahnjúkaumræður

ÞEGAR ég hef fylgst með Kárahnjúkaumræðum undanfarið hefur mér iðulega dottið í hug ljóðlínan „trúðar og leikarar leikar þar um völl“.

Mér er stórlega létt yfir því að Ómar Ragnarsson skyldi ekki drekkja sér í Hálslóni og gerast píslarvottur.

Loksins er komin fram vitræn tillaga í atvinnumálum þjóðarinnar í stað stóriðju. Andri snær Magnason sagði í útvarpsviðtali að sjálfsagt mætti fá fjölda útlendinga til að koma og skoða Konungsbók Eddukvæða, þá gætu líklega Austfirðingar verið öruggir með sína afkomu.

Því hefur verið haldið fram að nauðsynlegt sé að efla mannauðinn og stofna fleiri Háskóla. Ég veit ekki betur en að tugþúsundir hafi útskrifast úr háskólum undanfarin ár og ekki veit ég til að neinn þeirra hafi skapað atvinnutækifæri í mínu nágrenni.

Því miður getum við ekki öll orðið fræðingar og skemmt okkur í frístundum við að horfa á „hvítflissandi“ fossa, eins og einn þeirra sagði svo skemmtilega. Einhverjir verða að sjá okkur fyrir salti í grautinn.

Austfirðingur.

Gullarmband týndist við Háskólabíó

GULLARMBAND með múrsteinsmunstri týndist við eða í Háskólabíói sunnudaginn 22. október. Skilvís finnandi hafi samband í síma 898 3636.

Fólk

folk@mbl.is

Tónlistarmaðurinn **Kurt heitinn Cobain** er hæst launaða látna stjarnan samkvæmt lista *Forbes*-tímaritsins. Niðurstaða listans er fengin ár hvert með því að taka saman hversu miklum fjármunum verk eða ímynd viðkomandi einstaklings hafa rakað inn undanfarið árið.

Það sem tryggði Cobain toppsæti listans þetta árið var trúlega sala ekkju hans, **Courtney Love**, á 25% einkarétti á lögum hans og hljómsveitarinnar Nirvana til

útgáfufyrirtækisins PrimeWave.

Í öðru sæti listans var kóngurinn sjálfur, **Elvis Presley**, sem hefur verið fastagestur þar síðan byrjað var að taka saman ágóða látinna listamanna, fyrir sex árum. Cobain hefur hins vegar aldrei verið á listanum áður.

Í þriðja sæti var **Charles Schulz**, skapari Kalla Bjarna og hins Smáfólksins. Aðrir á lista voru meðal

annars **John Lennon**, **Ray Charles**, **Marilyn Monroe**, **Bob Marley** og **Albert Einstein**, sem líklega á sæti á listanum vegna fyrirbærisins Baby Einstein, sem eru ný myndbönd ætluð til uppfræðslu ungmenna.

Söngleikur byggður á hinni vinsælu kvikmynd *Dirty Dancing* er nú sýndur við gífurlegar vinsældir á West End í Lundúnum, um 240.000 miðar hafa selst, sem ku vera sölumet fyrir söngleik á West End. Kvikmyndin telst til svokallaðra „cult“-mynda, þ.e. kvikmynda sem eiga sér afar stóran aðdáendahóp og hafa staðist tímans tönn, en með limaburði sínum í *Dirty Dancing* bræddi leikarinn **Patrick Swayze** ófá ungmeyjarhjörtu á níunda áratugnum.

Það eru leikararnir **Georgina Rich** og **Josef Brown** sem túlka persónurnar Baby og Johnny. Jennifer Gray fór með hlutverk Baby í kvikmyndinni. Þar segir af feiminni

stúlku sem verður ástfangin af lífsreyndum danskennara sem kennir henni réttu sporin og að lokum fella þau hugi saman. Frægasti frasinn úr *Dirty Dancing* er sjálfsagt þessi: „Nobody puts Baby in the corner“ eða „Baby er engin hornkerling“. Þar mælir Johnny og kemur til varnar elskunni sinni. BBC segir frá þessu.

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

THE GUARDIAN	kl. 5 - 8 - 10:10	B.i. 12	WORLD TRADE CENTER	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.i. 12
THE GUARDIAN VIP	kl. 5		STEP UP	kl. 6	B.i. 7
THE DEPARTED	Forsýnd kl. 8:15	B.i. 16	THE THIEF LORD	kl. 4	LEYFÐ
MATERIAL GIRLS	kl. 3:40 - 5:50 - 8	LEYFÐ	ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal.	kl. 3:40	LEYFÐ
JACKASS NUMBER TWO	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	B.i. 12			

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

THE GUARDIAN	kl. 5:30 - 8:30 - 10:10	B.i. 12
MATERIAL GIRLS	kl. 6 - 8	LEYFÐ
BEERFEST	kl. 10:10	B.i. 12
BÖRN	kl. 8	B.i.12

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

MÝRIN	kl. 8 - 10	B.i. 12
JACKASS NUMBER TWO	kl. 8	B.i. 12
WORLD TRADE CENTER	kl. 10	B.i. 12

Munið afsláttinn

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

THE GUARDIAN	kl. 8 - 10:30	B.i. 12
MATERIAL GIRLS	kl. 6 - 8	LEYFÐ
JACKASS NUMBER TWO	kl. 10	B.i. 12
THE THIEF LORD	kl. 6	LEYFÐ

www.sambioin.is (575 8900 www.sambioin.is

Stjörnuspá

Holiday Mathis

Venus og Mars eru á mörkum vogar og sporðdreka sem leiðir til yndislegs misskilnings í hrifningu og ást. Eltingaleikur er ekki samband en markar upphaf þess svo sannarlega með hvelli. (Þess vegna eru flestar ástarsögur um fólk sem nær ekki saman fyrr en í lokin).

Hrútur

(21. mars - 19. apríl)

Sambönd njóta góðs af skammti af metnaðarfullum hugsjónum. Hvað um það þótt hlutirnir gerist ekki endilega eins og þú hefðir óskað, er ekki meira um vert að hafa sameiginlegar langanir. Vertu léttúðugur og frumlegur.

Naut

(20. apríl - 20. maí)

Nautið kemst að því svo ekki verður um villst að einhver úr fortíðinni hefur haldið sína leið. Líklega finnst þér það frábært. (Reyndar finnst þér ýmislegt fleira um það en opinbera skýringin er sú að það sé flott).

Tvíburar

(21. maí - 20. júní)

Hluti fylgismanna tvíburans gleymir sér í smásálarlegum og eigingjörnum viðfangsefnum. Ef spillingin er allt í kringum þig verður það enn meiri fyrirhöfn að halda sig fast við sín gildi. Rétt er rétt.

Krabbi

(21. júní - 22. júlí)

Krabbinn þarf að hafa fyrir því að ljúka því sem hann hefur byrjað á. Umbunin sem þú færð að því loknu kemur strax. Það hjálpar. Reyndu líka að forðast hjálp ef mikið hangir á spýtunni.

Ljón

(23. júlí - 22. ágúst)

Ljónið leikur sér með mismunandi hlutverk sín í lífinu. Kannski endurskapar það sjálft sig tímabundið, en hverfur svo aftur til síns gamla sjálfs af því að það gekk betur. Ekkert val er varanlegt, þess vegna á maður að velja oft og fúslega.

Meyja

(23. ágúst - 22. sept.)

Líkamlegar nautnir eru allt í kringum þig – kaffibollinn á morgnana, svalt og ferskt útiloftið, djassinn sem leikinn er í versluninni þar sem þú kemur við og velur þér góðgæti úr hrúgu af fullkomlega stöfluðum eplum. Það er gott að vera til.

Vog

(23. sept. - 22. okt.)

Þeir bera úr býtum sem bera sig eftir því. Kannski lætur vogin freistast til þess að reka dálítið á eftir en hvernig á maður að vita hversu langt heppnin fylgir manni nema með því að ýta aðeins á hana?

Sporðdreki

(23. okt. - 21. nóv.)

Ekki láta þar við sitja. Það er einfaldlega ekki nógu gott fyrir sporðdrekann. Grafðu meðalmennskuna upp og leitaðu leiða til þess að þróa aðstæðurnar út í eitthvað framúrskarandi.

Bogmaður

(22. nóv. - 21. des.)

Bogmaðurinn segir nokkuð sem hann átti ekki von á að hafa hugrekki til þess að segja.

Þegar hann er búinn að tjá sínar innstu tilfinningar lætur hann freistast til þess að hafa áhyggjur af því sem verður. Það er óþarfi, sannleikurinn leiðir til jákvæðra breytinga.

Steingeit

(22. des. - 19. janúar)

Farðu yfir birgðastöðuna og fjarlægðu kóngulóarvefina úr kollinum – líka úr skúmaskotum heimilisins. Búðu til lista yfir það sem þú ætlar að eiga og það sem þú vilt losa þig við. Þú þarft ekki að láta verða af því strax ef þér finnst tilhugsunin of erfið.

Vatnsberi

(20. jan. - 18. febr.)

Þegar einhver lætur út úr sér: þessi börn og bætir svo við einhverju neikvæðu, má búast við að sá hinn sami sé orðinn gamall. Vatnsberinn reynir að sjá það jákvæða í því sem ungt fólk er að gera og nýtur góðs af.

Fiskar

(19. feb. - 20. mars)

Með fjölbreytni tekst fiskinum að fylla líf sitt af meiri krafti. Það má gera með því að borða, lesa og klæða sig öðruvísi og sækjast eftir nýjum félagsskap. Leyfðu bogmanni að vera með í þessari tilraun.

Fólk

folk@mbl.is

Skilnaður **Heather Mills** og **Pauls McCartneys** er nú aðalumfjöllunarefni breskra slúðurblaða og skammt stórra högga á milli.

Nú ætlar Heather að lögsækja bresku dagblöðin *Daily Mail* og *Evening Standard* fyrir ærumeiðingar. Hún segir blöðin hafa logið ýmsu afar sérandi um sig. Götublaðið *Sun* verður einnig kært. Lögfræðingar Heather segja að hún hafi verið rægð í þessum blöðum og ofsótt af ljósmyndurum.

Lögfræðingarnir segja Heather ekki geta lögsótt öll þau blöð sem hún vilji lögsækja þar sem hvorki sé nægur tími til né fé. Það þýði þó ekki að hún samþykki þessar umfjallanir um sig. Nýjustu fréttirnar, eða slúðrið, af skilnaðarmálinu eru þær að Paul hafi misþyrmt Heather.

Einn af lögfræðingum Heather hefur birt bréf sem eignað er ritstjóra *Sun*, en þar er systur Heather, **Fionu**, boðin „dágóð upphæð" fyrir að veita blaðinu upplýsingar um skilnaðarmálið. Sky-fréttavefurinn segir frá þessu.

Þrekvirki **Latibær er framleiddur í 5.000 fm myndveri í Hafnarfjarðarhrauni. Innandyra vinna yfir 130 listamenn að því að skapa þættina.**

Latibær tilnefndur til BAFTA-verðlaunanna

SJÓNVARPSÞÆTTIRNIR um Latabæ voru í fyrradag tilnefndir til hinna virtu BAFTA verðlauna í Bretlandi. Í fréttatilkynningu sem barst frá Latabæ, framleiðslufyrirtækinu, segir að þar á bæ séu menn í skýjunum yfir tilnefningunni, enda BAFTA-verðlaunin einskonar Óskarsverðlaun Breta.

Þættirnir um Latabæ voru tilnefndir til Emmy verðlaunanna síðastliðið vor og svo núna BAFTA, aðeins rúmu ári eftir að sýningar á þáttunum hófust í Bretlandi. Í fréttatilkynningunni var haft eftir Magnúsi Scheving að það væri greinilegt að íslenskir og erlendir kvikmyndagerðarmenn, sem komið hafa að gerð þáttanna, kynnu sitt fag.

Tveir Íslendingar hafa áður verið tilnefndir til BAFTA verðlauna, þau Valdís Óskarsdóttir fyrir klippingu og Hilmar Örn Hilmarsson fyrir tónlist. Úrslitin verða tilkynnt við hátíðlega athöfn í London sunnudaginn 26. nóvember næstkomandi.

Fregnir herma að unnusti ofurfyrirsætunnar **Kate Moss**, rokkarinn **Pete Doherty**, hafi lent í blóðugum slagsmálum við ítalskan ljósmyndara á mánudagskvöldið. Segir sagan að Pete hafi verið alblóðugur eftir að honum lenti saman við papparassann fyrir utan hótelið sem hann býr á í Róm.

Til átakanna mun hafa komið að loknum tónleikum hljómsveitar Petes, The Babyshambles, í hinum fræga Piper-klúbbi. Haft er eftir sjónarvottum að Pete hafi stokkið á ljósmyndarann og lamið hann nokkrum sinnum áður en einhver gekk á milli.

Breska blaðið *Daily Express* hefur eftir sjónarvotti: „Það lak blóð úr

höfðinu á Pete. Strákarnir í hljómsveitinni vopnuðust öskubökkum úr málmi þegar slagsmálin hófust."

Ekki var kallað á lögreglu, og aðdáendur Petes hlúðu að sárum hans. En fregnir herma að ljósmyndarann hafi orðið að flytja á sjúkrahús.

Tónleikarnir um kvöldið höfðu ekki gengið átakalaust fyrir sig heldur. Hljómsveitin strunsaði af sviðinu eftir að einhver áhorfandi henti bjórflösku í höfuðið á trommuleikaranum – en Pete hafði þá skömmu áður hent hljóðnemastandinum sínum út í áheyrendasalinn. Svo fór að lokum að Pete hrinti um koll mögnurum og trommusettinu og braut annan hljóðnemafót áður en bandið strunsaði af sviðinu. Væri ekki gaman að fá peyjann á klakann?!

útvarpsjónvarp

EKKI missa af ...

... sigtinu

NÝ þáttaröð hefst í kvöld kl. 21.20 á Skjá einum. Frímann Gunnarsson skrifar bók, setur upp leikrit, passar börn, lendir í ástarsambandi, kennir í Háskólanum, veikist alvarlega (líklega) og margt fleira.

Ljósvakinn

Aðra mynd af konum, takk!

ÉG ER orðin hundleið á þeirri mynd sem oft er dregin upp af konum í fjölmiðlum. Besta dæmið um ömurleikann eru þættir um lausa karla og liðuga, sem geta valið maka úr fögrum hópi kvenna. Til að klóra í bakkann eru svo framleiddir þættir um lausar konur og liðugar, sem fá að velja úr hópi fagurra karla. Mér hrýs hugur við að þetta verði það sjónvarpsefni sem dætur mínar alast upp við. Hver vill að börn alist upp við Bachelor eða America's Next Top Model? Burtséð frá því hvað konur eru dregnar einföldum og kjánalegum dráttum, þá er yfirdrifin dramatíkin mannskemmandi. Konurnar gráta fögrum tárum yfir að ein skuli hafa verið kysst en önnur ekki, eða að talað hafi verið harkalega til þeirra þegar þær voru búnar að láta niðurlægja sig með því að klæða sig og mála eins og brúður.

Ég er líka hundleið á því að börn ráðherra skuli spurð að því sérstaklega hvort ekki sé erfitt þegar mamma er mikið í burtu. Ég man eftir svipuðum vangaveltum fyrir nokkrum árum um mikla fjarveru frá heimili í einhverju viðtalinu við fyrrverandi heilbrigðisráðherra, sem líka var kona. Ætli þessar konur báðar hafi ekki verið glæsilegar fyrirmyndir börnum sínum sem öðrum? Og þá er ég ekki að tala um útlitið.

ANTM: **Yfirdrifin dramatík.**

Ragnhildur Sverrisdóttir

sjónvarpið

16.25 ▶**Handboltakvöld** (e)
16.40 ▶**Motorsport**
17.05 ▶**Leiðarljós**
17.50 ▶**Táknmálsfréttir**
18.00 ▶**Stundin okkar** (e) (4:30)
18.30 ▶**Lína** Teiknimynd (5:7)
18.40 ▶**Tea á Geu** Bosnísk barnamynd.
19.00 ▶**Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 ▶**Kastljós**
20.25 ▶**Á ókunnri strönd** *(Distant Shores II)* Meðal leikenda eru Peter Davison, Samantha Bond, Tristan Gemmill og Emma Fildes. (12:12)
21.15 ▶**Launráð (100)** *(AliasV)* Bandaríska spennuþáttaröð. Meðal leikenda eru Jennifer Garner, Ron Rifkin, Michael Vartan og Carl Lumbly. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 ▶**Tíufréttir**
22.25 ▶**Soprano-fjölskyldan** *(The Sopranos VI)* Myndaflokkur um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans.
23.20 ▶**Aðþrengdar eiginkonur** *(Desperate Housewives II)* Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e) (38:47)
00.05 ▶**Kastljós**
00.55 ▶**Dagskrárlok**

stöð tvö

06.58 ▶**Ísland í bítið**
09.00 ▶**Bold and Beautiful**
09.20 ▶**Í fínu formi**
09.35 ▶**Oprah** (113:145)
10.20 ▶**Ísland í bítið** (e)
12.00 ▶**Hádegisfréttir**
12.40 ▶**Neighbours**
13.05 ▶**My Sweet Fat Valentina** *(Valentína)*
14.35 ▶**Two and a Half Men**
15.00 ▶**Related** (17:18)
16.00 ▶**Jimmy Neutron**
16.20 ▶**Leðurblökumaðurinn**
16.40 ▶**Ofurhundurinn**
17.05 ▶**Myrkfælnu draugarnir** (19:90) (e)
17.20 ▶**Fífí**
17.30 ▶**Engie**
17.40 ▶**Bold and Beautiful**
18.05 ▶**Neighbours**
18.30 ▶**Fréttir, íþróttir og veður**
19.00 ▶**Ísland í dag**
19.40 ▶**Búbbarnir** (10:21)
20.05 ▶**Í sjöunda himni** Bubbi Morthens og Hrafnhildur Hafsteinsdóttir í fyrsta sinn saman í viðtali. Jónsi úr Í svörtum fötum og Bríet Sunna syngja saman o.fl. o.fl.
21.10 ▶**Big Love Bönnuð börnum.** (9:12)
22.00 ▶**Entourage** *(Viðhengi)(Oh, Mandy)* (8:14)
22.25 ▶**Arrested Development NÝTT** *('Tómir asnar)* Önnur serían
22.50 ▶**Grey's Anatomy** *(Læknalíf)* (17:36)
23.35 ▶**Judge Dredd** *(Dredd dómari)* **Stranglega bönnuð börnum.**
01.10 ▶**Schield** (8:11)
02.00 ▶**Return to the Batcave: The Mi**
03.30 ▶**The Others** *(Hinir)* **Bönnuð börnum.**
05.05 ▶**Fréttir, Ísland í dag**
06.15 ▶**Tónlistarmyndbönd**

skjár einn

07.00 ▶**6 til sjö** (e)
08.00 ▶**Dr. Phil** (e)
15.40 ▶**Bak við tjöldin: The Departed**
15.55 ▶**Love, Inc** (e)
16.20 ▶**Beverly Hills 90210**
17.05 ▶**Dr. Phil**
18.00 ▶**6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson alla virka daga.
19.00 ▶**Melrose Place**
19.45 ▶**Game tíví**
20.10 ▶**The Office**
20.35 ▶**Gegndrepa** Íslensk þáttaröð. 20 einstaklingar berjast vopnaðir vatnsbyssum og blöðrum.
21.00 ▶**The King of Queens**
21.30 ▶**Sigtið - Ný þáttaröð!** Í vor var það „Sigtið með Frímanni Gunnarssyni", en nú er það „Sigtið án Frímanns Gunnarssonar".
22.00 ▶**C.S.I: Miami** Bandarísk sakamálasería.
22.55 ▶**Jay Leno**
23.40 ▶**America's Next Top Model VI** (e)
00.35 ▶**2006 World Pool Masters** (e)
01.25 ▶**Beverly Hills** (e)
02.10 ▶**Melrose Place** (e)
02.55 ▶**Óstöðvandi tónlist**

skjár sport

07.00 ▶**Að leikslokum** (e)
14.00 ▶**Charlton - Watford** Frá 21.10.
16.00 ▶**AC Milan - Palermo** Frá 21.10. (e)
18.20 ▶**Inter Milan - Livorno (b)** Bein úts.
20.30 ▶**Ítölsku mörkin**
21.30 ▶**Man. Utd. - Liverpool** Frá 22.10 (e)
23.30 ▶**Middlesbrough - Newcastle** Frá 22.10.
01.30 ▶**Dagskrárlok**

sýn

18.30 ▶**Crewe og Man. Utd.** Bein úts.
19.00 ▶**Pro bull riding** *(St. Louis, MO - Enterprise Rent-A-Car Classic)*
20.00 ▶**Veitt með vinum** *(Laxá Aðaldalur, Árnes)* Vaðir veiðiþættir. Umsjón Karl Lúðvíkssonar
20.30 ▶**Skólahreysti 2006** *(Undankeppni 1)* Samantekt frá skólahreysti 2006. 45 grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu keppa í Skólahreysti. Keppt er í upphífingum armbeygjum, dýfu, fitnessgreip og hraðbraut. Hvert lið samanstendur af tveimur strákum og tveimur stelpum úr 9. og 10. bekk. Haldnar voru fjórar undankeppnir þar sem tveir skólar úr hverri keppni komust áfram í úrslit.
21.15 ▶**KF Nörd** *(KF Nörd)* (9:15)
22.00 ▶**Sterkasti maður í heimi 1985** *(World's Strongest Man 1985)*
23.00 ▶**Ameríski fótboltinn** *(NFL Gameday 06/07)* Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Bandaríkjunum.
23.30 ▶**KB banka mótaröðin í golfi 200** *(Icelandair mótið)* Þáttur um Icelandairmótið í golfi sem var þriðja mót sumarsins á KB bankamótaröðinni.

n4

18.15 ▶**Fréttir.** Að loknum fréttum er magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á kl. fresti til morguns.

sirkus

18.00 ▶**Insider** (e)
18.30 ▶**Fréttir NFS**
19.00 ▶**Ísland í dag**
19.30 ▶**Seinfeld** (12:24)
20.00 ▶**Entertainment Tonight**
20.30 ▶**The War at Home**
21.00 ▶**Hell's Kitchen**
22.00 ▶**Chappelle / s Show**
22.30 ▶**X-Files**
23.15 ▶**Insider**
23.40 ▶**Vanished** (e)
00.25 ▶**Ghost Whisperer** (e)
01.10 ▶**Seinfeld** (12:24)
01.35 ▶**Entertainment Tonight** (e)

stöð tvö bíó

06.00 ▶**The Italian Job**
08.00 ▶**Live From Bagdad**
10.00 ▶**Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs**
12.00 ▶**Owning Mahowny**
14.00 ▶**Live From Bagdad**
16.00 ▶**Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs**
18.00 ▶**Owning Mahowny**
20.00 ▶**The Italian Job**
22.00 ▶**The Matrix Reloaded**
00.15 ▶**Monster**
02.00 ▶**Good Thief (Double Down)**
03.45 ▶**The Matrix Reloaded**

omega

08.00 ▶**Blandað efni**
14.30 ▶**Vatnaskil**
15.00 ▶**Freddie Filmore**
15.30 ▶**Um trúna og tilveruna**
16.00 ▶**Jimmy Swaggart**
17.00 ▶**Skjákaup**
20.00 ▶**Kvöldljós**
21.00 ▶**Samverustund**
22.00 ▶**David Wilkerson**
23.00 ▶**Skjákaup**

ríkisútvarpið rás1

92,4 ■ 93,5

06.45 Veðurfregnir.
06.50 Bæn. Séra Sigríður Kristín Helgadóttir flytur.
07.00 Fréttir.
07.05 Morgunvaktin
07.30 Fréttayfirlit.
08.00 Fréttir.
08.30 Fréttayfirlit.
09.00 Fréttir.
09.05 Laufskálinn. Umsjón: Anna Margrét Sigurðardóttir.
09.45 Morgunleikfimi með Halldóru Björnsdóttur.
10.00 Fréttir.
10.03 Veðurfregnir.
10.13 Litla flugan. Umsjón: Lana Kolbrún Eddudóttir. (Aftur annað kvöld).
11.00 Fréttir.
11.03 Samfélagið í nærmynd. Umsjón: Leifur Hauksson og Margrét Blöndal.
12.00 Fréttayfirlit.
12.03 Hádegisútvarp.
12.20 Hádegisfréttir.
12.45 Veðurfregnir.
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar.
13.00 Vítt og breitt. Umsjón: Pétur Halldórsson.
14.00 Fréttir.
14.03 Útvarpssagan: Bréf til Brands eftir Harald Bessason. Höfundur les. (7:33).
14.30 Leikhúsrottan. Umsjón: Ingveldur G. Ólafsdóttir. (e).
15.00 Fréttir.
15.03 Fallegast á fóninn. Umsjón: Arndís Björk Ásgeirsdóttir.
16.00 Fréttir.
16.10 Veðurfregnir.
16.13 Hlaupanótan.
17.00 Fréttir.
17.03 Víðsjá. Þáttur um menningu og mannlíf.
18.00 Kvöldfréttir.
18.24 Auglýsingar.
18.25 Spegillinn. Fréttatengt efni.
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar.
19.00 Vitinn. Vitavörður: Sigríður Pétursdóttir.
19.27 Tónlistarkvöld Útvarpsins. Hljóðritun frá einleikstónleikum píanóleikarans András Schiff í Royal Albert Hall í Lundúnum, hinn 17.8 sl. Á efnisskrá eru verk eftir Wolfgang Amadeus Mozart: Rondo í a-moll, K511. Sónata í A-dúr, K331. Fantasía í d-moll, K397. Adagio í h-moll, K540. Rondó í D-dúr, K485. Sónata í a-moll, K310. Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir.
21.05 Í siglingu með Húna II. Í siglingu með Húna II um Eyjarfjörð undir leiðsögn Harðar Geirssonar. Umsjón: Hulda Sif Hermannsdóttir.
21.55 Orð kvöldsins. Úrsúla Árnadóttir flytur.
22.00 Fréttir.
22.10 Veðurfregnir.
22.15 Útvarpsleikhúsið: Diskópakk eftir Enda Walsh í þýðingu og leikstjórn Karls Ágústs Úlfssonar. Leikendur: Jóhann G. Jóhannsson og Brynhildur Guðjónsdóttir. Hljóðvinnsla: Björn Eysteinsson. (Upptaka frá 2001)
23.18 Hlaupanótan. (e)
24.00 Fréttir.
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

FM 95,7 ● LINDIN 102,9 ● RADÍÓ REYKJAVÍK 104,5 ● ÚTVARP SAGA 99,4 ● LÉTT BYLGJAN 96,7 ● ÚTVARP BOÐUN 105,5 ● KISS 89,5 ● ÚTVARP LATIBÆR 102,2 ● XFM 91,9 ● TALSTÖÐIN 90,9 ● BYLGJAN 98,9 ● RÁS2 99,9/90,1

ANIMAL PLANET

10.00 Monkey Business **10.30** Animals A-Z **11.00** Fangs - Eaten Alive **12.00** Little Zoo That Could **13.00** Vets on the Wildside **14.00** Crocodile Hunter **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **17.00** Animals A-Z **17.30** Monkey Business **18.00** Animal Cops Detroit **19.00** Animal Precinct **20.00** Animal Cops Detroit **21.00** Killer Ants **22.00** The Planet's Funniest Animals **23.00** Animal Cops Detroit **0.00** Animal Precinct **1.00** Pet Rescue **1.30** Pet Rescue **2.00** Miami Animal Police **3.00** Animals A-Z **3.30** Monkey Business **4.00** Animals A-Z **4.30** Amazing Animal Videos **5.00** The Planet's Funniest Animals **5.30** The Planet's Funniest Animals **6.00** Monkey Business

BBC PRIME

9.45 The Weakest Link **10.30** As Time Goes By **11.30** My Hero **12.00** Ballykissangel **13.00** Casualty **14.00** Room Rivals **14.30** Garden Challenge **15.00** Flog It! **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** My Hero **17.00** No Going Back **18.00** Only Fools and Horses **18.30** Last of the Summer Wine **19.00** Dalziel and Pascoe **20.00** Two Pints of Lager & a Packet of Crisps **20.30** 3 Non-Blondes **21.00** Edge of Darkness **22.00** My Hero **22.30** Dalziel and Pascoe **23.30** Only Fools and Horses **0.00** Last of the Summer Wine **0.30** EastEnders **1.00** Edge of Darkness **2.00** Casualty **3.00** Passport to the Sun **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Fimbles **4.30** Tikkabilla **5.00** Teletubbies **5.25** William's Wish Wellingtons **5.30** Balamory **5.50** Tweenies

EUROSPORT

10.30 Tennis **13.15** Snooker **15.30** Tennis **18.15** Snooker **21.00** Rally **21.45** Fight Sport

DISCOVERY CHANNEL

10.00 Firehouse USA **11.00** American Chopper **12.00** A Chopper is Born **12.30** Wheeler Dealers **13.00** Super Structures **14.00** Extreme Machines **15.00** Firehouse USA **16.00** Rides **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Dr G: Medical Examiner **20.00** FBI Files **21.00** Crime Scene Psychics **21.30** Amsterdam Vice **22.00** FBI Files **23.00** Forensic Detectives **0.00** Mythbusters **1.00** Firehouse USA **1.55** Hitler's Women **2.45** Dangers of the Sea **3.35** River Cottage Forever **4.00** Super Structures **4.55** Extreme Machines **5.50** A Chopper is Born

HALLMARK

10.00 West Wing **10.45** The Magical Legend of the Leprechauns **12.30** The Case of the Whitechapel Vampire **14.15** The War Between Us **16.00** Early Edition II **17.00** Missing Pieces **18.45** West Wing **19.45** Law & Order IX **20.45** Marian Again **22.30** Sworn to Vengeance **24.00** Law & Order IX **0.45** Sworn to Vengeance **2.15** The Magical Legend of the Leprechauns **4.00** A Child's Cry For Help **5.30** Charms for the Easy Life

MGM MOVIE CHANNEL

9.45 The Hospital **11.25** Hornet's Nest **13.15** Not Since Casanova **14.35** Bound for Glory **17.00** Caveman **18.40** Scorpio **20.30** Trapeze **22.15** The Scalphunters **23.55** Extremities **1.25** Heart of Midnight **2.55** White Lightning **4.35** Bojangles

NATIONAL GEOGRAPHIC

10.00 Seconds From Disaster **11.00** Alien Worlds **12.00** Big Cat Challenge **13.00** Shark Attacks Investigated **14.00** Megastructures **15.00** I Didn't Know That **16.00** Ultimate Disaster **17.00** Battlefront **18.00** Devils of the Deep **19.00** Megastructures **20.00** I Didn't Know That **21.00** Ultimate Disaster **22.00** Air Crash Investigation **23.00** I Didn't Know That **24.00** Ultimate Disaster

TCM

19.00 Wise Guys **20.30** The Glass Bottom Boat **24.00** The Thin Man **1.30** The Comedians

NRK1

10.00 Siste nytt **10.05** Forbrukerinspektørene **10.30** Brennpunkt **11.00** Siste nytt **11.05** Oddasat - Nyheter på samisk **11.20** Distriktsnyheter / Siste nytt **15.05** Ian tar regien **15.30** Zombie hotell **16.00** Siste nytt **16.03** Nødlanding **16.30** Dunder **17.00** Siste nytt **17.10** Oddasat - Nyheter på samisk **17.25** Árdna - Samisk kulturmagasin **17.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **17.55** Nyheter på tegnspråk **18.00** Barne-tv **18.00** Bosse **18.10** Gnottene **18.40** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen **19.30** Schrödingers katt **19.55** Livet på kjøpesenteret **20.25** Redaksjon EN **20.55** Distriktsnyheter **21.00** Dagsrevyen 21 **21.30** Ørnen **22.30** Etaten **23.00** Kveldsnytt **23.10** Kulturnytt **23.15** Urix **23.45** Presidenten **00.25** Blackpool

Apaspil **Monkey Business er á „Animal Planet" kl. 10 og kl. 17.30.**

NRK2

14.05 Svisj chat **14.45** Redaksjon EN **15.15** Frokosttv **17.30** Faktor: Ein samaritan frå Jæren **18.00** Siste nytt **18.10** Hvilket liv! **18.40** Mad tv **19.20** Creature Comforts: Hvordan har vi det? **19.30** Urix **20.00** Siste nytt **20.05** Jazz! **21.05** Niern: De sju samuraier **00.25** Dagens Dobbel **00.30** Svisj chat **03.00** Svisj non stop

SVT1

10.10 Uncle Dad **10.25** Banderoll **10.40** Matvraket **10.50** Safari Europa **10.55** Ekolokero syksy **11.10** Mattepatrullen - somaliska **11.20** Världens fest i Sverige - somaliska **11.35** Mattepatrullen - arabiska **11.45** Mellan raderna **11.50** Ingen konst **12.00** Rapport **12.05** Argument **14.55** Anslagstavlan **15.00** Mitt i naturen **15.30** Packat & klart **16.00** Rapport **16.10** Gomorron Sverige **17.00** Karamelli **17.30** Pi **17.45** Sagoträdet **18.00** Max och Ruby **18.30** Expedition vildmark **19.00** Lilla Aktuellt **19.15** Bobster **19.30** Rapport **20.00** Tinas kök **20.30** Seriestart: Söderlund & Bie **21.00** Med Vesuvius som granne **22.00** Ubåt 137 på grund **23.20** Rapport **23.30** Kulturnyheterna **23.40** Uppdrag granskning **00.40** Entourage » **01.10** Mannen från U.N.C.L.E. **02.00** Sändning från SVT24

SVT2

16.05 Vetenskapsmagasinet **16.35** Budapest brinner **17.20** Nyhetstecken **17.30** Oddasat **17.45** Uutiset **17.55** Regionala nyheter **18.00** Aktuellt **18.15** Go'kväll **19.00** Kulturnyheterna **19.10** Regionala nyheter **19.30** Robins **20.00** Veronica Mars **20.45** Nöjesnytt **21.00** Aktuellt **21.25** A-ekonomi **21.30** Fråga Anders och Måns **22.00** Nyhetssammanfattning **22.03** Sportnytt **22.15** Regionala nyheter **22.25** Väder **22.30** Filmkrönikan **23.00** Moki, Sanna & Tonie **00.00** Sverige!

DR1

10.30 Viden om: Skræddersyet medicin **11.00** Nyheder fra Grønland **11.30** Overskud med omtanke **12.00** TV Avisen **12.10** Profilen **12.35** Dagens Danmark **13.00** Heltene, der forsvandt **13.50** Hvad er det værd? **14.20** Søren Ryge - Min sommerferie **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** TV Avisen med Vejret **15.10** Dawson's Creek **16.00** Liga DK **17.00** Barracuda **17.00** Frikvarter **17.20** Candy Floss 2006 **17.35** Lovens vogtere **18.00** Fandango - med Chapper **18.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.55** Dagens Danmark **19.25** TV Avisen **19.30** Rabatten **20.00** Danmark Ekspeditionen **20.30** Musik for Folket **21.00** TV Avisen **21.25** Penge **21.50** SportNyt **22.00** Nutty Professor II: Familien Klump **23.45** Det ægte par **00.15** Ørnen **01.10** Liga DK

DR2

09.55 Folketinget i dag **17.00** Deadline 17:00 **17.30** Kommissær Wycliffe **18.20** Himlen over Danmark **18.50** Historien om kondomet **19.05** Det 20. århundrede **20.00** Debatten **20.40** Sagen genåbnet: Sagens kerne **22.30** Deadline **23.00** Smagsdommerne **23.40** Musikprogrammet: Evergreenen Apache **00.15** Fantastiske fortællinger

ZDF

10.30 Julia - Wege zum Glück **11.15** Reich und Schön **11.35** Reich und Schön **12.00** heute mittag **12.15** drehscheibe Deutschland **13.00** ZDF-Mittagsmagazin **14.00** heute - in Deutschland **14.15** Sudoku - Das Quiz **15.00** heute - Sport **15.15** Tierisch Kölsch **16.00** heute - in Europa **16.15** Julia - Wege zum Glück **17.00** heute - Wetter **17.15** hallo Deutschland **17.40** Leute heute **17.50** Ein Fall für zwei **19.00** heute **19.20** Wetter **19.25** Eine Liebe am Gardasee **20.15** André Rieu in New York **21.15** auslandsjournal **21.45** heute-journal **22.12** wetter **22.15** Berlin Mitte **23.00** Johannes B. Kerner **00.05** heute nacht **00.20** gero von boehm begegnet **01.05** Noll tolerans **02.50** heute **02.55** Johannes B. Kerner **04.00** heute **04.05** salto orbitale **04.35** nano

ARD

10.00 heute **10.03** Brisant **10.35** The Alphabet Murders **12.00** heute mittag **12.15** ARD-Buffet **13.00** ZDF-Mittagsmagazin **14.00** Tagesschau **14.15** In aller Freundschaft **15.00** Tagesschau **15.10** Sturm der Liebe **16.00** Tagesschau **16.10** Giraffe, Erdmännchen & Co. **17.00** Tagesschau um fünf **17.15** Brisant **17.47** Tagesschau **17.55** Verbotene Liebe **18.20** Marienhof **18.50** Das Geheimnis meines Vaters **19.20** Star Quiz mit Jörg Pilawa **19.50** Das Wetter im Ersten **19.55** Börse im Ersten **20.00** Tagesschau **20.15** Das Quiz mit Jörg Pilawa **21.45** kontraste **22.15** Tagesthemen **22.43** Das Wetter im Ersten **22.45** Harald Schmidt **23.15** POLYLUX **23.45** Ware Tier **00.30** Nachtmagazin **00.50** Emmy Rossum **02.20** Tagesschau **02.25** In der Hitze der Nacht **03.10** Sturm der Liebe **04.00** ARD-Ratgeber: Heim + Garten **04.30** Die schönsten Bahnstrecken Europas **04.55** Tagesschau

Laglegt!

Hæsta ávöxtunin – einu sinni enn

Himinn og haf / SÍA – 9061024

SPRON Verðbréf geta nú sem oft áður státað af langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,53%.***

Um er að ræða nýjan **Peningamarkaðssjóð SPRON.** Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á **www.spronverdbref.is**

spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við september 2006 á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.

Athygli er vakin á að fjárfestingasjóðir eru áhættumeiri fjárfestingakostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

5691100

Ritstjórn: ritstjorn@mbl.is
Auglýsingar: augl@mbl.is
Áskrift: askrift@mbl.is | sími 5691100
mbl.is: netfrett@mbl.is

Morgunblaðið

Heitast 6°C | Kaldast 0°C

■ SA 8–15 m/s hvassast við svströndina. Rigning m/köflum sunnan- og vestanlands, dálítil slydda f. norðan. » 8

ÁSKRIFT-AFGREIÐSLA 569 1100 | FIMMTUDAGUR 26. OKTÓBER 299. DAGUR ÁRSINS 2006 | VERÐ Í LAUSASÖLU 220 KR. MEÐ VSK.

Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Akureyri komin í vetrarbúninginn

SNJÓ kyngdi niður í höfuðstað Norðurlands aðfaranótt miðvikudagsins og áfram hríðaði á köflum í gær. Veður var gott og börn léku sér víða um bæinn að þessu vinsæla byggingarefni; nemendur í Giljaskóla freistuðu þess í gærmorgun að bæta Akureyrarmetið í snjóboltagerð á skólalóðinni, og gekk vel, en þessir strákar voru reyndar í öðru verkefni skammt frá; snjóhús var byggt utan um einn þeirra en um leið og félagarnir tilkynntu honum að ókunnugur maður væri að taka mynd kíkti hann út í heiminn og brosti. | 20

Mælir ekki með því að Ísland taki upp evru

„Guðfaðir evrunnar“ telur núverandi fyrirkomulag henta vel enn um sinn

ROBERT Mundell, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, hefur verið nefndur guðfaðir evrunnar en kenningar hans voru að mörgu leyti vegvísir í stofnun myntbandalags Evrópu. Hann telur að á meðan mikið ójafnvægi ríkir í skráðu gengi dollars og evru sé það ekki Íslandi í hag að taka upp evru.

Mundell var staddur á Íslandi nýlega en um liðna helgi var hann gerður að heiðursdoktor við Háskóla Íslands. Mundell, sem árið 1999 hlaut Nóbelsverðlaun í hagfræði (heiðursverðlaun sænska ríkisbankans í minningu Alfreds Nobels) fyrir rannsóknir sínar, hefur tvisvar áður sótt landið heim. Spurður út í peningamálastefnu Seðlabankans og verðbólgumarkmið svaraði Mundell almennt: „Nú er verðbólgan í mörgum löndum hærri en markmið bankanna miðast við og þegar svo háttar til bregðast þeir við með því að herða á peningalegu aðhaldi með vaxtahækkunum. Þessi stefna virkar að ákveðnu leyti, þ.e. hún nær verðbólgunni niður, en hún gerir það með því að styrkja gengi gjaldmiðilsins og þannig enda menn með of hátt skráðan gjaldmiðil. Þegar gjaldmiðillinn leitar aftur jafnvægis er hætt við að gjaldeyriskreppa skapist.“

Ójafnvægi hefur valdið miklum erfiðleikum

Árið 1969 skrifaði Mundell grein sem hét „Áætlun fyrir evrópskan gjaldmiðil“, og í framhaldinu aðstoðaði hann Evrópuráðið við að gera áætlanir um að færa sig í átt að evrópskri mynt. Kenningar Mundells hafa því að mörgu leyti verið vegvísir í stofnun myntbandalags Evrópu. Hann mælir ekki með því að Íslendingar taki upp evruna sem gjaldmiðil.

„Síðan evran og dollarinn urðu ríkjandi gjaldmiðlar í heiminum hefur mikið ójafnvægi skapast í skráðu gengi gjaldmiðlanna. Þetta ójafnvægi hefur valdið öðrum löndum, sem stunda viðskipti í báðum gjaldmiðlum, eins og Bretlandi og Íslandi, miklum erfiðleikum.“

Mundell hefur áður sagt að baráttan fyrir skattalækkunum sé eitt stærsta framlag sitt til hagfræðinnar. Hann segir háa skatta letja athafnamenn og hafa vond áhrif á efnahag þjóða. | **Viðskipti**

Robert Mundell

Í HNOTSKURN

» **Robert Mundell hefur ekki aðeins fengist við hagfræði heldur getið sér gott orð sem uppistandari.**

» **Nokkrum sinnum hefur hann komið fram í kvöldþætti Davids Lettermans, fyrst í október 2002.**

Grunnskólakennarar ekki sáttir við launin

GRUNNSKÓLAKENNARAR hafa oft lægri laun en leikskólakennarar eftir samning hinna síðarnefndu við sveitarfélögin. Þetta er mat Ólafs Loftssonar, formanns Félags grunnskólakennara. Telur hann að félagsmenn eigi að fá launaleiðréttingu og segir að fulltrúar kennara hafi átt fundi með launanefnd sveitarfélaganna vegna málsins.

Ólafur segir að þegar samningar voru síðast undirritaðir hafi verðbólguspá verið á bilinu 2–4% en raunin hafi orðið önnur á tímabilinu, eða allt að 10% verðbólga. Telur hann að mikið beri á milli kennara og sveitarfélaganna hvað varðar hugmyndir um úrbætur og eins og er sé hann ekki bjartsýnn á að menn nái saman þar sem kennurum sé misboðið.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri launanefndar sveitarfélaganna og formaður samninganefndar við leikskólakennara, segir að í samræmi við yfirlýst markmið Kennarasambandsins skuli laun grunn- og leikskólakennara með sömu háskólamenntun vera þau sömu. | 6

Reuters

Eiður Smári skoraði tvívegis

Eiður Smári Guðjohnsen skoraði bæði mörk Barcelona í bikarleik liðsins við Badalona í gærkvöldi. Á myndinni fagnar Eiður seinna marki sínu í leiknum en Barcelona stillti upp sterku liði gegn þriðjudeildarliði Badalona, aðeins Brasilíumaðurinn Ronaldinho var hvíldur. Lauk leiknum með 2–1 sigri stórliðsins. Eiður hefur sætt nokkurri gagnrýni í spænskum fjölmiðlum fyrir færanýtingu sína í leikjum með Barcelona og mörkin tvö koma því á besta tíma. | Íþróttir

Bílbelti hefðu bjargað sjö

FLEST umferðarslys eiga sér stað á fyrstu mínútunum eftir að lagt er af stað. Þrátt fyrir það virðist sú hugsun lífseig að varla taki því að setja á sig belti fyrir smásnatt innanbæjar. Banaslys í umferðinni það sem af er þessu ári eru 21 og í þeim hafa 23 látið lífið. Nú er talið að notkun bílbelta hefði getað bjargað sjö mannslífum á árinu. „Algengur misskilningur er að til séu aðstæður sem réttlæti það að nota ekki belti,“ segir Einar Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu. | 10